

Stjórnartíðindi

1977 - A-deild

Útgáfa 2.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Gallar á bls. 14, 58-59, 61-62, 72, 74-76, 81-82, 93, 121, 173, 189, 191, 217, 229, 258-259, 290, 294, 296, 314, 322, 342, 355, 359, og 370.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

1977

A-DEILD



REYKJAVÍK — 1977
RÍKISPRENTSMÍÐJAN GUTENBERG

Útgefandi: Dómsmálaráðuneytið.

Efnisyfirlit

Í tímaröð.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1	10. jan.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda	1
2	4. mars	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76/1958 með áorðnum breytingum	1—4
3	8. mars	Lög um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972 og lög nr. 67/1974, um breyting á þeim lögum	5—6
4	18. mars	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Olíumöl innflutning á olíupramma	7
5	24. mars	Lög um opinberar fjársafnanir	7—9
6	25. mars	Vegalög	9—22
7	29. mars	Lög um heimild til hækkunar framlags Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans	23
8	29. mars	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum með fylgiskjölum	23—35
9	12. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 95 31. des. 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971 ..	36
12	12. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 53 22. apríl 1967, um fávítastofnanir	65
11	25. apríl	Auglýsing um vegáætlun fyrir árin 1977—1980	38—65
13	26. apríl	Lög um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.	66
14	3. maí	Lög um breyting á lögum nr. 85 21. des. 1971, um breyting á lögum nr. 30 28. ágúst 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum	67
45	3. maí	Forsetabréf um þinglausnir	168
15	4. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	67
16	5. maí	Lög um breyting á umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968	68
10	7. maí	Lög um breyting á lögum nr. 119 27. des. 1976, um breyting á lögum nr. 77 23. des. 1975, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 20 5. maí 1976	37
17	7. maí	Lög um heimild til sölu hlutabréfa í Íslensku matvælamíðstöðinni hf. til erlendra aðila	68

IV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
19	10. maí	Lög um heimild til að selja Húseiningum h/f húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins á Siglufirði	91
20	10. maí	Lög um skattfrelsi jarðstöðvar til fjarskiptasambands við umheiminn	92
21	10. maí	Lög um breyting á lögum nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla	92—93
22	10. maí	Lög um sauðfjárbaðanir	93—96
23	10. maí	Lög um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna	96—98
24	10. maí	Lög um breyting á lögum nr. 120 frá 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.	99
25	10. maí	Lög um breyting á siglingalögum, nr. 66/1963	99—100
18	11. maí	Lög um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði m/fylgiskj.	69—91
26	11. maí	Lög um virkjun Hvítár í Borgarfirði	100—101
27	11. maí	Lög um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum ..	101—102
28	11. maí	Lög um breyting á lögum nr. 56 27. maí 1975, um breyting á lögum um atvinnuleysisstryggingar, nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof)	102
29	11. maí	Lög um breyting á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysstryggingu skipshafna o. fl.	103—104
30	11. maí	Lög um breyting á umferðarlögum nr. 40/1968	104—105
31	12. maí	Lög um Skálholtsskóla	105—107
32	12. maí	Lög um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekju-skatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975 og II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976, um breyting á þeim lögum	107—108
33	12. maí	Leiklistarlög	108—109
34	12. maí	Lög um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins	110—112
35	12. maí	Lög um viðauka við lög nr. 94 19. júní 1933, um tékka	112
36	13. maí	Lög um stjórn og starfrækslu póst- og símamála	113—115
37	13. maí	Lög um breyting á lögum nr. 55 1969, um brunavarnir og brunamál	116
38	13. maí	Lög um kaup og kjör sjómanna, með fylgiskjölum ..	116—158
39	13. maí	Lög um veitingu ríkisborgararéttar	159—160
40	13. maí	Lög um tilkynningarskyldu íslenskra skipa	160—162
41	13. maí	Lög um breyting á lögum nr. 51 26. maí 1972, um Bjarg-ráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, um breyting á þeim lögum	162
42	13. maí	Lög um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands	163—164
46	13. maí	Lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda	169—176
47	13. maí	Lög um breyting á lögum nr. 46/1937, um samvinnufélög	176—177
43	16. maí	Lög um skylduskil til safna	165—167
44	16. maí	Lög um breyting á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðn-lánasjóð, sbr. lög nr. 19 5. apríl 1968	167—168

V

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
48	17. maí	Lög um breyting á umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968	177
49	20. maí	Lög um sérstakt tímabundið vörugjald	178—184
50	3. júní	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	185
51	22. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976 og lög nr. 32 12. maí 1977 um breyting á þeim lögum	185—186
52	24. júní	Auglýsing um að forseti Íslands sé tekinn við stjórnarstörfum	187
53	28. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975 og nr. 36/1976	187—188
54	29. júní	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76/1958, með áorðnum breytingum	188
55	15. júlí	Bráðabirgðalög um niðurfellingu útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum á árinu 1977	189
56	9. ágúst	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og bráðabirgðalög nr. 53/1977	190—191
57	7. sept.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. október 1977	191
58	24. okt.	Lög um breytingu á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 23 10. maí 1977	192
59	14. nóv.	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum	193—196
60	30. nóv.	Lög um breyting á lögum nr. 94 20. maí 1976 um skráningu og mat fasteigna	196
61	7. des.	Lög um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 35 26. maí 1976 og lög nr. 23 10. maí 1977 um breyting á þeim lögum	197
85	20. des.	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis	220
66	27. des.	Lög um niðurfellingu útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum á árinu 1977	201
62	28. des.	Lög um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka	198
63	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976 og lög nr. 32 12. maí 1977, um breyting á þeim lögum	198—199

VI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
64	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lifeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35 1972, lög nr. 67 1974 og lög nr. 3 1977, um breyting á þeim lögum	199—200
65	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt	200—201
67	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 63/1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sbr. lög nr. 33/1976	202
68	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975 og nr. 36/1976	203
69	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og bráðabirgðalög nr. 53/1977	203—204
70	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 9 12. apríl 1977, sbr. lög nr. 95 31. des. 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971	204—205
71	31. des.	Lög um verðjöfnunargjald af raforku	205
72	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga	206
73	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 98 31. des. 1974, um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1973, um löndun á loðnu til bræðslu	206
74	31. des.	Lög um matvælarannsóknir ríkisins	207—208
75	31. des.	Lög um iðjubjálfun	208—209
76	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 108/1973, um breyting á læknalögum, nr. 80 23. júní 1969	210
77	31. des.	Lög um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum	210—212
78	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 78 23. des. 1975, um breyting á þeim lögum	212—214
79	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1973, sbr. breyting á þeim lögum nr. 98 31. des. 1974, um löndun á loðnu til bræðslu	214
80	31. des.	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1975	215
81	31. des.	Fjárlög fyrir árið 1975	216
82	31. des.	Lög um heimild til erlendra lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlana 1978	216—217
83	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald, sbr. lög nr. 118 28. des. 1976, um breyting á þeim lögum	218
84	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 49 20. maí 1977, um sérstakt tímabundið vörugjald	219
86	31. des.	Fjárlög fyrir árið 1978	221—379

Yfirlit

eftir málaflokkum.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
-----	------------	-----------	-------------

Ábyrgðarheimildir, sjá Ríkisábyrgðir.

Almannatryggingar.

9	12. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 95 31. des. 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971 ..	36
53	28. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975 og nr. 36/1976	187—188
56	9. ágúst	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og bráðabirgðalög nr. 53/1977	190—191
68	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975 og nr. 36/1976	203
69	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og bráðabirgðalög nr. 53/1977	203—204
70	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 9 12. apríl 1977, sbr. lög nr. 95 31. des. 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971	204—205

Alþingi.

1	10. jan.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda	1
45	3. maí	Forsetabréf um þinglausnir	168
57	7. sept.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. október 1977	191
85	20. des.	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis	220

Alþjóðasamningar.

8	29. mars	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum með fylgiskjölum	23—35
15	4. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	67

VIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
Alþjóðastofnanir.			
7	29. mars	Lög um heimild til hækkunar framlags Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans	23
15	4. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	67
Atvinnuleysi, sjá Félagsmál.			
Atvinnuleysistryggingar, sjá Félagsmál.			
Atvinnuvegir, sjá Iðnaður; Landbúnaður; Sjávarútvegur.			
Bankamál.			
7	29. mars	Lög um heimild til hækkunar framlags Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans	23
15	4. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	67
34	12. maí	Lög um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins	110—112
35	12. maí	Lög um viðauka við lög nr. 94 19. jún, 1933, um tékka	112
Bátaábyrgðarfélög, sjá Siglingar, skip; Tryggingar.			
Bjargráðasjóður, sjá Sveitarstjórnarmál.			
Bókasöfn, sjá Menntamál.			
Botnvörpuveiðar, sjá Landhelgismál; Sjávarútvegur.			
Bráðabirgðalög.			
51	22. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976 og lög nr. 32 12. maí 1977 um breyting á þeim lögum	185—186
53	28. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975 og nr. 36/1976	187—188
56	9. ágúst	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og bráðabirgðalög nr. 53/1977	190—191
Brunamál.			
37	13. maí	Lög um breyting á lögum nr. 55 1969, um brunavarnir og brunamál	116

IX

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Dýralæknar, sjá Landbúnaður.			
Efnahagsmál.			
10	7. maí	Lög um breyting á lögum nr. 119 27. des. 1976, um breyting á lögum nr. 77 23. des. 1975, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 20 5. maí 1976	37
13	26. apríl	Lög um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.	66
49	20. maí	Lög um sérstakt tímabundið vörugjald	178—184
82	31. des.	Lög um heimild til erlendrarántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlana 1978	216—217
83	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald, sbr. lög nr. 118 28. des. 1976, um breyting á þeim lögum	218
84	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 49 20. maí 1977, um sérstakt tímabundið vörugjald	219
Fasteignir.			
60	30. nóv.	Lög um breyting á lögum nr. 94 20. maí 1976 um skráningu og mat fasteigna	196
Félagsmál.			
12	12. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 53 22. apríl 1967, um fávítastofnanir	65
28	11. maí	Lög um breyting á lögum nr. 56 27. maí 1975, um breyting á lögum um atvinnuleysisstryggingar, nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof)	102
67	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 63/1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sbr. lög nr. 33/1976	202
41	13. maí	Lög um breyting á lögum nr. 51 26. maí 1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, um breyting á þeim lögum	162
Fiskveiðar, sjá Sjávarútvegur.			
Fjárlög, ríkisreikningur.			
80	31. des.	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1975	215
81	31. des.	Fjárukalög fyrir árið 1975	216
86	31. des.	Fjárlög fyrir árið 1978	221—379
Fjarskipti.			
20	10. maí	Lög um skattfrelsi jarðstöðvar til fjarskiptasambands við umheiminn	92
36	13. maí	Lög um stjórn og starfrækslu póst- og símamála	113—115
Fjársafnanir.			
5	24. mars	Lög um opinberar fjársafnanir	7—9

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Flugmál.			
77	31. des.	Lög um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum	210—212
Forseti Íslands.			
50	3. júní	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	185
52	24. júní	Auglýsing um að forseti Íslands sé tekinn við stjórnarstörfum	187
Gjöld, sjá Skattar, gjöld.			
Háskóli Íslands.			
2	4. mars	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76/1958, með áorðnum breytingum	1—4
54	29. júní	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76/1958, með áorðnum breytingum	188
59	14. nóv.	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76/1958, með áorðnum breytingum	193—196
Heilbrigðismál.			
12	12. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 53 22. apríl 1967, um fávítastofnanir	65
27	11. maí	Lög um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum ..	101—102
74	31. des.	Lög um matvælarannsóknir ríkisins	207—208
75	31. des.	Lög um iðjuþjálfun	208—209
76	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 108/1973, um breyting á lækna­lögum, nr. 80 23. júní 1969	210
Hitaveitur, jarðhiti.			
13	26. apríl	Lög um ráðstafanir til að draga úr áhrifum oliuverðhækkana á hitunarkostnaði íbúða o. fl.	66
82	31. des.	Lög um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlana 1978	216—217
Hlutafélög.			
17	7. maí	Lög um heimild til sölu hlutabréfa í Íslensku matvæla­miðstöðinni hf. til erlendra aðila	68
Húsnæðismál.			
13	26. apríl	Lög um ráðstafanir til að draga úr áhrifum oliuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.	66

XI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
Iðnaður.			
18	11. maí	Lög um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði m/fylgiskj.	69—91
19	10. maí	Lög um heimild til að selja Húseiningum h/f húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins á Siglufirði	91
44	16. maí	Lög um breyting á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 19 5. apríl 1968	167—168
Innflutningur.			
4	18. mars	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Olíumöl innflutning á olíupramma	7
Jarðhiti, sjá Hitaveitur, jarðhiti.			
Jarðir, (kaup, sala).			
Kirkjumál.			
31	12. maí	Lög um Skálholtsskóla	105—107
Landbúnaður.			
3	8. mars	Lög um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972 og lög nr. 67/1974, um breyting á þeim lögum	5—6
14	3. maí	Lög um breyting á lögum nr. 85 21. des. 1971, um breyting á lögum nr. 30 28. ágúst 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum	67
22	10. maí	Lög um sauðfjárbaðanir	93—96
64	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35 1972, lög nr. 67 1974 og lög nr. 3 1977, um breyting á þeim lögum	199—200
Landgrunn, sjá Landhelgismál.			
Landgræðsla, sjá Landbúnaður.			
Landhelgismál.			
42	13. maí	Lög um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands	163—164
Lánatökur.			
82	31. des.	Lög um heimild til erlendraráttöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlana 1978	216—217
Launamál.			
3	8. mars	Lög um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972 og lög nr. 67/1974, um breyting á þeim lögum	5—6
23	10. maí	Lög um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna	96—98

Endurprentað blað.

Síða XI og XII í efnisyfirliti A-deildar 1977.

Leiðrétting á prentvillum efst á bls. XI. Sjá kaflann um iðnað.

XII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
34	12. maí	Lög um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins	110—112
38	13. maí	Lög um kaup og kjör sjómanna, með fylgiskjöllum	116—158
58	24. okt.	Lög um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 23 10. maí 1977	192
64	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35 1972, lög nr. 67 1974 og lög nr. 3 1977, um breyting á þeim lögum	199—200
65	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt	200—201
67	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 63/1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sbr. lög nr. 33/1976	202
Lífeyrissjóðir.			
3	8. mars	Lög um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972 og lög nr. 67/1974, um breyting á þeim lögum	5—6
64	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35 1972, lög nr. 67 1974 og lög nr. 3 1977, um breyting á þeim lögum	199—200
82	31. des.	Lög um heimild til erlendra lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlana 1978	216—217
Lögreglumál.			
5	24. mars	Lög um opinberar fjársafnanir	7—9
46	13. maí	Lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda	169—176
Menntamál.			
21	10. maí	Lög um breyting á lögum nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautarskóla	92—93
31	12. maí	Lög um Skálholtsskóla	105—107
33	12. maí	Leiklistarlög	108—109
43	16. maí	Lög um skilduskil til safna	165—167
75	31. des.	Lög um iðjubjálfun	208—209
Milliríkjasamningar, sjá Alþjóðasamningar; Norræn samvinna.			
Norræn samvinna.			
8	29. mars	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum með fylgiskjöllum	23—35
Opinberir starfsmenn.			
23	10. maí	Lög um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna	96—98
34	12. maí	Lög um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins	110—112

XIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
58	24. okt.	Lög um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 23 10. maí 1977	192
Orkuveitur, sjá Hitaveitur, jarðhiti.			
Raforkumál.			
26	11. maí	Lög um virkjun Hvítár í Borgarfirði	100—101
71	31. des.	Lög um verðjöfnunargjald af raforku	205
82	31. des.	Lög um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlana 1978	216—217
Ríkisábyrgðir.			
82	31. des.	Lög um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1978	216—217
Ríkisborgararéttur.			
39	13. maí	Lög um veitingu ríkisborgararéttar	159—160
Ríkisreikningur, sjá Fjárlög, ríkisreikningur.			
Ríkisstofnanir.			
18	11. maí	Lög um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði m/fylgiskj.	69—91
19	10. maí	Lög um heimild til að selja Húseiningum h/f húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins Siglufirði	91
20	10. maí	Lög um skattfrelsi jarðstöðvar til fjarskiptasambands við umheiminn	92
36	13. maí	Lög um stjórn og starfrækslu póst- og símamála	113—115
74	31. des.	Lög um matvælarannsóknir ríkisins	207—208
Samgöngumál, sjá Bifreiðar; Flugmál; Hafnir; Siglingar, skip; Umferðarmál; Vegamál.			
Siglingar, skip.			
4	18. mars	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Olíumöl innflutning á olíupramma	7
25	10. maí	Lög um breyting á siglingalögum, nr. 66/1963	99—100
29	11. maí	Lög um breyting á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o. fl.	103—104
38	13. maí	Lög um kaup og kjör sjómanna, með fylgiskjölum ..	116—158
40	13. maí	Lög um tilkynningaskyldu íslenskra skipa	160—162
Sjávarútvegur.			
25	10. maí	Lög um breyting á siglingalögum, nr. 66/1963	99—100
29	11. maí	Lög um breyting á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o. fl.	103—104
38	13. maí	Lög um kaup og kjör sjómanna, með fylgiskjölum ..	116—158

XIV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsiðital
40	13. maí	Lög um tilkynningaskyldu íslenskra skipa	160—162
42	13. maí	Lög um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands	163—164
55	15. júlí	Bráðabirgðalög um niðurfellingu útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum á árinu 1977	189
66	27. des.	Lög um niðurfellingu útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum á árinu 1977	201
73	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 98 31. des. 1974, um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1973, um löndun á loðnu til bræðslu	206
79	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1973, sbr. breyting á þeim lögum nr. 98 31. des. 1974, um löndun á loðnu til bræðslu	214
Sjóðir.			
41	13. maí	Lög um breyting á lögum nr. 51 26. maí 1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, um breyting á þeim lögum	162
Skattar, gjöld.			
8	29. mars	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum með fylgiskjölum	23—35
10	7. maí	Lög um breyting á lögum nr. 119 27. des. 1976, um breyting á lögum nr. 77 23. des. 1975, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 20 5. maí 1976	37
13	26. apríl	Lög um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.	66
20	10. maí	Lög um skattfrelsi jarðstöðvar til fjarskiptasambands við umheiminn	92
24	10. maí	Lög um breyting á lögum nr. 120 frá 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.	99
32	12. maí	Lög um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975 og II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976, um breyting á þeim lögum	107—108
49	20. maí	Lög um sérstakt tímabundið vörugjald	178—184
51	22. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976 og lög nr. 32 12. maí 1977 um breyting á þeim lögum	185—186
55	15. júlí	Bráðabirgðalög um niðurfellingu útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum á árinu 1977	189

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
60	30. nóv.	Lög um breyting á lögum nr. 94 20. maí 1976 um skráningu og mat fasteigna	196
62	28. des.	Lög um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka	198
63	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975 og II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976 og lög nr. 32 12. maí 1977, um breyting á þeim lögum	198—199
65	28. des.	Lög um breyting á lögum nr 14 15. mars 1965, um launaskatt	200—201
66	28. des.	Lög um niðurfellingu útflutningsgjalda af kolmunna- og spærlingsafurðum á árinu 1977	201
70	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 9 12. apríl 1977, sbr. lög nr. 95 31. des. 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971	204—205
71	31. des.	Lög um verðjöfnunargjald af raforku	205
72	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga	206
77	31. des.	Lög um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum	210—212
78	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 78 23. des. 1975, um breyting á þeim lögum	212—214
83	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald, sbr. lög nr. 118 28. des. 1976, um breyting á þeim lögum	218
84	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 49 20. maí 1977, um sérstakt tímabundið vörugjald	219
Skip, sjá Siglingar, skip.			
Skólar, sjá Menntamál.			
Skotvopn og skotfæri.			
46	13. maí	Lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda	169—176
Skyldusparnaður.			
77	31. des.	Lög um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum	210—212
Sveitarstjórnarmál.			
41	13. maí	Lög um breyting á lögum nr. 51 26. maí 1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, um breyting á þeim lögum	162
70	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 9 12. apríl 1977, sbr. lög nr. 95 31. des. 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971	204—205

XVI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsiðutal
72	31. des.	Lög um breytinga á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekju- stofna sveitarfélaga	206
Tollamál, sjá Skattar, gjöld.			
Söfn.			
43	16. maí	Lög um skylduskil til safna	165—167
Tryggingar.			
28	11. maí	Lög um breyting á lögum nr. 56 27. maí 1975, um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof)	102
29	11. maí	Lög um breyting á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.	103—104
Umferðarmál.			
16	5. maí	Lög um breyting á umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968	68
30	11. maí	Lög um breyting á umferðarlögum nr. 40/1968	104—105
48	17. maí	Lög um breyting á umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968	177
Útanríkismál, sjá Alþjóðasamningar; Alþjóðastofnanir; Norræn samvinna; Siglingar, skip; Sjávarútvegur.			
Útflutningur.			
17	7. maí	Lög um heimild til sölu hlutabréfa í Íslensku matvæla- miðstöðinni hf. til erlendra aðila	68
55	15. júlí	Bráðabirgðalög um niðurfellingu útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum á árinu 1977	189
Vegamál.			
6	25. mars	Vegalög	9—22
11	25. apríl	Auglýsing um vegáætlun fyrir árin 1977—1980	38—65
78	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjár- öflun til vegagerðar, og lögum nr. 78 23. des. 1975, um breyting á þeim lögum	212—214
Verðlagsmál.			
10	7. maí	Lög um breyting á lögum nr. 119 27. des. 1976, um breyting á lögum nr. 77 23. des. 1975, um sérstakt tíma- bundið vörugjald, sbr. lög nr. 20 5. maí 1976	37
13	26. apríl	Lög um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverð- hækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.	66
49	20. maí	Lög um sérstakt tímabundið vörugjald	178—184
71	31. des.	Lög um verðjöfnunargjald af raforku	205
83	31. des.	Lög um breyting á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vöru- gjald, sbr. lög nr. 118 28. des. 1976, um breyting á þeim lögum	218

10. janúar 1977.

1

Nr. 1.

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 24. janúar 1977 kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 10. janúar 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

4. mars 1977.

Nr. 2.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76/1958 með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 4. mars 1977 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76, 17. júní 1958, fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

1. gr.

51. gr. a verði 51. gr.

Við 51. gr. bætist 5. tl., er nefnist námsnefndir og hljóði svo:

Við hverja kennslugrein skal starfa ráðgefandi námsnefnd, sem jafnmargir kennarar og stúdentar eiga sæti í. Kennarar, þar með taldir stundakennarar, og stúdentar í hverri grein kjósa fulltrúa hvor í sínu lagi í upphafi hvers námsárs.

Hlutverk námsnefnda er:

- að gera tillögur til deildarráðs um námsefni í hverri grein að höfðu samráði við greinarkennara,
- að gera tillögur til deildarráðs um skiptingu kennslugreina í prófþætti og mat þeirra til eininga, ennfremur í hvaða röð prófþættir skulu teknir og hverjir þeirra séu skyldunámsefni í kennslugrein,
- að semja umsagnir um tillögur, er þeim berast og varða bæði kennara og stúdentar og lúta að námsskipan viðkomandi greinar,
- að skipuleggja námsráðgjöf.

A 1

2. gr.

51. gr. b verði 52. gr. og orðist svo:

1) Kennsla og nám

Kennsla. Í heimspekideild skal kennt:

a) Til B. A.-prófs (baccalaureatus artium):

Almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, danska, enska, finnska, franska, gríska, heimspeki, íslenska, latína, norska, rússneska, sagnfræði, spænska, sænska og þýska.

b) Til cand. mag. prófs (candidatus magisterii):

Enska, íslenskar bókmenntir, íslensk málfræði og sagnfræði.

c) Til bacc. philol. isl. prófs (baccalaureatus philologiae islandicae):

Íslenska fyrir erlenda stúdenta.

Heimspekideild semur áætlun um, hvaða námsgreinar í a-lið þurfi að taka upp í b-lið og yfirlit um þörf á kennslukröftum. Heimspekideild er heimilt að standa fyrir námskeiðum til endurmenntunar fyrir þá, sem lokið hafa fullnað-arprófi í kennslugreinum hennar.

Deildarráð tekur nánari ákvörðun um nám í hverri einstakri grein að fengnum tillögum námsnefndar. Deildarráði er heimilt að samþykkja, að hluti náms í grein felist í námi við erlendan háskóla. Skal námsefni nánar lýst í kennsluskrá og námsskrám greinanna, sem greinarkennarar skulu leggja fyrir námsnefnd, en hún fjalla um og senda deildarráði tillögur sínar til samþykkis fyrir lok aprilmánaðar ár hvert.

Ef sérstakir erfiðleikar eru á kennslu í einhverjum kennslugreinum, getur deildarráð ákveðið, að þær skuli ekki kenndar. Stúdentar, sem lokið hafa einum prófbætti í kennslugrein, eiga rétt á að ljúka 30 e í greininni.

2) Námseiningar

Nám í heimspekideild skal vegið í einingum (e), og skal ársnám talið 30 e. Við gerð kennsluskrár skal við það miðað, að stúdent þurfi ekki að sækja fleiri kennlustundir en 12 á viku þegar frá eru taldir æfingatímar, sem ekki krefjast undirbúnings.

Til B. A.-prófs er krafist minnst 90 e að viðbættum heimspekilegum forspjallsvísindum samkvæmt 39. gr. a þessarar reglugerðar (3 e), en til cand. mag. prófs er krafist B. A.-prófs að viðbættum 60 e eða samtals 150 e.

3) Prófbættir og samval greina

Sérhver kennslugrein skiptist í prófbætti. Deildarráð ákveður að fengnum tillögum frá námsnefnd í greininni skiptingu kennslugreina í prófbætti og vægi þeirra í einingum, ennfremur í hvaða röð prófbættir skulu teknir og hverjir þeirra séu skyldunámsefni í kennslugrein. Þó skulu almenn málvísindi og bókmenntafræði vera skyldubættir í tungumálum. Prófbáttur skal vera að jafnaði 5 e eða margfeldi af 5 e. Þó má deildarráð veita undanþágu frá þessu. Eigi má reikna prófbátt nema einu sinni í samanlögðum einingafjölda stúdents.

4) Námstími

Kennslu til B. A.-prófs skal hagað þannig, að stúdent sé unnt að ljúka námi á þremur árum og kennslu til cand. mag. prófs þannig, að stúdent sé unnt að ljúka námi á tveimur árum að loknu B. A. prófi. Sýni stúdent engan árangur í námi í meira en þrjú ár samfellt, er deildarráði heimilt að má nafn hans af stúdentatali.

Kennslu til prófs í íslensku fyrir erlenda stúdenta skal hagað þannig, að unnt sé að ljúka námi á tveim árum.

3. gr.

52. gr. verði 53. gr. og hljóði svo:

B. A.-próf.

Til B. A.-prófs velur stúdent sér aðalgrein úr námsgreinum, sem upp eru taldar í 52. gr. 1, a-lið, og tekur í henni minnst 60 e. Stúdent skal og velja sér aukagrein úr þessum námsgreinum og ber að taka í henni minnst 30 e. Stúdent er heimilt að sækja aukagrein til annarrar deildar með samþykki deildarráðs. Heimilt er að ákveða, að hluti aðalgreinar eða aukagreinar séu valfrjálsir prófbættir. Heimilt er stúdent í samráði við greinarkennara að sækja prófbætti til annarra deilda. Skylt er, að einn prófbáttur til B. A.-prófs felist í samningu minnst einnar heimaritgerðar. Þó má deildarráð veita undanþágu frá þeirri reglu.

Cand. mag. próf.

Að loknu B. A.-prófi er stúdent heimilt að ganga undir cand. mag. próf í grein, sem talin er upp í 52. gr. 1, b-lið, hafi hann lokið minnst 60 e í sömu grein til B. A.-prófs. Deildarráði er þó heimilt að samþykkja, að B. A.-próf með 60 e í námsgrein, sem er náskyld cand. mag.-grein, ásamt 30 e í cand. mag.-greininni, veiti aðgang að cand. mag. námi í grein.

Aðgang að cand. mag. námi í íslenskum bókmenntum eiga þeir sem lokið hafa B. A.-prófi í íslensku sem aðalgrein eða í almennri bókmenntafræði sem aðalgrein og íslensku sem aukagrein. Aðgang að cand. mag. námi í íslenskrí málfræði veitir B. A.-próf í íslensku sem aðalgrein eða í almennum málvísindum sem aðalgrein og íslensku sem aukagrein.

Námsefni skiptist í prófbætti, sem stúdent velur í samráði við kennara sína. Deildarráð ákveður að fengnum tillögum námsnefnda, hverjir skuli vera prófbættir í cand. mag. prófi.

Heimilt er að velja prófbætti allt að 15 e úr öðrum skyldum greinum í samráði við greinarkennara. Ritgerðarefni velur stúdent einnig í samráði við kennara sína og skal ritgerðin vega minnst 15 e. Heimilt er, að ritgerð samin innan átta daga tímamarka komi í stað prófs í prófbætti.

Bacc. philol. isl. próf.

Til prófs í íslensku fyrir erlenda stúdenta er krafist minnst 60 e. Deildarráð ákveður nánar vægi prófbátta og námsefni hvers þáttar að fengnum tillögum námsnefndar og kennaranna í íslensku. Heimilt er með samþykki hlutaðeigandi kennara, að ritgerð samin innan átta daga tímamarka komi í stað prófs í prófbætti. Deildarráði er heimilt að veita stúdent undanþágu frá einstökum prófbáttum, ef sérstaklega stendur á. Deildarráð velur fjóra menn úr hópi kennara í íslensku, er standi fyrir prófum ásamt kennurum í bacc. philol. isl. náminu.

4. gr.

54. gr. orðist svo:

Próf og einkunnir.

1) Námsmat felst í skriflegum og/eða munnlegum prófum, æfingaverkefnum eða heimaritgerðum eftir samkomulagi kennara og stúdenta. Fyrirkomulag prófa er háð samþykki deildarforseta. Próf skulu að jafnaði haldin í misserislok, en greinarkennurum er heimilt að halda próf á öðrum tíma í samráði við stúdenta. Sjúkrapróf skulu að jafnaði haldin þrem vikum eftir eiginlegan próftíma.

Hafi stúdent ekki staðist próf í prófbætti, er honum heimilt að endurtaka það innan árs. Enginn má þó þreyta próf í sama prófbætti oftast en tvisvar án sérstakrar undanþágu deildarráðs. Einkunnir skal skrá í heilum tölum frá 0—10. Til þess að

standast próf verður stúdent að hafa hlotið minnst einkunnina 5 í prófpætti. Gefa skal einkunn fyrir hvern prófpátt um sig, en meðaleinkunn hversrar kennslugreinar skal vera vegið meðaltal prófpáttaeinkunna.

Meðaleinkunnir reiknast með einum aukastaf. Einkunn 9,0—10 er ágætiseinkunn, 7,3—8,9 er I. einkunn, 6,0—7,2 er II. einkunn og 5,0—5,9 er III. einkunn.

2) Ákvæði til bráðabirgða.

Nú óskar stúdent, sem þegar er skráður í deildina, að vera brautskráður samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, skal deildarráð þá vega til prófpáttar og eininga þau próf sem hann hefur lokið samkvæmt eldri reglugerð.

5. gr.

55. gr. a. c. og d. falli brott.

55. gr. b.

Til þess að öðlast kennsluréttindi að lögum skal B. A. prófsmaður í heimspeki-deild (sjá 53. gr.) ljúka til viðbótar prófi í uppeldis- og kennslufræðum samkvæmt 92. gr.

..... Á sama hátt þurfa kandidatar að ljúka þessu prófi til að öðlast kennsluréttindi að lögum.

6. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi 15. júlí 1977.

Gjört í Reykjavík 4. mars 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972 og lög nr. 67/1974, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 3. málsg. 7. gr. komi nýr málslíður, er verði 2. málslíður og orðist svo:

Þó skal gjaldið ekki vera lægra en svo, að það nemi 50% hærri hundraðshluta en hundraðshluta sjóðfélaga samkvæmt 1. málsg., reiknuðum af $\frac{3}{4}$ hlutum heildarverðmætis búvara á almanaksárinu.

2. gr.

Í 12. gr. laganna komi ný málsgrein, er verði 5. málsg. og orðist svo:

Greiða skal barnalífeyri í samræmi við ákvæði þessarar greinar, ef maki sjóðfélaga fellur frá, og heimilt er stjórn sjóðsins að greiða barnalífeyri, ef makinn missir starfsorku sína að mestu eða öllu leyti. Sé jafnframt um barnalífeyrisrétt að ræða vegna fráfalls eða örorku sjóðfélaga sjálfs, fer þó um greiðslu lífeyris eftir 2. málslíð 2. málsg.

3. gr.

Í 17. gr. laganna komi ný málsgrein, er verði 4. málsgrein og orðist svo:

Við ákvörðun örorkulífeyris manns, sem lífeyrisrétt á samkvæmt 10. gr., fæddur er árið 1914 eða fyrr og verið hefur sjóðfélagi frá stofnun sjóðsins, skal reikna með réttindatíma til ársloka 1970 í samræmi við 3. málsg. þessarar greinar og áætla stig aftur í tímann í samræmi við ákvæði 2. málsg. 10. gr. Bráðabirgðaákvæði laganna um skert iðgjöld til sjóðsins árin 1971—1973 skulu ekki skerða lífeyrisréttinn. Þá skal við ákvörðun ellilífeyris samkvæmt þessari grein reikna sem réttindatíma tímabil frá því er slíkur öryrki hefur látið af búskap til 70 ára aldurs.

4. gr.

3. málsg. 18. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrir samkvæmt 9.—11. gr. kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt þessari grein og örorkulífeyri samkvæmt 4. málsg. 17. gr. Frestun á töku lífeyris samkvæmt 9. gr. telst lokið, um leið og greiðslur samkvæmt þessari grein hefjast. Verði lífeyrir hærri samkvæmt 9. eða 11. gr. en elli- eða makalífeyrir samkvæmt þessari grein, telst ekki vera um lífeyrisgreiðslur samkvæmt þessari grein að ræða.

5. gr.

Í stað „18. gr.“ í 19. gr. laganna komi: 17. og 18. gr.

6. gr.

Ný grein, er verði 24. gr., orðist svo:

Lífeyrir samkvæmt II. kafla skal árið 1976 miðast við grundvallarlaun 1971—1975 og árið 1977 við grundvallarlaun 1972—1976. Síðan er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, að ákveða fyrir eitt ár í senn greiðslu uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla, sem þegar hefur verið úrskurðaður. Miðast heimild þessi við byrjun hvers almanaksárs, í fyrsta sinn við ársbyrjun 1978.

7. gr.

Ný grein, er verði 25. gr., orðist svo:

Nú ávaxtar sjóðurinn hluta af höfuðstóli sínum í verðtryggðum skuldabréfum eða með öðrum þeim hætti, er hefur í för með sér betri ávöxtun en sem nemur hæstu almennum útlánsvöxtum af skuldabréfum, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða uppbætur á elli-, örorku- og makalífeyri samkvæmt I. kafla.

Stjórnin skal leita álits tryggingafræðings á því, hve miklar uppbætur hann telur sjóðinn megnugan að greiða. Tryggingafræðingurinn skal hafa hliðsjón annars vegar af hækkun grundvallarlauna samkvæmt 8. gr. frá því, sem þau voru á því tímabili, er lífeyrisfjárhæð hvers einstaks lífeyrisþega miðast við, en hins vegar af hagnaði sjóðsins af þeirri umframávöxtun, sem nefnd er í 1. málsgr., og fjárhagsstöðu sjóðsins í heild. Aldrei má hækka lífeyri meira en tryggingafræðingur hefur lagt til.

Uppbætur, sem stjórn sjóðsins hefur einu sinni ákveðið, skulu ekki felldar niður né lækkaðar, nema lækkun verði á grundvallarlaunum. Lækki grundvallarlaun, skal endurskoða fjárhæðir uppbóta með hliðsjón af breyttum forsendum, sbr. 2. málsgr.

8. gr.

Greinatala laganna breytist þannig, að 24. gr. verði 26. gr. og 25. gr. verði 27. gr.

9. gr.

Aftan við 27. gr. laganna (ákvæði til bráðabirgða) bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Árin 1976 og 1977 skal sjóðurinn greiða þeim lífeyrisþegum, sem rétt eiga samkvæmt II. kafla laganna, sérstaka uppbót, þannig að frá 1. janúar 1976 hækki grundvallarlaun, sem við er miðað, um 50% frá því, sem þau eru að lokinni hækkun samkvæmt 24. gr., en síðan hækki þau á ný 1. júlí 1976, 1. janúar 1977 og 1. júlí 1977 í hlutfalli við þá hækkun, er þá verður á grundvallarlaunum samkvæmt lögum nr. 63/1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Elli-, örorku- og makalífeyrir þeirra lífeyrisþega, sem ekki eiga rétt samkvæmt II. kafla, skal hækka á sama hátt, þó þannig, að slíka hækkun skal einungis reikna á lífeyri, er svarar til 15 stiga eða minna, en um afganginn fer eftir ákvæðum 25. gr. Nú á lífeyrisþegi rétt samkvæmt II. kafla, en mundi engu að síður fá hærri lífeyri, ef farið væri eftir þessum síðarnefndu ákvæðum, og skal þá sjóðurinn greiða honum mismuninn.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr. skulu gilda frá 1. janúar 1975.

Gjört í Reykjavík 8. mars 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Olíumöl innflutning á olíupramma.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ráðherra skal heimilt að leyfa hf. Olíumöl innflutning á olíupramma, þó eldri sé en 12 ára, sbr. 26. gr. laga nr. 52 12. maí 1970.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 18. mars 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sígurðsson.

24. mars 1977.

Nr. 5.

L Ö G

um opinberar fjársafnanir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er stofnunum, félögum eða samtökum manna að gangast fyrir opinberum fjársöfnunum í sérhverjum löglegum tilgangi.

Nú gangast samtök fyrir fjársöfnun, og skulu þá minnst þrjú menn bera ábyrgð á söfnuninni hverju sinni, og skulu a. m. k. tveir þeirra vera fjárráða islenskir ríkisborgarar, sem lögheimili eiga hér á landi.

2. gr.

Fjársöfnun er opinber, ef henni er beint til annarra en þeirra, sem tengdir eru persónulegum eða félagslegum tengslum við þá, sem fyrir slíkum fjársöfnunum standa, eða standa í sérstöku sambandi við þá.

3. gr.

Tilkynna skal viðkomandi lögreglustjóra opinbera fjársöfnun, áður en hún hefst. Tilkynning skal send lögreglustjóra, þar sem stofnun eða félag hefur varnarþing. Ef stofnun eða félag stendur ekki fyrir fjársöfnun, skal tilkynna hana til lögreglustjóra, þar sem einhver þeirra, sem ábyrgð bera á söfnuninni, á lögheimili.

Slík tilkynning skal bera með sér:

- a) hver standi fyrir fjársöfnuninni,
- b) hvenær fjársöfnun skuli fara fram,
- c) hvar fjársöfnun skuli fara fram,
- d) hvernig fjársöfnun skuli fara fram,
- e) og í hvaða tilgangi fjársöfnun fer fram.

4. gr.

Opinber fjársöfnun á götum eða í húsum er háð leyfi dómsmálaráðuneytisins. Fjársöfnun með keðjubréfum er óheimil.

5. gr.

Fé því, sem safnast kann, skal komið fyrir á banka- eða giróreikningi, sem stofnaður er í þessu sérstaka tilefni.

Óheimilt er að nota féð í öðrum tilgangi en upphaflega var ætlað, nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins.

6. gr.

Halda skal nákvæmt reikningshald yfir söfnunarfé og öll útgjöld við hverja fjársöfnun. Skal reikningshaldið endurskoðað af löggiltum endurskoðanda eða þeim, er dómsmálaráðuneytið kann að útnefna til slíks.

7. gr.

Áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að fjársöfnun lýkur, skal reikningsyfirlit hennar birt a. m. k. einu sinni í dagblaði, vikublaði eða á annan hátt. Sé söfnunarfé undir þeirri upphæð, sem ákveðin er í reglugerð, nægir þó að tilkynna opinberlega, að reikningsyfirlit fjársöfnunarinnar sé til sýnis í a. m. k. 14 daga á nánar tilteknum stað.

Nú stendur söfnun yfir um lengri tíma en eitt ár, og skal þá með sama hætti birta opinberlega ársreikning innan 6 mánaða frá lokum hvers almanaksárs. Heimilt er lögreglustjóra að framlengja fresti þessa. Yfirlýsingu samkvæmt 2. málsl. 6. gr. skal og birta með sama hætti.

Viðkomandi lögreglustjóra skal og sent reikningsyfirlit söfnunarinnar ásamt tilkynningu um, hvar og hvenær birting skuli fara fram.

Nú liggja ekki fyrir gögn um notkun söfnunarfjár, þegar reikningi er lokað, og skal þá endurskoðandi síðar gefa skýrslu þar um.

8. gr.

Lög þessi gilda ekki um:

- 1) Söfnun á notuðum verðlittlum hlutum.
- 2) Fjársafnanir á vegum dagblaðs í opinberu góðgerðarskyni, ef viðkomandi dagblað birtir skrá yfir framlag allra gefenda. Enn fremur skal viðkomandi dagblað birta viðurkenningu þeirra, er veita fénu viðtöku að söfnun lokinni.
- 3) Fjársafnanir á samkomum.

9. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggji við að öðrum lögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 24. mars 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

VEGALÖG

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 12. gr. laga nr. 113 31. desember 1976, um breyting á vegalögum nr. 66 14. júlí 1975, hef látið fella meginmál hinna fyrrnefndu laga inn í vegalög nr. 66 14. júlí 1975 og gef þau út svo breytt:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Orðið vegur merkir í lögum þessum akbraut, land og mannvirki, sem að staðaldri eru nauðsynleg, til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not.

Til vegar teljast því, auk vegstæðis og vegar, vegbekkir, skurðir, sneiðingar, fyllingar, ræsi, öryggisgrindur, biðstæði og umferðarljós.

Til vega teljast enn fremur brýr, jarðgöng og ferjubryggjur, svo og vetrarvegir.

2. gr.

Opinber vegur er hver sá vegur, sem ætlaður er almenningi til frjálsrar umferðar og kostaður er af fé ríkis eða sýsluvegasjóðs.

3. gr.

Veghald merkir vegagerð og viðhald vega.

Veghaldari er sá aðili, er sér að öllu leyti um veghald.

4. gr.

Ákvæði laga þessara um vegagerð gilda einnig um breikkun, breytingar og umbætur vega, nema annað sé ákveðið í lögum eða leiði af eðli málsins.

5. gr.

Þegar vegagerð er ákveðin samkvæmt mældri veglinu og fé veitt til hennar, skulu ákvæði laga þessara taka gildi um vegalagninguna, að svo miklu leyti sem við á.

6. gr.

Lög þessi gilda ekki um götur í kaupstöðum eða kauptúnum, nema sérstaklega sé ákveðið í lögum.

II. KAFLI

Um stjórn vegamála og veghald.

7. gr.

- 33 Gaulverjabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokks-eyri á Eyrarbyggðaveg ofan Eyrarbakka.
- 34 Eyrarbyggðavegur: Af Suðurlandsvegi austan Ölfusárbrúar á Selfossi um Eyrarbakka og Ölfusárós, á Þorlákshafnarveg.
- 35 Biskupstungnabraut: Af Suðurlandsvegi vestan Selfoss, um brú á Sogi, Svínavatn, brú á Brúará, Vatnsleysu, Múla og Geysi að Gullfossi.
- 36 Þingvallavegur: Af Biskupstungnabraut austan við Sog, um Ljósafoss, austan Þingvallavatns, um Gjábakka og Þingvöll, að sýslumörkum á Mosfellsheiði.
- 37 Laugarvatnsvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni, um Laugarvatn á Biskupstungnabraut hjá Múla.
- 38 Þorlákshafnarvegur: Af Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði til Þorlákshafnar.

- 39 Þrengslavegur: Af Suðurlandsvegi í Svínahrauni, um Þrengsli á Þorlákshafnarveg í Ölfusi.
- 302 Urriðafossvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Þjórsár, um Urriðafoss yfir Villingaholtsveg, um Gafli á Hamarsveg hjá Skógsnesi.
- 303 Ölvisholtsvegur: Af Suðurlandsvegi við Kjartansstaði um Miklholtshelli að vegamótum við Ölvisholt.
- 304 Oddgeirshólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Hraungerði að vegamótum við Austurkot og Oddgeirshóla.
- 305 Villingaholtsvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt, suður með Þjórsá um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftstaða.
- 308 Hamarsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi hjá Gaulverjabæ, um Hamar og Skógsnes, á Villingaholtsveg hjá Sýrlæk.
- 309 Kolsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda að vegamótum að Kolsholtshelli.
- 310 Votmúlavegur: Af Eyrarbakkaevegi hjá Geirakoti um Votmúla á Gaulverjabæjarveg við Smjördali.
- 311 Önundarholtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi norðan Meðalholts, um Súluholt, á Villingaholtsveg norðan Önundarholts.
- 312 Vorsabæjarvegur í Flóa: Af Gaulverjabæjarvegi móts við Seljatungu um Vorsabæ á Hamarsveg við Syðri-Velli.
- 314 Holtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi nálægt Klængsseli um Holt á Gaulverjabæjarveg á Stokkseyri.
- 316 Kaldaðarnesvegur: Af Eyrarbakkaevegi nálægt Sandvík að vegamótum að Hreiðurborg.
- 318 Langholtsvegur í Flóa: Af Suðurlandsvegi nálægt Túni að Langholti.
- 321 Skeiðháholtsvegur: Af Skeiðavegi við Kílhraun, um Skeiðháholt á Skeiðaveg móti Löngumýri.
- 322 Ólafsvallavegur: Af Skeiðavegi að Ólafsvöllum.
- 324 Vorsabæjarvegur: Af Skeiðavegi hjá Brautarholti að vegamótum að Fjalli.
- 325 Gnúpverjavegur: Af Þjórsárdalsvegi vestan Kálfár um Hamarsheiði á Þjórsárdalsveg vestan Þverár.
- 326 Hælsvegur: Af Gnúpverjavegi vestan Kálfár, hjá Hæl að heimreið að Lækjarbakka.
- 328 Stóra-Núpsvegur: Af Þjórsárdalsvegi hjá Minna-Núpi á Gnúpverjaveg við Ása-skóla.
- 329 Mástunguvegur: Af Gnúpverjavegi ofan við Ása um Stóru-Mástungu að Skáldabúðum.
- 340 Auðsholtsvegur: Af Hrunamannavegi austan Stóru-Laxár, um Syðra-Langholt að Auðsholti.
- 341 Langholtsvegur: Af Hrunamannavegi hjá Flúðum á Auðsholtsveg hjá Langholti.
- 344 Hrunavegur: Af Hrunamannavegi við Flúðir um Hruna á Hrunamannaveg vestan Kirkjuskarðs.
- 345 Kaldbaksvegur: Af Hrunavegi hjá Hruna að heimreið að Þverspyrnu.
- 349 Tungufellsvegur: Af Hrunamannavegi við Dalsá að heimreið að Jaðri.
- 350 Grafningsvegur neðri: Af Biskupstungnabraut við Alviðru á Grafningsveg efri við Úifljótsvatn.
- 351 Búrfellsvegur: Af Þingvallavegi hjá Ásgarði um Búrfell og Klausturhóla á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
- 353 Kiðjabergsvegur: Af Biskupstungnabraut austan Seyðishóla að heimreið að Gelti.
- 354 Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut við Minni-Borg um Sólheima, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.
- 355 Reykjavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Torfastöðum á Laugarvatnsveg hjá Brúará.
- 356 Tjarnarvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Vatnsleysu á Reykjaveg hjá Tjörn.

- 358 Einholtsvegur: Af Biskupstungnabraut við Tungufljótsbrú, um Einholt á Hrunamannaveg sunnan Gýgjarhóls.
- 359 Bræðratunguvegur: Af Einholtsvegi norðan Tungufljóts að Ásakoti.
- 360 Grafningsvegur efri: Af Þingvallavegi við Írafoss, um Grafning á Þingvallaveg norðan Heiðarbæjar.
- 364 Eyjavegur: Af Laugarvatnsvegi norðan við Djúpin að heimreið að Útey.
- 365 Gjábakkavegur: Af Laugarvatnsvegi hjá Laugarvatni á Þingvallaveg við Gjábakka.
- 366 Böðmóðsstaðavegur: Af Laugarvatnsvegi undan Efstadalsfjalli að Böðmóðsstöðum.
- 374 Hvammsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kögunarhóls um Nýbýlahverfi og Gljúfur á Suðurlandsveg vestan Kotstrandar.
- 375 Arnarbælisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Sandhóli að heimreið að Egilsstöðum.
- 42 Krýsuvíkurvegur: Frá sýslumörkum í Herðisarvíkurhrauni, um Selvogsheiði á Þorlákshafnarveg ofan við Þorlákshöfn.
- 48 Kjósarskarðsvegur: Frá sýslumörkum vestan Stiflisvatns, um Fellsenda á Þingvallaveg á Mosfellsheiði.
- 52 Uxahryggjavegur: Frá sýslumörkum á Sæluhúsahæðum, um Brunna og Tröllháls á Þingvallaveg á Þingvöllum.

Reykjaneskjördæmi.

- 1 Suðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Sandskeið um Lækjarbotna til Reykjavíkur.
- 1 Vesturlandsvegur: Frá Reykjavík við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, inn Hvalfjörð, að sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni.
- 36 Þingvallavegur: Frá sýslumörkum á Mosfellsheiði á Vesturlandsveg nálægt Köldukvísl.
- 40 Hafnarfjarðarvegur: Frá mörkum Reykjavíkur við Fossvogslæk, um Kópavog og Garða á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
- 41 Reykjanesbraut: Frá Reykjavík við Elliðaár, austan Kópavogs og Hafnarfjarðar, um Vatnsleysustrandarheiði, Keflavík og Miðnesheiði til Sandgerðis.
- 42 Krýsuvíkurvegur: Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð, um Krýsuvík að sýslumörkum í Herðisarvíkurhrauni.
- 43 Grindavíkurvegur: Af Reykjanesbraut á Vogastapa til Grindavíkur.
- 44 Hafnavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvíkum að Höfnum.
- 45 Garðskagavegur: Af Reykjanesbraut norðan Keflavíkur um Gerðar og Sandgerði að heimreið að Nýlendu á Stafnesi.
- 48 Kjósarskarðsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan Laxár um Reynivelli og Kjósarskarð að sýslumörkum vestan Stiflisvatns.
- 410 Elliðavatnsvegur: Af Suðurlandsvegi við Rauðavatn um Vatnsenda á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
- 412 Vífilsstaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi sunnan Silfurtúns, um Garða og Vífilsstaði á Elliðavatnsveg við Vífilsstaðavatn.
- 415 Bessastaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi í Engidal að Bessastöðum.
- 416 Álftanesvegur: Af Bessastaðavegi nálægt Bessastöðum, um Landakot og Sviðholt og aftur að vegamótum Bessastaðavegar við Bessastaði.
- 420 Vatnsleysustrandarvegur: Af Reykjanesbraut við Kúagerði, um Vatnsleysuströnd að Vogum.
- 421 Vogavegur: Af Reykjanesbraut móti Vogum að Vogakaupþúni.
- 422 Njarðvíkurvegur: Af Reykjanesbraut vestan Vogastapa að Innri-Njarðvík.
- 425 Nesvegur: Af Hafnavegi í Höfnum um Reykjanes, Grindavík og Ísólfsskála á Krýsuvíkurveg sunnan Krýsuvíkur.
- 430 Úlfarsárvegur: Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Úlfarsá sunnan Úlfarsfells á Hafravatnsveg.

- 431 Hafravatnsvegur: Af Suðurlandsvegi norðan Hólmsár, um Miðdal, á Vesturlandsveg við Þverholt.
- 433 Reykjalandarvegur: Af Hafravatnsvegi að Reykjalandi
- 460 Eyrarfjallsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Vesturlandsveg hjá Blönduholti.
- 461 Meðalfellsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorá, norðan Meðalfellsvatns á Kjósarskarðsveg sunnan brúar á Laxá hjá Vindáshlíð.

Vesturlandskjördæmi.

- 1 Vesturlandsvegur: Frá sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni, út fyrir Hafnarfjall, yfir brú á Borgarfjörð hjá Borgarnesi, um Eskiholt, Norðurárdal, að sýslumörkum á Holtavörðuheidi.
- 50 Borgarfjarðarbraut: Af Vesturlandsvegi við Ferstiklu, um Dragháls, Hestháls og Bæjarsveit, yfir brú á Hvítá hjá Kljáfossi, um Stafholtstungur á Vesturlandsveg hjá Haugum.
- 51 Akranesvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Lambhaga að Akranesi.
- 52 Uxahryggjavegur: Af Hvítárvallavegi við Hvítárvelli, um Hest, Götúás, Lundarreykjadal og Uxahryggi að sýslumörkum hjá Sæluhúsahæðum.
- 53 Hvítárvallavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Seleyri um Andakíl, yfir brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum á Vesturlandsveg norðan Eskiholts.
- 54 Ólafsvíkurvegur: Af Vesturlandsvegi við Borgarnes, um Mýrar, Vegamót og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
- 55 Heydalsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Kolbeinsstöðum, um Hnappadal og Heydal, á Snæfellsnessveg vestan Bíldhóls.
- 56 Stykkishólmsvegur: Af Ólafsvíkurvegi við Vegamót, yfir Kerlingarskarð, um Helgafellssveit til Stykkishólms.
- 57 Snæfellsnessvegur: Af Vestfjarðavegi við Stóraskóg, um Hörðudal, Skógarströnd, Helgafellssveit og Grundarfjörð á Ólafsvíkurveg við Fróðá.
- 59 Laxárdalsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Saurum, um Laxárdal, að sýslumörkum á Laxárdalsheiði.
- 502 Svinadalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Miðfelli, norður yfir Laxá hjá Hóli, um Eyri á Borgarfjarðarbraut gegnt Geitabergi.
- 503 Akrafjallsvegur: Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl suður fyrir Akrafjall um Innra-Hólm að Akranesi.
- 504 Leirársveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbú, um Leirá á Svinadalsveg vestan við Hól.
- 505 Melasveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti, um Melasveit á Vesturlandsveg hjá Belgsholti.
- 507 Mófellsstaðavegur: Af Hvítárvallavegi sunnan Andakílsár, um Mófellsstaði á Borgarfjarðarbraut sunnan Skorradalsvatns.
- 508 Skorradalsvegur: Af Hvítárvallavegi norðan brúar á Andakílsá, um Fossabæi, með Skorradalsvatni að norðan að Fitjum.
- 509 Hagavegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Stóru-Drageyri, sunnan Skorradalsvatns um Haga að Fitjum.
- 510 Vatnshamravegur: Af Skorradalsvegi hjá Vatnshömrum um Heggstaði á Uxahryggjaveg hjá Hatti.
- 511 Hvanneyrarvegur: Af Vesturlandsvegi að Hvanneyrarskóla.
- 512 Lundarreykjadalssvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Fossatúni, um Lundarreykjadal norðanverðan og brú á Grímsá hjá Oddstöðum á Uxahryggjaveg hjá Brautartungu.
- 513 Bæjarsveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut vestan við Varmalæk að Hvítárakka.
- 514 Laugarholtsvegur: Af Bæjarsveitarvegi að Laugarholti.

- 515 Flókadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut norðan Varmalækjar um Múlastaði, Skóga, Brennistaði á Borgarfjarðarbraut hjá Litla-Kroppi.
- 516 Stóra-Kroppsvegur: Af Borgarfjarðarbraut um flugvöll á Kálfanesmelum, um Stóra-Kropp á Borgarfjarðarbraut á Hamramelum.
- 517 Reykdælavegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Kleppjárnsreykjum, um Reykholtsdal sunnanverðan, yfir brú á Reykjadalsá hjá Steindórsstöðum á Reykholtsdalsveg við Úlfsstaði.
- 518 Hálsasveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Gróf, um Reykholt og Úlfsstaðaháls, Stóra-Ás, Húsafell og Kalmanstungu á Hvítársíðuveg hjá Bjarnastöðum.
- 519 Reykholtsdalsvegur: Af Hálsasveitarvegi hjá Úlfsstöðum, inn Reykholtsdal og fram hjá Giljum á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
- 522 Þverárhliðarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Síðumúla um Norðtungu og Hjarðarholt á Borgarfjarðarbraut vestan Þverár.
- 523 Hvítársíðuvegur: Af Þverárhliðarvegi hjá Síðumúla, um Hvítársíðu og brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
- 524 Þverárvegur: Af Þverárhliðarvegi sunnan Litlu-Þverár að Kvíum.
- 525 Grjóthálsvegur: Af Þverárhliðarvegi norðan brúar á Litlu-Þverá um Grjót á Norðurárdalsveg hjá Hafþórsstöðum.
- 526 Stafholtsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Stafholt að Svarf-hóli.
- 527 Varmalandsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Varmaland og Einifell á Norðurárdalsveg hjá Glitstöðum.
- 528 Norðurárdalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Brekku, um brýr á Norðurá hjá Glitstöðum, um sunnanverðan Norðurárdal á Vesturlandsveg hjá Króki.
- 530 Ferjubakkavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Brennistöðum, um Ferjubakka, á Hvítárvallaveg vestan Ferjukotssíkis.
- 531 Borgarnesbraut: Af Vesturlandsvegi að Borgarnesi.
- 532 Þursstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Borgar að Rauðanesi.
- 533 Álftaneshreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Langár, suður fyrir Hólsvatn um Krossnes og Þverholt á Ólafsvíkurveg hjá Arnarstapa.
- 534 Álftanessvegur: Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að heimreið að Miðhúsum.
- 535 Grimsstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Urriðáárbrú um Árbæ að vegamótum að Grenjum.
- 537 Sauravegur: Af Ólafsvíkurvegi á Raftási á Hraunhreppsveg hjá Jaðri.
- 539 Staðarhraunsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Raftási að Staðarhrauni.
- 540 Hraunhreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Fíflholtum um Stóra-Kálfalæk, Akra og Þverholt á Álftaneshreppsveg hjá Hrafnkelsstöðum.
- 566 Hítarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Kaldár að vegamótum við Krossholt.
- 567 Kolviðarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Gerðubergslækjar að Laugagerðis-skóla.
- 568 Skógarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan við Rauðkollsstaði um Hömluholt, Hausthús, Syðra- og Ytra-Skógarnes, Miklholt og Litlu-Þúfu á Ólafsvíkurveg hjá Stóru-Þúfu.
- 571 Ölkelduvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Ölkeldu að Hóli.
- 572 Lýsuhólsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Hraunsmúla, um Lýsudal og Lýsuhól á Ólafsvíkurveg vestan Vatnsholtsár.
- 574 Útnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík, Hellis-sand og Rif að Ólafsvík.
- 575 Flugvallarvegur: Af Útnesvegi nálægt Rifi að flugvelli.
- 576 Framsveitarvegur: Af Snæfellsnessvegi hjá Vindási, um Setberg, út fyrir Eyrarfjall á Snæfellsnessveg hjá Eiði.
- 577 Helgafellssveitarvegur: Af Snæfellsnessvegi við Mjósund, um Berserkjahraun á Stykkishólmsveg norðan Kerlingarskarðs.
- 580 Hörðudalsvegur vestri: Af Snæfellsnessvegi við Blönduhlíð að Seljalandi.

- 581 Hörðudalsvegur eystri: Af Snæfellsnessvegi hjá Hörðubóli um Tungu að Seljalandi.
- 582 Hálsabæjavegur nyrðri: Af Snæfellsnessvegi vestan Miðár um Snóksdal að Bæ.
- 583 Hálsabæjavegur syðri: Af Vestfjarðavegi sunnan brúar á Reykjadal, um Hundadal að Bæ.
- 585 Hliðarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Fellsenda um Kolsstaði og Kringlu á Vestfjarðaveg norðan Tunguár.
- 586 Haukadalsvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Haukadalsárbrúar um Haukadalsá að Smyrlahóli.
- 587 Hjarðarholtsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Búðardals, um Hjarðarholt að Lambastöðum.
- 588 Gillastaðavegur: Af Laxárdalsvegi hjá Dönustöðum, um brú á Laxá, um Gillastaði að Lambastöðum.
- 589 Sælingsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Leysingjastaða að Laugaskóla.
- 590 Klofningsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Ásgarðs um Fellsströnd, Klofning og Skarðsströnd á Vestfjarðavegi í Saurbæ.
- 591 Neðribyggðarvegur: Af Klofningsvegi austan við Knarrarhöfn, að Ketilsstöðum.
- 592 Skorravíkurvegur: Af Klofningsvegi vestan við Hellu um Skorravík að Ketilsstöðum.
- 593 Efrbyggðarvegur: Af Klofningsvegi við Hellu, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg vestan Kjarlaksstaðaár.
- 594 Staðarhólsvegur: Af Klofningsvegi hjá Kirkjuhvoli, um Staðarhól, um brú á Staðarhólsá að vegamótum við Bjarnastaði.
- 60 Vestfjarðavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni um Bröttubrekku, Búðardal og Svinadal að sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni.
- 69 Steinadalsvegur: Af Vestfjarðavegi í Gilsfirði að sýslumörkum.

Vestfjarðakjördæmi.

- 1 Vesturlandsvegur: Frá sýslumörkum á Holtavörðuheidi að sýslumörkum við Hrutafjarðará.
- 59 Laxárdalsvegur: Frá sýslumörkum á Laxárdalsheidi á Hólmavíkurveg norðan Borðeyrar.
- 60 Vestfjarðavegur: Frá sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni, um Þorskafjörð, Skálanes, Klettsháls, Vattarfjörð, Litlanes, Hjarðarnes og fyrir Vatnsfjarðarbotn, um Helluskarð, Dynjandisheidi, Arnarfjörð, Hrafnseyrarheidi, Dýrafjörð, Gemlufallsheidi, Önundarfjörð, Breiðadalshéidi og á Djúpveg í Skutulsfirði.
- 61 Djúpvegur: Af Vestfjarðavegi í Þorskafjarðarbotni yfir Þorskafjarðarheidi, fyrir Ísafjörð, um Eyrarfjall og Ögur, fyrir Skötufjörð, Hestfjörð og Álftafjörð, um Súðavík, Ísafjörð og Óshlíð til Bolungarvíkur.
- 62 Barðastrandarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Flókalundi í Vatnsfirði, um Barðaströnd yfir Kleifaheidi að Patreksfirði.
- 63 Bildudalsvegur: Af Barðastrandarvegi við Patreksfjörð, um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfán til Bildudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðaveg rétt norðan við Helluskarð.
- 64 Flateyrarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Breiðadal til Flateyrar.
- 65 Sógandafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Botnsheidi um Suðureyri fyrir Spilli að heimreið að Bæ.
- 68 Hólmavíkurvegur: Af Vesturlandsvegi vestan Hrutafjarðarár, út með Hrutafirði yfir Stíkuháls, fyrir Bitrufjörð um Ennisháls, Kollafjörð, inn með Steingrímsfirði til Hólmavíkur.
- 69 Steinadalsvegur: Frá sýslumörkum á Steinadalsheidi á Hólmavíkurveg í Kollafirði.
- 605 Tröllatunguheidi: Af Vestfjarðavegi sunnan Bakkaár, nálægt Bakka hjá Valshamri, um Tröllatunguheidi hjá Tröllatungu á Hólmavíkurveg hjá Húsavík.

- 607 Reykhólasveitarvegur: Af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni út Barmahlíð um Reykhóla að Stað.
- 609 Fjarðarhlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Eiði við Vattarfjörð, að Firði.
- 611 Siglunesvegur: Af Barðastrandarvegi norðan Haukabergsárbrúar um Holt að Skriðnafelli.
- 612 Örlygshafnarvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Látrum.
- 614 Rauðasandsvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Hvalskeri um Saurbæ að Gröf á Rauðasandi.
- 615 Kollsvíkurvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili um Gjögur, Hænuvík, Hænuvíkurháls, Kollsvík, um Kóngshæð á Örlygshafnarveg á Aurholti.
- 617 Tálknafjarðarvegur: Af Bildudalsvegi norðan Tálknafjarðar um Sveinseyri að Stóra-Laugardal.
- 619 Ketildalavegur: Af Bildudalsvegi um Bildudal, út með Arnarfirði um Bakka að Selárdal.
- 622 Svalvogavegur: Af Vestfjarðavegi við Þingeyri um Haukadál, Keldudal og Svalvoga að Lokinhömrum.
- 624 Ingjaldssandsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli um Núp, Alviðruvör og Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.
- 625 Valþjófsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Mosvöllum í Önundarfirði, um Hjarðardal að Kirkjubóli í Valþjófsdal.
- 632 Laugardalsvegur: Af Djúpvegi hjá Hagakoti í Laugardal að Hrafnabjörgum.
- 633 Vatnsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörgshlíð á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.
- 635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi um brú á Langadalsá utan við Neðri-Bakka, út með Langadalsströnd um Ármúla, fyrir Kaldalón út Snæfjallaströnd að Lyngholti.
- 638 Laugalandsvetur: Af Snæfjallastrandarvegi utan Melgraseyrar að heimreið að Laugarási.
- 641 Krossárdalsvegur: Af Hólmavíkurvegi sunnan Krossárbrúar að Gröf.
- 643 Strandavegur: Af Hólmavíkurvegi við Hólmavík, fyrir botn Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veiðileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð um Gjögur, Árnes að bryggju í Norðurfirði.
- 645 Drangsnesevegur: Af Strandavegi hjá Hálsgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd um Drangsnese og Kaldrananes á Strandavegi í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.

Norðurlandskjördæmi vestra.

- 1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Hrútafjarðará, um Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, um Miðfjörð, Víðidal, Blönduós, Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal að sýslumörkum á Öxnadalsheiði.
- 72 Hvammstangavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi að Hvammstanga.
- 74 Skagastrandarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Blönduósi um Skagaströnd á Skagavegi hjá Harastöðum.
- 75 Sauðárkróksbraut: Af Norðurlandsvegi við Varmahlíð, um Langholt, Sauðárkrók, Hegranes, á Siglufjarðarveg norðan Gljúfurár hjá Vatnsleysu.
- 76 Siglufjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austan Héraðsvatnabrúar á Grundarstokki, um Blönduhlíð, Viðvíkursveit, Óslandshlíð, hjá Hofsósi, um Sléttuhlíð, Fljót og Almenniga að Siglufirði.
- 702 Heggstaðanesvegur: Af Norðurlandsvegi í Hrútafirði, nálægt Laugarstapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð á Norðurlandsveg utan við Melstað.
- 704 Miðfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarár, um brú á Núpsá hjá Haugi, út Miðfjörð að austan á Norðurlandsveg hjá Laugarbakka.

- 705 Vesturárdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá, sunnan Brekkulækjar fram Vesturárdal, að vegamótum gegnt Skeggjastöðum.
- 706 Núpsdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi hjá Haugi, um Efra-Núp, yfir Austurárdalsháls, út Austurárdal á Miðfjarðarveg gegnt Haugi.
- 711 Vatnsnesvegur: Frá Hvammstanga út Vatnsnes, um Hindisvík yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Norðurlandsveg hjá Vatnshorni.
- 712 Þorgrímsstaðadalsvegur: Af Vatnsnesvegi hjá Tjörn að Tungu.
- 714 Fitjavegur: Af Norðurlandsvegi á móts við Stórhól, suður Fitjaárdal um Fremri-Fitjar, yfir Miðfjarðarháls á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaá.
- 715 Viðidalstunguvestri: Af Norðurlandsvegi hjá Deildarhóli, um Viðidalstungu, yfir brú á Viðidalssá hjá Hvarfi að Kolugili.
- 716 Síðuvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Viðidalssárbrúar á Steinsvaði, um Síðu á Vatnsnesveg hjá Breiðabólstað.
- 717 Borgarvegur: Af Síðuvegi hjá Síðu, yfir Faxalæk um Stóru-Borg, á Vatnsnesveg hjá Þorfinnsstöðum.
- 718 Viðidalstungueystri: Af Norðurlandsvegi vestan Lækjamóta, austan Viðidalssár á Viðidalstunguvestri hjá Hvarfi.
- 721 Þingeyravegur: Af Norðurlandsvegi vestan við Sveinsstaði að vegamótum við Leysingjastaði.
- 722 Vatnsdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal, vestan ár um brú á Vatnsdalsá hjá Undirfelli og út austan ár á Norðurlandsveg nálægt Aralæk.
- 723 Grímstunguvegur: Af Vatnsdalsvegi hjá Undirfelli fram Vatnsdal, um Grímstungu og Marðarnúp á Vatnsdalsveg hjá Bakka.
- 724 Reykjabraut: Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki, norðan Svínavatns á Svínvetningabraut hjá Tindum.
- 725 Miðásavegur: Af Norðurlandsvegi nálægt Torfalæk að Hæl.
- 726 Auðkúluvegur: Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns, um Auðkúlu á Svínvetningabraut sunnan Svínavatns.
- 727 Svínadalstunguvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund að Ljótshólum.
- 728 Flugvallarvegur við Blönduós: Af Norðurlandsvegi vestan Blönduóss að flugvelli.
- 731 Svínvetningabraut: Af Norðurlandsvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
- 732 Kjalvegur: Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri að vegamótum Eiðsstaðavegar.
- 733 Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri að Austurhlíð.
- 734 Svartárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bólstaðarhlíð, um Bergsstaði og Hvamm að Stafni.
- 741 Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan Neðri-Lækjardals.
- 742 Mýravegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal, um Mýrar og brú á Laxá, á Laxárdalsveg hjá Skrapatungu.
- 743 Laxárdalsvegur: Af Þverárfjallsvegi yfir Norðurá að Balaskarði.
- 744 Þverárfjallsvegur: Af Skagastrandarvegi utan við brú á Laxá, um Norðurárdal og Þverárfjall á Skagaveg hjá Skíðastöðum.
- 745 Skagavegur: Af Skagastrandarvegi hjá Skagaströnd, um Kálfshamarsvík, Hafnir, Ketu, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð á Sauðárkróksbraut á Sauðárkróki.
- 748 Reykjastrandarvegur: Af Skagavegi hjá Skarði að Fagranesi.
- 751 Efribyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði, um Efribyggð, á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.

- 752 Skagafjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Giljum.
- 753 Vallhólmsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Völlum, um Stokkhólma að Vindheimum.
- 754 Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Héraðsdal á Kjálkaveg um fyrirhugaða brú hjá Flatatungu.
- 755 Svartárdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Breiðagerði að Ánastöðum.
- 757 Tunguhálsvegur: Af Skagafjarðarvegi um Tunguháls á Héraðsdalsveg við fyrirhugaða brú hjá Flatatungu.
- 758 Austurdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi í Vesturdal, austan við Jökulsá vestri um Bústaði að vegamótum hjá Skuggabjörgum.
- 759 Kjálkavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Skeljungshöfða, um Kjálka að Keldulandi.
- 761 Fjallsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarstapa að Fjalli.
- 762 Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð að Fjalli.
- 763 Hellulandsvegur: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi að Hellulandi.
- 764 Hegranesvegur vestri: Af Hegranesvegi eystri við Ketu að Hellulandi.
- 765 Hegranesvegur eystri: Af Sauðárkróksbraut hjá Garði að Eyhildarholti.
- 766 Brimnesvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Narfastöðum, um Brimnes á Siglufjarðarveg hjá Miklahóli.
- 767 Hólavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miklahóli, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti að Hólum.
- 768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá við Laufskálaholt að Hrafnhóli.
- 769 Asavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
- 781 Deildardalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Grafarósi, yfir Deildará hjá Kambi á Siglufjarðarveg norðan Artúns.
- 783 Unadalsvegur syðri: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár að Enni.
- 784 Bæjarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mýrarkoti.
- 786 Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi yfir Langalæk, um Skálá austan Sléttuhlíðarvatns á Siglufjarðarveg norðan Keldnakots.
- 787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Austarahól og Barð, á Siglufjarðarveg hjá Sólgorðum.
- 788 Haganesvíkurvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Haganesvík á Siglufjarðarveg hjá Langhúsum.
- 789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar um Sléttu og Skeiðfoss-virkjun, á Ólafsfjarðarveg nálægt Hvammi.
- 82 Ólafsfjarðarvegur: Frá sýslumörkum á Lágheiði, um Stíflu, á Siglufjarðarveg á Ketilási.

Norðurlandskjördæmi eystra.

- 1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Öxnadalsheiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Víkurskarð, Ljósavatns-skarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit norðan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, Grímsstaði á Fjöllum, að sýslumörkum á Biskups-hálsi.
- 82 Ólafsfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarnes-hrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, fyrir Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að sýslumörkum á Lágheiði.
- 83 Grenivíkurvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni, Höfðahverfi og Grenivík að Melum.

- 85 Norðausturvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Axarfirði, um Kópasker, Melrakkaslétu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð að sýslumörkum á Brekkaheiði.
- 87 Mývatnsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum í Mývatnssveit, um Hólsand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
- 802 Ólafsfjarðarvegur eystri: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað um brú á Kálfsá, á Ólafsfjarðarveg sunnan Hóls.
- 803 Kleifavegur: Af Ólafsfjarðarvegi vestan Ólafsfjarðarar að Sólheimum.
- 805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir að Atlastöðum.
- 806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum á Skiðadalsveg hjá Hvarfi.
- 807 Skiðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrisum, um brú á Skiðadalsá hjá Hvarfi, um Skiðadal að vestan og austur yfir Skiðadalsá á brú sunnan við Hnjúk að vegamótum Klængshóls- og Hlíðarvegar.
- 808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi að Árskógssandi.
- 809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærri-Árskógi að Hauganesi.
- 811 Hjalteyrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi að Hjalteyri.
- 812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Arnarnes, á Ólafsfjarðarveg hjá Kambhóli.
- 813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli á Hörgárdalsveg hjá Björgum.
- 814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga að Staðarbakka.
- 815 Hörgárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá, um brú á Helguhyl og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
- 816 Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sölborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.
- 817 Blómsturvallavegur: Frá brú á Lónslæk hjá Ásláksstöðum, norður hjá Syðsta-Samtúni, yfir Norðurlandsveg á Blómsturvallamela.
- 821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar, um Grund og Saurbæ, að vegamótum norðan Hólsgerðis.
- 822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.
- 824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Djúpadalsá hjá Völlum, á Eyjafjarðarbraut vestri hjá Saurbæ.
- 825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði, yfir Finnastaðaveg að Stóradal.
- 826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri móts við Vatnsenda, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla á Sölvadalsveg hjá Gnúpufelli.
- 827 Sölvadalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará að Þormóðsstöðum.
- 829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Kaupangi, um Laugaland og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
- 830 Svalbarðseyrarvegur: Af Vaðlaheiðarvegi að Svalbarðseyri.
- 831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá að Hóli.
- 832 Vaðlaheiðarvegur: Af Norðurlandsvegi við Veigastaði, yfir Vaðlaheiði, Fnjóská, á Norðurlandsveg hjá Hálsi.
- 833 Illugastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Nesi, suður að Illugastöðum.
- 834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi norðan Ness að Grímsgerði.
- 835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg í Dalsmynni.

- 836 Vaglaskógarvegur: Af Vaðlaheiðarvegi austan við brú á Fnjóská, um Vagla-
skóg að Lundi II.
- 841 Fremstafellsvegur: Af Norðurlandsvegi vestan Kvislarbrúar, um brú á Djúpa,
há Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
- 842 Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvislarbrú vestan Skjálfanda-
fljóts að Mýri.
- 843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvisl, að Víðikeri.
- 844 Bárðardalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóru-
völlum á Bárðardalsveg vestri.
- 845 Aðaldalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Einarstöðum á Norðausturveg hjá
Tjörn.
- 846 Austurhlíðarvegur: Af Norðurlandsvegi gegnt Laugum, hjá Laugaskóla út
Austurhlíð, yfir Reykjadalssá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
- 847 Stafnsvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan og neðan við Narfastaði að Stafni.
- 848 Mývatnssveitarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni um Skútustaði á
Norðurlandsveg hjá Reykjahlíð.
- 849 Baldursheimavegur: Af Mývatnssveitarvegi skammt austan Arnarvatns að
Litlu-Strönd.
- 850 Flugvallarvegur í Mývatnssveit: Af Norðurlandsvegi við Reynihlíð að flugvelli.
- 851 Út-Kinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum að Nípá.
- 852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða að Sandi.
- 853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytra-Fjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði,
á Mývatnsveg austan Laxárvirkjunar.
- 854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðra-Fjalls, um Laxárvirkjun á Hvamma-
veg.
- 855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi að Fagranesi.
- 856 Laxárdalsvegur vestri: Af Staðarbraut vestan Laxár að Halldórsstöðum.
- 857 Laxárdalsvegur eystri: Af Laxárdalsvegi vestri hjá Birningsstöðum, um brú
á Laxá hjá Sogi, að Kasthvammi.
- 858 Flugvallarvegur í Aðaldal: Af Norðausturvegi að flugvelli í Aðaldal.
- 861 Vestursandsvegur: Af Norðausturvegi hjá Lindarbrekku að vegamótum Nýja-
bæjarvegur.
- 862 Uppsveitarvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli að Tóvegg.
- 864 Hólsfjallavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand
á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Axarfirði.
- 865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi að Gilsbakka.
- 866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandár-
brú að vegamótum Skógavegar.
- 867 Axarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á
Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
- 868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Þistilfirði, að Laxárdal.
- 869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn, um Þórshöfn og Sauðanes
að flugvelli.

Austurlandskjördæmi.

- 1 Austurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldals-
heiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu yfir Lagar-
fljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Beru-
fjörð, Geithellnahrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almanskaskarð, yfir Hornafjarðar-
fljótsbrú, hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Örafi og
Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
- 85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekkaheiði, um Bakkafjörð, Sand-
víkurheiði, Vopnafjörð, Hofárdal og Langadal á Austurlandsveg hjá Möðrudal.
- 91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að Hafnarkauptúni.

- 92 Norðfjarðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðar-eyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð og til Neskaupstaðar.
- 93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
- 94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðapinghá, Hjaltastadapinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.
- 96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar, fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambarnes og á Austurlandsveg nálægt Heydölum.
- 97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Suðurfjarðavegi hjá Þverhamri til Breiðdalsvíkur.
- 98 Djúpavogsvegur: Af Austurlandsvegi til Djúpavogskauptúns.
- 99 Hafnarvegur: Af Austurlandsvegi að Höfn.
- 913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Ljósalandi.
- 915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi austan Vesturár að Búastöðum.
- 916 Flugvallarvegur í Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsar að flugvelli.
- 917 Hlíðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Fossvöllum, um Jökulsárhlið, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
- 919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsa, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals, og á Norðausturveg nálægt Teigi.
- 922 Grófarselsvegur: Af Hlíðarvegi hjá Kaidá að Grófarseli.
- 923 Jökuldalsvegur: Af Austurlandsvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Brú.
- 924 Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Austurlandsveg í Dimmadal.
- 925 Hróarstunguvegur: Af Austurlandsvegi við Jökulsárbrú, um Litla-Bakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Austurlandsveg hjá Urriðavatni.
- 926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litla-Bakka að Geirastöðum.
- 927 Brekkubæjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
- 929 Fellavegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatni um Staffell, Egilssel og á Austurlandsveg við Rangá.
- 931 Upphéraðsvegur: Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Austurlandsveg hjá Úlfssstöðum á Völlum.
- 933 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi nálægt Valbjófsstað að Þuriðarstöðum.
- 934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
- 935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Viðivöllum fremri.
- 937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg sunnan Jóku.
- 938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.
- 939 Axarvegur: Af Austurlandsvegi í Viðigróf í Skriðdal um Öxi og á Austurlandsveg í Berufjarðarbotni.
- 941 Flugvallarvegur við Egilsstaði: Af Austurlandsvegi austan Lagarfljótsbrúar að flugvelli.
- 942 Steinsvaðsvegur: Af Borgarfjarðarvegi gegnt Hreimssstöðum um Stóra-Steinsvað á Lagarfossveg hjá Fossi.
- 943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað og Sandbrekku á Borgarfjarðarveg sunnan við Unaós.
- 944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
- 946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um Hólaland að Vega-mótum við Hvannstöð.

- 947 Desjamýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
- 951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi í Seyðisfjarðarkaupstað um Vestdalseyri að Sunnuholti.
- 953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
- 954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
- 955 Flugvallarvegur í Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Prastarlundi að flugvelli.
- 956 Dalavegur: Af Suðurfjarðarvegi norðan Dalsár að Hólagerði.
- 962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
- 964 Breiðdalsvegur: Af Austurlandsvegi innan Ásunnarstaða yfir Breiðdalsá hjá Flögu um Randversstaði á Austurlandsveg sunnan Breiðdalsárbrúar.
- 971 Lónsheiðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Starmýri, um Lónsheiði á Austurlandsveg hjá Svínhólum.
- 982 Flugvallarvegur í Hornafirði: Af Austurlandsvegi hjá Laxá að flugvelli.
- 986 Rauðabergsvegur: Af Austurlandsvegi austan Djúpár að vegamótum að Holtaseli.

3.2. FLOKKUN ÞJÓÐVEGA SKV. 3.1. Í UNDIRFLOKKA

3.2.1. Stofnbrautir

- 1 Suðurlandsvegur.
- 30 Skeiða- og Hrunamannavegur:
Suðurlandsvegur — Skálholtsvegur.
- 31 Skálholtsvegur.
- 33 Gaulverjabæjarvegur:
Stokkseyri — Eyrarbyggðavegur.
- 34 Eyrarbyggðavegur.
- 35 Biskupstungnabraut:
Suðurlandsvegur — Skálholtsvegur.
- 36 Þingvallavegur.
- 38 Þorlákshafnarvegur:
Þrengslavegur — Þorlákshöfn.
- 39 Þrengslavegur.
- 40 Hafnarfjarðarvegur.
- 41 Reykjanesbraut.
- 43 Grindavíkurvegur.
- 44 Hafnavegur:
Reykjanesbraut — Keflavíkflugvöllur.
- 45 Garðskagavegur:
Reykjanesbraut — Sandgerði.
- 412 Vífilstaðavegur.

- 415 **Bessastaðavegur:**
Hafnarfjarðarvegur — Álftanesvegur.
- 431 **Hafravatnsvegur:**
Úlfarsárvegur — Vesturlandsvegur.
- 433 **Reykjalundarvegur.**
1 **Vesturlandsvegur.**
- 51 **Akranesvegur.**
- 53 **Hvítárvallavegur.**
- 54 **Ólafsvíkurvegur.**
- 55 **Heydalsvegur.**
- 56 **Stykkishólmsvegur:**
Snæfellsnesvegur — Stykkishólmur.
- 57 **Snæfellsnesvegur.**
- 574 **Útnesvegur:**
Hellissandur — Ólafsvík.
- 60 **Vestfjarðavegur.**
- 61 **Djúpvvegur.**
- 62 **Barðastrandarvegur.**
- 63 **Bíldudalsvegur.**
- 68 **Hólmavíkurvegur.**
1 **Norðurlandsvegur.**
- 72 **Hvammstangavegur.**
- 74 **Skagastrandarvegur:**
Norðurlandsvegur hjá Blönduósi — Skagaströnd.
- 75 **Sauðárkróksbraut.**
- 76 **Siglufjarðarvegur.**
- 82 **Ólafsfjarðarvegur.**
- 85 **Norðausturvegur.**
- 821 **Eyjafjarðarbraut vestri:**
Norðurlandsvegur — nyrðri vegamót Kristnesvegur.
- 845 **Aðaldalsvegur.**
1 **Austurlandsvegur.**
- 92 **Norðfjarðarvegur.**
- 93 **Seyðisfjarðarvegur.**
- 96 **Suðurfjarðavegur.**
- 99 **Hafnarvegur.**

3.2.2. Aðrir þjóðvegir eru þjóðbrautir.

3.3. AÐALFJALLVEGIR

3.3.1. Kaldadalsvegur (40 km):

Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnnum um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli.

3.3.2. Kjalvegur (165 km).

Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi um Hvítanes, Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal.

3.3.3. Fjallabaksvegur nyrðri (80 km):

Af Þjórsárdalsvegi (32) við Sigöldu yfir Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi.

3.3.4. Sprengisandsleið (536 km):

Af Þjórsárdalsvegi við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns um Þveröldu, Tómasarhaga hjá Fjórðungsvatni um Hólafjall á Sölvadalsveg (827) hjá Þormóðsstöðum í Eyjafirði (189 km).

Álma norðan Fjórðungsvatns um Laugarfell yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug á Skagafjarðarveg (752) hjá Giljum (75 km).

Álma norðan Fjórðungsvatns um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (76 km).

Álma úr Tómasarhaga um Urðarháls yfir Jökulsá hjá Upptypingum austan í Þríhyrningsfjallgarði á Jökuldalsveg (923) hjá Brú á Jökuldal (196 km).

Samgönguráðuneytið, 25. apríl 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

12. apríl 1977.

Nr. 12.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 53 22. apríl 1967, um fávitastofnanir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

15. gr. hljóði svo:

Ríkið skal starfrækja skóla, Þroskaþjálfaskóla Íslands. Hlutverk skólans er að mennta fólk til að gegna uppeldi, umönnun og þjálfun þroskaheftra.

Skólastjóri Þroskaþjálfaskóla Íslands skal hafa lokið háskólaprófi í uppeldis- og sálarfræði eða hafa lokið sérkennaraprófi frá viðurkenndum háskóla. Skólastjóri skal einnig hafa staðgóða þekkingu á uppeldi og umönnun fólks með sérþarfir.

Um stjórn skólans, starfslið, námstíma, námsefni, inntökuskilyrði og annað, er varðar starfsemi hans, skal ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 12. apríl 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjárhæð þeirri, sem ákveðin er í fjárlögum hverju sinni, til að draga úr áhrifum olíuverðhækkunar á hitunarkostnað íbúða, skal varið sem hér segir:

- a) Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna. Lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, skulu fá greiddan styrk, sem nemur $1\frac{1}{2}$ styrk einstaklings. Olíustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars. Styrkur þessi skal ekki greiddur til þeirra, sem eiga kost á að tengja íbúðir sínar við hitaveitu á þeim ársfjórðungi, sem styrkur gildir fyrir. Greiðsla olíustyrks fyrir desember 1976 skv. lögum nr. 9/1976 skal innt af höndum með greiðslu fyrir janúar til mars 1977 og síðan ársfjórðungslega.
- b) Til að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu, þannig að upphitun með rafmagni verði ekki að jafnaði óhagkvæmari en olíukynding.
- c) Til að styrkja þá aðila, sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva. Skal styrkurinn vera sá sami og veittur er til hitunar íbúða skv. a-lið.
- d) Til að styrkja heimavistarskóla á grunnskólastigi, sem verða að nota olíu til upphitunar. Skal styrkur á hvern nemanda í heimavist þann tíma, sem skóli starfar, vera sambærilegur við það sem veitt er á hvern einstakling skv. a-lið.

Viðskiptaráðuneytið ákveður fjárhæð styrks til einstaklinga og rafveitna með hliðsjón af fjárveitingu hverju sinni.

2. gr.

Olíustyrk til einstaklinga samkvæmt a-, c- og d-liðum 1. gr. skal úthlutað fyrir milligöngu bæjar- og sveitarfélaga.

3. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 26. apríl 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 21. des. 1971, um breyting á lögum nr. 30 28. ágúst 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari efnismálsgr. laganna orðist þannig:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telur, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til ársloka 1979.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 3. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

4. maí 1977.

Nr. 15.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem samþykktar voru af stjórn sjóðsins í marsmánuði 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 4. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsgr. 50 gr. laganna orðist þannig:
Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 50 km á klukkustund.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 5. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um heimild til sölu hlutabréfa í Íslensku matvælamíðstöðinni hf.
til erlendra aðila.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Íslensku hluthöfunum í Íslensku matvælamíðstöðinni hf. skal heimilt að selja breskum aðilum öll hlutabréf sín í félaginu, enda skuldbindi hinir bresku kaupendur sig til að félagið stundi engan atvinnurekstur á Íslandi og til að slíta félaginu eigi síðar en 1981.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 7. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju að Grundartanga í Hvalfirði til framleiðslu á kísiljárn og hafi með höndum þá framleiðslu og tengdan atvinnurekstur.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfsemi hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðra aðila, sem áhuga hafa á málinu. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meirihluta, nema samþykki Alþingis komi til.

3. gr.

Í sambandi við hlutafélag samkv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að jafnvirði 13.2 milljóna bandaríkjadollara í íslenskum krónum, til að eignast 55% af hlutafé í félaginu. Einnig er henni heimilt að taka lán í sama skyni.
2. Að kaupa eða láta kaupa jarðnæði við Grundartanga í Hvalfirði, er leigt verði félaginu, eftir því sem þarfir verksmiðju þess krefjast, sbr. 10. gr.
3. Að láta byggja og reka höfn við Grundartanga í Hvalfirði, sem félagið hafi aðgang að, og kaupa eða láta kaupa nauðsynleg landsréttindi höfninni til handa, sbr. 10. gr.
4. Að sjá um að leggja veg að hinu fyrirhugaða verksmiðju- og hafnarsvæði við Grundartanga.
5. Að láta leggja raflínu að hinu fyrirhugaða verksmiðju- og hafnarsvæði við Grundartanga, til flutnings á rafmagni til byggingar verksmiðju félagsins og hafnarinnar og til almennra nota þar á staðnum.
6. Að veita félaginu lán í sambandi við byggingu verksmiðjunnar, að fjárhæð allt að jafnvirði 24.2 milljóna norskra króna, með þeim kjörum, sem ríkisstjórnin ákveður, eða leggja fram sömu fjárhæð til aukningar á hlutafé þess, gegn samsvarendi lánnum eða framlögum frá samstarfsaðilum hennar að tiltölu við hlutfjáreign þeirra. Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán í þessu skyni.
7. Að lækka stimpilgjöld og þinglýsingargjöld vegna stofnlána, sem félagið tekur í sambandi við byggingu verksmiðjunnar.

4. gr.

Íslenska ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkv. 2. gr., skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélagsins, án tillits til ákvæðis 3. málslíðar 2. málsg. 4. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum 1. málslíðs sömu málsgreinar. Rétt er að skrásetja félagið þegar er það hefur verið stofnað, án tillits til þess, hvernig þá stendur á um innborgun lofaðs hlutafjár.

Tala hluthafa í félaginu skal óháð takmörkunum í almennum hlutafélagalögum, svo og réttur hluthafa til að neyta atkvæðisréttar fyrir allt atkvæðishætt hlutfé sitt.

Hlutabréf í félaginu skulu hljóða á nafn.

5. gr.

Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu skipaðir eða kjörnir á aðalfundi til árs í senn, svo og varamenn þeirra.

Fulltrúar í stjórn félagsins mega vera erlendir ríkisborgarar og búsettir erlendis, þó ekki sá meirihluti, sem áskilinn er í 2. gr. að framan.

Stjórnarmenn þurfa ekki að eiga sjálfir hlut í félaginu.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga innan ramma þessara laga við þá aðila, sem kvaddir eru til samstarfs samkv. 2. gr. að framan, og að kveða þar á um þær skuldbindingar af hálfu ríkisins og aðilanna, sem taldar eru nauðsynlegar og viðeigandi í sambandi við samvinnu þeirra um hlutafélagið og starfsemi þess, þar á meðal varðandi framkvæmd 7.—9. gr. að neðan. Gildistími ákvæða 7.—9. gr. skal vera eftir því sem ríkisstjórnin ákveður, og ekki skemmri en fimmtán ár frá stofnun hlutafélagsins.

Samningar þeir, er ríkisstjórnin gerir samkvæmt 1. málsg. um grundvallaratriði samstarfsins, skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

Í samræmi við 1. málsg. er ríkisstjórninni heimilt að semja við samstarfsaðila sína í hlutafélaginu um gagnkvæmar skuldbindingar til að tryggja félaginu fjármagn til að ljúka byggingu á verksmiðju með tveimur 30—45 MW bræðsluofnum fyrir kísiljárn og hefjast handa um rekstur hennar, þ. e. það fjármagn, sem við kann að þurfa umfram stofnhlutafé og lán skv. 6. tölul. 3. gr. ásamt stofnlánum frá utanaðkomandi aðilum, er verði ekki lægri en jafnvirði 320 milljóna norskra króna að samanlögðum höfuðstól. Er ríkisstjórninni heimilt að taka lán í þessu skyni og endurlána félaginu með kjörum, sem hún ákveður, eða að taka ábyrgð á lánnum, sem félaginu eru útveguð, gegn sams konar aðgerðum af hálfu samstarfsaðilanna eftir réttu hlutfalli við hlutafjáreign hvers um sig.

7. gr.

Hlutafélagi samkv. 1. gr. ber að greiða tekjuskatt og eignarskatt og önnur opinber gjöld, sem almennt eru á lögð hér á landi, eftir þeim reglum, sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti, sem mælt er á annan veg í lögum þessum.

Verði lagareglum um tekjuskatt og eignarskatt eða önnur opinber gjöld breytt frá því, sem nú er, skal hlutafélagið jafnan eiga sama rétt og aðrir íslenskir aðilar, sem hafa hliðstætt rekstrarform og stunda hliðstæða starfsemi, til að njóta þeirra hlunninda, sem um er að ræða eftir hinum breyttu reglum, og því ekki íþyngt með álögum umfram þessa aðila.

Eftirfarandi reglur skulu gilda gagnvart hlutafélaginu að því er varðar skatta á nettótekjur og aðra skatta, sem að neðan greinir, án tillits til breytinga, sem verða kunna á almennum lögum um þá skatta:

1. Félaginu skal jafnan heimilt að halda varasjóð myndaðan af skattfrjálsum framlögum að því marki, sem um ræðir í 2. málsg. 17. gr. gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt (nr. 68/1971, sbr. lög nr. 7/1972), og eftir þeim reglum, er gilda um slíkan varasjóð samkvæmt þeim lögum.

2. Félaginu skal jafnan heimilt að draga frá hreinum tekjum sínum á ári hverju sem svarar allt að 10% af nafnverði hlutafjár þess með sama hætti og um getur í 1. málsg. 17. gr. gildandi tekjuskattslaga. Má sá frádráttur vera fyrir fjárhæðum, er félagið borgar út jafnóðum sem arð á því ári, og/eða fjárhæðum, er félagið leggur til hliðar á árinu í sjóð til fjárfestingar og rekstrarþarfa. Úr sjóði þeim, sem lagður er til hliðar samkvæmt ákvæði þessu, má síðar úthluta arði og greiða hann, án þess að slíkt skerði rétt félagsins til frádráttar vegna útborgaðs arðs á því ári, er greiðsla fer fram.
3. Félaginu skal jafnan heimilt að auka hlutafé sitt með útgáfu jöfnunarhlutabréfa án þess að nafnverð þeirra teljist til skattskyldra tekna hjá hluthöfum þess, innan þeirra marka, sem um ræðir í 2. málsg. D-liðs 1. málsg. 7. gr. gildandi tekjuskattslaga.
4. Félagið skal greiða árlegt landsútsvar, er nemi 0.5% hið mesta af rekstrarútgjöldum þess næstliðið almanaksár samkvæmt ákvæðum skattalaga (þar með taldar fyrningar og vöru- og efnisnotkun), þó ekki af hærri upphæð en sem nemi brúttótekjum félagsins á árinu. Verður landsútsvarið lagt á atvinnurekstur félagsins sem heild og kemur í stað aðstöðugjalds á þann rekstur samkv. V. kafli laga nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga, og annarra gjalda, er leysa kynnu aðstöðugjaldið af hólmi.

8. gr.

Um skattskyldu erlendra aðila, sem kvaddir eru til samvinnu samkvæmt 2. gr. laganna og eiga hlut í félaginu eða láta því í té tæknilega aðstoð eða aðstoð við sölu á afurðum þess, skal fara eftir ákvæðum þeirra tvísköttunarsamninga, sem í gildi eru milli Íslands og heimaríkja þessara aðila. Í þeim tilvikum, sem slíkum tvísköttunarsamningum er ekki til að dreifa, er ríkisstjórninni heimilt að beita í þessu efni ákvæðum þeirra tvísköttunarsamninga, sem í gildi eru á hverjum tíma milli Íslands og Noregs eða Íslands og Bandaríkjanna, eftir því sem hún ákveður nánar. Jafnframt skulu eftirfarandi reglur gilda gagnvart ofangreindum aðilum, án tillits til breytinga á íslenskum skattalögum:

1. Tekjuskattur erlendra hluthafa í félaginu vegna arðs af hlutareign þeirra, sem skattskyldur er samkvæmt gildandi tekjuskattslögum eða síðari lögum um tekjuskatt, skal vera 5% — fimm af hundraði, nema lög eða milliríkjasamningar kveði á um lægra gjald, enda eigi viðkomandi hluthafi ekki minna en sem svarar 10% af útistandandi hlutafé félagsins. Ber félaginu að halda skatti þessum eftir við útborgun arðsins og skila honum til hlutaðeigandi yfirvalda á greiðsluárinu. Í þessu sambandi ber að meðhöndla úthlutun á verðmætum til hluthafa við slit á félaginu eða sölu á hlutabréfum sem innlausn á hlutabréfum, og skal ágóði til hluthafanna, sem um er að ræða, metinn sem tekjur af innlausninni og skattlagður sem arður.
2. Þeir erlendu aðilar, sem að ofan greinir, skulu ekki taldir hafa fasta starfsstöð á Íslandi vegna umgetinna tengsla sinna við félagið, og greiðslur til þeirra í formi þjónustugjalda, sölulauna, umboðslauna, leyfisgjalda og vaxta skulu ekki háð sköttun á Íslandi.

9. gr.

Innflutningur af hálfu hlutafélagsins á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum til verksmiðju félagsins og rekstrar hennar og tengdra mannvirkja skal undanþeginn aðflutningsgjöldum og söluskatti á innflutning. Ríkisstjórninni er heimilt að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og/eða söluskatt af vöru eða þjónustu, sem keypt er innanlands vegna byggingar verksmiðj-

unnar, í þeim tilgangi að efla aðstöðu innlendra aðila til samkeppni um verkefni í sambandi við bygginguna.

Innflutningur af hálfu hlutafélagsins á hráefnum og rekstrarvörum, sem beinlínis eru notaðar í framleiðslu á útflutningsvörum frá verksmiðjunni, skal undanþeginn tollum á innflutning og útflutning og söluskatti á Íslandi, svo og sala til útlanda á framleiðsluvörum félagsins.

Rafmagn til rekstrar verksmiðjunnar skal undanþegið söluskatti og öðrum gjöldum í sambandi við sölu eða notkun raforku.

10. gr.

Höfn við verksmiðjusvæðið að Grundartanga, sbr. 3. tölul. 3. gr., skal vera í eigu sérstaks hafnarsjóðs, sem sveitarfélög í nágrenninu stofna til samkvæmt ákvæðum hafnalaga, og tryggi hafnarsjóðurinn hlutafélaginu viðeigandi afnot hafnarinnar með kjörum, sem ríkisstjórnin samþykkir.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að hafnarsjóðurinn verði eigandi að jarð- næði verksmiðjunnar við Grundartanga, sbr. 2. tölul. 3. gr., og leigi það hlutafélaginu með kjörum, sem ríkisstjórnin samþykkir.

11. gr.

Hlutafélaginu ber að gera varúðarráðstafanir til að varna tjóni á umhverfi verksmiðjunnar við Grundartanga af hennar völdum, og skulu hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur í öllu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi mengunarvarnir og náttúruvernd og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað, og þá staðla, sem settir eru samkvæmt þeim.

Áður en framleiðsla hefst skal gerð líffræðileg athugun á umhverfi verksmiðjunnar, þannig að fylgjast megi með áhrifum hennar á lífríkið. Ríkisstjórnin ákveður tilhögun athugunarinnar að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs, og skal hlutafélagið greiða allan kostnað við framkvæmd hennar.

12. gr.

Við járnblendiverksmiðjuna starfi samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum. Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis og gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

13. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, sem snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 10 26. apríl 1975, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, er lög þessi leysa af hólmi.

Fylgiskjal.

AÐALSAMNINGUR

milli .

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS

og

ELKEM-SPIGERVERKET A/S

SAMNINGUR gerður hinn 8. dag desembermánaðar 1976 milli

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS (hér eftir nefnd „ríkisstjórnin“) og

ELKEM-SPIGERVERKET A/S, sem er norskt hlutafélag og hefur aðalaðsetur sitt að Middelthunsgate 27, Osló, Noregi (hér eftir nefnt „ES“).

MEÐ ÞVÍ að ríkisstjórnin óskar að koma á fót iðjuveri til framleiðslu á kísiljární á Íslandi, þar sem notað verði rafmagn frá íslenskum orkuverum á grundvelli samnings til langs tíma;

MEÐ ÞVÍ að með lögum nr. 10 26. apríl 1975, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði („heimildarlögunum“), fól Alþingi ríkisstjórninni að hefjast handa um stofnun hlutafélags, er hefði að markmiði að reisa og reka slíkt iðjuver, í samvinnu við aðra aðila, er áhuga hefðu á því fyrirtæki, og setti tiltekna reglur og veitti tiltekna heimildir varðandi skipulag og starfsemi hlutafélagsins;

MEÐ ÞVÍ að ríkisstjórnin og Union Carbide Corporation, sem er hlutafélag stofnað að lögum New York ríkis og hefur aðalaðsetur sitt að 270 Park Avenue, New York, New York, Bandaríkjunum Norður-Ameríku („Union Carbide“), gerðu með sér aðalsamning hinn 28. apríl 1975 um samvinnu um ofangreint fyrirtæki og stofnuðu sama dag, á grundvelli heimildarlaganna, íslenskt hlutafélag með nafninu Íslenska járnblendifélagið hf., er hefur aðalsetur sitt að Grundartanga í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu, en hlutafélag þetta („Járnblendifélagið“) er löglega skrásett í því lögsagnarumdæmi;

MEÐ ÞVÍ að með samningi dags. 9. júlí 1976 hefur Union Carbide gengið úr Járnblendifélaginu og framselt hlutabréf sín í félaginu til ríkisstjórnarinnar, sem hefur afhent þau Járnblendifélaginu til ráðstöfunar, og Union Carbide verið leyst frá öllum skuldbindingum varðandi fyrirtækið;

MEÐ ÞVÍ að ES hefur um hönd framleiðslu á járnblendiefnum í Noregi og selur þá framleiðsluvöru um allan heim, og er í aðstöðu til að láta í té víðtæka tæknikunnáttu og söluaðstoð í þágu Járnblendifélagsins og fyrirhugaðs iðjuvers þess;

MEÐ ÞVÍ að ES er reiðubúið til að gerast aðili að Járnblendifélaginu og vinna að því með ríkisstjórninni að koma upp iðjuveri félagsins, á þeim grundvelli, sem lagður hefur verið með heimildarlögunum, og eftir því sem á er kveðið í samningi þessum;

GERA ríkisstjórnin og ES (hér á eftir einu nafni nefnd „aðilarnir“) hér með eftirfarandi samning:

I. KAFLI INNGANGUR

1. gr.

Orðskýringar.

Eftirtalin orð skulu hafa þá merkingu, sem að neðan greinir, þar sem þau koma fyrir í samningi þessum:

- 1) „Ríkisstjórnin“ merkir ríkisstjórn Íslands.
- 2) „Íslenska ríkið“ merkir lýðveldið Ísland.
- 3) „ES“ merkir Elkem-Spigerverket a/s, sem er norskt hlutafélag, er hefur aðal- aðsetur sitt að Middelthunsgate 27, Osló, Noregi.
- 4) „Dótturfélag ES“ merkir sérhvert hlutafélag, nú eða síðar, þar sem meira en 50% hlutabréfa með venjulegum atkvæðisrétti eru í eigu ES á þeim tíma.
- 5) „Járnblendifélagið“ merkir Íslenska Járnblendifélagið hf., sem er íslenskt hlutafélag, er hefur aðal- aðsetur að Grundartanga í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu.
- 6) „Landsvirkjun“ merkir Landsvirkjun, sem er sjálfstætt fyrirtæki í sameign íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar og hefur aðal- aðsetur að Suðurlandsbraut 14, Reykjavík.
- 7) „Fesil“ merkir A/S Fesil & Co., sem er norskt hlutafélag í eigu ES og fjögurra annarra norskra ferrosílikonframleiðenda, er hefur aðal- aðsetur að Briskebyveien 48, Osló, Noregi.
- 8) „Union Carbide“ merkir Union Carbide Corporation, sem er hlutafélag stofnað að lögum New York-ríkis og hefur aðal- aðsetur að 270 Park Avenue, New York, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku.
- 9) „Heimildarlögin“ merkir lög frá Alþingi nr. 10 26. apríl 1975, er heimilað hafa stofnun Járnblendifélagsins, svo sem þau verða samþykkt af Alþingi með þeim breytingum, sem um ræðir í 1. og 2. málsg. 23. gr. samnings þessa.
- 10) „Hluthafarnir“ merkir ríkisstjórnina og ES.
- 11) „Kísiljárn“ merkir 75% kísiljárn og aðrar tegundir af kísiljárn, þar sem kísilinnihald er 95% hið mesta og 45% hið minnsta.
- 12) „Verksmiðjulóðin“ merkir eignarland það, sem leigja ber Járnblendifélaginu við Grundartanga í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu, þar sem byggja á iðjuver Járnblendifélagsins.
- 13) „Lóðarleigusamningurinn“ merkir leigusamning þann, sem gera ber um leigu á verksmiðjulóðinni til Járnblendifélagsins.
- 14) „Verksmiðjan“ merkir iðjuver það til framleiðslu á kísiljárn ásamt tilheyrandi mannvirkjum, sem Járnblendifélagið mun reisa á verksmiðjulóðinni og við hana, eins og það er að gerð og búnaði á hverjum tíma.
- 15) „Hafnarsamningurinn“ merkir samning þann, er heimili Járnblendifélaginu afnot af aðliggjandi höfn við verksmiðjulóðina.
- 16) „Tæknisamningurinn“ merkir samning þann milli ES og Járnblendifélagsins, sem fjalli um (a) afhendingu af hálfu ES á rafbræðsluofni og tilheyrandi búnaði til fyrsta áfanga verksmiðjunnar, ásamt kauprétti á öðrum ofni sömu gerðar og stærðar, (b) framsal af hálfu ES á tæknikunnáttu varðandi hönnun, verkfræðileg atriði og rekstur í sambandi við framleiðslu á kísiljárn, (c) reglubundna tækni- aðstoð af hálfu ES varðandi framleiðslu á kísiljárn, og (d) byggingarstjórnun, er ES leggi til í sambandi við skipulagningu, byggingu og uppsetningu verksmiðjunnar í samvinnu við Járnblendifélagið.
- 17) „Sölusamningurinn“ merkir samning þann milli ES og Járnblendifélagsins, sem fjalli um sölu á framleiðsluvörum Járnblendifélagsins.

- 18) „Fyrsti viðauki við rafmagnssamninginn“ merkir samning þann milli Landsvirkjunar og Járblendifélagsins, er fjalli um breytingu á tilteknum ákvæðum rafmagnssamnings frá 28. maí 1975 milli þessara aðila.
- 19) „Rafmagnssamningurinn“ merkir samning milli Landsvirkjunar og Járblendifélagsins dags. 28. maí 1975, sem fjallar um afhendingu Landsvirkjunar á raforku til reksturs verksmiðjunnar, eins og honum er breytt með fyrsta viðauka við rafmagnssamninginn.
- 20) „Fyrsti afhendingardagur rafmagns“ merkir dag þann, sem svo er nefndur í 1. málsg. 5. gr. rafmagnssamningsins og ákvarðaður eins og þar greinir, sem sá dagur, er Járblendifélagið væntir þess að verða reiðubúið til að taka við rafmagni til reglubundinnar starfrækslu á fyrsta bræðsluofni verksmiðjunnar.

II. KAFLI JÁRNBLENDIFÉLAGIÐ

2. gr.

Staða og skipulag félagsins.

- 1) Járblendifélagið hefur verið löglega stofnað sem íslenskt hlutafélag og skal áfram vera skrásett í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu.
- 2) Tilgangur Járblendifélagsins er að byggja, eiga og reka verksmiðju á Íslandi til framleiðslu á kísiljárn, að vinna að sölu á kísiljárn og að hafa um hönd alla starfsemi eða viðskipti, sem atvinnurekstur þessi þarfnast eða honum fylgir.
- 3) Um eignarhald, stofnun, rekstur og stjórn Járblendifélagsins skal fara að íslenskum lögum, heimildarlögum, samningi þessum og samningum þeim og öðrum skjölum, sem honum eru til fullnustu.
- 4) Stjórn Járblendifélagsins skal skipuð sjö mönnum, er hluthafar kjósa hlutfallskosningu á aðalfundi til árs í senn, að tiltölu við hlutfjáreign sína, ásamt jafnmörgum varamönnum.
- 5) Hlutabréf Járblendifélagsins skulu vera almenn nafnbref með atkvæðisrétti, skráð og útgefin á nöfn viðkomandi hluthafa, og skulu veita hverjum hluthafa forkaupsrétt að öllum og sérhverjum síðari aukningarhlutum Járblendifélagsins, hvort sem er af sama eða öðrum flokki eða nafnverði, í hlutfalli við hlutfjáreign sína.
- 6) Að því áskildu, sem mælt er í 7., 8. og 9. málsgrein þessarar greinar, skulu hlutabréf í Járblendifélaginu eigi framseljanleg án undanfarandi samþykkis allrar stjórnar félagsins, og framsal hluthafa á hlutabréfunum enn fremur vera háð forkaupsrétti af hálfu hins eða hinna hluthafanna í hlutfalli við hlutfjáreign þeirra.
- 7) Ef svo fer eftir að meira en 15 ár eru liðin frá fyrsta afhendingardegi rafmagns, að ES óskar að selja hlutabréf sín í Járblendifélaginu, öll eða að hluta, þar með talin hlutabréf í eigu dótturfélaga ES, hefur ríkisstjórnin rétt og skyldu til að kaupa hluti þá, sem ES býður fram, á verði, sem löggiltu endurskoðendafirma, er aðilarnir verða skriflega ásáttir um, er falið að ákveða. Ríkisstjórnin skal eiga kost á að greiða andvirði hlutanna með jöfnum árlegum afborgunum yfir fimm ára tímabil með þeim vöxtum, sem almennt gilda um venjulega viðskiptavíxla samkvæmt opinberri ákvörðun Seðlabanka Íslands.
- 8) Ef svo fer eftir að meira en 15 ár eru liðin frá fyrsta afhendingardegi rafmagns, að ríkisstjórnin óskar að selja hlutabréf sín í Járblendifélaginu þriðja aðila, öll eða að hluta, skal ES eiga forkaupsrétt að þeim hlutabréfum, enda sé ES hluthafi í Járblendifélaginu á þeim tíma. Skal ES í því tilviki hafa níutíu daga frest til ákvörðunar um að kaupa þau hlutabréf ríkisins, sem um er að ræða, frá því að ES fær í hendur skriflega tilkynningu frá ríkisstjórninni þess efnis, að hún hafi áhuga á raunhæfu tilboði í hlutabréfin. Ber

þar að segja greinargóð skil á efni tilboðsins og geta um nafn og heimili tilboðsgjafans. Ef ES lætur hjá líða að póstleggja til ríkisstjórnarinnar á nefndum níutíu daga fresti tilkynningu um, að ES neyti forkaupsréttar síns að hluta-bréfunum, skal ríkisstjórninni frjálst að selja hlutabréfin hinum umgetna þriðja aðila, og þá einungis með þeim kjörum og skilmálum, sem lýst var í tilkynningu ríkisstjórnarinnar til ES.

- 9) Þrátt fyrir ákvæði 6. málsgreinar þessarar greinar skal heimilt að framselja hlutabréf í Járblendifélaginu í eigu ES til dótturfélaga ES og þeirra á meðal, og úr hendi þeirra til ES, en þó með því skilyrði, að sérhver framsalshafi afhendi stjórn Járblendifélagsins skriflegt samþykki sitt við ákvæðum og skilmálum samnings þessa, sölusamningsins og tæknisamningsins, og við því að vera bundinn af heim, eftir því sem við getur átt.
- 10) Eigi skal heimilt að leggja nein veðbönd á nokkur hlutabréf Járblendifélagsins án undanfarandi samþykkis allrar stjórnar félagsins.
- 11) Ákvæði 2. og 4. greinar í samningi þessum skulu leysa af hólmi samsvarandi ákvæði 2., 3., 7. og 9. greinar í stofnsamningi Járblendifélagsins, er hafa ekki frekara gildi. Ef misræmi reynist milli ákvæða samnings þessa og ákvæða í stofnsamningi eða samþykktum Járblendifélagsins, skulu ákvæði samnings þessa ráða.
- 12) Samþykktum Járblendifélagsins skal breyta eins og lýst er á fylgiskjali I með samningi þessum, þannig að þær verði í samræmi við ákvæði þessarar greinar og önnur viðeigandi ákvæði samnings þessa. Aðilarnir eru sammála um að láta kveðja til aukafundar í Járblendifélaginu í Reykjavík til þess að koma fram umræddum breytingum á samþykktunum með samhljóða atkvæðum sínum. Á þeim fundi skal ES kjósa þrjá aðalmenn og varamenn í stjórn Járblendifélagsins ásamt einum endurskoðanda, er gegni embætti til aðalfundar á árinu 1977. Aukafundinn ber að halda án tafar eftir að samningur þessi hefur verið undirritaður, enda hafi skilyrði þau, sem vísað er til í staflíðum (g), (h) og (i) í 1. málsgrein 23. greinar samnings þessa jafnframt verið uppfyllt.

3. gr.

Slit fyrri samninga og núverandi fjárhagsstaða.

- 1) Ríkisstjórnin, Járblendifélagið og Union Carbide hafa lokið öllum aðgerðum í sambandi við úrsögn Union Carbide úr Járblendifélaginu, sem vísað er til í inngangi samnings þessa, og hefur úrsögnin verið leidd til lykta með fullu samkomulagi milli aðila. Meðal annars hafa Járblendifélagið og Union Carbide slitið öllum samningum sínum í milli og leyst hvort annað undan öllum skuldbindingum samkvæmt þeim, og á hvorugt þeirra neinar kröfur á hendur hinu, fjárhagslegar eða af öðru tagi, að frátalinni skuldbindingu Járblendifélagsins um að nota ekki né opinbera tæknilegar upplýsingar, er Union Carbide lét því í té samkvæmt samningi þeirra um framsal á tæknikunnáttu.
- 2) Járblendifélagið hefur samið um slit á öllum samningum varðandi útvegum á efni og tækjum og vinnu eða verkfræðisþjónustu fyrir verksmiðjunna, er gerðir höfðu verið fram til 30. júní 1976, að frátöldum samningum varðandi undirbúningsframkvæmdir á verksmiðjulóðinni, og er ekki háð neinum skuldbindingum samkvæmt slíkum samningum umfram það, sem lýst er í efnahagsreikningi Járblendifélagsins miðað við þann dag.
- 3) Járblendifélagið og Landsvirkjun hafa náð fullnaðarsamkomulagi um afleiðingar þeirra breytinga, sem Járblendifélagið hefur gert á áætluninni um byggingartíma verksmiðjunnar, og greiðslum þeim, sem inna ber af hendi til Landsvirkjunar af þessu tilefni, er að fullu lýst í efnahagsreikningi Járblendifélagsins miðað við 30. júní 1976.
- 4) Kaup ES á hlutabréfum í Járblendifélaginu samkvæmt samningi þessum eru gerð á grundvelli efnahagsreiknings Járblendifélagsins, sem stjórn félagsins

hefur látið gera miðað við 30. júní 1976 og fylgir samningi þessum sem fylgiskjal II. Ríkisstjórnin ábyrgist, að Járnblendifélagið hafi undir höndum eignir þær, sem taldar eru í þeim efnahagsreikningi, og sé ekki háð neinum öðrum skuldbindingum en þar koma fram.

4. gr.

Hlutafé og kaup ES á hlutabréfum.

- 1) Stofnhlutafé Járnblendifélagsins skal vera jafnvirði tuttugu og fjögurra milljóna bandaríkjadala (\$24 000 000) í íslenskum krónum, eins og ákveðið var við stofnun félagsins. Ríkisstjórnin hefur skrifað sig fyrir fimmtíu og fimm hundraðshlutum (55%) af hlutafénu (\$ 13 200 000), og hefur þegar greitt jafnvirði 26% af hlutafjárloforði sínu (\$3 432 000). Að auki hefur ríkisstjórnin fengið í hendur frá Union Carbide réttindi yfir greiddum hlutafjárskirteinum, er svara 26% af afgangi stofnhlutafjárins (\$2 808 000), og hefur látið Járnblendifélaginu eftir til ráðstöfunar þau hlutabréf, sem skirteini þessi taka til, eins og vitnað er til í inngangi samnings þessa.
- 2) Með samningi þessum skrifar ES sig fyrir fjörtíu og fimm hundraðshlutum (45%) af stofnhlutafé Járnblendifélagsins (\$ 10 800 000) með þeim skilmálum, sem kveðið er á í þessari grein. Hlutafjárloforð þetta tekur meðal annars til hlutabréfa þeirra, sem hlutafjárskirteini þau, er Union Carbide átti áður, svara til, og skulu þau hlutafjárskirteini hér eftir vera ógild.
- 3) Í skiptum fyrir hlutabréf að samanlögðu nafnverði sem nemur jafnvirði þriggja milljóna og tvö hundruð þúsunda bandaríkjadala (\$ 3 200 000) af hlutafjárloforði sínu skal ES framselja til Járnblendifélagsins þá tæknikunnáttu og þekkingu varðandi hönnun, verkfræðileg atriði og rekstur, sem nauðsynleg er til að byggja og reka þau mannvirki verksmiðjunnar, sem ætluð eru til framleiðslu á kísiljárn, eins og nánar segir í tæknisamningnum. Hlutabréf þessi skulu vera fullnaðargreiðsla fyrir tæknikunnáttuframlag þetta, en verð þess hefur verið ákveðið á grundvelli verðmætis á frjálsum markaði. ES leggur fram afganginn af hlutafjárloforði sínu í reiðufé, og skal það vera jafnvirði sjö milljóna og sex hundruð þúsunda bandaríkjadala (\$7 600 000).
- 4) Innan þrjátíu daga frá gildistöku samnings þessa skal ES hafa greitt Járnblendifélaginu að fullu jafngildi 26% af framlagi sínu í reiðufé (\$1 976 000), sem skal innt af hendi eftir kaupgengi bandaríkjadals samkvæmt hinni opinberu gengisskráningu Seðlabanka Íslands á greiðsludegi. Um leið og greiðslunni er lokið skal ES einnig talið hafa greitt 26% af verðmæti tækniframlags síns samkvæmt 3. málsg. þessarar greinar (\$ 832 000).
- 5) Ríkisstjórnin og ES greiða þá 74 af hundraði, er þá verða eftir af hlutafjárloforðum þeirra, á árunum 1977—1979, eftir því sem stjórn Járnblendifélagsins ákveður. Greiðslurnar skulu inntar af hendi á grundvelli eftirfarandi áætlunar, en stjórn Járnblendifélagsins hefur þó heimild til að breyta henni eftir því, sem fjárþarfir félagsins krefjast:

	Ríkisstjórnin	ES-reiðufé	ES-tækniframlag
Á árinu 1977	\$ 4 400 000	\$ 2 533 000	\$ 1 067 000
Á árinu 1978	\$ 4 950 000	\$ 2 850 000	\$ 1 200 000
Á árinu 1979	\$ 418 000	\$ 241 000	\$ 101 000
Samtals	\$ 9 768 000	\$ 5 624 000	\$ 2 368 000

Framlög hvers árs skulu hluthafarnir greiða samhliða eftir réttum hlutföllum sín í milli á þeim gjalddögum, sem stjórn Járnblendifélagsins tiltekur, þó þannig, að eftir greiðslu sé kallað með 30 daga fyrirvara hið skemmsta hverju sinni. Gildir þetta einnig um andvirði tækniframlagsins samkvæmt 3. málsg. þessarar greinar, þannig að tiltölulegur hluti af því skal teljast greiddur sam-

hliða hverri greiðslu í reiðufé frá ES. Stjórn Járblendifélagsins skal gefa út bráðabirgðaskírteini fyrir hverri framlagsgreiðslu.

- 6) Hluthöfunum er heimilt að greiða framlög sín í íslenskum krónum eða í bandaríkjadöllum eða öðrum gjaldmiðli, sem fullnægir ákvæðum 13. gr. samnings þessa, í Reykjavík eða á öðrum stöðum, sem Járblendifélagið samþykkir, og með peningayfurfærslum eða með skuldajöfnuði, sem hluthafarnir kunna að eiga löglegan rétt til að framkvæma. Sérhver greiðsla í öðrum gjaldmiðli en bandaríkjadöllum skal vera nægjanleg að fjárhæð til þess að skila þeirri upphæð í bandaríkjadöllum, sem stjórn Járblendifélagsins hefur tiltekið við viðkomandi innköllun, á þeim stað og tíma, þar sem yfurfærsla til Járblendifélagsins eða uppgjör við það fer fram. Andvirði greiðslunnar skal bókfært hjá Járblendifélaginu í íslenskum krónum miðað við kaupgengi bandaríkjadals gagnvart íslenskri krónu samkvæmt hinni opinberu gengisskráningu Seðlabanka Íslands á þeim degi, sem greiðslan er yfurfærð. Andvirði samhliða hluta af tækniframlagi ES samkvæmt 3. málsg. þessarar greinar í íslenskum krónum skal reiknað á sama hátt.
- 7) Eins og fram kemur í stofnsamningi og samþykktum Járblendifélagsins hefur nafnverð stofnhlutafjár Járblendifélagsins, sem hluthafarnir hafa skrifað sig fyrir eins og skýrt er frá hér að framan (\$ 24 000 000), í öndverðu verið ákveðið sem íslenskar kr. 3 614 400 000, í samræmi við kaupgengi bandaríkjadals gagnvart krónunni hinn 28. apríl 1975 samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands (1:150,60). Fari svo vegna gengisbreytinga, að heildarandvirði greiddra hlutafjárframlaga í krónum verði hærra en samanlagt nafnverð þeirra hlutabréfa, sem hluthafarnir hafa skráð sig fyrir, skal nafnverð á hlutafé Járblendifélagsins í krónum hækkað sem mismuninum nemur. Hefur stjórn Járblendifélagsins heimild til að framkvæma þá hækkun við lok greiðslutímabils hlutafjárloforðanna. Verði heildarandvirði greiðslunnar hins vegar lægra en hið samanlagða nafnverð af sömu ástæðum, munu hluthafarnir beita sér fyrir lækkun á hlutafé félagsins sem því svarar, nema báðir verði ásáttir um aðra ráðstöfun á málinu. Mismuninum við hækkun eða lækkun á virði hlutafjárins í íslenskum krónum skal jafnað milli hluthafanna í hlutfalli við skráðar skuldbindingar þeirra (55:45), og skal útgáfa hlutabréfa í stað bráðabirgðaskírteina verða í samræmi við þetta.

5. gr.

Fjármögnun með lánsfé.

- 1) Fjár þess, sem með þarf til viðbótar hlutafé Járblendifélagsins til þess að ljúka við byggingu verksmiðjunnar að þeirri afkastagetu, sem ráðgerð er í 7. grein samnings þessa, og tryggja hæfilegt rekstrarfé í upphafi starfrækslu verksmiðjunnar, skal aflað með lánum, sem Járblendifélagið tekur í þeim tilgangi, eftir því sem unnt er. Lánskjör á fé þessu og lántökustaðir skulu háðir samþykki hluthafa Járblendifélagsins, sem ber að aðstoða félagið sameiginlega í samningum við væntanlega lánveitendur. Um samþykki þetta skal ekki synjað að ástæðulausu.
- 2) Hluthafarnir eru sammála um, að lántökur Járblendifélagsins frá þriðja aðila í þeim tilgangi, sem um ræðir í 1. málsg. þessarar greinar, megi ekki nema minna en jafnvirði 320 milljóna norskra króna að samanlögðum höfuðstól til að upphæðin geti talist fullnægjandi. Hluthafarnir telja það nauðsynlegt skilyrði fyrir því að hefja framkvæmdir að afla í byrjun bindandi fyrirheita frá fjármálastofnunum, einni eða fleirum, sem geta veitt fjárfestingarlán til langs eða miðlungi langs tíma, um að leggja Járblendifélaginu til lán, er svara þessu lágmarki, á byggingartíma verksmiðjunnar.
- 3) Til þess að greiða fyrir lántökum frá þriðja aðila í þeim tilgangi, sem um getur í 1. málsg. þessarar greinar, taka hluthafarnir hér með að sér að sjá

Járnblendifélaginu fyrir fjármagni með hluthafalánnum, sem gangi á eftir lánnum frá öðrum lánardrottnum að því er varðar vaxtagreiðslur og endurgreiðslur á höfuðstól. Lán þessi skulu að svo stöddu ákvarðast sem 44 milljónir norskra króna hið minnsta að samanlögðum höfuðstól og ekki vera til ráðstöfunar fyrr en að liðnum greiðslutíma hlutfjárloforða, sem um ræðir í 5. málsg. 4. greinar. Vextir af lánnum þessum skulu vera í samræmi við venjulega vexti á lánamarkaðnum á hverjum tíma af lánnum með sambærilegum greiðslutíma, nema um annað verði samið milli hluthafanna.

- 4) Öll fjárhagsaðstoð hluthafa Járnblendifélagsins í þeim tilgangi, sem um ræðir í 1. málsg. þessarar greinar (að meðtöldum þeim lánnum, sem um er fjallað í 3. málsg.), skal innt af hendi af hvorum fyrir sig í hlutfalli við hlutfjáreign þeirra (55:45), nema um annað verði samið á þeim tíma.
- 5) Fyrir utan fjáröflun í þeim tilgangi, sem um ræðir í 1. málsg. þessarar greinar, skal öll lánsfjáröflun til fjárfestingar og í öðru skyni háð undanfarandi samþykki $\frac{2}{3}$ hluta stjórnar Járnblendifélagsins, nema um sé að ræða bankafyrirgreiðslu til skamms tíma eða viðskiptaskuldir, sem stofnað er til í venjulegum rekstri.

III. KAFLI REKSTUR

6. gr.

Aðrir samningar.

- 1) Hluthafarnir skulu hlutast til um, að Járnblendifélagið undirriti eftirfarandi samninga svo fljótt sem unnt er og með skilmálum, sem báðir verða ásáttir um:
 - a) Tæknisamninginn við ES, í samræmi við 11. grein samnings þessa.
 - b) Sölusamninginn við ES, í samræmi við 12. grein samnings þessa.
 - c) Fyrsta viðauka við rafmagnssamninginn við Landsvirkjun. Rafmagnssamningurinn skal tryggja nægjanlegt rafmagn til reksturs fyrsta og annars áfanga verksmiðjunnar.
 - d) Leigulóðarsamninginn við ríkissjóð. Leigulóðarsamningurinn skal tryggja félaginu verksmiðjulóð, er sé nægilega stór til að rúma ekki færri en fjóra bræðsluofna. ásamt nauðsynlegum réttindum Járnblendifélagsins til stöðugrar vatnsöflunar, er nægi til rekstursþarfa félagsins, svo og varðandi aðstöðu til þess að losna við hvers konar úrgangsefni.
 - e) Hafnarsamninginn við Hafnarsjóð Grundartangahafnar. Í hafnarsamningnum skal kveðið á um byggingu á hæfilegri hafnaraðstöðu við Grundartanga, er verði tilbúin til notkunar þegar rekstur hefst í verksmiðjunni.

Ríkisstjórnin og ES skulu undirrita ofangreinda samninga eða staðfesta samþykki sitt við þeim með undirskrift sinni, eftir því sem við á um hvern þeirra.

- 2) Hluthöfunum ber að aðstoða Járnblendifélagið við útvegum á þeim vegum á staðinn, tengivegum, þjónustu og annarri aðstöðu, sem ekki er þegar fyrir hendi, og nauðsynleg kann að vera fyrir hagkvæma byggingu og rekstur verksmiðjunnar og þá geymslu og flutninga, sem félagið hefur með höndum, með sanngjörnum kjörum og skilmálum.

7. gr.

Byrjun framkvæmda.

- 1) Um leið og samningur þessi hefur tekið gildi í samræmi við 23. grein skal Járnblendifélagið þegar hefjast handa um að byggja verksmiðjuna og öll mannvirki, sem nauðsynleg eru og viðeigandi í sambandi við hana, og koma verksmiðjunni af stað til framleiðslu í verslunarskyni í samræmi við nánari ákvæði

þessarar greinar. Allar aðgerðir í þeim tilgangi fyrir gildistöku þessa samnings skulu háðar samþykki ríkisstjórnarinnar og ES og þeim takmörkunum, sem þau kunna að koma sér saman um.

- 2) Verksmiðjuna skal í upphafi byggja í tveimur áföngum og verði í fyrsta áfanga bræðsluofn með 30MW málaun fyrir 75% kísiljárn, en áætluð afkastageta hans er sem svarar 25 000 lestum á ári af söluhæfu kísiljárni, ásamt fylgibúnaði fyrir tvo bræðsluofna. Áætla skal að taka fyrsta bræðsluofninn í notkun á fyrsta afhendingardegi rafmagns eða fyrir þann dag. Ljúka ber við fyrsta áfanga verksmiðjunnar og útvega allar vélar, búnað, þjónustu, aðföng og aðstöðu, sem með þarf til að gera Járblendifélaginu kleift að byrja starfrækslu verksmiðjunnar í verslunarskyni, svo fljótt sem unnt er.
- 3) Í öðrum áfanga verksmiðjunnar skal vera einn bræðsluofn fyrir 75% kísiljárn með eigi minna en 30MW málaun, en áætluð afkastageta hans er eigi minni en 25 000 lestir á ári af söluhæfu kísiljárni. Áætla skal að taka þennan annan bræðsluofn í notkun á öðrum afhendingardegi rafmagns, eins og hann verður ákvarðaður samkvæmt 1. málsg. 5. gr. rafmagnssamningsins, eða fyrir þann dag. Lokaákvörðun um stærð bræðsluofnsins skal háð samþykki hluthafanna.
- 4) Járblendifélagið skal gera alla samninga, sem gera þarf varðandi hönnun, byggingu, tækjabúnað, aðföng og prófun verksmiðjunnar. Járblendifélagið skal semja við ES um afhendingu tækjabúnaðar í sambandi við fyrsta bræðsluofn verksmiðjunnar samkvæmt 1. kafla tæknisamningsins. Járblendifélagið og ES skulu á svipaðan hátt gera samning um kaup frá ES á tækjabúnaði í sambandi við annan bræðsluofn verksmiðjunnar með skilmálum, sem háðir skulu samþykki ríkisstjórnarinnar. Verð og aðrir samningsskilmálar fyrir afhendingu tækjabúnaðar frá ES fyrir fyrsta og annan bræðsluofn verksmiðjunnar skulu vera sanngjarnir og samkeppnishæfir og ákveðnir á grundvelli samninga milli óháðra aðila, með réttmætri hliðsjón af tækniframlaginu til Járblendifélagsins samkvæmt 2. kafla tæknisamningsins.

8. gr.

Rekstur.

- 1) Eftir að framleiðsla í verslunarskyni er hafin, skal Járblendifélagið halda framleiðslugetu hinna ýmsu áfanga verksmiðjunnar í horfi og framleiða kísiljárn í þeim mæli, sem æskilegur er í tæknilegu og efnahagslegu tilliti miðað við aðstæður á hverjum tíma. Framleiðslunni skal hagað í samræmi við þann grundvöll, sem lagður er með tæknisamningnum og sölusamningnum, í öllum atriðum sem við á.
- 2) Járblendifélagið skal starfrækt með bestu hagsmuni hluthafa þess, starfsmanna og hins íslenska þjóðfélags fyrir augum.
- 3) Öllum nettóhagnaði Járblendifélagsins, sem eigi þarf að verja til endurgreiðslu á lánum og eigi þarf eðlilega á að halda sem varasjóði, rekstrarfé eða til fjárfestingar, eða fyrir starfsemi félagsins og í viðskiptum þess, skal ráðstafað til arðsútborgunar og hann greiddur hluthöfum Járblendifélagsins, eða lagður til hliðar til síðari greiðslu til hluthafa.

9. gr.

Umhverfis- og öryggismál.

- 1) Járblendifélaginu ber að gera varúðarráðstafanir til að varna tjóni á umhverfi verksmiðjunnar af hennar völdum, og hanna mannvirki verksmiðjunnar þannig, að þau fari sem best í umhverfinu.
- 2) Í samræmi við 11. gr. heimildarlaganna er verið að gera líffræðilega athugun á umhverfi verksmiðjunnar á kostnað Járblendifélagsins, með hliðsjón af tillögum náttúruverndarráðs, þannig að fylgjast megi með áhrifum verksmiðj-

unnar á lífríkið. Athuguninni skal lokið áður en framleiðsla hefst í verksmiðjunni.

- 3) Hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur skulu í öllu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir á Íslandi varðandi mengunarvarnir og náttúruvernd og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað, og þá staðla, sem settir eru samkvæmt lögum þessum og reglugerðum.
- 4) Í samræmi við ákvæði þessarar greinar hefur Járblendifélagið sótt um starfsleyfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Járblendifélagið skal leitast við að afla þess leyfis með skilmálum, sem hluthafarnir geta fallist á, svo fljótt sem unnt er.

10. gr.

Starfsfólk.

- 1) Starfsmenn, sem ES eða dótturfélög ES leggja Járblendifélaginu til eða láta starfa að efdum á skuldbindingum sínum samkvæmt samningi þessum og tæknisamningnum, þurfa ekki að vera íslenskir ríkisborgarar né eiga búsetu á Íslandi.
- 2) Við verksmiðjuna skal starfa samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá hvorum, stjórn Járblendifélagsins og starfsliði þess, ásamt jafnmörgum varanönnum. Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu Járblendifélagsins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis og gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

11. gr.

Tæknileg aðstoð.

- 1) ES skal láta Járblendifélaginu í té nauðsynlega tæknilega þekkingu og reynslu til þess að gera Járblendifélaginu kleift að takast á hendur að byggja og reka verksmiðjuna og framleiða kísiljárn í verksmiðjunni, með framsali á tæknikunnáttu og með reglubundnum ráðleggingum og aðstoð eins og kveðið er á í 2. og 3. kafla tæknisamningsins og með þeim skilmálum, sem þar greinir.
- 2) ES skal enn fremur leggja Járblendifélaginu til eftirfarandi, eins og mælt er um í 1. og 4. kafla tæknisamningsins og með þeim skilmálum, sem þar greinir:
 - a) Tækjabúnað þann, sem heyrir til fyrsta bræðsluofni verksmiðjunnar, ásamt fylgitækjum, og teikningar og verklýsingar fyrir verksmiðjuna, svo og kauprétt á öðrum bræðsluofni sömu gerðar og stærðar.
 - b) Byggingarstjórnarþjónustu við skipulagningu, byggingu og uppsetningu verksmiðjunnar, í samráði við Járblendifélagið.
- 3) Að áskildum ákvæðum tæknisamningsins skal sú þekking, þjónusta og önnur aðstoð, sem ES lætur Járblendifélaginu í té, vera innt af hendi á þann hátt, sem best þjónar hagsmunum Járblendifélagsins að öllu leyti.

12. gr.

Markaðsmál.

- 1) Sölu á öllu kísiljárninu, sem Járblendifélagið framleiðir í verksmiðjunni, ber að stunda á þeim grundvelli, sem mælt er um í þessari grein, að áskildum frekari ákvæðum sölusamningsins. ES skal hafa með höndum einkaumboð fyrir Járblendifélagið til sölu á þessu kísiljárninu, að undanskildu kísiljárninu, sem selt er á Íslandi til innanlandsnota. Sem einkaumboðsaðili er ES ávallt skuldbundið til þess að gera sitt ítrasta í samræmi við bestu viðskipta- og söluhætti til að vinna að sölu á kísiljárninu frá verksmiðjunni og nota til þess sömu atorku og heitt er við sölu á kísiljárninu, sem framleitt er í eigin verksmiðjum ES í Noregi.
- 2) Sala á kísiljárninu, sem Járblendifélagið framleiðir í verksmiðjunni, skal fara fram gegnum sama sölukerfi og ES notar á hverjum tíma við sölu á eigin kísiljárnsframleiðslu og njóta jafnstöðu við þá framleiðslu í eftirfarandi tilliti:

- a) Nettó FOB verð til verksmiðju skal vera hið sama fyrir kísiljárn af sama gæðaflokki, að áskilinni leiðréttingu vegna mismunar, sem um kann að vera að ræða á flutningskostnaði frá verksmiðju til kaupanda.
- b) Nettó FOB verð til verksmiðju skal ákvarðað út frá brúttóverði til kaupanda, þannig að frá sé dreginn flutningskostnaður frá verksmiðju til kaupanda og sölukostnaður svo sem kostnaður við rekstur á söluskrifstofum, laun umboðsmanna og sölustjórnunarkostnaður. Þessi flutnings- og sölukostnaður skal reiknaður á meðaltalsgrundvelli samkvæmt þeirri meginreglu, að hver verksmiðja skuli bera tiltölulegan hluta hans.
- c) Niðurjöfnun á vörusendingum á þeim tímabilum, þegar ekki má búast við að unnt sé að selja alla framleiðsluna vegna neikvæðra aðstæðna á markaðnum. Vörusendingar á þessum tímabilum skulu skornar niður í hlutfalli við reiknaða afkastagetu Járblendifélagsins og reiknaða afkastagetu ES.
- 3) Að því er varðar niðurjöfnun á vörusendingum milli ES og Járblendifélagsins, eins og vísað er til í 2. málsg. þessarar greinar, skal hin reiknaða afkastageta ES ákvörðuð árlega fyrir hvert komandi almanaksár á grundvelli meðalársframleiðslu á söluhæfu kísiljárn hjá ES á næstliðnum fjórum almanaksárum, í fyrsta sinn miðað við byrjun þess almanaksárs, er fyrsti bræðsluofn verksmiðjunnar er tekinn til reglubundinnar starfrækslu. Afkastagetan skal reiknuð sem heildarframleiðsla að frádregnum framleiðsluvörum, sem afhentar eru til notkunar í eigin vinnsluverksmiðjum ES eða verksmiðjum, sem dótturfélag ES eiga og reka. Hin reiknaða afkastageta Járblendifélagsins skal ákvörðuð á sama hátt frá og með fyrsta árinu eftir að fjögur full almanaksár eru liðin frá því að annar bræðsluofn verksmiðjunnar er tekinn til reglubundinnar starfrækslu, og skal hún reiknuð sem heildarframleiðsla að frádregnum framleiðsluvörum, sem seldar eru á Íslandi til innanlandsnota. Á tímabilinu fram að því ári skal hin reiknaða afkastageta ákvörðuð eftir bráðabirgðareglum með vísan til þeirra daga, er fyrsti og annar bræðsluofn verksmiðjunnar verða teknir til reglubundinnar starfrækslu, svo sem nánar er mælt um í sölusamningnum. Í sölusamningnum skal jafnframt kveðið á um bráðabirgðareglur, er beita skuli í því tilviki, að ES eða Járblendifélagið byggi eða eignist nýja bræðsluofna.
- 4) Í því skyni að styrkja stöðu Járblendifélagsins á fyrstu starfsárum verksmiðjunnar ábyrgist ES, að á tímabilinu fram til 30. júní 1982 skuli sala á kísiljárn frá verksmiðjunni á hverju almanaksári ekki vera minni en sem nemur eftirtöldu lágmarksframleiðslumagni, enda nái verksmiðjan þessu framleiðslumarki og hafi að auki komið upp framleiðsluvörubirgðum í eftirtöldu magni við lok ársins, sem um er að ræða:

	Sala	Birgðir
a) Frá þeim degi, er fyrsti bræðsluofn verksmiðjunnar er tekinn til reglubundinnar starfrækslu	20 000 tonn/ári	4 000 tonn
b) Frá þeim degi, er annar bræðsluofn verksmiðjunnar er tekinn til reglubundinnar starfrækslu	35 000 tonn/ári	7 000 tonn

- 5) Allt vörumagn, sem reikna þarf samkvæmt 3. og 4. málsg. þessarar greinar, skal reiknað hlutfallslega fyrir brot úr almanaksári (nema birgðir samkv. 4. málsg.) og jafnframt umreiknað í kísiljárn með 75% kísilinnihaldi eftir því sem nánar er mælt um í sölusamningnum. Þegar rætt er um reiknaða afkastagetu ES og eigin kísiljárnsframleiðslu eða framleiðsluvörur ES í sambandi við þessa grein, er hvarveina átt við afkastagetu, framleiðslu og framleiðsluvörur kísiljárnsverksmiðja, sem ES á að öllu leyti eða að hluta í Noregi eða öðrum löndum utan Íslands, en þá jafnan að því áskildu, að sala á kísiljárn frá viðkomandi verksmiðju fari fram gegnum sama sölukerfi og sala frá kísiljárnsverksmiðjum ES í Noregi, sem það á að öllu leyti.

- 6) Til endurgjalds fyrir umboðsmennsku þá fyrir Járblendifélagið, sem ES tekur að sér, og jafnstöðu þá, sem Járblendifélaginu er veitt samkvæmt sölusamningnum, skal Járblendifélagið greiða ES jöfnunargjald að fjárhæð fjörutíu (40) norskar krónur fyrir hverja lest af kísiljárn (miðað við 75% kísilinnihald), sem seld er frá verksmiðjunni, svo sem nánar er á kveðið í sölusamningnum. Jöfnunargjald þetta ber að greiða frá því að starfræksla hefst í verksmiðjunni og út gildistíma sölusamningsins.
- 7) Sem einkaumboðsaðila ber ES að halda Járblendifélaginu svo vel upplýstu sem unnt er um ástand á markaðnum fyrir kísiljárn, og að meta sölugetuna bæði til skamms og langs tíma. Við gerð framleiðslu- og söluáætlana og eftirfarandi endurskoðun þeirra skulu ES og Járblendifélagið vinna saman í þeim tilgangi að komast að hagkvæmasta skipulagi frá sjónarmiði starfseminnar í heild. ES skal senda Járblendifélaginu mánaðarlegar skýrslur um framleiðslu, vörusendingar og birgðir hjá eigin kísiljárnverksmiðjum sínum og um magn það, sem selt hefur verið á hinum ýmsu mörkuðum. Eftir ársfjórðung hvern skal ES senda Járblendifélaginu skýrslu um þau nettó FOB verð, sem náðst hafa á ársfjórðungnum, ásamt markaðsskýrslu um helstu markaði fyrir kísiljárn. ES ber að öðru leyti að veita Járblendifélaginu jafnóðum upplýsingar um meiriháttar breytingar á markaðsástandi. Allar markaðsupplýsingar, sem Járblendifélagið fær frá ES eða sölufyrirtækjum þeim, sem ES notar, skulu einvörðungu vera til notkunar fyrir Járblendifélagið sjálft og eigi látnar uppi við utanaðkomandi aðila.
- 8) Járblendifélagið skal jafnan eiga rétt á að láta óháðan löggiltan endurskoðanda, sem það tilnefnir sjálft, kanna skjöl og bækur ES til sannprófunar á þeim upplýsingum, sem ES hefur veitt um sölu og framleiðslu.
- 9) ES skal eiga rétt til að fela sölu á kísiljárn því, sem Járblendifélagið framleiðir, í hendur Fesil eða svipuðu sölufyrirtæki, sem ekki er rekið í ágóðaskyni, enda annist þetta sama sölufyrirtæki um sölu á framleiðslu kísiljárnverksmiðja þeirra í Noregi, sem eru í eigu ES að öllu leyti. Sú tilhögun skal ekki valda neinni breytingu á afstöðunni milli ES og Járblendifélagsins, og einkum skal ákvörðunin á nettó FOB verði til Járblendifélagsins haldast í samræmi við þær meginreglur, sem um ræðir í staflíðum a) og b) í 2. málsg. þessarar greinar.

IV. KAFLI FJÁRMÁLAÁKVÆÐI

13. gr.

Gjaldeyrismál.

- 1) Greiðslur af hálfu ES til Járblendifélagsins á kaupverði hlutabréfa í félaginu og annars samkvæmt samningi þessum mega fara fram í þeim frjálsum gjaldreyri og á þann venjulegan hátt um peningasendingar, sem ES kys. Venjuleg íslensk banka- og yfirfærslugjöld, sem við eiga eftir atvikum, skulu gilda um þessar greiðslur í samræmi við venjulegar bankareglur. Ef greiðsla er innt af hendi til einhvers staðar utan Íslands, er óskilt að greiða af henni íslensk yfirfærslugjöld. Ákvæði þessi skulu gilda um allar greiðslur af framangreindu tagi, sem ES kann að hlutast til um, að einhver dótturfélög þess greiði fyrir eigin hönd eða fyrir hönd ES.
- 2) Greiðslur til ES á arði, útlögðu fé, eða annars samkvæmt samningi þessum og samkvæmt tækisamningnum eða sölusamningnum mega fara fram í norskum krónum eða þeim öðrum frjálsum gjaldeyri og á þann venjulegan hátt um slíkar peningasendingar, sem ES kann að kjósa, og skulu íslensk banka- og yfirfærslugjöld, sem um þær gilda, vera í samræmi við venjulegar bankareglur. Ef greiðsla er innt frá stað utan Íslands, er óskilt að greiða af henni íslensk yfirfærslugjöld.

14. gr.

Sköttun Járnblendifélagsins.

- 1) Járnblendifélagið skal greiða tekjuskatt og eignarskatt og önnur opinber gjöld, sem almennt eru á lögð á Íslandi, eftir þeim reglum, sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti, sem mælt er á annan veg í þessari grein og 16. grein, sbr. 7. og 9. grein heimildarlaganna.
- 2) Ef íslenskum lagareglum um tekjuskatt og eignarskatt eða önnur opinber gjöld er breytt frá því, sem í gildi var hinn 26. apríl 1975, skal Járnblendifélagið jafnan eiga sama rétt og aðrir íslenskir aðilar, sem hafa hliðstætt rekstrarform og stunda hliðstæða starfsemi, til að njóta þeirra hlunninda, sem um er að ræða eftir hinum breyttu reglum, og skal félaginu ekki þýngt með álögum umfram þessa aðila. Með hliðstæðri starfsemi í þessu sambandi skal telja orkufrekan iðnað og annan meiriháttar framleiðsluiðnað rekinn af aðilum, sem háðir eru almennum skattalögum á Íslandi á viðkomandi starfssviði, en þó að undanskildum iðnaði, sem sérstaklega er helgaður vinnslu íslenskra sjávarafurða og landbúnaðarafurða.
- 3) Eftirfarandi reglur skulu gilda gagnvart Járnblendifélaginu að því er varðar skatta á nettótekjur og aðra skatta, sem að neðan greinir, án tillits til breytinga, sem verða kunna á almennum íslenskum lögum um þá skatta:
 - a) Járnblendifélaginu skal jafnan heimilt að halda varasjóð, myndaðan af skattfrjálsum framlögum, að því marki, sem um ræðir í 2. málsg. 17. greinar tekjuskattslaga, sem í gildi voru hinn 26. apríl 1975 (lög nr. 68/1971, með breytingum skv. lögum nr. 7/1972 og öðrum áorðnum breytingum), og eftir þeim reglum, sem gilda um slíkan varasjóð samkvæmt þeim lögum.
 - b) Járnblendifélaginu skal jafnan heimilt að draga frá hreinum tekjum sínum á ári hverju sem svarar allt að 10% af nafnverði hlutafjár þess með sama hætti og um getur í 1. málsg. 17. greinar tekjuskattslaga, sem í gildi voru hinn 26. apríl 1975. Má sá frádráttur vera fyrir fjárhæðum, er félagið borgar út jafnóðum sem arð á því ári, og/eða fjárhæðum, er félagið leggur til hliðar á árinu í sjóð til fjárfestingar og rekstursþarfa. Úr sjóði þeim, sem lagður er til hliðar samkvæmt ákvæði þessu, má síðar úthluta arði og greiða hann, án þess að slíkt skerði rétt félagsins til frádráttar vegna útborgaðs arðs á því ári, er greiðsla fer fram.
 - c) Járnblendifélaginu skal jafnan heimilt að auka hlutafé sitt með útgáfu jöfnunarhlutabréfa án þess að nafnverð þeirra teljist til skattskyldra tekna hjá hluthöfum þess, innan þeirra marka, sem um ræðir í 2. málsg. D-liðs 1. málsg. 7. gr. tekjuskattslaga, er í gildi voru hinn 26. apríl 1975.
 - d) Járnblendifélagið skal greiða árlegt landsútsvar, er nemi 0,5% hið mesta af rekstrarútgjöldum þess næstliðið almanaksár samkvæmt ákvæðum íslenskra skattalaga (þar með taldar fyrningar og vöru- og efnisnotkun), þó ekki af hærri upphæð en sem nemi brúttótekjum félagsins á árinu. Verður landsútsvarið lagt á atvinnurekstur félagsins sem heild og kemur í stað aðstöðugjalds á þann rekstur samkvæmt V. kafla laga nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga, og annarra gjalda, er leysa kynnu aðstöðugjaldið af hólmi.

15. gr.

Um skattskyldu ES á Íslandi.

- 1) Um skattskyldu ES sem hluthafa í Járnblendifélaginu og að öðru leyti í sambandi við starfsemi þess samkvæmt samningi þessum, tækisamningnum eða sölusamningnum skal fara eftir ákvæðum samnings milli Íslands og Noregs um að komast hjá tvísköttun, eins og hann er í gildi á hverjum tíma. Jafnframt skulu

eftirfarandi reglur gilda gagnvart ES án tillits til breytinga á íslenskum skattalögum, sbr. 8. gr. heimildarlaganna, svo og gagnvart dótturfélögum ES, eftir því sem við á:

- a) Tekjuskattur ES á arð af hlutfjáreign þess í Járblendifélaginu, sem kann að vera skattskyldur samkvæmt tekjuskattslögum miðað við 26. apríl 1975 eða síðari lögum, skal vera 5% — fimm af hundraði — nema lögin eða milli-ríkjasamningur milli Íslands og Noregs kveði á um lægra gjald, enda eigi ES þá ekki minna en sem svarar 10% af útistandandi hlutfé Járblendifélagsins. Ber Járblendifélaginu að halda skatti þessum eftir við útborgun arðsins og skila honum til hlutaðeigandi yfirvalda á greiðsluárinu. Í þessu sambandi ber að meðhöndla úthlutun á verðmætum til ES við slit á félaginu eða sölu á hlutabréfum sem innlausn á hlutabréfum, og skal ágóði til ES, sem um er að ræða, metinn sem tekjur af innlausninni og skattlagður sem arður.
- b) ES skal ekki talið hafa fasta starfsstöð á Íslandi vegna umgetinna tengsla sinna við Járblendifélagið, og greiðslur til ES í formi þjónustugjalda, sölu-launa, umboðslauna, leyfisgjalda og vaxta skulu ekki háð sköttun á Íslandi. Hið sama skal gilda um greiðslur fyrir tækjabúnað samkvæmt tæknisamningnum.

16. gr.

Innflutningsgjöld og söluskattur.

- 1) Innflutningur af hálfu Járblendifélagsins á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum til verksmiðjunnar og reksturs hennar og tengdra mannvirkja, skal undanþeginn íslenskum aðflutningsgjöldum og söluskatti á innflutning. Ríkisstjórnin mun einnig fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og/eða söluskatt af efni og þjónustu, sem keypt er innanlands vegna byggingar verksmiðjunnar, innan þeirra marka, sem fjármálaráðuneytið ákveður á hverjum tíma á grundvelli heimildarlaganna.
- 2) Innflutningur af hálfu Járblendifélagsins á hráefnum og rekstrarvörum, sem beinlínis eru notaðar í framleiðslu á útflutningsvörum frá verksmiðjunni, skal undanþeginn tollum á innflutning og útflutning og söluskatti á Íslandi, svo og sala til útlanda á framleiðsluvörum félagsins.
- 3) Undanþágur þær, sem kveðið er á um í 1. og 2. málsg. þessarar greinar, skulu skilgreindar nánar með reglum, sem fjármálaráðuneytið gefur út, og skal ráðuneytið jafnframt gefa út fyrirsmáli um þær verklagsreglur, sem Járblendifélaginu og verktökum þess og efnisseljendum ber að fylgja til að fá undanþáguna í hverju tilviki.
- 4) Raforka, sem afhent er til reksturs verksmiðjunnar, skal undanþeginn íslenskum söluskatti og verðjöfnunargjaldi á raforku og öllum öðrum sköttum eða gjöldum, sem álögð eru á Íslandi nú eða síðar á afhendingu, kaup, notkun eða neyslu rafmagns.
- 5) Ákvæði 1. og 4. málsg. þessarar greinar skulu gilda um verksmiðjuna eins og hún er byggð og rekin á grundvelli rafmagnssamningsins, svo sem honum er breytt með fyrsta viðauka við rafmagnssamninginn í samræmi við 1. málsg. 23. greinar samnings þessa. Ef svo fer, að verksmiðjan verði stækkuð á grundvelli frekari breytinga á rafmagnssamningnum eða frekari rafmagnsafhendingar, sem Járblendifélagið semur um með öðrum hætti, mun ríkisstjórnin ákveða á þeim tíma, hvort ákvæðin skuli gilda um þá stækkun og að hve miklu leyti.

**V. KAFLI
FYRIRHEIT**

17. gr.

Ríkisstjórnin.

- 1) Ríkisstjórnin skal gera allar ráðstafanir, sem á hennar valdi eru, til að hlutast til um, að Járnblendifélagið efni skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum, tæknisamningnum og sölusamningnum, fljótt og samviskusamlega í samræmi við ákvæði þeirra.
- 2) Ríkisstjórnin skal gera þær ráðstafanir, sem á hennar valdi eru og nauðsynlegar eru og viðeigandi samkvæmt íslenskum lögum, til að framkvæma samning þennan, heimildarlögin og samninga þá og önnur skjöl, sem honum eru til fullnustu, til að gera ES og öðrum aðilum að samningunum kleift að rækja hinar ýmsu skuldbindingar sínar samkvæmt þeim, og til að tryggja, að síðari tíma löggjöf fari ekki í bága við þá.
- 3) Ríkisstjórnin mun gera allar ráðstafanir, sem á hennar valdi eru og nauðsynlegar eru og viðeigandi samkvæmt íslenskum lögum, til verndar ES og eignum, réttindum og starfslíði þess, sem á hverjum tíma er á Íslandi eða háð íslenskri lögsögu, og til að tryggja ES tafarlauser og fullar bætur fyrir og vegna allra þeirra eigna eða réttinda, sem skert kunna að verða eða það kann að verða svipt fyrir tilstilli ríkisstjórnarinnar eða einhverrar stjórnardeildar eða stofnunar hennar eða íslenska ríkisins.

18. gr.

ES.

- 1) ES skal efna hinar ýmsu skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum, tæknisamningnum og sölusamningnum, fljótt og samviskusamlega í samræmi við ákvæði þeirra. ES skal hlutast til um, að dótturfélög ES, sem kynnu að taka á sig skuldbindingar samkvæmt umræddum samningum eða á annan hátt gagnvart Járnblendifélaginu eða ríkisstjórninni, efni þær skuldbindingar sínar á sama hátt.

19. gr.

Ýmis ákvæði.

- 1) Samningur þessi og samningar þeir og önnur skjöl, sem honum eru til fullnustu, eru til þess ætluð að veita, staðfesta og vernda hin ýmsu réttindi, heimildir, eignir og hagsmuni ríkisstjórnarinnar, íslenska ríkisins, ES, dótturfélaga ES, Landsvirkjunar og Járnblendifélagsins, nema hið gagnstæða sé sérstaklega tekið fram.
- 2) Að frátöldu því, sem segir í 22. gr., skulu engin ákvæði samnings þessa eða samninga þeirra og annarra skjala, sem honum eru til fullnustu, valda því eða verða skýrð þannig, að ES eða dótturfélög ES verði talin háð annarri lögsögu en Noregs eða stunda atvinnu annars staðar en í því landi, nema þegar ES eða dótturfélag ES vinnur verkfræðivinnu á verksmiðjulóðinni.
- 3) Enda þótt hið gagnstæða kynni að felast í samningi þessum, eða í þeim samningum og öðrum skjölum, sem honum eru til fullnustu, skal ES eigi þurfa að brjóta eða eiga á hættu að brjóta nokkur lög, reglur, fyrirmæli eða reglugerðir konungsríkisins Noregs eða nokkurrar stofnunar þess eða dómstóls þar í landi. Hið sama skal eiga við um dótturfélög ES gagnvart þeim þjóðlöndum, þar sem þau eru skrásett eða reka atvinnu.

VI. KAFLI
LÖG OG LAUSN DEILUMÁLA

20. gr.

Lög þau, sem fara skal eftir.

- 1) Um skýringu, túlkun og framkvæmd samnings þessa, tæknisamningsins og sölusamningsins skal fara og ráðast eftir íslenskum lögum.

21. gr.

Viðurkenndir textar.

- 1) Samningur þessi er gerður bæði á íslensku og ensku, og skulu báðir þeir textar vera viðurkenndir og jafnir að gildi og þýðingu. Tæknisamningurinn og sölusamningurinn skulu báðir gerðir á ensku, og skal sá texti vera hinn viðurkenndi texti þeirra.
- 2) Samningur þessi, tæknisamningurinn og sölusamningurinn skulu hver um sig undirritaðir og afhentir af samningsaðilum í þremur eintökum af hverjum viðurkenndum texta. Hvert slíkt eintak, sem verið hefur réttilega undirritað og afhent af samningsaðilum, skal vera viðurkennt frumrit og jafnt að gildi á við önnur sams konar eintök, er einnig hafa verið réttilega undirritað og afhent af samningsaðilum.
- 3) Þær enskar eða norskar útgáfur, sem ES kann að óska eftir af stofnsamningi og samþykktum Járnblandifélagsins og þeim öðrum samningum og skjölum, sem samningi þessum eru til fullnustu eða til er vísað í honum, skulu gerðar af Járnblandifélaginu. Hið sama skal gilda um íslenskar útgáfur af tæknisamningnum eða sölusamningnum, sem ríkisstjórnin kann að óska eftir.

22. gr.

Deilumál.

- 1) Ef svo fer á þeim tíma, sem samningur þessi, tæknisamningurinn og sölusamningurinn, eða einhver þeirra, eru í gildi, eða síðar, að ágreiningur eða kröfumál rís af einhverjum samninganna eða í sambandi við þá, skýringu þeirra, merkingu, gildi eða framkvæmd, réttindi eða skyldur samkvæmt þeim, eða efndir eða vanefndir á einhverju af ákvæðum þeirra, skulu viðkomandi aðilar að þeim samningum, sem ágreiningurinn eða kröfumálið hefur risið af, freista þess að leysa málið án tafar með samkomulagi sín í milli.
- 2) Ef aðilum að ágreiningi eða kröfumáli, sem um getur í 1. málsg. þessarar greinar, mistekst af einhverjum ástæðum að leysa málið skjótlega með samkomulagi, er hverjum málsaðila heimilt að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar og ES til lausnar á því með samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og ES. Jafnframt þessu er ríkisstjórninni og ES, hvenær sem er, heimilt að krefjast þess, að sérhverjum slíkum ágreiningi eða kröfumáli verði vísað af aðilum málsins til ríkisstjórnarinnar og ES til lausnar með samkomulagi þeirra í milli.
- 3) Ef ríkisstjórninni og ES tekst ekki af einhverjum ástæðum að leysa með samkomulagi einhvern ágreining eða kröfumál, sem um getur í 1. málsg. þessarar greinar, skal málinu vísað til dómstóla eins og mælt er um hér á eftir.
- 4) Ríkisstjórnin og ES samþykkja hér með, að bæjarþing Reykjavíkur skuli eiga fulla lögsögu varðandi sérhvern ágreining eða kröfu, sem um getur í 1. málsg. þessarar greinar, að áskildu málskoti til Hæstaréttar eftir því, sem heimilt er að lögum. Járnblandifélagið og dótturfélag ES fallast á þessa lögsögu á sama hátt með samþykki sínu við samningi þessum.

- 5) ES og dótturfélög ES skulu hvert um sig tilnefna skriflega fyrirvarsmann búsettan á Íslandi, er hafi fullt umboð til að taka við stefnu fyrir þeirra hönd fyrir dómstóla á Íslandi í hverju máli, sem skotið er til þeirra dómstóla í samræmi við 4. málgr. þessarar greinar, og sérhver slík stefna skal teljast nægilega til lykta leidd er hún hefur verið birt þessum fyrirvarsmanni á þeim fresti, er lög mæla.
- 6) Hvers konar mót af hálfu ES eða dótturfélaga ES fyrir íslenskum dómstóli samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal vera og teljast sérstakt mót í þeim tilgangi, sem þar er um að ræða, og skal ekki valda því, að ES eða dótturfélög þess verði annars háð íslenskri lögsögu.

VII. KAFLI ÝMIS ÁKVÆÐI

23. gr.

Gildistími samningsins.

- 1) Samningur þessi skal öðlast gildi þann dag, er ríkisstjórnin og ES hafa undirritað hann og Alþingi hefur samþykkt heimildarlögin af nýju með þeim breytingum, sem taldar eru viðeigandi til þess að tryggja gildi allra ákvæða þessa samnings, og jafnframt að því tilskildu, að samningar þeir, sem taldir eru í stafliðum (a) til og með (e) hér að neðan, hafi verið undirritaðir eða samþykktir í því formi, sem ríkisstjórnin og ES samþykkja, og að þeim aðgerðum, sem vísað er til í stafliðum (f) til og með (i) hér að neðan, hafi verið lokið á grundvelli, sem ríkisstjórnin og ES telja fullnægjandi:
 - a) Tæknisamningurinn.
 - b) Sölusamningurinn.
 - c) Fyrsti viðauki við rafmagnssamninginn.
 - d) Lóðarleigusamningurinn.
 - e) Helstu ákvæði hafnarsamningsins.
 - f) Breytingar á samþykktum Járblendifélagsins.
 - g) Útgáfa heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á starfsleyfi til handa Járblendifélaginu.
 - h) Útgáfa Noregsbanka á gjaldeyrisleyfi til handa ES.
 - i) Staðfesting af hálfu fjármálastofnana á fyrirheitum um að veita Járblendifélaginu lán eins og um ræðir í 2. málgr. 5. gr. samnings þessa.
- 2) Gildistöku dagur samnings þessa, svo sem hann er ákveðinn eftir 1. málgr. þessarar greinar, skal tiltekinn skriflega og staðfestur með undirskrift ríkisstjórnarinnar og ES. Ef breytingarnar á heimildarlögunum hafa ekki verið samþykktar og þeim málefnum, sem um ræðir í stafliðum (a) til og með (i) í 1. málgr. þessarar greinar, hefur ekki verið ráðið til lykta í öllum meginatriðum með þeim hætti, sem ríkisstjórnin og ES geta sætt sig við, innan þriggja mánaða frá undirskriftardegi samnings þessa, skal samningur þessi ekki öðlast gildi, nema ríkisstjórnin og ES semji skriflega um annað sín í milli.
- 3) Frá og með gildistöku degi samnings þessa samkvæmt 1. og 2. málgr. þessarar greinar skal samningur þessi haldast í gildi meðan í gildi eru tæknisamningurinn og sölusamningurinn og aðrir samningar milli ES eða dótturfélaga ES og Járblendifélagsins, sem gerðir eru í þeirra stað eða í svipuðum tilgangi og ríkisstjórnin kann að samþykkja, svo og rafmagnssamningurinn, eða meðan einhverjir þessara samninga eru í gildi, og svo lengi sem ES (eða framsalshafi ES skv. 9. málgr. 2. gr. eða 26. gr. samnings þessa) er hluthafi í Járblendifélaginu eða lánardrottinn Járblendifélagsins vegna hluthafalána eða einhverra svipaðra skuldbindinga eða er aðili að samningum við ríkisstjórnina, sem gerðir eru samningi þessum til

- fullnustu, allt eftir því, sem við kann að þurfa vegna þeirra hagsmuna, sem samningi þessum er ætlað að staðfesta og vernda í hverju tilviki.
- 4) Ákvæði 14., 15. og 16. greinar samnings þessa skulu haldast í gildi um hinn upphaflega samningstíma rafmagnssamningsins og sölusamningsins, sem vísað er til í 7. og 9. málsg. þessarar greinar, og um þann viðbótartíma annars hvors þessara samninga eða annarra samninga, er leysa þá af hólmi, sem ríkisstjórnin kann að ákveða við samningsframlenginguna eða samningsskiptin. Ef hinn tilgreindi gildistími nefndra ákvæða rennur út, skulu þau eigi að síður gilda áfram að því leyti, sem nauðsynlegt er til að ná tilgangi þeirra varðandi hagsmuni, sem skapast hafa á gildistíma þeirra.
 - 5) Hinn óákveðni gildistími samnings þessa skal hvorki verða til að lengja né breyta á annan hátt neinum gildistíma, sem tilgreindur er í nokkrum öðrum samningum milli ríkisstjórnarinnar, ES, dótturfélaga ES, Járblendifélagsins og Landsvirkjunar, eftir því sem við á.
 - 6) Svo fremi, að eigi verði skriflega samið um annað milli ríkisstjórnarinnar og ES, skal 3. kafli tæknisamningsins vera í gildi í fimmtán (15) ár frá fyrsta afhendingardegi rafmagns til verksmiðjunnar.
 - 7) Sölusamningurinn skal haldast í gildi meðan ES er hluthafi í Járblendifélaginu, en þó ekki í lengri tíma en tuttugu (20) ár frá fyrsta afhendingardegi rafmagns til verksmiðjunnar. Innan fimmtán (15) ára frá fyrsta afhendingardegi rafmagns skulu ríkisstjórnin og ES þó hafa lokið viðræðum um framlengingu á sölusamningnum um eigi minna en tíu (10) ára skeið frá ofangreindum lokadegi hans, með skilmálum, sem báðir geti fellt sig við.
 - 8) Ef sölusamningurinn rennur út, eða gildistíma hans lýkur á annan hátt, og ríkisstjórnin og/eða Járblendifélagið, eftir því sem við á, æskja þess, að einhver annar aðili en þau sjálf selji framleiðsluvöru Járblendifélagsins í útflutningssölu frá Íslandi, skal ríkisstjórnin veita, eða sjá til þess, eftir því sem í hennar valdi stendur, að Járblendifélagið veiti, ES tækifæri til að fá þá samninga, sem ríkisstjórnin, eða eftir atvikum Járblendifélagið, mundi veita viðvíkjandi útflutningssölu á framleiðsluvörum Járblendifélagsins, með eigi lakari kjörum og skilmálum en öðrum á að bjóða, áður en öðrum eru gerð nokkur bindandi skilorðslaus tilboð eða veittur samningur.
 - 9) Rafmagnssamningurinn skal haldast í gildi um tuttugu (20) ára skeið frá fyrsta afhendingardegi rafmagns til verksmiðjunnar. Innan fimmtán (15) ára frá fyrsta afhendingardegi rafmagns skulu Landsvirkjun, Járblendifélagið og hluthafarnir þó hafa lokið viðræðum um framlengingu á rafmagnssamningnum um eigi minna en tíu (10) ára skeið frá ofangreindum lokadegi hans, með skilmálum, sem þessir aðilar geti fellt sig við.

24. gr.

Breytingar og uppsögn.

- 1) Heimilt er að breyta eða segja upp samningi þessum, tæknisamningnum og sölusamningnum hvenær sem er, hvort heldur er að hluta eða öllu leyti, en einungis með skriflegum samningi, sem réttilega er undirritaður og afhentur bæði af hálfu ríkisstjórnarinnar og ES, svo og Járblendifélagsins, eftir því sem við á, og að áskildu samþykki Alþingis, ef tilskilið væri samþykki þess í því tilviki, sem um er að ræða.
- 2) Samningur þessi, heimildarlögin og þeir samningar og önnur skjöl, sem honum eru til fullnustu, skulu koma í stað allra fyrri samninga og viljayfirlýsinga. Frá og með þeim degi, sem samningur þessi tekur gildi, skal hvorugur aðilanna vera bundinn af neinum undanfarandi bréfaskiptum eða viljayfirlýsingum eða af neinu, sem eigi er skriflegt og undirritað af þeim aðila, sem af því skal bundinn, eða felst í heimildarlögunum.

25. gr.

Óviðráðanleg öfl.

- 1) Ríkisstjórnin og eftir atvikum ES, Járblendifélagið og dótturfélög ES skulu ekki bera ábyrgð á neinum drætti eða vanefnd samkvæmt samningi þessum, ef drátturinn eða vanefndin stafar af hernaði, eða af efnahagslegu umróti samfara honum; innflutnings- eða útflutningsbanni; skorti á vinnuafli, hráefni eða öðrum vörum, framleiðslutækjum eða flutningum; af vinnudeilum; hvers konar borgaralegum óeirðum; aðgerðum stjórnvalda eða hernaðaryfirvalda; eldsvoða; flóðum; jarðskjálftum; eldgosum; eða af nokkurri annarri ástæðu, hverju nafni sem nefnist, sem er óviðráðanleg þeim aðila, sem sagður er hafa vanefnt eða valdið drætti, og í öllum slíkum tilfellum skal sá aðili, sem vanefnt hefur eða valdið drætti, hefja efndir að nýju svo fljótt sem unnt er, og aðilunum hverjum um sig skal heimilt að grípa til allra aðgerða, er samrýmast samningi þessum, til að forða eða draga úr óhagstæðum áhrifum slíkrar vanefndar eða dráttar. Framanritað skal á sama hátt gilda um alla samninga, sem gerðir eru til fullnustu samningi þessum, þar sem ekki eru ákvæði um óviðráðanleg öfl.
- 2) Áskilið er og samþykkt, að gagnvart samningi þessum skuli allar aðgerðir íslenska ríkisins og hinna ýmsu stofnana þess taldar vera á valdi ríkisstjórnarinnar, nema ríkisstjórnin geti óvefengjanlega sannað hið gagnstæða.

26. gr.

Framsal.

- 1) Samningur þessi verður hvorki framseldur með viljayfirlýsingu samningsaðila né fyrir tilverknað lagaákvæða, nema til komi áður skriflegt samþykki gagnaðilans í formi breytingar á samningi þessum samkvæmt 1. málgr. 24. greinar samningsins.
- 2) Ákvæði 1. málgr. þessarar greinar skulu ekki verða eða vera talin því til fyrirstöðu, að ES framselji samning þennan einhverju dótturfélaga sinna, að einhverju eða öllu leyti, hvenær sem er, en þó þannig, að ES ber áður að takast á hendur skilorðslaust gagnvart ríkisstjórninni að ábyrgjast fullar og samviskusamlegar efndir af hendi sérhvers slíks framsalshafa.

27. gr.

Tilkynningar.

- 1) Allar tilkynningar, sem leyft er eða skylt er að senda samkvæmt samningi þessum, skulu vera skriflegar, og hafi viðtakandi ekki fallist á aðra aðferð, þá skulu þær sendar með símskeyti, er verði staðfest með ábyrgðarbréfi í flugpósti, eða sendandi sjálfur afhenda þær viðtakanda, á þann stað, sem tilgreindur er við nafn hans:

Ríkisstjórnin	Iðnaðarráðherra, Reykjavík, Íslandi.
ES	Elkem-Spigerverket a/s, Middelthunsgate 27, Oslo, Noregi.

- 2) Hvorum samningsaðila er hvenær sem er heimilt að senda hinum aðilanum skriflega tilkynningu um breytingu á heimilisfangi í því tilliti, sem um ræðir í þessari grein.

28. gr.
Ýmislegt.

- 1) Hinir ýmsu titlar eða fyrirsagnir hinna ýmsu kafla, greina og málsgreina þessa sammings eru eingöngu til hagræðis við tilvisun og skipta eigi máli um skýringu eða túlkun á samningnum.

FRAMANRITUÐU TIL STAÐFESTU hefur samningur þessi verið undirritaður af hálfu ríkisstjórnarinnar og ES miðað við þann dag, er í upphafi greinir.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

Gunnar Thoroddsen

iðnaðarráðherra

Fyrir ELKEM-SPIGERVERKET A/S

Karl Lorck

forstjóri

Gjört í Reykjavík 11. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um heimild til að selja Húseiningum h/f húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins á Siglufirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Húseiningum h/f húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins á Siglufirði fyrir það verð, sem um semst, eða að mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um skattfrelsi jarðstöðvar til fjarskiptasambands við umheiminn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Innflutningur af hálfu eignaraðila á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum til byggingar og reksturs jarðstöðvar og tengdra mannvirkja til fjarskiptasambands við umheiminn skal undanþeginn aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Jarðstöðin og eignaraðilar hennar skulu undanþegnir tekjuskatti, eignarskatti, aðstöðugjaldi og fasteignaskatti varðandi rekstur stöðvarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og halda gildi sínu uns Póstur og sími hefur öðlast fulla eignaraðild að jarðstöðinni.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

Nr. 21.

10. maí 1977.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. gr. bætist:

Um iðnnám fer eftir námsskrá, sem sett er af menntamálaráðherra samkvæmt lögum um iðnfræðslu, og skal þar kveðið á um samstarf atvinnulífs og skóla, sem annast iðnfræðslu. Um atvinnuréttindi þessara nemenda að námi loknu gilda sömu ákvæði og um aðra iðnnema.

Um annað nám við fjölbrautaskóla, er réttindi veita, skal farið eftir námskrá, sem sett er að fengnum tillögum þeirra aðila, er hafa með höndum veitingu réttinda.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Heimilt er menntamálaráðuneytinu í samvinnu við eitt eða fleiri sveitarfélög að efna til fjölbrautaskólalahalds með því fyrirkomulagi sem lög þessi gera ráð

fyrir með stofnun nýrra skóla eða með sameiningu tveggja eða fleiri skóla hafi samvinna tekist um það með eignaraðilum skólanna. Skipting stofnkostnaðar fari þá eftir samkomulagi er gert skal milli menntamálaráðuneytisins og annarra fjárhagsaðila skólans og miðist við stofnkostnaðarskiptingu í gildandi lögum um þá skólapætti sem falla undir fjölbrautaskóla á hverjum stað. Samningur um stofnun fjölbrautaskóla er háður samþykki fjármálaráðuneytis eða fjárveitingu í fjárlögum.

Menntamálaráðuneytið ákveður verkefni og verkaskiptingu milli þeirra stofnana sem starfa samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lagaákvæði þessi raska ekki þeim samningum sem þegar hafa verið gerðir um stofnun og rekstur fjölbrautaskóla, þ. e. í Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.

L Ö G

um sauðfjárbaðanir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sérhverjum þeim, er sauðfé eða geitfé hefur undir höndum, hvort heldur er eigin fé eða fóðrafé, er skylt að láta fram fara böðun á því til að útrýma kláða og öðrum óþrifum, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Honum er skylt að eiga eða tryggja sér afnot af aðstöðu til böðunar, þannig að verkið geti gengið greiðlega, farið fram innanhúss og án þess að fénaður sæti óþörfu hnjaski, enn fremur að leggja til nægilegt vinnuafli til verksins, vatn og nægilegt magn þess baðlyfs, sem yfirvöld mæla fyrir um, að notað sé. Bresti á eitthvað af þessu að dómi baðstjóra, hlutast hann til um úrbætur á kostnað fjáreiganda.

2. gr.

Böðun skal fram fara annan hvorn vetur milli 1. nóv. og 15. mars, þó aldrei fyrr en lokið er haustslátrun og aldrei fyrr en fé er komið á hús, nema sérstakar aðstæður mæli með slíku að dómi eftirlitsmanns og yfirdýralæknir samþykki.

3. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, að fengnum umsóknun. sýslunefnda, að veita undanþágu frá böðunarskyldu um ótiltekinn tíma í tilteknum fjárskiptahólfum og

öðrum einangruðum svæðum, þar sem rækilega hefur verið framfylgt lögum og reglum um böðun og óþrifa þá ekki orðið vart, enda mæli yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknar með því, að undanþága sé veitt. Umsóknnum sýslunefnda skulu fylgja vottorð héraðsráðunauta í sauðfjárrækt og garnaveikisbólusetningarmanna, gærumatsmanna og heilbrigðiseftirlitsmanna í sláturhúsum á svæðinu um, að þeir hafi ekki í starfi sínu orðið varir við kláða eða önnur óþrif í sauðfé og geitfé í hólfinu síðastliðin 4 ár eða lengur.

Verði vart kláða eða annarra óþrifa í fé á svæði, þar sem undanþágan gildir, fellur hún þegar niður. Landbúnaðarráðherra er heimilt, ef þurfa þykir, að fyrirskipa kláðaskoðun á kostnað sauðfjáreigenda til þess að kanna hvort óþrif eða kláði leynist í sauðfé á svæðinu.

Ráðherra getur enn fremur veitt frest eða undanþágu frá böðun á einstökum búum, ef héraðsdýralæknir telur, að heilbrigði fjárins sé svo háttað, að því stafi hætta af böðun um sinn eða böðun geti valdið útbreiðslu smitsjúkdóma.

4. gr.

Fjáreigendum og öðrum, er starfa við smölun, réttun, hirðingu og gæslu sauðfjár, er skylt að hafa vakandi auga á því, hvort sauðfé sé haldið fjárkláða, lús eða öðrum óþrifum.

Allir þeir, sem hafa með höndum heilbrigðisskoðun á sláturhúsum, skulu fylgjast vel með því, hvort óþrif leynast á sláturfé og hvaðan slíkt fé er upprunnið. Skulu þeir halda skýrslur um það efni og tilkynna hlutaðeigandi héraðsdýralækni strax að lokinni sláturtíð.

5. gr.

Ef fjárkláða verður vart eða grunur leikur á því, að kind sé kláðasjúk, skal sá, er þess verður var, tilkynna það héraðsdýralækni og hreppstjóra eða lögreglustjóra þegar í stað. Er skylt að halda hinu sýkta eða grunaða fé í einangrun á ábyrgð og kostnað eigenda, uns dýralæknir hefur úrskurðað, hvort um fjárkláða sé að ræða. Reynist svo vera, skipar yfirdýralæknir fyrir um nauðsynlega böðun.

Verði fjárkláða eða annarra óþrifa á sauðfé og geitfé vart æ ofan í æ í einhverju fjárskiptahólfi, þrátt fyrir að böðunarskyldu skv. almennum ákvæðum laga þessara sé fullnægt, er landbúnaðarráðherra rétt að fyrirskipa, að ráði yfirdýralæknis og að höfðu samráði við sveitarstjórnir á viðkomandi svæði, sérstaka útrýmingarböðun, þ. e. tvíböðun, í hólfinu eða á svo stóru svæði sem þurfa þykir. Skal þá framkvæmd ítarleg skoðun á fénaði, gengið úr skugga um fjárheimtur og varast samgang fjár með sérstökum ráðstöfunum, eftir því sem þurfa þykir, og hert á allri nákvæmni í vinnubrögðum við böðun hvernar einstakrar skepnu. Þegar útrýmingarböðun sauðfjár er ákveðin skulu hreppsnefndir hlutast til um sérstakar fjárleitir til þess að tryggja sem bestar heimtur ef þess er talin þörf. Yfirdýralæknir getur hlutast til um að ráðherra skipi sérstakan framkvæmdastjóra til að stýra allri framkvæmd slíkrar útrýmingarböðunar og tekur hann laun úr ríkissjóði. Þegar tvíböðun hefur verið ákveðin í tilteknum landshluta, skal strax tilkynna það eftirlitsmönnum og þeir öllum hlutaðeigandi baðstjórum. Auk þess skal ákvörðunin um tvíböðun lesin minnst tvisvar í ríkisútvarpinu og birt í Lögbirtingablaðinu.

6. gr.

Héraðsdýralæknar skulu vera eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum í þeim umdæmum, þar sem þeir eru búsettir, að svo miklu leyti sem þeir geta annast það eftirlit að dómi landbúnaðarráðherra.

Annars staðar skipar landbúnaðarráðherra eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum,

einn í hverju sýslufélagi eða hluta úr sýslufélagi eða bæjarfélagi að fengnum tillögum yfirdýralæknis og sýslunefnda eða bæjarstjórna.

Eftirlitsmenn skulu sjá um skipulagningu og undirbúning sauðfjárbaðana, hver í sínu umdæmi. Þar sem um er að ræða tvo eða fleiri eftirlitsmenn í sama fjárskiptahólfi og hætta er á samgangi fjár á milli eftirlitssvæða, skulu eftirlitsmenn hafa samstarf um skipulag baðana. Þeir skulu hlutast til um, að verslanir hafi tiltek næg baðlyf, annast skýrsluhald varðandi baðanir og setja baðstjórum reglur um framkvæmd sauðfjárbaðana, upplýsa þá um verkanir baðlyfja og annað, er máli skiptir í því sambandi.

Þeir ákveða í samráði við sveitarstjórn og baðstjóra hvenær innan þeirra tíma marka, er kveðið er á um í 2. gr., skuli baðað í hverjum hreppi. Skylt er að skipuleggja böðun þannig í hverjum hreppi, að henni verði alls staðar lokið á sem skemmstum tíma til að forðast hugsanlegan samgang baðaðs fjár og óbaðaðs. Nú heimtist fé eftir að böðun er almennt lokið, og skal þá sá, er finnur, einangra kindurnar og tilkynna hreppstjóra, er hlutast til um í samráði við eftirlitsmann, að féð sé baðað án tafar.

Þóknun fyrir störf eftirlitsmanna greiðist úr sýslusjóði eða bæjarsjóði. Kaup baðstjóra greiðist á sama hátt úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

7. gr.

Eftirlitsmenn skulu útnefna baðstjóra í samráði við hreppsnefndir. Skal sú útnefning fullbúin og tilkynnt baðstjórum eigi síðar en 20. október það ár, sem baða skal. Skal einn eða fleiri baðstjórar starfa í hverjum hreppi eftir því, sem þörf krefur, svo hægt sé að framkvæma böðun í hreppnum á skömmum tíma. Í bæjum útnefna eftirlitsmenn baðstjóra í samráði við bæjarstjórnir.

Baðstjórar skulu skipuleggja sauðfjárbaðanir hver á sínu svæði, vera viðstaddir böðun, sjá um blöndun á baðlegi og hafa gát á því, að þeir, sem að böðun starfa, fylgi settum reglum, og fylgjast vel með því, hvort óþrifa verði vart í fénu. Baðstjóra skal vegna skyldustarfa sinna frjáls og greiður aðgangur að öllum útihúsum fjáreiganda til eftirlits. Skylt er fjáreiganda eða umráðamanni að framvísa öllu því fé, sem hann hefur undir höndum, til böðunar þegar baðstjóri óskar eftir því. Skulu baðstjórar leita fulltingis sýslumanns og hreppstjóra, vilji sauðfjáreigendur ekki fylgja settum reglum um böðun.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra fyrirskipar, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða tegund baðlyfja skuli nota við lögboðnar sauðfjárbaðanir.

Nú fyrirskipar landbúnaðarráðherra aukaböðun vegna þess að fjárkláða hefur orðið vart, sbr. 5. gr., og greiðir þá ríkissjóður andvirði baðlyfsins, eins og það kostar á næsta verslunarstað, en fjáreigandi eða umráðamaður annan kostnað.

9. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd sauðfjárbaðana að fengnum tillögum yfirdýralæknis og Búnaðarfélags Íslands.

Í slíkri reglugerð er heimilt að setja ákvæði um dagsektir, ef fjáreigandi hefur eigi án lögmætra forfalla lokið böðun á fé sínu fyrir lögskilinn tíma, og skal þá baða sauðfé á kostnað eiganda þess.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett kunna að vera samkvæmt þeim, varða sektum allt að jafnvirði 300 kg af 1. fl. dillakjöti í næstliðinni sláturtíð, og renna þær í ríkissjóð.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 23/1959, um sauðfjárbaðanir, og lög um breytingu á lögum um sauðfjárbaðanir, nr. 102/1970.

Ákvæði til bráðabirgða.

Böðun samkvæmt 2. gr. laga þessara skal fram fara fyrsta sinn veturinn 1978—1979.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Aðalkjarasamningur skal gerður til eigi skemmri tíma en tveggja ára, miðað við mánaðamót. Gildistökutími skal ákveðast í kjarasamningi.

Nú verða almennar og verulegar kaupbreytingar á samningstímabili, og má þá krefjast endurskoðunar aðalkjarasamnings án uppsagnar. Sá aðili, sem endurskoðunar krefst, skal senda gagnaðila sínum, sáttasemjara ríkisins og Kjaradómi skriflega kröfugerð. Gagnaðili skal innan viku frá móttöku bréfanna hafa tekið skriflega afstöðu til þeirra. Náist ekki samkomulag innan tveggja vikna frá kröfugerð, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka deiluna til meðferðar og reyna sættir. Hafi deila eigi verið leyst innan fjögurra vikna frá kröfugerð, tekur Kjaradómur við málinu til úrskurðar. Kjaradómur skal hafa lagt dóm á ágreiningsefnið innan mánaðar frá því, að hann tók við meðferð málsins. Að öðru leyti skulu ákvæði III. og IV. kafla laga þessara gilda um meðferð þessara mála. Þó skal samningur eða dómur Kjaradóms gilda frá þeim tíma, sem um semst eða Kjaradómur ákveður.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Uppsagnarfrestur kjarasamnings af hendi beggja aðila skal eigi vera skemmri en 3 mánuðir. Uppsögn aðalkjarasamnings felur í sér uppsögn sérsamninga samkvæmt 6. gr.

Uppsögn skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

3. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Aðili, sem segir upp kjarasamningi, skal samtímis uppsögn senda gagnaðila sínum tillögur um nýjan aðalkjarasamning og megentillögur um sérkjarasamninga. Samningaviðræður skulu þegar upp teknar. Gagnaðili skal innan þriggja vikna frá uppsögn samninga hafa tekið skriflega afstöðu til tillagna að nýjum aðalkjarasamningi og innan sex vikna til megentillagna að nýjum sérkjarasamningum.

4. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Aðili aðalkjarasamnings getur, er slitnað hefur upp úr samningaumleitunum, vísað kjaradeilu til meðferðar sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum.

Þegar 3 vikur uppsagnarfrests eru liðnar, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka kjaradeilu til meðferðar og reyna settir, hafi deilu eigi verið vísað til hans eða samningur komist á fyrir þann tíma. Sáttasemjari getur þó frestað aðgerðum allt að viku, ef sérstaklega stendur á.

Sáttasemjari ríkisins skal kveðja tvo menn sér til aðstoðar við sáttastarfið. Menn þessir hafi réttindi og skyldur sáttasemjara í starfi sínu.

5. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Nú er deila um aðalkjarasamninga eigi til lykta leidd að liðnum sex vikum uppsagnarfrests, og tekur Kjaradómur þá við máli. Aðilar skulu þá þegar senda Kjaradómi greinargerðir um málið, enda er þá sáttameðferð þess á vegum sáttasemjara lokið.

Deila um sérkjarasamninga skal ganga til Kjaradóms að liðnum átta vikum uppsagnarfrests, og skulu þá aðilar senda Kjaradómi greinargerð um málið.

Aðilar geta vísað kjaradeilu til Kjaradóms fyrr á stigi máls en í 1. og 2. málsgr. segir, ef þeir eru um það sammála.

Eftir að sáttasemjari hefur fengið mál til meðferðar, getur hann og vísað máli til Kjaradóms án atbeina aðila, þegar hann telur sýnt, að frekari sáttaumleitunir verði árangurslausar.

6. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Kjaradómur tekur kjaradeilu til meðferðar samkvæmt 14. gr. Hann leitar sáttu, en kveður upp dóm um ágreiningsefni aðalkjarasamnings eigi síðar en viku fyrir lok uppsagnarfrests.

7. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Kjaradómur skal hafa kveðið upp dóm um ágreining um sérkjarasamninga eigi síðar en mánuði eftir lok uppsagnarfrests. Að ósk beggja aðila og með samþykki Kjaradóms má þó lengja þennan frest um einn mánuð.

Hafi náðst samkomulag um aðalkjarasamning, en ekki sérkjarasamninga, skal ágreiningsefnum um þá samninga vísað til Kjaradóms. Um málsmeðferð alla skal fara eftir ákvæðum þessa kafla eftir því sem við á.

Sérkjarasamningar eða úrskurðir Kjaradóms samkvæmt þessari grein skulu koma til framkvæmda um leið og aðalkjarasamningur eða dómur Kjaradóms, sbr. 1. málsgr. 7. gr. og 2. málsgr. 22. gr.

8. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Kjaradómur skal gæta þess við úrlausnir sínar, að ríkisstarfsmenn njóti samþærilegra kjara og þeir menn með svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð, sem vinna hliðstæð störf hjá öðrum en ríkinu. Þá skal hafa hliðsjón af almennum afkomuhorfum þjóðarbúsins.

9. gr.

22. gr. laganna orðist svo:

Dómur Kjaradóms er fullnaðarúrlausn kjaradeilu.

Í dómi Kjaradóms skal ákveðið hvenær hann skal koma til framkvæmda, og gildir hann í tvö ár frá lokum gildistíma síðasta samnings.

Dómur bindur aðila á sama hátt sem samningur þeirra, og gilda um uppsögn kjararákvæða hans og framlengingu ákvæði laga þessara, sbr. II. kafla.

10. gr.

24. og 25. gr. laganna falli niður, en í þeirra stað komi ný 24. gr., svo hljóðandi: Kjaradómur sker til fullnaðar úr ágreiningi samningsaðila um:

1. Skipan einstakra manna í launaflokka kjarasamnings.
2. Hver aukastörf sé rétt að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega.
3. Vinnutíma, yfirvinnu og yfirvinnukaup einstakra starfsmanna eða starfshópa.
4. Ágreining um fæðisaðstöðu og fæðiskostnað einstakra starfsmanna eða starfshópa.

Einstök félög fara með fyrirsvar starfsmanna fyrir Kjaradómi, sbr. 3. málsg. 3. gr. og 6. gr.

11. gr.

29. gr. laganna, sem verði 28. gr., orðist svo:

Nú er sett á fót ný ríkisstofnun, og skal þá ákveða kjör starfsmanna hennar með samkomulagi milli fjármálaráðherra og þeirra aðildarféлага viðurkenndra heildarsamtaka, sem í hlut eiga.

Náist ekki samkomulag milli þessara aðila, skal Kjaradómur skera úr deilunni. Sama gildir, ef stofnaðar eru nýjar stöður við stofnanir ríkisins.

12. gr.

31. gr. laganna, sem verði 30. gr., orðist svo:

Kostnaður við Kjaradóm, þar á meðal laun dómenda eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Aðalkjarasamningi milli fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Bandalags háskólanna, sem undirritaður var 9. desember 1975, er heimilt að segja upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við 1. nóvember 1977. Jafnframt falla úr gildi allir sérkjarasamningar, sem byggðir eru á aðalkjarasamningi þessum. Um gerð nýrra samninga fer eftir ákvæðum laga þessara.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 120 frá 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „Fiskkassar“ í tollskrárnúmeri 39.07.13 í 1. gr. laganna komi: Fiskkassar og vörupallar úr plasti (plastpallets).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á siglingalögum, nr. 66/1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bráðabirgðaákvæði laga nr. 66/1963, sbr. lög nr. 108/1972, orðist þannig:

Bráðabirgðaákvæði.

Nú hefur útgerðarmaður keypt sér þá tryggingu, sem miðast við eftirfarandi bætur, og ber hann þá ekki frekari ábyrgð samkvæmt 2. málsg. 205. gr. laga þessara, sbr. 1. gr. laga nr. 108/1972:

1. Dánarbætur:

- a) 2 milljónir króna við dauða, er greiðast nánustu vandamönnum (erfingjum) hins látna.
- b) Mánaðarlegar bætur til ekkju eða ekkils í 8 ár ber að greiða samkvæmt a-lið 1. málsg. 35. gr. almannatryggingalaga.
- c) Mánaðarlegar bætur til barna að 17 ára aldri, þó aldrei lengur en í 8 ár, ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. málsg. sömu gr.

2. Slysadagpeningar og örorkubætur:

- a) Dagpeningar, sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar skv. 33. gr. almannatryggingalaga og nema $\frac{3}{4}$ þeirrar fjárhæðar. Heildarupphæð dagpeninga skal þó aldrei nema meiru en þeim launum, sem hinn slasaði hafði fyrir slysið.

b) Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða örorkubætur, 6 millj. kr. við algera varanlega örorku, en hlutfallslega við minni örorku.

Frá örorkubótum skal draga upphæð slysadagpeninga, sem greiddir hafa verið, og frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur, ef greiddar hafa verið.

Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, og skal ráðherra þá innan 6 mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu í samræmi við það.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um virkjun Hvítár í Borgarfirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita Andakílsárvirkjun s/f leyfi til þess að reisa og reka vatnsaflstöð við Kljáfoss í Hvítá í Borgarfirði með allt að 13.5 MW. afli og orkuveitu til tengingar við orkuflutningskerfið í Borgarfirði.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, er Andakílsárvirkjun tekur, allt að 2 200 millj. króna, eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr.

Einnig er ríkisstjórninni heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán, er komi að hluta til eða að öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. málsg. þessarar greinar, og endurlána Andakílsárvirkjun.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða kjör og skilmála sjálfskuldarábyrgðar og endurláns.

3. gr.

Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, sbr. 1. gr.

4. gr.

Andakílsárvirkjun er undanþegin tekjuskatti, stimpilgjaldi, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis, sýslusjóða og sveitarfélaga.

Andakílsárvirkjun skal þó greiða sýslusjóðum og sveitarsjóðum þau opinber gjöld, sem þeim er gert að greiða vegna húseigna Andakílsárvirkjunar samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvers og orkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 20. júní 1923, orkulaga, nr. 58 frá 29. apríl 1967, svo og eftir samþykktum Andakílsárvirkjunar s/f.

Setja skal Andakílsárvirkjun reglugerð, sem stjórn virkjunarinnar semur og ráðherra staðfestir. Skal þar m. a. setja ákvæði um stjórn og rekstur Andakílsárvirkjunar, orkuveitusvæði og skilmála fyrir orkusölu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 11. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hvers konar auglýsingar á tóbaki og tóbaksvarningi eru bannaðar hér á landi.

2. gr.

Bannað er enn fremur að nota neyslu eða hvers konar meðferð tóbaks og tóbaksvarnings í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vörur eða þjónustu.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að leggja bann við tóbaksreykingum í húsakynnum, sem eru til almenningsnota.

Jafnan skal haft samráð við hlutaðeigandi forráðamenn, eigendur eða stjórnendur, áður en slíkt bann er sett á, en ekki er það skilyrði að þeir samþykki bannið.

Við veitingu heimildar til rekstrar langferðabifreiða, flugvéla, farþegaskipa, leigubifreiða og hvers konar annarra farartækja, sem rekin eru gegn gjaldtöku, er heimilt að setja skilyrði um reykingabann að nokkru eða öllu í farartækinu.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins heimilt að auglýsa verð á tóbaksvörum.

5. gr.

Ráðherra er heimilt að skipa nefnd, sem fær það hlutverk að annast framkvæmd þessara laga svo og aðrar aðgerðir til þess að hamla gegn tóbaksreykingum.

Ákveða skal á fjárlögum ár hvert framlag úr ríkissjóði til reykingavarna. Heilbrigðisráðherra ákveður um ráðstöfun fjárins.

6. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 500 þús. kr. nema þyngri refsing liggja við að öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1977. Jafnframt falla þá úr gildi 2. og 3. málslíður 1. mgr. og öll 2. mgr. 7. gr. laga nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, sbr. lög nr. 59/1971

Gjört í Reykjavík 11. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 56 27. maí 1975, um breyting á lögum um atvinnuleysisstryggingar, nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi nýr málslíður, svo hljóðandi:

Ákvæði í 16. gr. g. 1. málsg. og í 18. gr. 2. málsg. skulu ekki skerða bótarétt í forföllum vegna barnsburðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. greinar skal gilda frá gildistöku laga nr. 56 1975.

Fyrir 1. janúar 1978 skal ríkisstjórnin láta kanna á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni. Niðurstöður þessarar könnunar skal leggja fyrir Alþingi.

Gjört í Reykjavík 11. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Áhættufé félagsins er:

1. Frá ríkissjóði	kr.	12 950 000
2. Frá útgerðarmönnum og öðrum	—	18 942 000
3. Frá eftirtöldum váttryggingarfélögum:		
Tryggingastofnun ríkisins	kr.	952 000
Brunabótafélagi Íslands	—	952 000
Sjóvátryggingarfélagi	—	952 000
		—————
		2 856 000
4. Frá öðrum váttryggingarfélögum, sbr. 5. gr.		
Samvinnutryggingum g. t.	kr.	208 000
Almennum Tryggingum hf.	—	181 000
Tryggingamiðstöðinni hf.	—	164 000
Tryggingu hf.	—	139 000
		—————
		692 000
		—————
		Samtals kr. 35 440 000

Að fengnu samþykki ráðherra má með einróma samþykki allrar félagsstjórnarinnar auka framlagt áhættufé með útgáfu jöfnunarskírteina skv. 8. gr. Aukning áhættufjár með þessum hætti telst ekki arður eða til skattskyldra tekna við álagningu tekjuskatts eða útsvars.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Nú semur innlent váttryggingarfélag, sem ekki á áhættufé í félaginu, svo um að tryggja hjá félaginu minnst 1/10 hluta af þeim endurtryggingum sínum, sem samrýmast endurtryggingarstarfsemi félagsins, og getur stjórn Endurtryggingarinnar þá samið þannig við slíkt félag, að það leggi fram áhættufé til jafns við önnur félög, er það hafa gert skv. þessari heimild, sbr. 3. gr. 4. tölulið. Nýtur það áhættufé þá sömu réttinda og ber sömu skyldur og eldra áhættufé, sbr. þó 11. gr.

3. gr.

3. og 4. mgr. 9. gr. orðist svo:

Tryggingarfélag þau, sem áhættufé eiga í félaginu, sbr. 3. gr. tölul. 3 og 4, tilnefna einn aðalmann og einn til vara. Verði þau ekki sammála, tilnefnir ríkisstjórnin mennina úr hópi þeirra, sem tryggingarfélagin hafa stungið upp á.

Eigendur áhættufjár þess, er um getur í 3. gr. 2. tölulið, tilnefna tvo aðalmenn og tvo til vara. Farist tilnefning af þeirra hálfu fyrir, tilnefnir ríkisstjórnin mennina.

Fyrirsögn II. kafla verði:

4. gr.

Um stríðsslysaftryggingar.

5. gr.

15. gr. orðist svo:

Ráðherra getur ákveðið, að skylt sé að tryggja fyrir stríðsslysum skipshafnir á öllum íslenskum skipum og bátum. Vátryggingarskylda hvílir á útgerðarmanni skipsins og má ekki færa þeim, sem vátryggðir eru, iðgjöldin til útgjalda. Gildir það jafnt, þótt skipverji taki aflahlut í stað kaups.

6. gr.

21. gr. falli niður.

7. gr.

23. gr. orðist svo:

Bætur fyrir stríðsslys skal greiða eftir reglum sem ráðherra setur nema um annað semjist í kjarasamningum útgerðarmanna og sjómanna.

8. gr.

24. gr. falli niður.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977 og ber þá stjórn Íslenskrar endurtryggingar að gefa út skirteini skv. 8. gr. til eigenda áhættufjár fyrir þeirri aukningu, sem fólgin er í 1. gr., enda nýtur hún arðs frá þeim tíma. Þessi aukning áhættufjár er undanþegin tekjuskatti og útsvari.

Gjört í Reykjavík 11. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um breyting á umferðarlögum, nr. 40/1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 59. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Skylt er ökumanni bifhjóls, svo og farþega sem er 12 ára eða eldri, að nota hlífðarhjálma við akstur. Þó er eigi skylt að nota hlífðarhjálma við akstur á bifreiðastæðum, við bensinstöðvar eða viðgerðarverkstæði eða þar sem svipað stendur á. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá skyldu til að nota hlífðarhjálma.

2. gr.

Við 8. málsgr. 60. gr. laganna bætist:

Ákvæði 4. mgr. 59. gr. gilda og um ökumann léttis bifhjóls.

3. gr.

Við 3. mgr. 67. gr. laganna bætist:

Vanræksla á notkun hlífðarhjálms, sbr. 4. mgr. 59. gr. og 8. mgr. 60. gr., leiðir þó ekki til lækkunar eða niðurfellingar fébóta.

4. gr.

Breytingar þessar á umferðarlögunum taka gildi 1. jan. 1978.

Gjört i Reykjavík 11. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G**um Skálholtsskóla.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í Skálholti starfar skóli, er heyrir undir menntamálaráðuneytið. Nefnist hann Skálholtsskóli.

2. gr.

Skálholtsskóli starfar í anda norrænna lýðháskóla. Markmið hans er að stuðla að aukinni almennri menntun og þroska nemenda sinna og dýpka skilning þeirra á félags- og menningarlífi samtíðarinnar.

Skólinn vinnur að varðveislu þjóðlegrar menningararfleifðar íslendinga.

Skólinn starfar á grundvelli kristinnar kirkju.

3. gr.

Árlegur starfstími skólans er níu mánuðir. Heimilt er að skipta starfstímanum í námskeið. Hluti skólastarfs getur farið fram að sumri.

4. gr.

Starfsemi skólans greinist í:

a) Almenna deild.

Almenna deildin veitir almenna framhaldsmenntun þeim, sem að loknu skyldunámi eða litlu síðar hafa horfið úr skóla, en vilja taka þráðinn upp að nýju.

b) Valfrjálsar deildir.

Skólinn býður nemendum ýtarlegri fræðslu eftir frjálsu vali. Í því skyni starfa við hlið almennrar deildar minni deildir, þar sem nemendur einbeita sér

að tilteknum flokkum námsgreina, þar á meðal íslenskri tungu, sögu og bókmenntum, kristnum fræðum og almennum trúarbragðafræðum, hugmynda- og heimspekisögu, nútímasögu og félagsfræði, svo og leiðbeiningum um æskulýðs- störf og aðra félagsstarfsemi.

Nemendur hinnar almennu deildar stunda nám í a. m. k. einni valfrjálsri deild. Að öðru leyti eru valfrjálsar deildir miðaðar við þarfir þeirra nemenda, sem lengra eru komnir á námsbraut og sitja ekki í öllum kennslustundum í almennri deild, en eru að búa sig undir frekara nám eða ákveðin störf.

c) Sjálfsnám og rannsóknarstörf.

Skólinn veitir árlega, eftir því sem aðstæður leyfa, viðtöku konum og körlum. er dvelja um lengri eða skemmri tíma á staðnum og þiggja að vild þá fræðslu sem þar er í boði, en stunda að öðru leyti sjálfsnám og vinna að eigin verkefnum.

Skipulag alls náms og starfs í skólanum er með frjálsu sniði að hætti nor- rænna lýðháskóla. Próf eru engin, en vitnisburðir gefnir þeim, er þess æskja.

5. gr.

Skilyrði fyrir skólavist er, að nemendur verði 18 ára á skólaárinu, nema eldri séu, og hafi lokið skyldunámi. Rektor getur veitt undanþágu og skólanefnd sett nánari reglur um inntöku nemenda í samráði við rektor, ef ástæða þykir til.

6. gr.

Skálholtsskóli er sjálfseignarstofnun og ber kirkjuráð ábyrgð á fjárreiðum hans. Stjórn skólans er í höndum rektors og 7 manna skólanefndar. Biskup Íslands er formaður nefndarinnar og kirkjuráð tilnefnir varamann hans. Menntamálaráðherra skipar aðra nefndarmenn til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar og fimm samkvæmt tilnefningum eftirgreindra aðila: kirkjuráðs, Sambands ísl. sveitarfélaga, Kvenfélagasambands Íslands, Ungmennafélags Íslands og Skálholtsskólafélagsins. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Rektor situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti nema þegar fjallað er um mál, sem varða hann persónulega. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum í skólanefnd. Skólanefnd ræður rektor og fasta kennara í samráði við hann. Hún setur skólanum námsskrá og starfsreglur með samþykki kirkjuráðs og menntamálaráðherra. Hún ber ásamt rektor ábyrgð á fjármálum og öllum rekstri skólans gagnvart kirkjuráði og menntamálaráðherra.

7. gr.

Rektor stjórnar daglegu starfi, rekstri og fjárreiðum skólans, gerir fjárhags- áætlun, ræður stundakennara og annað starfslið eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum. Rektor og fastir kennarar njóta sömu réttinda og hliðstæðir opinberir starfsmenn, enda hvíla á þeim sömu skyldur. Um embættisgengi, starfsréttindi, ráðningu, störf, orlof og tölu fastra starfsmanna skólans fer, að því er við getur átt, eftir ákvæðum laga og reglugerða, er um slíkt gilda á hverjum tíma fyrir framhaldsskólastigið.

8. gr.

Um fjárveitingar úr ríkissjóði til Skálholtsskóla gildir eftirfarandi:

- a) Rekstrarkostnaður skólans skal greiddur að fullu annar en rekstrarkostnaður heimavistar, sem greiðist 80%.
- b) Stofnkostnaður þess kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku laga þessara, skal greiddur úr ríkissjóði að 80% og skal hið sama gilda um heimavist.

Þó skal framlag ríkissjóðs samkvæmt þessum stafliðum miðast að hámarki við kostnað í ríkisskólum á framhaldsskólastigi.

Skilyrði fjárframlaga til rekstrar er að menntamálaráðuneytið samþykki árlega áætlanir um rekstrarkostnað.

Framlög til stofnkostnaðar greiðast eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum þegar um þær er að ræða.

Nú er skóli þessi lagður niður eða svo fer, að ekki er hagnýtt í þágu skólans skólahúsnæði hans, hvort sem er til kennslu eða heimavistar, og skal þá menntamálaráðherra og kirkjuráð sameiginlega taka ákvörðun um ráðstöfun húsnæðisins í samræmi við lög nr. 82/1963.

Stofnkostnaðar- og rekstrarreikningur skal gerður í janúarmánuði og sendur ásamt fylgiskjölum ríkisendurskoðun til endurskoðunar.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 12. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975 og II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðasti málsliður 3. mgr. B-liðar 15. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 60/1973, orðist svo: Heildarfyrningarverð eigna skv. 2. tölulið A-liðs þessarar greinar má þó jafnan vera fasteignamat eins og það var í ársbyrjun 1976, enda þótt kaup- eða kostnaðarverð hafi verið lægra.

2. gr.

26. gr. orðist svo:

- Eignarskattur þeirra manna, sem eignarskattskyldir eru skv. lögum þessum, reiknast þannig:
Af fyrstu 6 000 000 kr. skattgjaldseign einstaklinga og fyrstu 9 000 000 kr. skattgjaldseign hjóna greiðist enginn skattur. Af þeirri skattgjaldseign, sem þar er umfram, greiðist 0,8%.
- Skattur af eignum þeirra innlendu og erlendu félaga og annarra skattskyldra aðila, sem um ræðir í 5. gr., skal vera 0,8% af skattgjaldseign.
- Eignarskatt, sem ekki nær 1000 kr., skal fella niður við álagningu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1976.

Gjört í Reykjavík 12. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

LEIKLISTARLÖG.**FÖRSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn leiklistarmála samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi taka, eftir því sem við á, til allrar leiklistarstarfsemi í landinu.

2. gr.

Ríkið rekur og kostar Þjóðleikhús og Leiklistarskóla Íslands eftir því sem fyrir er mælt í löggjöf um þessar stofnanir og í fjárlögum.

Alþingi veitir einnig árlega fé í fjárlögum til stuðnings annarri leiklistarstarfsemi:

- I. Til Leikfélags Reykjavíkur.
- II. Til Leikfélags Akureyrar.
- III. Til Bandalags íslenskra leikfélaga.
- IV. Til almennrar leiklistarstarfsemi.
- V. Til leiklistarráðs.

Sveitarstjórnir veita fé til leiklistarstarfsemi í sveitarfélögum eftir því sem ákveðið verður í fjárhagsáætlun þeirra, þó eigi lægri fjárhæð til hvers leikfélags en ríkissjóður greiðir skv. 3. gr.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið úthlutar fé því sem veitt er í fjárlögum samkvæmt IV. lið í 2. gr., að fengnum tillögum Bandalags íslenskra leikfélaga.

4. gr.

Hlutverk leiklistarráðs er:

- I. Að vera vettvangur skoðanaskipta og umræðna um leiklistarmál og stuðla að stefnumótun á því sviði á hverjum tíma.
- II. Að vera ráðgefandi aðili fyrir ráðuneytið, sveitarfélög og leiklistarstofnanir þær sem taldar eru í 2. gr.
- III. Að stuðla að ritun og útgáfu leikrita.
- IV. Að sinna öðrum verkefnum í þágu leiklistar í samráði við menntamálaráðuneytið.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar leiklistarráð, einn fulltrúa án tilnefningar, en aðra ráðsmenn og jafnmarga til vara tilnefna eftirtaldir aðilar:

Bandalag íslenskra leikfélaga einn fulltrúa fyrir hvern tug félaga sem eru fullgildir aðilar að Bandalaginu.

Félag íslenskra leikara þrjá fulltrúa.

Eftirtaldir aðilar tilnefna einn hver:

Ríkisútvarp, einn frá hljóðvarpi og annan frá sjónvarpi.

Félag leikstjóra.

Félag leikritahöfunda.

Samtök félagsheimila.

Leikfélag Akureyrar.

Leikfélag Reykjavíkur.

Tónskáldafélag Íslands.

Samband íslenskra sveitarfélaga.

Þjóðleikhúsráð.

Ráðherra er heimilt að veita öðrum, er fjalla með nokkrum hætti um leiklistarmál, aðild að leiklistarráði, að fenginni umsögn ráðsins. Skipunartími ráðsmanna er þrjú ár í senn. Ráðið kys sér sjálft formann og varaformann.

6. gr.

Leiklistarráð kemur saman til fundar einu sinni á ári, nema sérstök ástæða sé til fleiri funda. Skyld er að boða fund, ef 5 ráðsmenn hið fæsta óska þess bréflega og tilgreina umræðuefni.

Framkvæmdastjórn þriggja manna fer með málefni leiklistarráðs milli funda. Leiklistarráð kys tvo menn í framkvæmdastjórn, en formaður ráðsins er sjálfkjörinn.

Leiklistarráð er ólaunað, en greiða skal þóknun fyrir stjórnarstörf og ferða- og dvalarkostnað utanþéjarmanna vegna fundarsetu.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 15/1965, um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna, og önnur lagaákvæði, er kunna að brjóta í bága við lög þessi.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laganna.

Gjört í Reykjavík 12. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.

L Ö G

um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög þessi taka til allra starfsmanna, annarra en bankastjóra og aðstoðarbankastjóra, sem ráðnir eru til lengri eða skemmri tíma í þjónustu banka í eigu ríkisins, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Laun og önnur starfskjör starfsmanna, er lög þessi taka til, skulu ákveðin með kjarasamningum milli aðila þeirra, er um ræðir í 2. gr.

2. gr.

Bankaráð þeirra banka, sem greindir eru í 1. gr., fara með fyrirvar bankanna við gerð og framkvæmd kjarasamninga. Þau skulu skipa sameiginlega nefnd til að fara með samninga af sinni hendi.

Samband íslenskra bankamanna fer með fyrirvar bankastarfsmanna við gerð og framkvæmd kjarasamninga. Sambandið skal skipa nefnd til að fara með samninga af sinni hendi.

Tilkynna skal viðskiptaráðherra eigi síðar en við uppsögn samninga, hverjir eigi sæti í samninganefndum.

3. gr.

Bankastarfsmaður, sem lög þessi taka til, á rétt til að vera félagi í Sambandi íslenskra bankamanna eða félagi innan vébanda þess, eftir nánari reglum í samþykktum sambandsins.

Bankastarfsmaður, sem eigi er innan vébanda Sambands íslenskra bankamanna, skal greiða gjald til sambandsins og aðildarfélags þess, er hann ætti að tilheyra, sem er jafnt og það gjald, er mönnum í sambærilegri stöðu er gert að greiða, séu þeir innan vébanda sambandsins.

4. gr.

Endurrit af uppsögn kjarasamninga svo og tillögur og kröfugerð um nýja samninga skal senda sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum samtímis og gögn þessi eru send gagnaðila.

Náist ekki samkomulag milli samninganefnda, geta aðilar komið sér saman um að skjóta ágreiningsatriðum til gerðardóms. Gerðardómur skal skipaður oddamanni, er samningsaðilar koma sér saman um, tveim mönnum, er oddamaður tilnefnir í dóminn utan raða samningsaðila, svo og einum manni frá hvorum aðila.

Hafi samningar hvorki tekist né ágreiningi verið skotið til gerðardóms á fyrstu 60 dögum uppsagnarfrests, skal sáttasemjari ríkisins taka deiluna til meðferðar. Sáttasemjari skal kveðja til tvo menn til að vinna með sér að lausn kjaradeilu. Menn þessir skulu hafa réttindi og skyldur sáttasemjara.

5. gr.

Ákvæði laga nr. 33 3. nóvember 1915, um verkfall opinberra starfsmanna, skulu ekki gilda um þá bankastarfsmenn, sem lög þessi taka til.

Ákvörðun um vinnustöðvun ber að tilkynna sáttasemjara ríkisins og þeim, sem hún beinist gegn, skemmst 15 sólarhringum áður en hún skal hefjast.

Verkfallsboðun skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

Óheimilt er að hefja vinnustöðvun:

1. Ef ágreiningur er einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar dómum hans.
2. Ef samþykkt hefur verið sáttatillaga sáttanefndar skv. 6. gr.
3. Til stuðnings aðila í annarri kjaradeilu.

Hafi verkfall verið boðað skal sáttanefnd leggja fram sáttatillögu um kjarasamninga eigi síðar en 5 sólarhringum áður en verkfall skal hefjast. Sáttanefnd ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hún leggur fram sáttatillögu.

Þegar sáttatillaga hefur verið lögð fram, getur sáttanefnd frestað boðuðu verkfalli í allt að 15 sólarhringa. Haft skal samráð við samninganefndir aðila áður en verkfallsfrestun er ákveðin.

6. gr.

Um það, hvornig atkvæðagreiðslu um sáttatillögu skuli háttáð, skal kveðið á í samkomulagi því, sem greinir í 9. gr.

Sáttatillaga telst felld, ef helmingur greiddra atkvæða hið minnsta er á móti henni, enda hafi ekki færri en helmingur atkvæðisbærra starfsmanna á kjörskrá greitt atkvæði. Annars telst sáttatillaga samþykkt.

Sáttanefnd úrskurðar um öll vafaatriði, sem rísa kunna við atkvæðagreiðslur. Er úrskurður sáttanefndar endanlegur.

Eftir að vinnustöðvun er hafin getur sáttanefnd borið fram miðlunartillögu og fer um hana eftir sömu reglum og sáttatillögur, að því er varðar atkvæðagreiðslu.

7. gr.

Þótt löglegt verkfall sé hafið er starfsmönnum banka í eigu ríkisins, sem í verkfalli eru, skylt að starfa áfram að nauðsynlegri öryggisvörslu og sinna beinum skuldbindingum bankanna og íslenska ríkisins við erlenda aðila.

Um það, hvaða starfsmenn skuli halda áfram störfum og hvaða verkefni þeir skuli inna af hendi þótt verkfall sé hafið, skal nánar kveðið á í samkomulagi því, sem greinir í 9. gr.

8. gr.

Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa milli samningsaðila um gildi verkfalls, ágreining um skilning á kjarasamningi, félagsréttindi starfsmanna og kjörskrárdeilur.

Þegar Félagsdómur fer með slík mál nefnir Samband íslenskra bankamanna annars vegar og bankaráð ríkisbankanna hins vegar dómara til setu í dómnum í stað þeirra, sem nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitenda-sambandi Íslands.

Samband íslenskra bankamanna rekur mál fyrir Félagsdómi vegna sjálfs sín, félaga innan vébanda sinna svo og starfsmanna, sem hlut eiga að máli. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur um sóknaraðild máls fyrir Félagsdómi.

9. gr.

Bankaráð ríkisbankanna og Samband íslenskra bankamanna skulu gera með sér samkomulag um gerð kjarasamninga, framkvæmd vinnustöðvunar og önnur þau atriði, er máli skipta og ekki er kveðið á um í lögum þessum.

Viðskiptaráðherra skal staðfesta slíkt samkomulag áður en það öðlast gildi, svo og allar breytingar, er á því kunna að verða gerðar.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi þau ákvæði laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands, nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands, nr. 12/1961 um Útvegsbanka Íslands og nr. 28/1976 um Búnaðarbanka Íslands, sem brjóta í bága við ákvæði laga þessara.

Gjört í Reykjavík 12. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um viðauka við lög nr. 94 19. júní 1933, um tékka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjórtándi kapituli — Refsiákvæði

73. gr.

Refsa skal með sektum eða allt að 3 mánaða fangelsi, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt almennum hegningarlögum, þeim:

- a) sem gefur út tékka án þess að innstæða sé fullnægjandi á reikningi hans hjá greiðslubankanum, sbr. 4. gr., eða
- b) sem án sérstakrar ástæðu afturkallar tékka eða ráðstafar innstæðu og hindrar á þann hátt, að tékki, sem hann hefur þegar gefið út, greiðist við sýningu innan sýningarfrestsins, sbr. 29. gr.

Krafa um opinbera ákæru skal borin fram af handhafa tékka, sem ekki hefur fengið hann greiddan vegna ófullnægjandi innstæðu eða vegna þess að tékkinn hefur verið afturkallaður, eða af ábyrgðarmanni, sem af greindum ástæðum hefur leyst til sín tékka eða á yfir höfði sér að leysa til sín tékka, eða af greiðslubanka, sem hefur innleyst tékka án fullnægjandi innstæðu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 12. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn póst-, síma- og annarra fjarskiptamála.

2. gr.

Póst- og símamálastofnun fer með framkvæmd póst- og símamála samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum og reglum, sem gilda um póstmál og fjarskipti.

3. gr.

Starfsemi póst- og símamálastofnunar skal beinast að því að tryggja sem best, að hér á landi sé kostur á hagkvæmri og fullkominni póst- og símaþjónustu.

Póst- og símamálastofnun hefur einkarétt á að stofna til og starfrækja hvers konar póst-, síma- og aðra fjarskiptaþjónustu, bæði innan hins íslenska ríkis og í samskiptum við önnur ríki, svo og hafa eftirlit með innflutningi og viðurkönnuningu á búnaði í því sambandi. Nánar skal kveðið á um framkvæmd einkaréttar stofnunarinnar í póstlögum og lögum um fjarskipti, svo og í reglugerðum, sem ráðherra setur, og í fjölbjóðlegum samningum, sem Ísland er aðili að.

4. gr.

Forseti Íslands skipar póst- og símamálastjóra, sem veitir póst- og símamálastofnun forstöðu.

Samgönguráðherra skipar annað starfsfólk stofnunarinnar, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra og starfsmannaráðs póst- og símamálastofnunar, sbr. 10. gr. Ráðherra getur þó falið póst- og símamálastjóra að auglýsa lausar stöður og ganga frá skipunarbréfum í stöður hjá póst- og símamálastofnun.

5. gr.

Starfsemi póst- og símamálastofnunar greinist í meginatriðum í stjórnunarhluta stofnunarinnar og rekstrarhluta.

Stjórnunarhluti stofnunarinnar skiptist í fjórar aðaldeildir, fjármáladeild, tækni-deild, umsýsludeild og viðskiptadeild.

Rekstrarhluti stofnunarinnar skiptist í fjögur póst- og símaumdæmi.

Hverri aðaldeild stjórnar framkvæmdastjóri, en umdæmisstjóri hverju umdæmi. Framkvæmdastjórar og umdæmisstjórar heyra beint undir póst- og símamálastjóra.

6. gr.

Aðaldeildir vinna að stefnumörkun í störfum stofnunarinnar, áætlanagerð, eftirliti, almennum fyrirmælum og öðrum heildarstefnumálum, sem varða stofnunina.

Helstu verkefni hvernar aðaldeildar eru m. a. sem hér segir:

1. **Fjármáladeild:** fjárhagsáætlanir stofnunarinnar, þ. m. t. allar almennar áætlanir vegna rekstrar og framkvæmda, reikningshald stofnunarinnar og aðalþókkhald. Fjárreiður og gerð greiðsluáætlana, endurskoðun undir yfirumsjón ríkisendurskoðunar, rekstrarýfirlit, hagkvæmnisútreikningar, innkaup, aðalbirgðavarsla og gjaldskrármál.

2. **Tæknideild:** tæknileg áætlanagerð varðandi síma og önnur fjarskiptamál, uppsetning á sjálfvirkum stöðvum, sambandabúnaður, radiósambönd stofnunarinnar, radióeftirlit, tíðnieftirlit, fjölþjóðasamskipti um síma- og fjarskiptamál.

3. **Umsýsludeild:** skipulags- og hagræðingarmál, starfsmannamál, fræðslumál stofnunarinnar, bygging og umsýsla fasteigna og almenn þjónustumál innan stofnunar, skipulag skjallasafna og umsjón mótuneyta.

4. **Viðskiptadeild:** mál sem lúta að þjónustu stofnunarinnar við notendur almennt, bæði að því er varðar póstmál og símamál, skipulag póst- og símaþjónustu, póstþjónustu og póstdreifingar, póstgíró, umferðarmáladeild, frimerkjaútgáfa og -varsla, símaskrá, almannatengsl og upplýsingaþjónusta, útgáfa reglna og fyrirsmála um framkvæmd póst- og símaþjónustu og eftirlit með því, að þeim sé fylgt, kvartanir og skaðabótamál. Nánar skal kveðið á um starfsemi aðaldeilda í reglugerð, sem ráðherra setur.

7. gr.

Póst- og símaumdæmin skulu annast allan rekstur stofnunarinnar hvert á sínu svæði.

Umdæmi I nær af Skeiðarársandi í Gilsfjarðarbotn, umdæmi II þaðan að mörkum Strandasýslu og Vestur-Húnavatnssýslu, umdæmi III þaðan að mörkum Norður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu, umdæmi IV þaðan á Skeiðarársand.

Umdæmistjórar hafa hver í sínu umdæmi yfirstjórn og eftirlit með rekstri póst- og símastöðva, verkstæða, birgðastöðva og öðrum rekstri á vegum póst- og símamálastofnunar í umdæminu, í samræmi við rekstraráætlanir og önnur þau fyrirsmáli, er gilda um rekstur stofnunarinnar. Umdæmistjóri skal hafa eftirlit með fjárreiðum og birgðum hjá póst- og símastöðvum og öðrum þeim, sem fara með fjárreiður eða eignir stofnunarinnar í umdæminu. Hann skal eiga frumkvæði að tillögugerð um framkvæmdir stofnunarinnar og bættan rekstur.

Nánar skal kveðið á um starfssvið og skyldur umdæmistjóra og starfsskiptingu innan umdæmisins í reglugerð, sem ráðherra setur.

8. gr.

Póst- og símamálastjóri skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega kalla saman fund með framkvæmdastjórum aðaldeilda og umdæmistjórum stofnunarinnar. Á þeim fundum skal póst- og símamálastjóri leggja fram rekstrar- og framkvæmdáætlanir, sbr. 9. gr., til umræðu, ásamt öðrum þeim málum, sem á dagskrá eru hverju sinni, og skulu þar rædd meginstefnumál og verkefni stofnunarinnar. Ár hvert skal a. m. k. einn þessara funda vera sameiginlegur með starfsmannaráði póst- og símamálastofnunar, sbr. 10. gr.

9. gr.

Póst- og símamálastjóri lætur gera, til fjögurra ára í senn, áætlun um framkvæmdir stofnunarinnar. Skal áætlunin taka mið af 1. mgr. 3. gr. laga þessara, byggja á raunhæfum fjárhagsforsendum og skal framkvæmdum raðað eftir forgangsröð.

Áætlun þessa skal endurskoða árlega, þannig að ávallt liggja fyrir áætlun til fjögurra ára.

Áætlunin skal greina markmið stofnunarinnar á einstökum þjónustusviðum og hafa að geyma yfirlit um æskilegar þjónustubreytingar á áætlunartímanum. Þá skal áætlunin innihalda rekstraráætlun í meginatriðum og fjármögnunaráætlun fyrir sama tímabil.

Póst- og símamálastofnun skal senda samgönguráðuneytinu framkvæmdáætlunina eigi síðar en 31. maí á undan fyrsta ári áætlunartímabilsins. Samgönguráð-

herra leggur framkvæmdaáætlunina fyrir Alþingi og skal hún höfð til hliðsjónar við afgreiðslu fjárlaga. Endurskoðaða áætlunin skal lögð fyrir Alþingi á sama hátt, en árleg töluleg endurreiknun skal fylgja fjárlagatillögum stofnunarinnar.

10. gr.

Komið skal á fót starfsmannaráði póst- og símamálastofnunar, skipuðu fulltrúum samtaka starfsmanna stofnunarinnar og forstöðumönnum tiltekinna þátta í stofnuninni.

Ráðherra setur reglur um skipan og starfssvið starfsmannaráðs, þar sem leitast skal við að tryggja gott samstarf og samheldni milli starfsfólksins og stjórnenda stofnunarinnar.

11. gr.

Ráðherra ákveður í gjaldskrá gjöld þau, sem greiða ber póst- og símamálastofnun fyrir þjónustu þá, sem hún veitir, þ. á m. fyrir póstgíró og uppsetningu, leigu og viðhald hvers konar fjarskiptatækja.

Stefnt verði að því við gjaldskrárgerð, að sömu gjöld gildi innan hvers svæðisnúmers, og skal ákveðið í reglugerð, hvenær framkvæmd þessa ákvæðis kemst á.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að sama gjald skuli krafíð fyrir símtal við helstu stjórnsýslustofnanir ríkisins í Reykjavík, hvaðan sem talað er af landinu.

Að því skal stefnt, að tekjur samkvæmt gjaldskrá nægi til að rekstrarjöfnuður náist, miðað við að rekstur og fjárfestingar fari eftir meginstefnu 1. mgr. 3. gr. og fyllsta aðhalds sé gætt.

12. gr.

Starfsmaður sá, sem skipaður hefur verið í stöðu hjá póst- og símamálastjórn samkvæmt eldri lögum, skal við gildistöku laga þessara talinn skipaður til hliðstæðs starfs hjá póst- og símamálastofnun, en þó skal honum skylt að hlíta breyttri starfstilhögun og verkaskiptingu, sem leiða kann af lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim.

13. gr.

Ráðherra er rétt að setja nánari ákvæði um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 8 9. jan. 1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, lög nr. 11 14. júní 1929, um einkasíma í sveitum o. fl., svo og önnur ákvæði, sem í bága kunna að fara við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Áætlanir þær, sem um er fjallað í 9. gr., skulu gerðar í fyrsta skipti til tveggja ára og sendar samgönguráðuneytinu eigi síðar en 31. maí 1977, og ná til árána 1978 og 1979.

Á árinu 1978 skal póst- og símamálastofnun gera áætlun til fjögurra ára fyrir tímabilið 1979—1983 í samræmi við 9. gr.

Gjört í Reykjavík 13. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G**um breyting á lögum nr. 55 1969, um brunavarnir og brunamál.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra skipar sex manna stjórn brunamálastofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Hann skipar án tilnefningar formann hennar, einn mann eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu Reykjavíkurborgar, einn eftir tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna og tvo menn eftir tilnefningu Sambands íslenskra tryggingafélaga. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunarinnar. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

2. gr.

Upphaf 8. gr. laganna orðist svo:

Allir verkfærir menn 18—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í sveitarfélagi, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 13. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G**um kaup og kjör sjómanna.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Samningar þeir, sem samninganefndir sjómanna og útvegsmanna undirrituðu 29. febrúar 1976, 1. og 27. mars 1976, 14. maí 1976 og 28. júlí 1976 og prentaðir eru á fylgiskjölum I.—X. með lögum þessum skulu gilda um kaup og kjör sjómanna um land allt eftir því sem við á fyrir hvert félag sem aðild átti að þeim og fyrir það tímabil, sem samningarnir kveða á um. Fyrir þau félög sjómanna, sem ekki áttu neina aðild að samningum þessum, skulu þeir einnig ákveða kaup og kjör, eftir því sem við getur átt og með þeim hætti, sem tíðkast hefur. Samningurinn frá 28. júlí

1976 skal einnig gilda eftir því sem við á fyrir þau félög sjómanna, sem ekki áttu aðild að honum.

2. gr.

Verkbönn og verkföll, þar á meðal samúðarverkföll, eða aðrar aðgerðir í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða eru óheimil, sbr. 17. gr. laga nr. 88 frá 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Þó er sammingsaðilum, sbr. 1. grein, heimilt að koma sér saman um breytingar á þar greindum samningum, en eigi má knýja þær breytingar fram með vinnustöðvun.

3. gr.

Með brot á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en falla að fullu og öllu úr gildi 15. maí 1977.

Gjört í Reykjavík 13. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Bjarnason.

Fylgiskjal I.

SAMKOMULAG

um breytingar á

VERTÍÐARSAMNINGI

milli

Sjómannasambands Íslands f.h. Sjómannafélags Reykjavíkur, Sjómannafélags Hafnarfjarðar, Verkalýðsfélags Skagastrandar, Skagaströnd, Sjómannafélagsins Jötuns, Vestmannaeyjum, Verkalýðsfélags Hveragerðis vegna Þorlákshafnar, Sjómanna- og vélstjóradeildar Verkalýðsfélags Grindavíkur, Vélstjórafélags Suðurnesja, Sjómannadeildar Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps, Verkalýðs- og sjómannafélags Gerðahrepps, Sjómanna- og vélstjóradeildar Verkalýðsfélags Akraness, Sjómannadeildar Verkalýðsfélagsins Aftur-elding, Hellissandi, Verkalýðsfélagsins Jökuls, Ólafsvík, Verkalýðsfélagsins Stjórnunnar, Grundarfirði, Verkalýðsfélags Stykkishólms, Verkamannafélagsins Ársæls, Hofsósi, Verkamannafélagsins Fram, Sauðárkróki, Verkalýðsfélagsins Vöku, Siglu- firði, Sjómannafél. Eyjafjarðar og Matsveinafél. S.S.Í. annars vegar og hins vegar Landssambands isl. útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafél. Hafnarfjarðar, Útvegsbændafélags Vestmannaeyja, Útvegsmannafélags Þorlákshafnar, Útvegsmannafél. Suðurnesja, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Snæfellsness og Útvegsmannafélags Norðurlands.

1. gr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir hlutaskiptaákvæði þau, sem koma skulu í stað fyrri ákvæða samninga.

	Bátar, stærðarflokkar										Minni skutt. 260-500 brl.
	12-20	21-30	31-50	51-110	111-200	201-300	301-500	501 brl. og yfir			
	brl.	brl.	brl.	brl.	brl.	brl.	brl.	brl.			
1. Lína:	Grunnprósenta Áhafnarstærð	38,0 7	32,0 8	29,5 10	28,5 11	28,2 11	27,5 11	27,5 11	27,5 11		
2. Net:	Grunnprósenta Áhafnarstærð	38,0 7	32,0 8	29,5 10	28,5 11	28,2 12	28,0 12	27,5 12	27,5 12		
3. Botvarpa:	Grunnprósenta Áhafnarstærð	30,0 6	30,0 6	30,0 6	29,5 8	29,0 12	28,5 14	28,0 14	28,0 14	28,3 15	29,2 16
4. Dregnót:	Grunnprósenta Áhafnarstærð	32,5 7	32,5 7	32,5 7	32,5 7
5. Þorskuót:	Grunnprósenta Áhafnarstærð	34,0 5	34,0 6	34,0 7	33,0 10
6. Spæringsvarpa:	Grunnprósenta Áhafnarstærð	.	.	30,0 6	29,0 6	28,0 7	27,5 9	27,5 10	27,5 10	27,5 12	.
7. Ljóuveiðar:	Grunnprósenta Áhafnarstærð	33,0 5	33,0 5	33,0 6	32,0 9	31,5 12	31,5 12	31,0 12	31,0 12		
8. Grálúðuveiðar:	Grunnprósenta Áhafnarstærð	.	.	.	28,5 13	28,5 13	28,0 13	27,5 13	27,5 13		
9. Ræjuvarpa:	Grunnprósenta Áhafnarstærð	31,0 4	31,0 4	31,0 4	30,0 6	28,5 7	28,0 8	28,0 8	28,0 8		
10. Hörpuðiskur:	Grunnprósenta Áhafnarstærð	35,0 6	35,0 6	35,0 6	35,0 6
11. Húmarvarpa:	Grunnprósenta Áhafnarstærð	33,0 6	33,0 6	32,5 6	31,5 6	30,5 6	30,5 6	30,5 6	30,5 6		
12. Síð- og loðmuv. m/hringnót	Grunnprósenta Áhafnarstærð	31,5 6	31,5 6	31,5 6	30,0 10	29,3 12	29,1 14	29,0 14	29,0 14	Síðv. Loðmuv. 28,2 16	28,2 15
13. Loður-, kolumma- og síðv. m/flotvörpu	Grunnprósenta Áhafnarstærð	.	.	.	29,5 8	29,0 10	29,0 14	29,0 14	29,0 14	28,5 15	28,5 15
14. Reknnet¹⁾	Grunnprósenta Áhafnarstærð	.	.	34,0 8	33,0 9	32,0 10	31,5 10	31,0 10	31,0 10		

1) Þegar afinn er verkaður um borð, er heimilt að hæfa tveimur fleiri en hér greindir á þess að grunnprósenta breytist.

2. gr.

Í stað 2% í II-lið 2. og 3. gr. samningsins komi 1.8%.

3. gr.

Í stað 1.5% í 2. mgr. 5. gr. samningsins komi 1.3%.

4. gr.

- a) 6. gr. samningsins breytist og verður: þegar spærlingur er veiddur í vörpu.
b) Í stað 2% í 2. mgr. komi 1.4%.

5. gr.

Í stað 2% í 2. mgr. 8. gr. samningsins komi 1.8%.

6. gr.

Í stað 2% í 3. mgr. 9. gr. samningsins komi 1.8%.

7. gr.

Í stað 2% í 2. mgr. 12. gr. samningsins komi 1.7%.

8. gr.

Ný grein, er verði 13. gr.

„Aldrei skal skipta í fleiri staði, en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.
Forfallist skráður skipverji, skal kauptrygging hans skiptast milli þeirra manna,
sem þann róður fara.“

9. gr.

Aftan við 13. gr. síðustu samninga komi eftirfarandi ný grein:

„Komi fram nýjar veiði- eða verkunaraðferðir eða um verði að ræða breytingar á gildandi veiði- eða verkunaraðferðum, er horfa til verksparnaðar og hagræðingar, þá skulu samningsaðilar gera um það sérstakan samning, þ.á.m. um mannfjölda og skiptaprósentu, án uppsagnar á þessum samningi. Verði farið á fjarlægari mið en 1000 sjómílna veg frá Íslandi, skal semja um það sérstaklega. Aðilar eru sammála um að gera innan tveggja mánaða sérstakt samkomulag um þetta efni. Í því verði m. a. ákveðin kaupgreiðsla til áhafnar á siglingatíma til og frá miðum, þegar lengra er farið til veiða en 1000 sjómílnur frá Íslandi.“

10. gr.

13. gr. samningsins breytist og verður 14. gr.

Í stað „kr. 5 135.00“ í 1. mgr. komi „kr. 6 450.00.“

11. gr.

16. gr. er verði 17. gr. orðist svo:

- a) I. vélstjóri skal hafa $1\frac{1}{2}$ hásetahlut
b) II. vélstjóri skal hafa $1\frac{1}{4}$ hásetahlut
c) III. vélstjóri skal hafa $1\frac{1}{8}$ hásetahlut
d) Netamaður á togbát skal hafa $1\frac{1}{4}$ hásetahlut
e) Netamaður á skuttogara skal hafa $1\frac{1}{8}$ hásetahlut
f) Bátismaður skal hafa $1\frac{1}{5}$ hásetahlut
g) Matsveinn skal hafa $1\frac{1}{4}$ hásetahlut

f) liður er verði m) liður orðist svo:

„Verði sjótjón eða vélabilun meðan á veiðitímabilinu stendur, og þurfi vélstjórar að vinna við skipið, skal þeim greitt eftir að þeir hafa unnið í samtals 8 klst. við viðgerð kr. 490.00 (grunnlaun) pr. klst. Þó hálfu skemmri tíma á landróðrabátum.“

12. gr.

16. gr. breytist og verður 17. gr.

f) liður verður kr. 12 680.00.

g) liður verður kr. 102.00.

h) liður breytist þannig, að í stað kr. 4 674.00 komi kr. 5 980.00.

j) liður breytist þannig, að í stað kr. 2 400.00 komi kr. 3 020.00.

k) liður breytist þannig, að í stað kr. 385.00 komi kr. 500.00.

13. gr.

17. gr. vertíðarsamningsins verði 18. gr. og orðist svo:

„Á skipum þeim, sem samningur þessi tekur til og stunda þær veiðar sem um getur, skal vera lögskráður matsveinn. Hann skal hafa $1\frac{1}{4}$ hásetablut fyrir störf sín sem matsveinn, enda skal hann hafa tiltækan mat, sem skipverjar hafa aðgang að þegar skipið er í heimahöfn.“

Matsveini skal á sama hátt og öðrum skipverjum tryggt helgarfrí. Einnig skal hann hafa hafnarfrí, þegar afla er landað úr útilegabátum, nema þegar skipshöfnin landar sjálf, enda fái hann sömu greiðslu eins og aðrir skipverjar.

Matsveini ber að halda hreinni íbúð skipstjóra, matsal og eldhúsi.

Allir fæðisreikningar skulu vera viðurkenndir af matsveini.“

14. gr.

18. gr. vertíðarsamningsins verði 19. gr. og orðist svo:

Um lágmarkskaup og vinnu skipverja:

Útgerðarmaður skal tryggja skipverjum lágmarkskaup fyrir hvern mánuð (30 daga) af lögskráningartímanum, sem hér segir:

a) Hásetum	kr. 84 320
b) I. vélstjóra	— 114 800
c) II. vélstjóra	— 99 560
d) III. vélstjóra	— 99 560
e) Matsveini	— 99 560
f) Netamanni	— 99 560
g) Bátsmanni	— 99 560

Skipverji hefur rétt til að fá kauptryggingu greidda vikulega, að frádregnum fæðiskostnaði að þeim hluta, sem skipverja ber að greiða sjálfur, sbr. samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað.

15. gr.

Ný grein er verði 20. gr. er orðist svo:

Um sérstök aflalaun:

Nái hlutur hálfri kauptryggingu (að meðtöldum fatapeningum sbr. h. lið 16. gr.) skal greiða sérstök aflalaun til þeirra skipverja, sem eru samfelld í skiprúmi allt tryggingartímabilið. Aflalaun þessi skulu nema 25% af þeirri fjárhæð, sem hluturinn fer fram úr hálfri kauptryggingu (að meðtöldum fatapeningum).

Kauptrygging og sérstök aflalaun skulu ráða kaup skipverja þar til hluturinn er orðinn hærri en nemur samtölu kauptryggingar og sérstakra aflaverðlauna skv. þessari grein.

16. gr.

19. gr. vertíðarsamningsins verði 21. gr. og orðast svo:

Um tryggingartímabil og uppsagnarfresti skipverja:

Á öllum veiðum samkvæmt samningum þessum skulu kauptryggingartímabil vera þessi:

- a) Frá 1. janúar—15. maí.
- b) Frá 16. maí—15. september.
- c) Frá 16. september—31. desember.

Heimilt er að skipta um veiðarfæri innan þessara tryggingartímabila, án þess að nýtt tryggingartímabil hefjist.

Nýtt kauptryggingartímabil tekur þó gildi í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar skipt er af síldveiðum yfir á aðrar veiðar.
2. Þegar loðnuveiðiskip fer til veiða á fjarlæg mið.
3. Þegar skip hefur stöðvast lengur en í 14 daga, af öðrum ástæðum en þeim, að veður hamli veiðum.
4. Línuveiðar, rækjuveiðar og hörpudiskaveiðar teljast sérstakt kauptryggingartímabil. Uppgjör skal þó miðast við hin almennu kauptryggingartímabil.

Uppsagnarfrestur undirmanna skal vera 7 dagar, en vélstjóra 3 mánuðir.

Heimilt er, að ráðningartími skipshafnar sé ákveðinn í byrjun vertíðar í samræmi við ofangreind tryggingartímabil.

Fari skipverji fyrirvaralaust úr skiprúmi, hefur útgerðin rétt á að krefja hann sömu fjárhæðar og henni bæri að borga vegna fyrirvaralausrar brottvikningar skipverjans úr skiprúmi.

Stöðvist skip af öðrum ástæðum en þeim, að veður hamli veiðum, skal greiða viðkomandi skipverjum skv. 1. mgr. 22. gr. fyrir þá daga, sem eru umfram 14, miðað við 40 stunda vinnuviku, enda hafi ráðningu eigi verið slitið.

Greiðsla þessi kemur til viðbótar við aflahlut, ef um hann er að ræða á viðkomandi kauptryggingartímabili, en fellur niður, ef aflahlutur nær ekki kauptryggingu.

Sé skip á veiðum, þegar nýtt kauptryggingartímabil hefst, skal afli þeirrar veiðiferðar skiptast á milli tímabila á þann hátt, að afla skal skipta jafnt á hvern dag frá því skipið fer á veiðar, og þar til það kemur úr veiðiferð á ný.

17. gr.

Við 19. gr., er verði 22. gr., bætist nýr liður g) liður.

„Ákvæði E og F liða 19. gr. skulu einnig taka til útilegu- og togbáta undir 160 rúml.“

18. gr.

3. mgr. 23. gr. orðist svo:

„Sé siglt með afla til sölu erlendis, skal söluverð aflans að frádregnum 20% vegna útflutningsgjalda“ o. s. frv.

19. gr.

Við 20. gr. bætist ný mgr. er verði 6. mgr. 23. gr.

„Komi til verkfalls sjómanna, er samningur þessi tekur til, heimilast skipum þeim, er verkfallið nær til, að ljúka veiðiferð þeirri, er þau voru komin í, þegar verkfallið hófst, þar með talin löndun, og telst þar með söluferð á erlendan markað. Hins vegar skuldbinda útgerðarmenn sig til að láta skipin koma heim og hætta að lokinni veiðiferðinni, ef verkfalli er ekki lokið.“

Sé ekki staðið við þá skuldbindingu, eru skipverjar ekki skyldir að framkvæma neina vinnu í þágu útgerðarinnar, nema þá einu að sigla skipinu heim.

20. gr.

8. mgr. 22. gr. breytist þannig og verði 8. mgr. 25. gr.

Um útbúnað skips og veiðarfæra á skuttogurum:

„Þegar skipverji er kvaddur til skips, skal miðað við það að skip sé ferðbúið og sjóklárt á þeim tíma, þegar skipverjar koma um borð, þ. e. þilfar hreint, matvælum og veiðarfærum komið fyrir í skipinu, veiðarfærum í veiðarfærageymslu.

Öll stykki í trollinu skulu koma um borð bolsuð og tilsniðin til ísetningar. Belgir og pokar samanleystir með hlíf og kolllínumöskvum. Höfuðlínur og fiskilínur skulu koma splæstar og vafðar. Fótreiði, grandarar og belgsnörflur skulu koma splæstar um borð. Séu teknir nýir virrar skulu þeir koma merktir og niðurraktir, og skulu skipverjar koma þeim fyrir á tromlurnar eftir að hafnarfrí er lokið.“

21. gr.

22. gr. breytist svo og verði 25. gr.

Í stað kr. 275.00 í 1. mgr. komi kr. 348.00.

Í stað kr. 385.00 í 3. mgr. komi kr. 490.00.

22. gr.

2. mgr. 23. gr. „Um löndunarfrí“ breytist þannig og verði 26. gr.

Í stað kr. 650.00 komi kr. 820.00.

23. gr.

Við 23. gr. bætist ný mgr., er verði 7. mgr. 26. gr., um hafnarfrí.

„Á skuttogurum skal skipverjum tryggt þriggja sólarhringa hafnarfrí yfir jólahelgina, sé skipið á veiðum fyrir heimamarkað.“

24. gr.

Við 23. gr. bætist ný mgr., er verði 10. mgr. 26. gr.

„Þegar hafnarfrí eru gefin, skal gilda sú aðalregla, að útgerðarmaður sjái um, að vélstjórar þurfi ekki að hafa eftirlit með skipi.

Þurfi vélstjórar að hafa eftirlit með skipi, skal þeim greitt kaup skv. launaskrá samnings þessa.

Auk þess skal útgerðarmaður sjá vélstjóra fyrir fari, ef hann þarf að fara á milli byggðarlaga í eftirlitsferðir.“

25. gr.

6. mgr. 27. gr. breytist þannig og verði 6. mgr. 30. gr.

„Sé skipverji óvinnufær að dómi læknis, og eigi útgerðin að lögum að greiða sjúkrakostnað hans og fæði, skal útgerðin greiða honum kr. 500.00 á dag.“

26. gr.

1. mgr. 32. gr. breytist svo, og verði 1. mgr. 35. gr.

Í stað 0.25% komi 0.4%.

27. gr.

33. gr. breytist svo, og verði 36. gr.

Í stað kr. 3 000.00 komi kr. 25 000.00.

28. gr.

Ný grein, er verði 37. gr.

„Nú fær skip í veiðarfæri verðmæti annað en fisk, sem er að verðmæti meira en 100 þúsund krónur í veiðiferð, þá skulu björgunarlaun eða annað andvirði fengins, ef um er að ræða, koma til skipta samkvæmt hlutaskiptareglum.

Ákvæði þetta á ekki við um eigin veiðarfæri.

Finnist eigandi að slíku verðmæti, skal því skilað án þess að krafist sé björgunarlauna.“

29. gr.

Ný grein, er verði 38. gr., og komi í stað síðari málsliðar 3. mgr. 36. gr.

Um endurskoðun frádráttarprósentu:

Ef tollar af ísfiski erlendis lækka almennt, svo að verulega muni á samnings-
tímabilinu, t. d. vegna milliríkjasamninga, skal frádráttarprósentu við sölur erlendis
lækka sem tollalækkun nemur.

30. gr.

33. gr. er verði 35. gr. orðist svo:

Samningur þessi gildir frá 16. febrúar 1976 til 15. maí 1977. Samningurinn er
uppsægjanlegur með 2ja mánaða fyrirvara. Sé honum ekki sagt upp framlengist
hann um eitt ár í senn með sama uppsagnarfresti.

Þótt samningur þessi sé gerður og undirritaður sameiginlega fyrir framangreind
félög, skal hvert félag fyrir sig teljast sérstakur samningsaðili, og þá einnig varð-
andi uppsögn.

Verði breyting á lögskráðu gengi íslensku krónunnar er samningur þessi upp-
segjanlegur með eins mánaðar uppsagnarfresti innan tveggja mánaða frá því gengis-
breyting tekur gildi.

SAMKOMULAG**um breytingar á****SÍLDAR- OG LOÐNUSAMNINGI****milli**

sömu aðila og að framan greinir.

1. gr.

g) liður 2. gr. fellur niður.

2. gr.

Ný grein, er verður 4. gr.

Um skiptakjör á reknetaveiðum.

Helgarfrí skal vera á reknetaveiðum.

Á reknetum skal síldin vegin upp úr bát.

Þegar aflinn er verkaður um borð, er heimilt að hafa tveimur fleiri en fyrr
greinir, án þess að grunnprósentan breytist.

Aldrei skal skipta í fleiri staði, en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

3. gr.

Í stað 2% í 3. mgr. 3. gr. samningsins komi 1.7%.

4. gr.

5. gr. verði 6. gr. samningsins og verður eftirfarandi:

d) liður breytist þannig, að í stað kr. 4 674.00 komi kr. 5 980.00.

e) liður breytist þannig, að í stað kr. 2 400.00 komi kr. 3 020.00.

f) liður breytist þannig, að í stað kr. 385.00 komi kr. 500.00.

5. gr.

6. gr. verði 7. gr. og orðist svo:

„Á skipum þeim, sem þessi samningur tekur til og stunda þær veiðar, sem
um getur, skal vera lögskráður matsveinn. Hann skal hafa $1\frac{1}{4}$ hásetahlut fyrir

störf sín sem matsveinn, enda beri honum að matreiða í höfn, ef skipverjar eru um borð, þó ekki í heimahöfn, nema skipverjar séu við vinnu um borð.

Matsveini ber að halda hreinum matsal og eldhúsi og íbúð skipstjóra. Allir fæðisreikningar skulu vera viðurkenndir af matsveini.“

3. mgr. breytist þannig, að í stað kr. 2 000.00 komi kr. 2 700.00.

6. gr.

7. gr. verði 8. gr. og orðist svo:

„Útgerðarmaður skal tryggja skipverjum lágmarkskaup fyrir hvern mánuð (30 daga) af ráðningartímanum, sem hér segir:

a) Hásetum	kr. 84 320.00
b) Matsveini	— 99 560.00
c) III. vélstjóra	— 99 560.00
d) II. vélstjóra	— 99 560.00
e) I. vélstjóra	— 114 800.00“

7. gr.

3. mgr. 9. gr. verði 3. mgr. 10. gr. og orðist svo:

„Þegar fyrir liggur ákveðin veiðiheimild til síldveiða í Norðursjó 1976 skal semja sérstaklega um frádráttarprósentu frá söluverði við síldarsölur erlendis.“

8. gr.

11. gr. sammingsins breytist og verður 12. gr.

Í stað kr. 275.00 komi kr. 348.00 og í stað kr. 400.00 komi kr. 486.00.

9. gr.

16. gr. breytist og verður 17. gr.

5. mgr. breytist þannig, að kr. 1 668.00 verði kr. 2 100.00.

6. mgr. sömu greinar breytist og verði:

„Sé skipverji óvinnufær að dómi læknis, og eigi útgerðin að greiða sjúkra-kostnað hans og fæði, skal útgerðin greiða honum kr. 500.00 pr. dag.“

10. gr.

1. mgr. 17. gr. breytist og verði 1. mgr. 18. gr.

„Í stað 0.25% komi 0.4%“.

11. gr.

25. gr. breytist svo og verði 26. gr.

„Í stað kr. 3 000.00 komi kr. 25 000.00“.

11. gr. a.

Við 13. gr. bætist ný málsgrein.

„Eftir að löndun síldar af heimamiðum lýkur skulu skipverjar hafa 12 stunda fri, þó 24 stunda, þegar landað er í heimahöfn“.

12. gr.

Ný grein, er verði 29. gr. og komi í stað síðari málsliðar 2. mgr. 28. gr.

Um endurskoðun frádráttarprósentu:

„Ef tollar af ísfiski erlendis lækka almennt, svo að verulega muni á sammings-tímabilinu, t.d. vegna milliríkjasamninga, skal frádráttarprósenta við sölu erlendis lækka sem tollalækkun nemur.“

Þegar skip selur afla til bræðslu erlendis skal aðeins stofnfjársgjald koma til frádráttar áður en til skipta kemur.“

13. gr.

28. gr. breyttist svo og verði 29. gr.

Samningur þessi gildir frá 16. febrúar 1976 til 15. maí 1977.

Samningurinn er uppsægjanlegur með 2ja mánaða fyrirvara. Sé honum ekki sagt upp framlengist hann um eitt ár í senn með sama uppsagnarfresti.

Þótt samningur þessi sé gerður og undirritaður sameiginlega fyrir framangreind félög, skal hvert félag fyrir sig teljast sérstakur samningsaðili, og þá einnig varðandi uppsögn.

Verði breyting á lögskráðu gengi íslensku krónunnar er samningur þessi uppsægjanlegur með eins mánaðar uppsagnarfresti innan tveggja mánaða frá því gengisbreyting tekur gildi.

S A M K O M U L A G**um breytingar á****FLUTNINGASAMNINGI****milli**

sömu aðila og að framan greinir.

Kaupliðir í flutningasamningi skulu hækka til samræmis við hækkanir í vertíðar- og síldar- og loðnusamningi.

Undirskriftir samningsaðila þessara þriggja samninga, þ.e. vertíðar-, síldar-, loðnuveiðisamnings og flutningasamnings.

Sami uppsagnarfrestur skal gilda á þeim öllum.

Reykjavík, 1. mars 1976.

F.h. Sjómannasambands Íslands vegna framangreindra stéttarfélaga sjómanna með fyrirvara um samþykki félaganna,

Jón Sigurðsson. Hilmar Jónsson. Þórður L. Ólafsson.

Sverrir Hákonarson. Guðmundur M. Jónsson. Óskar Vigfússon.

Guðjón Jónsson. Með fyrirvara um sérákvæði. Markús Þórðarson.

Jón Kr. Ólsen. Sigurg. Jónsson. Ársæll Pálsson.

F.h. Landssambands ísl. útvegsmanna vegna framangreindra útvegsmannafélaga með fyrirvara um samþykki einstakra félaga, stjórnar L.Í.Ú. og stjórnar Vinnuveitendasambands Íslands,

Kristján Ragnarsson. Sig. Finnsson. Björn Guðmundsson.

Jónas Haraldsson. Þórður Guðjónsson. Guðni Sturlaugsson.

Ágúst Flygenring. Ingólfur Arnarson. Þorst. Jóhannesson.

Óli Guðmundsson. Einar Símonarson.

Fylgiskjal II.**VERTÍÐAR-, LOÐNU- OG SÍLD-****VEIÐISAMNINGUR****milli**

Útvegsmannafélags Austfjarða og Alþýðusambands Austurlands.

1. gr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir hlutaskiptaákvæði þau, sem koma skulu í stað fyrri ákvæða samninga.

	Bátar, stærðarflokkar										Minni skutt. 260-500 brl.	
	12-20 brl.	21-30 brl.	31-50 brl.	51-110 brl.	111-200 brl.	201-300 brl.	301-500 brl.	501 brl. og yfir				
1. Lína:												
Grunnprósenta	38,0	32,0	29,5	28,5	28,2	27,5	27,5	27,5				
Áhafnarstærð	7	8	10	11	11	11	11	11				
2. Net:												
Grunnprósenta	38,0	32,0	29,5	28,5	28,2	28,0	27,5	27,5				
Áhafnarstærð	7	8	10	11	12	12	12	12				
3. Botnvarpa:												
Grunnprósenta	30,0	30,0	30,0	29,5	29,0	28,5	28,0	28,0			28,3	29,2
Áhafnarstærð	6	6	6	8	12	14	14	14			15	16
4. Dragnót:												
Grunnprósenta	32,5	32,5	32,5	32,5				
Áhafnarstærð	7	7	7	7				
5 Þorsknót:												
Grunnprósenta	34,0	34,0	34,0	33,0				
Áhafnarstærð	5	6	7	10				
6. Spæringsvarpa:												
Grunnprósenta	.	.	30,0	29,0	28,0	27,5	27,5	27,5			27,5	
Áhafnarstærð	.	.	6	6	7	9	10	10			12	
7. Líðuveiðar:												
Grunnprósenta	33,0	33,0	33,0	32,0	31,5	31,5	31,0	31,0				
Áhafnarstærð	5	5	6	9	12	12	12	12				
8. Gráláðuveiðar:												
Grunnprósenta	.	.	.	28,5	28,5	28,0	27,5	27,5				
Áhafnarstærð	.	.	.	13	13	13	13	13				
9. Rækjuvarpa:												
Grunnprósenta	31,0	31,0	31,0	30,0	28,5	28,0	28,0	28,0				
Áhafnarstærð	4	4	4	6	7	8	8	8				
10. Hörpudiskur:												
Grunnprósenta	35,0	35,0	35,0	35,0				
Áhafnarstærð	6	6	6	6				
11. Humarvarpa:												
Grunnprósenta	33,0	33,0	32,5	31,5	30,5	30,5	30,5	30,5				
Áhafnarstærð	6	6	6	6	6	6	6	6				
12. Síld- og loðnauv. m/hringnót												
Grunnprósenta	31,5	31,5	31,5	30,0	29,3	29,1	29,0	29,0				
Áhafnarstærð	6	6	6	10	12	14	14	14				
13. Loðnu-, kolumna- og síldv. m/flotvörpu												
Grunnprósenta	.	.	.	29,5	29,0	29,0	29,0	29,0				
Áhafnarstærð	.	.	.	8	10	14	14	14				
14. Reknetti¹⁾												
Grunnprósenta	.	.	34,0	33,0	32,0	31,5	31,0	31,0				
Áhafnarstærð	.	.	8	9	10	10	10	10				

Síldv. Loðnauv.

28,2 28,2
16 15
28,5 28,5
15 15

1) Þegar afliinn er verkeður um borð, er heimilt að hafa tveimur floiri en hér greinir án þess að grunnprósenta breytist.

2. gr.

Í 6. mlgr. 2. gr. samningsins komi 0.9% í stað 1%, og 1.8% í stað 2%.

3. gr.

Í stað 2% í 2. mlgr. 3. gr. samningsins komi 1.8%.

4. gr.

Í stað 1.5% í 2. mlgr. 5. gr. samningsins komi 1.3%.

5. gr.

Í stað 2% í 2. mlgr. 6. gr. samningsins komi 1.7%

6. gr.

Í stað 2% í 2. mlgr. 10. gr. samningsins komi 1.8%.

7. gr.

a) 12. gr. samningsins breytist og orðist svo:

„Um skiptakjör á spærlingsveiðum: Þegar veitt er með vörpu, skulu skipverjar fá“ o. s. frv.

b) Í stað 2% í 2. mlgr. 12. gr. komi 1.4%.

8. gr.**Um sérstök aflalaun:**

Nái hlutur hálfri kauptryggingu (að meðtöldum fatapeningum sbr. h. lið 16. gr.) skal greiða sérstök aflalaun til þeirra skipverja, sem eru samfelt í skiprúmi allt tryggingatímabilið. Aflalaun þessi skulu nema 25% af þeirri fjárhæð, sem hluturinn fer fram úr hálfri kauptryggingu (að meðtöldum fatapeningum).

Kauptrygging og sérstök aflalaun skulu ráða kaup skipverja þar til hluturinn er orðinn hærri en nemur samtölu kauptryggingar og sérstakra aflaverðlauna skv. þeirri grein.

9. gr.

Samningur þessi gildir frá 16. febrúar 1976 til 15. maí 1977.

Samningurinn er uppsegjanlegur með 2ja mánaða fyrirvara. Sé honum ekki sagt upp framlengist hann um eitt ár í senn með sama uppsagnarfresti.

Þótt samningur þessi sé gerður og undirritaður sameiginlega fyrir framan- greind félög, skal hvert félag fyrir sig teljast sérstakur samningsaðili, og þá einnig varðandi uppsögn.

Verði breyting á lögskráðu gengi íslensku krónunnar er samningur þessi uppsegjanlegur með eins mánaðar uppsagnarfresti innan tveggja mánaða frá því gengisbreyting tekur gildi.

S A M E I G I N L E G Y F I R L Ý S I N G**L. Í. Ú., S. S. Í., F. F. S. Í. og annarra sjómannafélaga.**

Aðilar eru sammála um að beina því til stjórnar aflatryggingasjóðs, að skipting áhafna í fæðispeningsflokka taki framvegis mið af fjarvistum frá heimahöfn en ekki af stærð skipa eingöngu eins og nú er, þannig að skip, sem hafa mikla útivist, geti komið í hæsta flokk, þótt þau séu undir 130 brl. að stærð.

Reykjavík, 29. febrúar 1976.

F. h. Alþýðusambands Austfjarða,

Sigfinnur Karlsson.

Landssamband ísl. útvegsmanna,

f. h. Útvegsmannafélags Austfjarða,

Kristján Ragnarsson. Björn Guðmundsson. Ágúst Flygenring.
Þorsteinn Jóhannesson. Óli Guðmundsson.

Fylgiskjal III.**S A M K O M U L A G**

um breytingar á

V E R T Í Þ A R S A M N I N G I

milli

Landssambands ísl. útvegsmanna og félags skipstjórnarmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir hlutaskiptaákvæði þau, sem koma skulu í stað fyrri ákvæða samninga.

	Bátar, stærðarflokkar								Minni skutt 260-500 brl.
	12-20 brl.	21-30 brl.	31-50 brl.	51-110 brl.	111-200 brl.	201-300 brl.	301-500 brl.	501 brl. og yfir	
1. Lína:									
Grunnprósenta	38,0	32,0	29,5	28,5	28,2	27,5	27,5	-	.
Áhafnarstærð	7	8	10	11	11	11	11	-	.
2. Net:									
Grunnprósenta	38,0	32,0	29,5	28,5	28,2	28,0	27,5	-	.
Áhafnarstærð	7	8	10	11	12	12	12	-	.
3. Botnvarpa:									
Grunnprósenta	30,0	30,0	30,0	29,5	29,0	28,5	28,0	-	28,3
Áhafnarstærð	6	6	6	8	12	14	14	-	15
4. Dragnót:									
Grunnprósenta	32,5	32,5	32,5	32,5	.	.	.	-	.
Áhafnarstærð	7	7	7	7	.	.	.	-	.
5. Þorsknót:									
Grunnprósenta	34,0	34,0	34,0	33,0	.	.	.	-	.
Áhafnarstærð	5	6	7	10	.	.	.	-	.
6. Spæringsvarpa:									
Grunnprósenta	.	.	30,0	29,0	28,0	27,5	27,5	27,5	.
Áhafnarstærð	.	.	6	6	7	9	10	12	.
7. Líðuveiðar:									
Grunnprósenta	33,0	33,0	33,0	32,0	31,5	31,5	31,0	-	.
Áhafnarstærð	5	5	6	9	12	12	12	-	.
8. Grálíðuveiðar:									
Grunnprósenta	.	.	.	28,5	28,5	28,0	27,5	-	.
Áhafnarstærð	.	.	.	13	13	13	13	-	.
9. Reekjuvarpa:									
Grunnprósenta	31,0	31,0	31,0	30,0	28,5	28,0	.	.	.
Áhafnarstærð	4	4	4	6	7	8	.	.	.
10. Hörpudiskur:									
Grunnprósenta	35,0	35,0	35,0	35,0
Áhafnarstærð	6	6	6	6
11. Humarvarpa:									
Grunnprósenta	33,0	33,0	32,5	31,5	30,5	30,5	.	.	.
Áhafnarstærð	6	6	6	6	6	6	.	.	.
12. Síld- og loðnuv. m/hringnót									
Grunnprósenta	31,5	31,5	31,5	30,0	29,3	29,1	29,0	28,2	28,2
Áhafnarstærð	6	6	6	10	12	14	14	16	15
13. Loðnu-, kolmunna- og síldv. m/lotvörpu									
Grunnprósenta	.	.	.	29,5	29,0	29,0	29,0	28,5	28,5
Áhafnarstærð	.	.	.	8	10	14	14	15	15
14. Rekneti¹⁾									
Grunnprósenta	.	.	34,0	33,0	32,0	31,5	31,0	.	.
Áhafnarstærð	.	.	8	9	10	10	10	.	.

Síldv. Loðnuv.

Síldv. Loðnuv.

1) Þegar aflinn er verkaður um borð, er heimilt að hafa tveimur fleiri en hér greindir án þess að grunnprósenta breytist.

2. gr.

Í stað 2% í 3. mgr. I. liðar 2. gr. samningsins komi 1.8%.

3. gr.

Í stað 2% í 2. mgr. II. liðar 2. gr. samningsins komi 1.8%.

4. gr.

Í stað 2% í 2. mgr. II. liðar 3. gr. samningsins komi 1.8%.

5. gr.

Í stað 1.5% í 2. mgr. 4. gr. samningsins komi 1.3%.

6. gr.

Í stað 7.78% í 1. mgr. 9. gr. samningsins komi 6.4%.

7. gr.

Í stað 2% í 2. mgr. 10. gr. samningsins komi 1.7%.

8. gr.

Í stað 2% í 2. mgr. 11. gr. samningsins komi 1.8%.

9. gr.

Í stað 2% í 3. mgr. 12. gr. samningsins komi 1.8%.

10. gr.

Ný grein, er verði 13. gr.

Aldrei skal skipta í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

Forfallist skráður skipverji, skal kauptrygging hans skiptast milli þeirra manna, sem þann róður fara.

11. gr.

Aftan við 13. gr. síðustu samninga komi eftirfarandi ný grein, er verði 14. gr.:

Komi fram nýjar veiði- eða verkunaraðferðir eða um verði að ræða breytingar á gildandi veiði- eða verkunaraðferðum, er horfa til verksparnaðar og hagræðingar, þá skulu samningsaðilar gera um það sérstakan samning, þ.á.m. um mannfjölda og skiptaprósentu, án uppsagnar á þessum samningi. Verði farið á fjarlægari mið en 1000 sjómilur frá Íslandi, skal semja um það sérstaklega. Aðilar eru sammála um að gera innan tveggja mánaða sérstakt samkomulag um þetta efni. Í því verði m. a. ákveðin kaupgreiðsla til áhafnar á siglingatíma til og frá miðum, þegar farið er á svo fjarlæg mið.

12. gr.

13. gr. samningsins breytist og verður 14. gr.

Í stað kr. 7 910.00 komi kr. 12 900.00.

Í stað kr. 5 930.00 komi kr. 9 675.00.

Í stað kr. 4 940.00 komi kr. 8 060.00.

13. gr.

15. gr. verði 17. gr. og orðist svo:

Lágmarkslaun og tryggingartímabil.

Útgerðarmaður tryggir skipstjórum og stýrimönnum mánaðarlegar greiðslur upp í hundradshluta afla þeirra, frá lögskráningardegi til afskráningardags, með mánaðarkaupi (30 daga) sem hér segir:

- a) Skipstjóri kr. 114 800.00 grunnlaun.
- b) I. stýrimaður kr. 114 800.00 grunnlaun.
- c) II. stýrimaður 99 560.00 grunnlaun.

Skipstjórar og stýrimenn greiða fæði sitt sjálfir, sbr. þó samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað.

Skipstjórar og stýrimenn hafa rétt til að fá kauptryggingu greidda vikulega, að frádregnum fæðiskostnaði, að því leyti, sem þeir greiða hann sjálfir, sbr. samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað.

14. gr.

Ný grein er verði 18. gr. er orðist svo:

Um sérstök aflalaun:

Nái hlutur hálfri kauptryggingu skal greiða sérstök aflalaun til þeirra skipverja, sem eru samfelt í skiprúmi allt tryggingartímabilið. Aflalaun þessi skulu nema 25% af þeirri fjárhæð, sem hluturinn fer fram úr hálfri kauptryggingu.

Kauptrygging og sérstök aflalaun skulu ráða kaupi skipverja þar til hluturinn er orðinn hærrí en nemur samtölu kauptryggingar og sérstakra aflaverðlauna skv. þessari grein.

15. gr.

15. gr. vertíðarsamningsins, er verði 17. gr., orðist svo:

Um tryggingartímabil og uppsagnarfresti skipverja:

Á öllum veiðum samkvæmt samningum þessum skulu kauptryggingartímabil vera þessi:

- a) Frá 1. janúar—15. maí.
- b) Frá 16. maí—15. september.
- c) Frá 16. september—31. desember.

Heimilt er að skipta um veiðarfæri innan þessara tryggingartímabila, án þess að nýtt tryggingartímabil hefjist.

Nýtt kauptryggingartímabil tekur þó gildi í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar skipt er af síldveiðum yfir á aðrar veiðar.
2. Þegar loðnuveiðiskip fer til veiða á fjarlæg mið.
3. Þegar skip hefur stöðvast lengur en í 14 daga, af öðrum ástæðum en þeim, að veður hamli veiðum.
4. Línuveiðar, rækjuveiðar og hörpudiskaveiðar teljast sérstakt kauptryggingartímabil. Uppgjör skal þó miðast við hin almennu kauptryggingartímabil.

Heimilt er, að ráðningartími skipshafnar sé ákveðinn í byrjun vertíðar í samræmi við ofangreind tryggingartímabil.

Fari skipverji fyrirvaralaust úr skiprúmi, hefur útgerðin rétt á að krefja hann sömu fjárhæðar og henni bæri að borga vegna fyrirvaralausrar brottvikningar skipverjans úr skiprúmi.

Stöðvist skip af öðrum ástæðum en þeim, að veður hamli veiðum, skal greiða viðkomandi yfirmönnum innan F.F.S.Í. skv. 1. mgr. 22. gr. fyrir þá daga, sem eru umfram 14, miðað við 40 stunda vinnuviku, enda hafi ráðningu eigi verið slitið.

Greiðsla þessi kemur til viðbótar við aflahlut, ef um hann er að ræða á viðkomandi kauptryggingartímabili, en fellur niður, ef aflahlutur nær ekki kauptryggingu.

Skipstjórar og stýrimenn eiga rétt á því að laun þeirra séu lögð inn í banka.

16. gr.

Við 16. gr. bætist ný mgr., er verði 4. mgr. 19. gr.

„Komi til verkfalls sjómanna, er samningur þessi tekur til, heimilast skipum þeim, er verkfallið nær til, að ljúka veiðiferð þeirri, er þau voru komin í, þegar verkfallið hófst, þar með talin löndun, og telst þar með söluferð á erlendan markað. Hins vegar skuldbinda útgerðarmenn sig til að láta skipin koma heim og hætta að lokinni veiðiferðinni, ef verkfalli er ekki lokið.“

Sé ekki staðið við þá skuldbindingu, eru skipverjar ekki skyldir að framkvæma neina vinnu í þágu útgerðarinnar, nema þá einu að sigla skipinu heim.

17. gr.

5. mgr. 17. gr. „Um löndunarfrí“ breytist þannig og verði 5. mgr. 19. gr. Í stað kr. 650.00 komi kr. 820.00.

18. gr.

Við 17. gr. bætist ný mgr., er verði 10. mgr. 26. gr., um hafnarfrí.

„Á skuttogurum skal skipverjum tryggt þriggja sólarhringa hafnarfrí yfir jólahelgina, sé skipið á veiðum fyrir heimamarkað“.

19. gr.

1. mgr. 19. gr. er verði 1. mgr. 21. gr. breytist þannig: Í stað kr. 313.00 komi kr. 474.00.

20. gr.

2. mgr. 21. gr. breytist þannig og verði 2. mgr. 23. gr.

„Sé skipverji óvinnufær að dómi lækni, og eigi útgerðin að lögum að greiða sjúkrakostnað hans og fæði, skal útgerðin greiða honum kr. 500.00 á dag“.

21. gr.

1. mgr. 24. gr. breytist svo, og verði 1. mgr. 26. gr. Í stað 0.175% komi 0.4%.

22. gr.

Ný grein, er verði 29. gr.

„Nú fær skip í veiðarfæri verðmæti annað en fisk, sem er að verðmæti meira en 100 þúsund krónur í veiðiferð, þá skulu björgunarlaun eða annað andvirði fengingsins, ef um er að ræða, koma til skipta samkvæmt hlutaskiptareglum.“

Ákvæði þetta á ekki við um eigin veiðarfæri.

Finnist eigandi að sliku verðmæti, skal því skilað án þess að krafist sé björgunarlauna“.

23. gr.

Ný grein, er verði 33. gr. og komi í stað 2. mgr. 33. gr.

Um endurskoðun frádráttarprósentu.

„Ef tollar af ísfiski erlendis lækka almennt, svo að verulega muni á samninga-tímabilinu, t. d. vegna millirikjasamninga, skal frádráttarprósenta við sölur erlendis lækka sem tollalækkun nemur“.

24. gr.

33. gr. er verði 35. gr. orðist svo:

Samningur þessi gildir til 15. maí 1977 með tveggja mánaða uppsagnarfresti. Sé samningi sagt upp, hefji aðilar þegar viðræður um þær breytingar sem óskað er eftir. Sé samningi ekki sagt upp framlengist hann um þrjá mánuði í senn með eins mánaðar uppsagnarfresti.

Verði breyting á lögskráðu gengi íslensku krónunnar, er samningur þessi uppsegjanlegur með 1 mánaðar uppsagnarfresti. Uppsögn skal hafa farið fram innan 2ja mánaða frá því að gengisbreyting varð.

Brjótist ófriður út í Vestur-Evrópu er samningur þessi uppsegjanlegur án fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum samhljóða og heldur hvor aðili sínu.

S A M K O M U L A G

um breytingar á

SÍLDAR- OG LOÐNUSAMNINGI

milli

sömu aðila og að framan greinir.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. breytist þannig, að í stað 8% komi 6.4%.

4. mgr. 2. gr. breytist þannig, að í stað kr. 1 920.00 komi kr. 3 020.00.

2. gr.

Ný grein, er verður 5. gr.

Um skiptakjör á reknetaveiðum:

Helgarfri skal vera á reknetaveiðum.

Á reknetum skal síldin vegin upp úr bát.

Þegar aflinn er verkaður um borð, er heimilt að hafa tveimur fleiri en fyrr greinir, án þess að grunnprósentan breytist.

Aldrei skal skipta í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

3. gr.

Í stað 2% í 3. mgr. 4. gr. samningsins komi 1.7%.

4. gr.

1. mgr. 6. gr., er verði 7. gr.

Í stað kr. 76 500.00 verði kr. 114 800.00.

Í stað kr. 76 500.00 verði kr. 114 800.00.

Í stað kr. 63 750.00 verði kr. 99 560.00.

5. gr.

4. mgr. 7. gr., er verði 4. mgr. 8. gr., orðist svo:

„Þegar fyrir liggur ákveðin veiðiheimild til síldveiða í Norðursjó 1976 skal semja sérstaklega um frádráttarprósentu frá söluverði við síldarsölu erlendis. Þegar skip selur afla til bræðslu erlendis skal aðeins stofnfjár sjóðsgjald koma til frádráttar áður en til skipta kemur.“

6. gr.

1. mgr. 8. gr., er verður 1. mgr. 9. gr., orðist svo:

Í stað kr. 313.00 verði kr. 474.00.

7. gr.

2. mgr. 11. gr. verði 2. mgr. 12. gr.

„Sé skipverji óvinnufær að dómi læknis, og eigi útgerðin að greiða sjúkrakostnað hans og fæði, skal útgerðin greiða honum kr. 500.00 pr. dag“.

8. gr.

2. mgr. 14. gr. verði 2. mgr. 15. gr.
Í stað 0.175% komi 0.4%.

9. gr.

Ný grein, er verði 24. gr. og komi í stað síðari málsliðar 2. mgr. 23. gr.

Um endurskoðun frádráttarprósentu.

„Ef tollar af ísfiski erlendis lækka almennt, svo að verulega muni á samnings-
tímabilinu, t. d. vegna milliríkjasamninga, skal frádráttarprósentan við sölur er-
lendis lækka sem tollalækkun nemur“.

10. gr.

23. gr. verður 25. gr. og orðist svo:

Samningur þessi gildir til 15. maí 1977 með tveggja mánaða uppsagnarfresti.
Sé samningi sagt upp, hefji aðilar þegar viðræður um þær breytingar sem óskað
er eftir. Sé samningi ekki sagt upp framlengist hann um þrjá mánuði í senn með
eins mánaðar uppsagnarfresti.

Verði breyting á lögskráðu gengi íslensku krónunnar, er samningur þessi upp-
segjanlegur með 1 mánaðar uppsagnarfresti. Uppsögn skal hafa farið fram innan
2ja mánaða frá því að gengisbreyting varð.

Brjótist ófriður út í Vestur-Evrópu er samningur þessi uppsegjanlegur án fyrir-
vara.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum samhljóða og heldur hvor aðili
sínu.

S A M K O M U L A G**um breytingar á****FLUTNINGASAMNINGI****milli****sömu aðilja og að framan greinir.**

Kaupliðir í flutningasamningi skulu hækka til samræmis við hækkanir í ver-
tiðar-, síldar- og loðnusamningi.

Sami uppsagnarfrestur skal gilda.

Undirskriftir samningsaðila þessara þriggja samninga, þ. e. vertiðar-, síldar-,
loðnuveiðisamnings og flutningasamnings.

Sami gildistími skal gilda á þeim öllum.

Reykjavík, 29. febr. 1976.

Með fyrirvara um samþykki stjórnar F.F.S.Í.

F. h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands,
Jónas Þorsteinsson. Ingólfur Stefánsson.

F. h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, Reykjavík.
Björn Ó. Þorfinnsson.

F. h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Kára, Hafnarfirði,
Guðbjartur Gunnarsson. Ásgeir Sölvason.

F. h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Vísis, Keflavík,
Ingólfur Falsson.

Verðlagsuppbót.

Greiða skal verðlagsuppbót á alla kaupliði samkvæmt samningi þessum eftir kaupgreiðsluvísitölu, sem reiknuð er í samræmi við kjarasamning milli A.S.Í. og V.Í. er undirritaður var hinn 28. febr. 1976.

Um hafnarfrí.

Við 9. gr. bætist ný málsgrein:

„Eftir að löndun sildar af heimamiðum lýkur skulu skipverjar hafa 12 stunda frí, þó 24 stunda, þegar landað er í heimahöfn.“

F. h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi, Vestmannaeyjum,
Gunnl. Ólafsson. Gísli Kristjánsson.

F. h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Hafþórs, Akranesi,
Jónas Þorsteinsson. Ingólfur Stefánsson.

F. h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis, Siglufirði,
Jónas Þorsteinsson. Ingólfur Stefánsson.

F. h. Skipstjórafélags Norðlendinga, Akureyri,
Jónas Þorsteinsson.

F. h. Landssambands íslenskra útvegsmanna, vegna eftirtalinna útvegsmannafélaga, með fyrirvara um samþykki einstakra félaga, stjórnar L.Í.Ú. og stjórnar Vinnuveitendasambands Íslands:

Útvegsmannafélag Reykjavíkur,
Útvegsmannafélag Hafnarfjarðar,
Útvegsmannafélag Hornafjarðar og Djúpavogs,
Útvegsmannafélag Vestmannaeyja,
Útvegsmannafélag Þorlákshafnar,
Útvegsmannafélag Suðurnesja,
Útvegsmannafélag Akraness,
Útvegsmannafélag Snæfellsness,
Útvegsmannafélag Eyjafjarðar og nágrennis,
Útvegsmannafélag Austfjarða og
Útvegsmannafélag Stokkseyrar.

Kristján Ragnarsson.	Björn Guðmundsson.	Ágúst Einarsson.
Jónas Haraldsson.	Sig. Finnsson.	Ágúst Flygenring.
Þórður Guðjónsson.	Ingólfur Arnarson.	Guðni Sturlaugsson.
Þorst. Jóhannesson.	Óli Guðmundsson.	Einar Símonarson.

Fylgiskjal IV.**SAMKOMULAG**

um breytingar á

VERTÍÐARSAMNINGI

milli

Landssambands ísl. útvegsmanna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands og Vélstjórafélags Vestmannaeyja hins vegar.

1. gr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir hlutaskiptaákvæði þau, sem koma skulu í stað fyrri ákvæða samninga.

	Bátar, stærðarflokkar										Minni skutt. 260-500 brl.	
	12-20 brl.	21-30 brl.	31-50 brl.	51-110 brl.	111-200 brl.	201-300 brl.	301-500 brl.	501 brl. og yfir				
1. Lína:												
Grunnprósenta	38,0	32,0	29,5	28,5	28,2	27,5	27,5	27,5	27,5	27,5	27,5	27,5
Áhafnarstærð	7	8	10	11	11	11	11	11	11	11	11	11
2. Net:												
Grunnprósenta	38,0	32,0	29,5	28,5	28,2	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0
Áhafnarstærð	7	8	10	11	12	12	12	12	12	12	12	12
3. Botvarpa:												
Grunnprósenta	30,0	30,0	30,0	29,5	29,0	28,5	28,5	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0
Áhafnarstærð	6	6	6	8	12	14	14	14	14	14	14	16
4. Dragnót:												
Grunnprósenta	32,5	32,5	32,5	32,5	·	·	·	·	·	·	·	·
Áhafnarstærð	7	7	7	7	·	·	·	·	·	·	·	·
5. Þorsknót:												
Grunnprósenta	34,0	34,0	34,0	33,0	·	·	·	·	·	·	·	·
Áhafnarstærð	5	6	7	10	·	·	·	·	·	·	·	·
6. Spæringsvarpa:												
Grunnprósenta	·	·	30,0	29,0	28,0	27,5	27,5	27,5	27,5	27,5	27,5	27,5
Áhafnarstærð	·	·	6	6	12	9	10	10	10	10	10	12
7. Lóðuveiðar:												
Grunnprósenta	33,0	33,0	33,0	32,0	31,5	31,5	31,5	31,0	31,0	31,0	31,0	31,0
Áhafnarstærð	5	5	6	9	12	12	12	12	12	12	12	12
8. Grálóðuveiðar:												
Grunnprósenta	·	·	·	28,5	28,5	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0
Áhafnarstærð	·	·	·	13	13	13	13	13	13	13	13	13
9. Rækjuvarpa:												
Grunnprósenta	31,0	31,0	31,0	30,0	28,5	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0
Áhafnarstærð	4	4	4	6	7	8	8	8	8	8	8	8
10. Hörpudiskur:												
Grunnprósenta	35,0	35,0	35,0	35,0	·	·	·	·	·	·	·	·
Áhafnarstærð	6	6	6	6	·	·	·	·	·	·	·	·
11. Humarvarpa:												
Grunnprósenta	33,0	33,0	32,5	31,5	30,5	30,5	30,5	30,5	30,5	30,5	30,5	30,5
Áhafnarstærð	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6
12. Síld- og loðnuv. m/hringnót												
Grunnprósenta	31,5	31,5	31,5	30,0	29,3	29,1	29,1	29,0	29,0	29,0	29,0	29,0
Áhafnarstærð	6	6	6	10	12	14	14	14	14	14	14	15
13. Loðnu-, kolmunna- og síldv. m/flotröppu												
Grunnprósenta	·	·	·	29,5	29,0	29,0	29,0	29,0	29,0	29,0	29,0	29,0
Áhafnarstærð	·	·	·	8	10	14	14	14	14	14	14	15
14. Rekneti:)												
Grunnprósenta	·	·	34,0	33,0	32,0	31,5	31,5	31,0	31,0	31,0	31,0	31,0
Áhafnarstærð	·	·	8	9	10	10	10	10	10	10	10	10

Síldv. Loðnuv.

1) Þegar aflinn er verkaður um borð, er heimilt að hafa tveimur fleiri en hér greinir án þess að grunnprósenta breytist.

2. gr.

Í stað 2% í 3. mgr. I. liðar 2. gr. samningsins komi 1.8%.

3. gr.

Í stað 2% í 2. mgr. II. liðar 2. gr. samningsins komi 1.8%.

4. gr.

Í stað 2% í 2. mgr. II. liðar 3. gr. samningsins komi 1.8%.

5. gr.

Í stað 1.5% í 2. mgr. 4. gr. samningsins komi 1.3%.

6. gr.

Í stað 2% í 2. mgr. 10. gr. samningsins komi 1.7%.

7. gr.

Í stað 2% í 2. mgr. 11. gr. samningsins komi 1.8%.

8. gr.

Í stað 2% í 3. mgr. 12. gr. samningsins komi 1.8%.

9. gr.

Ný grein, er verði 13. gr.

Aldrei skal skipta í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

Forfallist skráður skipverji, skal kauptrygging hans skiptast milli þeirra manna, sem þann róður fara.

10. gr.

Aftan við 13. gr. síðustu samninga komi eftirfarandi ný grein, er verði 14. gr:

Komi fram nýjar veiði- eða verkunaraðferðir eða um verði að ræða breytingar á gildandi veiði- eða verkunaraðferðum er horfa til verksparnaðar og hagræðingar, þá skulu samningsaðilar gera um það sérstakan samning, þ.á.m. um mannfjölda og skiptaprósentu, án uppsagnar á þessum samningi. Verði farið á fjarlægari mið en 1000 sjómílna veg frá Íslandi, skal semja um það sérstaklega.

Aðilar eru sammála um að gera innan tveggja mánaða sérstakt samkomulag um þetta efni. Í þessu samkomulagi verði m. a. ákveðin kaupgreiðsla til áhafnar á siglingatíma til og frá miðum, þegar lengra er farið til veiða en 1000 sjómílur frá Íslandi.

11. gr.

13. gr. breytist og verður 14. gr.

Í stað 5 930.00 komi kr. 9 675.00.

Í stað 4 940.00 komi kr. 8 060.00.

12. gr.

15. gr. verði 17. gr. og orðist svo:

Útgerðarmaður tryggir vélstjórum mánaðarlegar greiðslur upp í hundraðshluta afla þeirra, frá lögskráningardegi til afskráningardags, með mánaðarkaupi (30 daga), sem hér segir:

- a) I. vélstjóri kr. 114 800.00 grunnlaun.
- b) II. vélstjóri kr. 99 560.00 grunnlaun.
- c) III. vélstjóri kr. 99 560.00 grunnlaun.

13. gr.

Ný grein er verði 18. gr. er orðist svo:

Um sérstök aflalaun:

Nái hlutur hálfri kauptryggingu skal greiða sérstök aflalaun til þeirra skipverja, sem eru samfelld í skiprúmi allt tryggingatímabilið. Aflalaun þessi skulu nema 25% af þeirri fjárhæð, sem hluturinn fer fram úr hálfri kauptryggingu.

Kauptrygging og sérstök aflalaun skulu ráða kaupi skipverja þar til hluturinn er orðinn hærri en nemur samtölu kauptryggingar og sérstakra aflaverðlauna skv. þessari grein.

14. gr.

15. gr. vertíðarsamningsins, er verði 19. gr., orðist svo:

Um tryggingartímabil og uppsagnarfresti skipverja:

Á öllum veiðum samkvæmt samningum þessum skulu kauptryggingartímabil vera þessi:

- a) Frá 1. janúar—15. maí.
- b) Frá 16. maí—15. september.
- c) Frá 16. september—31. desember.

Heimilt er að skipta um veiðarfæri innan þessara tryggingartímabila, án þess að nýtt tryggingartímabil hefjist.

Nýtt kauptryggingartímabil tekur þó gildi í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar skipt er af síldveiðum yfir á aðrar veiðar.
2. Þegar loðnuveiðiskip fer til veiða á fjarlæg mið.
3. Þegar skip hefur stöðvast lengur en í 14 daga, af öðrum ástæðum en þeim, að veður hamli veiðum.
4. Línuveiðar, rækjuveiðar og hörpudiskaveiðar teljast sérstakt kauptryggingartímabil. Uppgjör skal þó miðast við hin almennu kauptryggingartímabil.

Heimilt er, að ráðningartími skipshafnar sé ákveðinn í byrjun vertíðar í samræmi við ofangreind tryggingartímabil.

Fari skipverji fyrirvaralaust úr skiprúmi, hefur útgerðin rétt á að krefja hann sömu fjárhæðar og henni bæri að borga vegna fyrirvaralausrar brottvikningar skipverjans úr skiprúmi.

Stöðvist skip af öðrum ástæðum en þeim, að veður hamli veiðum, skal greiða viðkomandi yfirmönnum innan F. F. S. Í. skv. 1. mgr. 22. gr. fyrir þá daga, sem eru umfram 14, miðað við 40 stunda vinnuviku, enda hafi ráðningu eigi verið slitið.

Greiðsla þessi kemur til viðbótar við aflahlut, ef um hann er að ræða á viðkomandi kauptryggingartímabili, en fellur niður, ef aflahlutur nær ekki kauptryggingu.

15. gr.

Við 16. gr. bætist ný mgr.

Komi til verkfalls sjómanna, er samningur þessi tekur til, heimilast skipum þeim, er verkfallið nær til, að ljúka veiðiferð þeirri, er þau voru komin í, þegar verkfallið hófst, þar með talin löndun og telst þar með söluferð á erlendan markað. Hins vegar skuldbinda útgerðarmenn sig til að láta skipin koma heim og hætta að lokinni veiðiferðinni, ef verkfalli er ekki lokið.

Sé ekki staðið við þá skuldbindingu, eru skipverjar ekki skyldir að framkvæma neina vinnu í þágu útgerðarinnar, nema þá einu að sigla skipinu heim.

16. gr.

5. mgr. 17. gr. „Um löndunarfrí“ breytist þannig og verði 5. mgr. 20. gr.

Í stað kr. 650.00 komi kr. 820.00.

17. gr.

Við 17. gr. bætist ný mgr., er verði 13. mgr. 20 gr., um hafnarfrí.

Á skuttogurum skal skipverjum tryggt þriggja sólarhringa hafnarfrí yfir jólahelgina, sé skipið á veiðum fyrir heimamarkað.

18. gr.

1. mgr. 19. gr. er verði 1. mgr. 22. gr. breytist þannig:

Í stað kr. 326.00 komi kr. 474.00.

19. gr.

1. mgr. 21. gr. breytist þannig og verði 1. mgr. 24. gr.

Sé skipverji óvinnufær að dómi læknis, og eigi útgerðin að lögum að greiða sjúkrakostnað hans og fæði, skal útgerðin greiða honum kr. 500.00 á dag.

20. gr.

2. mgr. 24. gr. breytist svo og verði 2. mgr. 27. gr.

Í stað 0.175% komi 0.4%.

21. gr.

19. gr. er verði 21. gr. 6. mgr. 3ja lína.

Inn í hana bætist eftirfarandi, á eftir „unnið samtals 8 klst. að viðgerð“ — en þó hálfu skemmri tíma á landróðrabátum.

22. gr.

Ný grein, er verði 30. gr.

Nú fær skip í veiðarfæri verðmæti annað en fisk, sem er að verðmæti meira en 100 þúsund krónur í veiðiferð, þá skulu björgunarlaun eða annað andvirði fengsins, ef um er að ræða, koma til skipta samkvæmt hlutaskiptareglum.

Ákvæði þetta á ekki við um eigin veiðarfæri.

Finnist eigandi að slíku verðmæti, skal því skilað án þess að krafist sé björgunarlauna.

23. gr.

Ný grein, er verði 34. gr. og komi í stað 2. mgr. 33. gr.

Um endurskoðun frádráttarprósentu.

Ef tollar af ífiski erlendis lækka almennt svo að verulegu muni á samnings-tímabilinu, t. d. vegna millirikjasamninga, skal frádráttarprósenta við sölur erlendis lækka, sem tollalækkun nemur.

24. gr.

Samningur þessi gildir til 15. maí 1977 með tveggja mánaða uppsagnarfresti. Sé samningi sagt upp, hefji aðilar þegar viðræður um þær breytingar, sem óskað er eftir. Sé samningi ekki sagt upp framlengist hann um þrjá mánuði í senn með eins mánaðar uppsagnarfresti.

Verði breyting á lögskráðu gengi íslensku krónunnar, er samningur þessi uppsegjanlegur með 1 mánaðar uppsagnarfresti. Uppsögn skal hafa farið fram innan 2ja mánaða frá því að gengisbreyting varð.

Brjótist ófriður út í Vestur-Evrópu er samningur þessi uppsegjanlegur án fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum samhljóða og heldur hvor aðili sínu.

S A M K O M U L A G
um breytingar á
SÍLDAR- OG LOÐNUSAMNINGI
milli
sömu aðila og að framan greinir.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. breytist þannig, að í stað kr. 1 920.00 komi kr. 3 020.00.

2. gr.

Ný grein, er verður 5 gr.

Um skiptakjör á reknetaveiðum:

Helgarfrí skal vera á reknetaveiðum.

Á reknetum skal síldin vegin upp úr báti.

Þegar aflinn er verkaður um borð, er heimilt að hafa tveimur fleiri en fyrr greinir, án þess að grunnprósentan breytist.

Aldrei skal skipta í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

3. gr.

Í stað 2% í 3. mgr. 4. gr. samningsins komi 1.7%.

4. gr.

1. mgr. 6. gr. sem verði 7. gr.

a) Í stað kr. 76 500.00 komi kr. 114 800.00.

b) Í stað kr. 63 750.00 komi kr. 99 560.00.

c) Í stað kr. 63 750.00 komi kr. 99 560.00.

5. gr.

4. mgr. 7. gr., er verði 4. mgr. 8. gr., orðist svo:

Þegar fyrir liggur ákveðin veiðiheimild til síldveiða í Norðursjó 1976 skal semja sérstaklega um frádráttarprósentu frá söluverði við síldarsölur erlendis.

Þegar skip selur afla til bræðslu erlendis skal aðeins stofnfjár sjóðsgjald koma til frádráttar síðar er til skipta kemur.

6. gr.

1. mgr. 8. gr., er verður 1. mgr. 9. gr., orðist svo:

Í stað kr. 326.00 verði kr. 490.00.

7. gr.

1. mgr. 11. gr. verði 1. mgr. 12. gr.

Sé skipverji óvinnufær að dómi læknis og eigi útgerðin að greiða sjúkrakostnað hans og fæði, skal útgerðin greiða honum kr. 500.00 pr. dag.

8. gr.

2. mgr. 14. gr. verði 2. mgr. 15. gr.

Í stað 0.175% komi 0.4%.

9. gr.

Ný grein, er verði 24. gr. og komi í stað síðari málsliðar 2. mgr. 23. gr.

Um endurskoðun frádráttarprósentu.

Ef tollar af ísfiski erlendis lækka almennt, svo að verulega muni á samnings-
tímabilinu, t. d. vegna milliríkjasamninga, skal frádráttarprósentu við sölur erlendis
lækka, sem tollalækkun nemur.

10. gr.

23. gr. verður 25. gr. og orðist svo:

Samningur þessi gildir til 15. maí 1977 með tveggja mánaða uppsagnarfresti.
Sé samningi sagt upp, hefji aðilar þegar viðræður um þær breytingar, sem óskað
er eftir. Sé samningi ekki sagt upp framlengist hann um þrjá mánuði í senn með
eins mánaðar uppsagnarfresti.

Verði breyting á lögskráðu gengi íslensku krónunnar, er samningur þessi upp-
segjanlegur með 1 mánaðar uppsagnarfresti. Uppsögn skal hafa farið fram innan
2ja mánaða frá því að gengisbreyting varð.

Brjótist ófriður út í Vestur-Evrópu er samningur þessi uppsegjanlegur án fyrir-
vara.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum samhljóða og heldur hvor aðili
sínu.

11. gr.

Við 9. gr. bætist ný málsgrein:

Eftir að löndun síldar af heimamiðum lýkur skulu skipverjar hafa 12 stunda
frí, þó 24 stunda, þegar landað er í heimahöfn.

S A M K O M U L A G**um breytingar á****FLUTNINGASAMNINGI****milli**

sömu aðila og að framan greinir.

Kaupliðir í flutningasamningi skulu hækka til samræmis við hækkanir í ver-
tiðar-, síldar- og loðnusamningi.

Sami uppsagnarfrestur skal gilda.

Verðlagsuppbót.

Greiða skal verðlagsuppbót á alla kaupliði samkvæmt samningi þessum eftir
kaupgreiðsluvísitölu, sem reiknuð er í samræmi við kjarasamning milli A.S.Í. og
V.Í. er undirritaður var hinn 28. febr. 1976.

Reykjavík, 1. mars 1976.

Með fyrirvara um samþykki stjórnar F.F.S.Í. og eftirtalinna féлага:

F. h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands,
Jónas Þorsteinsson. Ingólfur Stefánsson.

F. h. Vélstjórafélags Íslands,
Ingólfur Sig. Ingólfsson. Helgi Laxdal.

F. h. Vélstjórafélags Vestmannaeyja,
Hjálmar Guðmundsson. Ólafur Guðmundsson.

F. h. Landssambands íslenskra útvegsmanna, vegna eftirtalinna útvegsmannafélaga, með fyrirvara um samþykki einstakra félaga, stjórnar L.Í.Ú. og stjórnar Vinnuveitendasambands Íslands:

Útvegsmannafélag Reykjavíkur,
 Útvegsmannafélag Hafnarfjarðar,
 Útvegsmannafélag Hornafjarðar og Djúpavogs,
 Útvegsbændafélag Vestmannaeyja,
 Útvegsmannafélag Þorlákshafnar,
 Útvegsmannafélag Suðurnesja,
 Útvegsmannafélag Akraness,
 Útvegsmannafélag Snæfellsness,
 Útvegsmannafélag Eyjafjarðar og nágrennis,
 Útvegsmannafélag Austfjarða,
 Útvegsmannafélag Stokkseyrar.

Kristján Ragnarsson.	Björn Guðmundsson.	Ágúst Einarsson.
Ágúst Flygenring.	Sig. Finnsson.	Ingólfur Arnarson.
Þórður Guðjónsson.	Þorst. Jóhannesson.	Guðni Sturlaugsson.
Einar Símonarson.	Jónas Haraldsson.	Óli Guðmundsson.

Fylgiskjal V.

S A M N I N G U R milli annars vegar

Sjómannasambands Íslands f.h. Sjómannafélags Reykjavíkur, Sjómannafélags Hafnarfjarðar, Sjómannafélags Eyjafjarðar, Sjómannadeildar Verkalýðsfélags Akraness og Matšveinafélags S.S.Í.

og hins vegar

Félags ísl. botnvörpuskipa eigenda, um breytingar á samningi aðila frá 27. júní 1975.

1. gr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir hlutaskiptaákvæði þau, sem koma skulu í stað fyrri ákvæða samninga.

	Bátar, stærðarflokkar								Minni skutt. 260-500 brl.
	12-20 brl.	21-30 brl.	31-50 brl.	51-110 brl.	111-200 brl.	201-300 brl.	301-500 brl.	501 brl. og yfir	
1. Lína:	Grunnprósenta 38,0	32,0	29,5	28,5	28,2	27,5	27,5		
	Áhafnarstærð 7	8	10	11	11	11	11		
2. Net:	Grunnprósenta 38,0	32,0	29,5	28,5	28,2	28,0	27,5		
	Áhafnarstærð 7	8	10	11	12	12	12		
3. Botnvarpa:	Grunnprósenta 30,0	30,0	30,0	29,5	29,0	28,5	28,0	28,3	29,2
	Áhafnarstærð 6	6	6	8	12	14	14	15	16
4. Dragnót:	Grunnprósenta 32,5	32,5	32,5	32,5
	Áhafnarstærð 7	7	7	7
5. Þorsknót:	Grunnprósenta 34,0	34,0	34,0	33,0
	Áhafnarstærð 5	6	7	10
6. Spærtingsvarpa:	Grunnprósenta .	.	30,0	29,0	28,0	27,5	27,5	27,5	.
	Áhafnarstærð .	.	6	6	7	9	10	12	.
7. Láðuveiðar:	Grunnprósenta 33,0	33,0	33,0	32,0	31,5	31,5	31,0		
	Áhafnarstærð 5	5	6	9	12	12	12		
8. Grálúðuveiðar:	Grunnprósenta .	.	.	28,5	28,5	28,0	27,5		
	Áhafnarstærð .	.	.	13	13	13	13		
9. Rækjavarpa:	Grunnprósenta 31,0	31,0	31,0	30,0	28,5	28,0	.		
	Áhafnarstærð 4	4	4	6	7	8	.		
10. Hörpudiskur:	Grunnprósenta 35,0	35,0	35,0	35,0	.	.	.		
	Áhafnarstærð 6	6	6	6	.	.	.		
11. Humarvarpa:	Grunnprósenta 33,0	33,0	32,5	31,5	30,5	30,5	.		
	Áhafnarstærð 6	6	6	6	6	6	.		
12. Síld- og loðnuv. m/hringnót	Grunnprósenta 31,5	31,5	31,5	30,0	29,3	29,1	29,0	Síldv. Loðnuv. 28,2 28,2	
	Áhafnarstærð 6	6	6	10	12	14	14	16 15	
13. Loðnu-, kolumma- og síldv. m/flotvörpu	Grunnprósenta .	.	.	29,5	29,0	29,0	29,0	28,5 28,5	
	Áhafnarstærð .	.	.	8	10	14	14	15 15	
14. Reknót¹⁾	Grunnprósenta .	.	34,0	33,0	32,0	31,5	31,0	.	
	Áhafnarstærð .	.	8	9	10	10	10	.	

1) Þegar aflinn er verkaður um borð, er heimilt að hafa tveimur fleiri en hér greinir án þess að grunnprósenta breytest.

2. gr.

Í stað „0.78% aflaverðlaun“ í 2. og 3. gr. komi „0.64% aflaverðlaun“.

3. gr.

Í stað „0.3% aukaafleverðlaun“ í 4. mgr. 2. gr. komi „0.246% aukaafleverðlaun“.

4. gr.

Þar sem í 4. gr. stendur „0.08% fyrir hvern“ standi „0.066% fyrir hvern“.

Þar sem í sömu gr. stendur „0.05% fyrir hvern“ standi „0.041% fyrir hvern“.

5. gr.

Niðurlag 24. gr. orðist svo:

„... skal frádráttarprósenta lækka sem tollalækkun nemur“.

6. gr.

Samningur þessi gildir frá og með 15. febrúar 1976, en varðandi aflaverðlaun og aukaafleverðlaun fyrir þær veiðiferðir, sem hófust fyrir 15. febrúar, en lauk/lýkur eftir 14. febrúar 1976 og síðan.

Að öðru leyti skulu ákvæði 26. gr. um gildistíma o.fl. óbreytt standa.

Reykjavík, 1. mars 1976.

F.h. Sjómannasambands Íslands vegna framangreindra félaga, með fyrirvara um samþykki viðkomandi félaga,

Jón Sigurðsson.

Óskar Vigfússon.

Guðjón Jónsson.

Hilmar Jónsson.

Guðm. M. Jónsson.

Ársæll Pálsson.

F.h. Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, með fyrirvara um samþykki félagsfundar og Vinnuveitendasambands Íslands,

Marteinn Jónsson.

Ingimar Einarsson.

Kristján Ragnarsson.

Fylgiskjal VI.**SAMNINGUR**

milli annars vegar

Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis, Vélstjórafélags Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Kára,

Skipstjórafélags Norðlendinga og Félags ísl. loftskeytamanna

og hins vegar

Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda um breytingar á samningum aðila frá 27. júní 1976.

1. gr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir hlutskiptiákvæði þau, sem koma skulu í stað fyrri ákvæða samninga.

	Bátar, stærðarflokkar										Minni skutt. 200-500 brl.
	12-20 brl.	21-30 brl.	31-50 brl.	51-110 brl.	111-200 brl.	201-300 brl.	301-500 brl.	501 brl. og yfir			
1. Lína:	Grunnprósenta Áhafnarstærð	38,0 7	32,0 8	29,5 10	28,5 11	28,2 11	27,5 11	27,5 11			
2. Net:	Grunnprósenta Áhafnarstærð	38,0 7	32,0 8	29,5 10	28,5 11	28,2 12	28,0 12	27,5 12			
3. Botnvarpa:	Grunnprósenta Áhafnarstærð	30,0 6	30,0 6	30,0 6	29,5 8	29,0 12	28,5 14	28,0 14			28,3 15
4. Dragnót:	Grunnprósenta Áhafnarstærð	32,5 7	32,5 7	32,5 7	32,5 7						29,2 16
5. Þorsknót:	Grunnprósenta Áhafnarstærð	34,0 5	34,0 6	34,0 7	33,0 10						
6. Spæringsvarpa:	Grunnprósenta Áhafnarstærð			30,0 6	29,0 6	28,0 7	27,5 9	27,5 10			27,5 12
7. Lúðuveiðar:	Grunnprósenta Áhafnarstærð	33,0 5	33,0 5	33,0 6	32,0 9	31,5 12	31,5 12	31,0 12			
8. Grálúðveiðar:	Grunnprósenta Áhafnarstærð				28,5 13	28,5 13	28,0 13	27,5 13			
9. Rækjuvarpa:	Grunnprósenta Áhafnarstærð	31,0 4	31,0 4	31,0 4	30,0 6	28,5 7	28,0 8				
10. Hörpuðiskur:	Grunnprósenta Áhafnarstærð	35,0 6	35,0 6	35,0 6	35,0 6						
11. Humarvarpa:	Grunnprósenta Áhafnarstærð	33,0 6	33,0 6	32,5 6	31,5 6	30,5 6	30,5 6				
12. Síld- og loðnuv. m/hringnót	Grunnprósenta Áhafnarstærð	31,5 6	31,5 6	31,5 6	30,0 10	29,3 12	29,1 14	29,0 14			Síldv. Loðnuv. 28,2 28,2 16 15
13. Loðnu-, kolumunna- og síldv. m/flotröppu	Grunnprósenta Áhafnarstærð				29,5 8	29,0 10	29,0 14	29,0 14			28,5 15
14. Reknet¹⁾	Grunnprósenta Áhafnarstærð			34,0 8	33,0 9	32,0 10	31,5 10	31,0 10			

1) Þegar aflinn er verkaður um borð, er heimilt að hafa tveimur fleiri en hér greindir án þess að grunnprósenta breytist.

2. gr.

Aflaverðlaun samkv. 2. og 3. gr. samninganna breytist þannig:

Skipstjóri	hafi	2.83%	í stað	3.45%
1. stýrimaður	—	1.50%	—	1.83%
2. stýrimaður	—	1.15%	—	1.40%
1. vélstjóri	—	1.50%	—	1.83%
2. vélstjóri	—	1.19%	—	1.45%
3. vélstjóri	—	1.03%	—	1.25%
4. vélstjóri	—	0.86%	—	1.05%
Loftskeytamaður	—	1.15%	—	1.40%

3. gr.

Aukaafleverðlaun samkvæmt 2. gr. samninganna verði 0.246% í stað 0.3%.

4. gr.

Ákvæði 2. gr. samninganna um sérstök aflaverðlaun vegna fækkunar í skipshöfn breytist þannig:

Þar sem stendur	0.23%	komi	0.189%	(vélstjórar)
— — —	0.08%	—	0.066%	
— — —	0.05%	—	0.041%	

5. gr.

Niðurlag 17. gr. í samningi Ægis, 20. gr. Vélstjórafélags Íslands svo og Öldunnar, Kára og Skipstjórafél. Norðlendinga og 26. gr. í samningi Fél. ísl. loftskeytamanna orðist svo: „... skal frádráttarprósenta lækka sem tollalækkun nemur“.

6. gr.

Samningur þessi gildir frá og með 15. febrúar 1976, en varðandi aflaverðlaun og aukaafleverðlaun fyrir þær veiðiferðir, sem hófust fyrir 15. febrúar, en lauk/lýkur eftir 14. febr. 1976 og síðan.

Að öðru leyti skulu ákvæði ofangreindra samninga um gildistíma, uppsögn o.fl. óbreytt standa.

Reykjavík, 1. mars 1976.

F.h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis, með fyrirvara um samþykki félagsfundar,

e. u. Ingólfur Stefánsson.

F. h. Vélstjórafélags Íslands, með fyrirvara um samþykki félagsfundar,
Ingólfur Sig. Ingólfsson. Helgi Laxdal.

F. h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, með fyrirvara um samþykki félagsfundar,

Björn Ó. Þorfinnsson.

F. h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Kára, með fyrirvara um samþykki félagsfundar,

Ásgeir Sölvason.

F. h. Skipstjórafélags Norðlendinga, með fyrirvara um samþykki félagsfundar,
Jónas Þorsteinsson.

F. h. Félags isl. loftskoytamanna, með fyrirvara um samþykki félagsfundar,

F. h. Félags isl. botnvörpuskipaeigenda, með fyrirvara um samþykki félagsfundar og Vinnuveitendasambands Íslands,

Mart. Jónasson.

Ingimar Einarsson.

Kristján Ragnarsson.

Fylgiskjal VII.

VERTÍÐARSAMNINGUR

um kaup og kjör háseta, matsveina og vélstjóra á Vestfjörðum, milli Alþýðusambands Vestfjarða og Útvegsmannafélags Vestfjarða.

1. gr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir hlutaskiptaákvæði þau, sem koma skulu í stað fyrri ákvæða samninga.

	Bátar, stærðarflokkar										Minni skutt. 260-500 brl.									
	12-20 brl.	21-30 brl.	31-50 brl.	51-110 brl.	111-200 brl.	201-300 brl.	301-500 brl.	501 brl. og yfir												
1. Lína:																				
Grunnprósenta	38,0	32,0	29,5	28,5	28,2	27,5	27,5	27,5	27,5	27,5	27,5	27,5	27,5	27,5	27,5	27,5	27,5	27,5	27,5	27,5
Áhafnarstærð	7	8	10	11	11	11	11	11	11	11	11	11	11	11	11	11	11	11	11	11
2. Net:																				
Grunnprósenta	38,0	32,0	29,5	28,5	28,2	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0
Áhafnarstærð	7	8	10	11	12	12	12	12	12	12	12	12	12	12	12	12	12	12	12	12
3. Botnvarpa:																				
Grunnprósenta	30,0	30,0	30,0	29,5	29,0	28,5	28,5	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0
Áhafnarstærð	6	6	6	8	12	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14
4. Dragnót:																				
Grunnprósenta	32,5	32,5	32,5	32,5	32,5	32,5	32,5	32,5	32,5	32,5	32,5	32,5	32,5	32,5	32,5	32,5	32,5	32,5	32,5	32,5
Áhafnarstærð	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7
5. Þorsknót:																				
Grunnprósenta	34,0	34,0	34,0	33,0	33,0	33,0	33,0	33,0	33,0	33,0	33,0	33,0	33,0	33,0	33,0	33,0	33,0	33,0	33,0	33,0
Áhafnarstærð	5	6	7	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10	10
6. Speðlingsvarpa:																				
Grunnprósenta	33,0	33,0	33,0	32,0	31,5	31,5	31,5	31,5	31,5	31,5	31,5	31,5	31,5	31,5	31,5	31,5	31,5	31,5	31,5	31,5
Áhafnarstærð	5	5	6	9	12	12	12	12	12	12	12	12	12	12	12	12	12	12	12	12
7. Lúðuveiðar:																				
Grunnprósenta	31,0	31,0	31,0	30,0	28,5	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0	28,0
Áhafnarstærð	4	4	4	6	7	8	8	8	8	8	8	8	8	8	8	8	8	8	8	8
8. Grálúðuveiðar:																				
Grunnprósenta	35,0	35,0	35,0	35,0	35,0	35,0	35,0	35,0	35,0	35,0	35,0	35,0	35,0	35,0	35,0	35,0	35,0	35,0	35,0	35,0
Áhafnarstærð	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6
9. Rækjuvarpa:																				
Grunnprósenta	33,0	33,0	32,5	31,5	30,5	30,5	30,5	30,5	30,5	30,5	30,5	30,5	30,5	30,5	30,5	30,5	30,5	30,5	30,5	30,5
Áhafnarstærð	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6
10. Hörpuðiskur:																				
Grunnprósenta	31,5	31,5	31,5	30,0	29,3	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1
Áhafnarstærð	6	6	6	10	12	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14
11. Humarvarpa:																				
Grunnprósenta	31,5	31,5	31,5	30,0	29,3	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1
Áhafnarstærð	6	6	6	10	12	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14
12. Síld- og loðnuv. m/hringnót																				
Grunnprósenta	31,5	31,5	31,5	30,0	29,3	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1
Áhafnarstærð	6	6	6	10	12	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14
13. Loðnu-, kolmunna- og síldv. m/flotvörpu																				
Grunnprósenta	31,5	31,5	31,5	30,0	29,3	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1
Áhafnarstærð	6	6	6	10	12	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14
14. Reknet(!)																				
Grunnprósenta	31,5	31,5	31,5	30,0	29,3	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1	29,1
Áhafnarstærð	6	6	6	10	12	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14

Síldv. Loðnuv.

1) Þegar afinn er verkaður um borð, er heimilt að hafa tveimur fleiri en hér greinir án þess að grunnprósenta breytist.

2. gr.

Í stað 2% í 2. mgr. II. liðar 1. gr. samningsins komi 1.8%.

3. gr.

Í stað 2% í 2. mgr. 3. gr. samningsins komi 1.7%.

4. gr.**Um sérstök aflalaun.**

Nái hlutur hálfri kauptryggingu (að meðtöldum fatapeningum sbr. h. lið 16. gr.) skal greiða sérstök aflalaun til þeirra skipverja, sem eru samfelld í skiprúmi allt tryggingartímabilið. Aflalaun þessi skulu nema 25% af þeirri fjárhæð, sem hluturinn fer fram úr hálfri kauptryggingu (að meðtöldum fatapeningum).

Kauptrygging og sérstök aflalaun skulu ráða kaupverja þar til hluturinn er orðinn hærri en nemur samtölu kauptryggingar og sérstakra aflaverðlauna skv. þeirri grein.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING**L.Í.Ú., S.S.Í., F.F.S.Í. og annarra sjómannafélaga.**

Aðilar eru sammála um að beina því til stjórnar aflatryggingasjóðs, að skipting áhafna í fæðispeningaflokka taki framvegis mið af fjarvistum frá heimahöfn en ekki af stærð skipa eingöngu eins og nú er, þannig að skip, sem hafa mikla útivist, geti komið í hæsta flokk, þótt þau séu undir 130 brl. að stærð.

Fylgiskjal VIII.**S A M K O M U L A G**

um breytingar á vertíðarsamningi, dags. 22. maí 1975,
milli Útvegsmannafélags Austfjarða annars vegar

og

Alþýðusambands Austurlands hins vegar, f.h. Verkalýðs- og sjómannafélaganna á
Vopnafirði, Borgarfirði, Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði, Reyðarfirði,
Fáskrúðsfirði, Breiðdalsvík og Djúpavogi.

1. gr.

Í stað kr. 5 135.00 í 2. og 4. mgr. 2. gr. komi kr. 6 450.00.

2. gr.

Í stað kr. 5 135.00 í 4. mgr. 3. gr. komi kr. 6 450.00.

3. gr.

Í stað 8 400.00 í e) lið 15. gr. komi kr. 12 680.00.

Aukaþóknun landformanns á línubát verði kr. 102.00 pr. lest.

Í stað kr. 4 675.00 í g) lið 15. gr. komi kr. 5 980.00.

Í stað kr. 2 400.00 í h) lið 15. gr. komi kr. 3 020.00.

Í stað kr. 385.00 í i) lið 15. gr. komi kr. 490.00.

4. gr.

Aftan við 17. gr. komi nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Í stað 2., 3. og 4. mgr. 17. gr. komi:

Á öllum veiðum samkvæmt samningi þessum skulu kauptryggingartímabil vera þessi:

- a) Frá 1. janúar — 15. maí.
- b) Frá 16. maí — 15. september.
- c) Frá 16. september — 31. desember.

Heimilt er að skipta um veiðarfæri innan þessara tryggingartímabila, án þess að nýtt tryggingartímabil hefjist.

Nýtt kauptryggingartímabil tekur þó gildi í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar skipt er af síldveiðum yfir á aðrar veiðar.
2. Þegar loðnuveiðiskip fer til veiða á fjarlæg mið.
3. Þegar skip hefur stöðvast lengur en í 14 daga, af öðrum ástæðum en þeim, að veður hamli veiðum.
4. Línuveiðar, rækjuveiðar og hörpuveiðar teljast sérstakt kauptryggingartímabil. Uppgjör skal þó miðast við hin almennu kauptryggingartímabil.

Aftan við 17. mgr. komi nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Stöðvist skip af öðrum ástæðum en þeim, að veður hamli veiðum, skal greiða viðkomandi skipverjum kr. 348.00 pr. klst. í dagvinnu fyrir þá daga, sem eru umfram 14, miðað við 40 stunda vinnuviku, enda hafi ráðningu eigi verið slitið.

Greiðsla þessi kemur til viðbótar við aflahlut, ef um hann er að ræða á viðkomandi kauptryggingartímabili, en fellur niður, ef aflahlutur nær ekki kauptryggingu.

Nýtt kauptryggingartímabil tekur gildi, þegar veiðar hefjast að nýju.

Forfallist skráður skipverji skal kauptrygging hans skiptast milli þeirra manna, sem þann róður fara.

5. gr.

Í stað kr. 385.00 í 4. mgr. 21. gr. komi kr. 490.00 og 9. mgr. 21. gr. orðist svo:

Öll stykki í troll skulu koma um borð bolsuð og tilsniðin, tilbúin til ísetningar, belgir samanleystir með línunum, heilir og hálfir pokar samanleystir með hlíf og línunum og hnýttum kolllínunumöskvum. Höfuðlínur og allir leggir skulu koma splæstir og merktir með kúlum vöðum og bensluðum. Fótreiði, grandarar og belgstroffur skulu koma splæst um borð og fisklínur splæstar og vafðar. Allur vir komi splæstur og tilbúinn um borð.

6. gr.

Í stað 6 klst. í 1. mgr. 22. gr. komi 8 klst. og 8. mgr. 22. gr. orðist svo:

Á skuttogurum, sem landa innanlands og hafnarfrí er gefið á, skal tilgreina tímalengd hafnarfrís um leið og það er veitt. Nú breytist af einhverjum ástæðum áður ákveðinn tími hafnarfrís, skal þá tilkynna skipshöfn með minnst fjögurra klst. fyrirvara breyttan brottfarartíma.

Sé skip ekki sjóklárt þegar allir skipverjar eru mættir til skips, ber þeim að biða 1 klst., en eftir þann tíma ber skipstjóra að fresta brottför tafarlaust um 4 klst.

Skipverjar, sem skipstjóri hefur ekki náð til af einhverjum ástæðum, eiga ekki rétt á að krefjast frestunar á brottför skipsins skv. 2. mgr.

7. gr.

Í stað kr. 1 668.00 í 5. mgr. 26. gr. komi kr. 2 100.00 og í stað kr. 380.00 í 6. mgr. 26. gr. komi kr. 500.00.

8. gr.

Ný málsgrein er verði 35. gr. samningsins orðist svo:

**Um nýjar veiði- eða verkunaraðferðir og kaupgreiðslur
vegna siglinga á fjarlægari mið.**

Komi fram nýjar veiði- eða verkunaraðferðir eða um verði að ræða breytingar á gildandi veiði- eða verkunaraðferðum, er horfa til verksparnaðar og hagræðingar, þá skulu samningsaðilar gera um það sérstakan samning, þ. á m. um mannfjölda og skiptaprósentu, án uppsagnar á þessum samningi. Verði farið á fjarlægari mið en 1 000 sjómilur frá Íslandi, skal semja um það sérstaklega. Aðilar eru sammála um að gera innan tveggja mánaða sérstakt samkomulag um þetta efni. Í því verði m.a. ákveðin kaupgreiðsla til áhafnar á siglingatíma til og frá miðum, þegar stefnt er á svo fjarlæg mið.

9. gr.

Ný málsgrein er verði 36. gr. samningsins orðist svo:

Um sérstakt lífeyrissjóðsframlag.

Útgerðarmaður skal greiða mótframlag til lífeyrissjóðs á móti skipverja, óski hann þess, fyrir þau tímabil, sem líða milli veiðitímabila, sé skipverjinn áfram í skipprúmi. Einnig skal útgerðarmaður greiða á sama hátt mótframlag á móti skipverja í leyfum allt að 3 mánuði á ári.

Skipverji skal samt vera skráður í 6 mánuði (180 daga) á ári á viðkomandi skipi til að njóta þessara réttinda.

10. gr.

Ný málsgrein er verði 37. gr. samningsins orðist svo:

Um skiptingu andvirðis bjargaðra verðmæta, er koma upp með veiðarfærum.

Nú fær skip í veiðarfæri verðmæti annað en fisk, sem er að verðmæti meira en 100 þúsund krónur í veiðiferð, þá skulu björgunarlaun eða annað andvirði fengsins, ef um er að ræða, koma til skipta samkvæmt hlutaskiptareglum.

Ákvæði þetta á ekki við um eigin veiðarfæri.

Finnist eigandi að slíku verðmæti, skal því skilað án þess að krafist sé björgunarlauna.

Slæði skip upp eigin botnvörpu eða botnvörpu, sem eigandi finnst að, skal útgerðarmaður greiða skipverjum næturvinnukaup, skv. launaskrá samningsaðila þessa, umfram 4 klst., og þar til búið er að ganga frá vörpunni, sem slædd var upp. Sama skal gilda þótt ekki takist að slæða upp vörpuna, uns tilraunum er hætt.

11. gr.

Ný málsgrein er verði 38. gr. samningsins orðist svo:

Um endurskoðun frádráttarprósentu.

Ef tollar af ísfiski erlendis lækka almennt, svo að verulegu muni, á samnings tímabilinu, t. d. vegna milliríkjasamninga, skal frádráttarprósentu við sölu erlendis lækka sem tollalækkun nemur.

12. gr.

Ný málsgrein er verði 39. gr. samningsins orðist svo:

Fyrir að slægja fisk um borð í útilegubátum sem veiða með þorskanetum og

linu fyrir innanlandsmarkað skal greiða skipverjum sem að því vinna, svo sem samrýmist skyldustörfum hvers og eins kr. 650.00 fyrir hvert aðgert tonn fisks.

13. gr.

35. gr. eldri samnings verður 40. gr. og orðist svo:

Samningur þessi gildir frá 16. febrúar 1976 til 15. maí 1977.

Samningurinn er uppsegjanlegur með 2ja mánaða fyrirvara. Sé honum ekki sagt upp framlengist hann um eitt ár í senn með sama uppsagnarfresti.

Þótt samningur þessi sé gerður og undirritaður sameiginlega fyrir framan- greind félög, skal hvert félag fyrir sig teljast sérstakur samningsaðili, og þá einnig varðandi uppsögn.

Verði breyting á lögskráðu gengi íslensku krónunnar er samningur þessi upp- segjanlegur með eins mánaðar uppsagnarfresti innan tveggja mánaða frá því gengisbreyting tekur gildi.

Reykjavík, 27. mars 1976.

F.h. Alþýðusambands Austurlands, með fyrirvara um samþykki einstakra félaga,
Sigfinnur Karlsson. Hallsteinn Friðþjófsson. Jóhannes Sigurðsson.
Gunnar Gíslason. Rafn Einarsson.

F.h. Útvegsmannafélags Austfjarða, með fyrirvara um samþykki stjórnar L.Í.Ú.,
Jóhann R. Sigurðsson. Vöggur Jónsson. Gísli Jónatansson.
Óðinn Loftsson. Kristján Ragnarsson. Ág. Einarsson.

SAMKOMULAG

um breytingu á síldar- og loðnusamningi milli sömu aðila og í vertíðarsamningi.

1. gr.

Í stað kr. 4 674.00 í d) lið 4. gr. komi kr. 5 980.00.

Í stað kr. 2 400.00 í e) lið 4. gr. komi kr. 3 020.00.

Í stað kr. 385.00 í f) lið 4. gr. komi kr. 490.00.

2. gr.

Í stað 2 200.00 í 4. mgr. 5. gr. komi kr. 2 700.00.

3. gr.

Kauptrygging og sérstök aflalaun verði með sama hætti og í vertíðarsamningi.

Aftan við 6. gr. kemur ný málsg., sem orðist svo:

Forfallist skráður skipverji skal kauptrygging hans skiptast milli þeirra manna sem þann róður fara.

4. gr.

Í stað kr. 300.00 í 5. mgr. 6. gr. komi kr. 348.00.

5. gr.

Í stað kr. 385.00 í 2. mgr. 10. gr. komi kr. 490.00.

6. gr.

Í stað kr. 1 668.00 í 5. mgr. 14. gr. komi kr. 2 100.00.
 Í stað kr. 385.00 í 6. mgr. 14. gr. komi kr. 500.00.

7. gr.

Í stað 0.33% í 1. mgr. 15. gr. komi 0.4%.

8. gr.

Í stað kr. 300.00 í 24. gr. komi kr. 348.00.

9. gr.

Í stað kr. 10 000.00 í 25. gr. komi kr. 25 000.00.

10. gr.

20. gr., Um hafnarfrí, orðist svo:

Komi skip með ísaða síld af fjarlægum miðum til löndunar í íslenskri höfn, skulu skipverjar hafa frí frá löndun aflans og þar til skipið er tilbúið í næstu veiðiferð, þó aldrei skemur en í 1 sólarhring.

Eftir að löndun síldar af heimamiðum lýkur, skulu skipverjar hafa 12 klst. frí, þó 24 klst. frí, þegar landað er í heimahöfn.

11. gr.

Ný grein er verði 27. gr. orðist þannig:

Um endurskoðun frádráttarprósentu.

Ef tollar af ísfiski erlendis lækka almennt, svo að verulega muni á samnings-
 tímabilinu, t.d. vegna milliríkjasamninga, skal frádráttarprósenta við sölur erlendis
 lækka sem tollalækkun nemur.

12. gr.**Um nýjar veiði- eða verkunaraðferðir og kaupgreiðslur vegna siglinga á fjarlægari mið.**

Komi fram nýjar veiði- eða verkunaraðferðir eða um verði að ræða breytingar á gildandi veiði- eða verkunaraðferðum, er horfa til verksparnaðar og hagræðingar, þá skulu samningaaðilar gera um það sérstakan samning, þ. á m. um mannfjölda og skiptaprósentu, án uppsagnar á þessum samningi. Verði farið á fjarlægari mið en 1 000 sjómíli frá Íslandi, skal semja um það sérstaklega. Aðilar eru sammála um að gera innan tveggja mánaða sérstakt samkomulag um þetta efni. Í því verði m.a. ákveðin kaupgreiðsla til áhafnar á siglingatíma til og frá miðum, þegar er farið á svo fjarlæg mið.

13. gr.

27. gr. eldri samnings verði 29. gr. og orðist svo:

Samningur þessi gildir frá 16. febrúar 1976 til 15. maí 1977.

Samningurinn er uppsegjanlegur með 2ja mánaða fyrirvara. Sé honum ekki sagt upp framlengist hann um eitt ár í senn með sama uppsagnarfresti.

Þótt samningur þessi sé gerður og undirritaður sameiginlega fyrir framan-
 greind félög, skal hvert félag fyrir sig teljast sérstakur samningsaðili, og þá einnig
 varðandi uppsögn.

Verði breyting á lögskráðu gengi íslensku krónunnar er samningur þessi uppsegjanlegur með eins mánaðar uppsagnarfresti innan tveggja mánaða frá því gengisbreyting tekur gildi.

14. gr.

Ákvæði 36. gr. vertíðarsamnings um sérstakt lífeyrissjóðsframlag gildir einnig fyrir þennan samning.

Reykjavík, 27. mars 1976.

F.h. Alþýðusambands Austurlands, með fyrirvara um samþykki einstakra félaga,

Sigfinnur Karlsson.

Hallsteinn Friðbjólfsson.

Jóhannes Sigurðsson.

Gunnar Gíslason.

Rafn Einarsson.

F.h. Útvegsmannafélags Austfjarða, með fyrirvara um samþykki stjórnar L.Í.Ú.,

Jóhann R. Sigurðsson.

Vöggur Jónsson.

Gísli Jónatansson.

Óðinn Loftsson.

Kristján Ragnarsson.

Ágúst Einarsson.

Fylgiskjal IX.

**Undirrituð samtök eru sammála um eftirtaldar viðbætur við
síldar- og loðnusamning dags. 1. marz '76:**

1. gr.

Í stað 4. mgr. í 12. gr. síldar- og loðnusamnings S. S. Í. og 4. mgr. 10. gr. samnings F. F. S. Í. og V. Í. kemur ný málsgrein, er hljóði svo:

„Þegar skip selur síld erlendis til vinnslu, skal söluverð aflans að frá-dregnum 11% vegna útflutningsgjalds, tolla og löndunar- og sölukostnaðar koma til skipta á sama hátt og greitt er í 2.—4. gr. þessa samnings eftir því sem við á, sbr. þó lög nr. 4/1976.“

2. gr.

Ný grein, er verði 32. gr. í samningi S. S. Í., en 25. gr. í samningi F. F. S. Í. og V. Í.:

„Sé farið til loðnuveiða við Nýfundnaland, skal greiða skipverjum kaup skv. flutningasamningi í 6 sólarhringa hvora leið.

Sé farið til loðnuveiða í Barentshaf, skal greiða skipverjum kaup skv. flutningasamningi í 5 sólarhringa hvora leið.

Frá kauptryggingartímabilinu dragast þeir dagar, sem flutningakaup er greitt.“

Í viðkomandi greinar um tryggingartímabil komi:

„2. Loðnuveiðar á fjarlægum miðum teljast sérstakt kauptryggingar-tímabil.“

Reykjavík, 14. maí 1976.

F. h. Landssambands ísl. útvegsmanna,

Kristján Ragnarsson. Óli Guðmundsson. Þorsteinn Jóhannesson.

Ágúst Einarsson. Ingólfur Arnarson.

F. h. Sjómannasambands Íslands.

Hilmar Jónsson. Guðm. M. Jónsson. Skúli Einarsson.

Kjartan Kristófersson. Marteinn Sigurðsson. Tryggvi Helgason.

Óskar Vigfússon.

F. h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Ingólfur Sig. Ingólfsson.

Fylgiskjal X.**S A M K O M U L A G**

um breytingar á kjarasamningum eftirtaldra aðila,
er undirritaðir voru hinn 1. mars 1976, ásamt viðauka, dags. 14. maí s.l.,
er gildi að öðru leyti óbreyttir
milli

Sjómannasambands Íslands f.h. Sjómannafélags Reykjavíkur, Sjómanna- og vélstjóradeildar Verkalýðsfélags Akraness, Sjómannadeildar Verkalýðsfélagsins Aftur-elding, Hellissandi, Verkalýðsfélagsins Jökuls, Ólafsvík, Verkalýðsfélagsins Stjórn-unnar, Grundarfirði, Verkalýðsfélags Stykkishólms, Verkalýðsfélags Skagastrandar, Verkamannafélagsins Fram, Sauðárkróki, Verkamannafélagsins Farsæll, Hofsósi, Verkalýðsfélagsins Vöku, Siglufirði, Sjómannafélags Eyjafjarðar, Verkalýðsfélagsins Jökuls, Höfn, Hornafirði, Sjómannafélagsins Jötuns, Vestmannaeyjum, Verkalýðs- félags Hveragerðis vegna Þorlákshafnar, Sjómanna- og vélstjóradeildar Verkalýðs- félags Grindavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélags Gerðahrepps, Verkalýðs- og sjó- mannafélags Miðneshrepps, Sjómannadeildar Verkalýðs- og sjómannafélags Kefla- víkur, Vélstjórufélags Suðurnesja, Sjómannafélags Hafnarfjarðar og Matsveinafélags S.S.Í. annars vegar og hins vegar Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Út- vegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Snæfellsness, Útvegsmannafélags Norðurlands, Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs, vegna útvegsmanna á Hornafirði, Útvegsbændafélags Vestmannaeyja, Út- vegsmannafélags Þorlákshafnar, Útvegsmannafélags Suðurnesja og Útvegsmannafé- lags Hafnarfjarðar.

VERTÍÐARSAMNINGUR.**I. Hlutaskiptaákvæði.**

Netaveiðar á skipum 301—500 rúml. 28.0% miðað við 12 menn.
Botnvörpuveiðar á skipum 301—500 rúml. 28.5% miðað við 14 menn.
Veiðar á minni skuttogurum 260—500 rúml. 28.8% miðað við 15 menn. 29.7% miðað við 16 menn.
Breytingar þessar skulu gilda frá 16. maí 1976.

II. Frádráttarprósenta við ísfisksölur erlendis.

3. mgr. 24. gr. breytist þannig, að í stað 20% komi 13%.

Breyting þessi skal gilda frá undirskriftardegi samnings þessa og miðast við að „bókun 6“ sé í gildi. Falli bókun 6 úr gildi á samningstímanum, skulu samnings- aðilar koma sér saman um nýja frádráttarprósentu. Takist það ekki, skal Þjóðhags- stofnunin úrskurða um hana.

FLUTNINGASAMNINGUR**I. Um mánaðarkaup í flutningum.**

1. gr. samningsins verði þannig:

Mánaðarkaup skipverja skal vera sem hér segir:

Háseti	kr. 92 120.00
Matsveinn	— 108 200.00
II. vélstjóri	— 108 200.00
I. vélstjóri	— 124 060.00

Framangreint kaup gildir, þegar skip flytur lausan ísvarðan fisk til sölu á erlendan markað.

Í öðrum tilvikum, þegar greitt er samkv. flutningasamningi, skal mánaðarkaup vera kr. 8 180.00 herra til hvers manns.

Skipverjar hafi frítt fæði.

Breyting þessi skal gilda frá 1. ágúst 1976.

SAMEIGINLEGT ÁKVÆÐI

fyrir vertíðarsamning, síldar- og loðnusamning og flutningasamning.

- I. Um líf- og örorkutryggingu fer samkvæmt lögum nr. 58/1972 og lögum nr. 108/1972, þó með þeirri breytingu að dánarbætur hækki úr 1 milljón kr. í 2 millj. kr. og örorkubætur úr 3 millj. kr. í 6 millj. kr.
Breyting þessi skal gilda frá 15. ágúst 1976.

Reykjavík, 28. júlí 1976.

F.h. Sjómannasambands Íslands vegna framangreindra stéttarféлага sjómanna,
með fyrirvara um samþykki félaganna,

Jón Sigurðsson. Guðjón Jónsson. Jón Kr. Ólsen.
Hilmar Jónsson. Óskar Vigfússon. Karl Steinar Guðnason.
Guðberg Halldórsson.

F.h. Landssambands ísl. útvegsmanna vegna framangreindra útvegsmannafélaga,
með fyrirvara um samþykki einstakra féлага, stjórnar L.Í.Ú. og stjórnar

Vinnuveitendasambands Íslands,

Kristján Ragnarsson. Björn Guðmundsson. Ingólfur Arnarson.
Jónas Haraldsson.

Viðbótarskjal.

S A M K O M U L A G

Sjómannasamband Íslands, Alþýðusamband Vestfjarða, Alþýðusamband Austurlands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, fyrir hönd sjómanna, og Landssamband íslenskra útvegsmanna og Félag íslenskra botnvörpuskipaeigenda, fyrir hönd útvegsmanna, gera með sér samkomulag um eftirgreind atriði:

1. Þar sem ríkisstjórnin hefur lýst því yfir, að hún muni beita sér fyrir setningu laga og reglugerða í samræmi við tillögur og ábendingar tillögunefndar um sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti, lýsa aðilar því yfir, að þeir muni gera þá samninga sín á milli, sem nú eru lausir, um kjör sjómanna á grundvelli tillagna og ábendinga, sem fram koma í skýrslu nefndarinnar, dags. 19. janúar 1976.
2. Aðilar lýsa því enn fremur yfir, að þeir muni beita sér fyrir því, að heimildir verði veittar til þess að taka þegar upp samninga á þessum grundvelli um breytingar á þeim kjarasamningum aðila, sem ekki hefur verið sagt upp, með sama hætti og væru þeir lausir.
3. Aðilar þessa samkomulags gera ráð fyrir, að ríkisstjórnin láti fara fram sérstaka athugun á kjörum áhafna og afkomu útgerðar á stærri togurum (þ.e. 500 brl. og yfir) við þessar breytingar. Athugun þessi verði gerð í samráði við samtök sjómanna og útvegsmanna og fulltrúa þeirra byggðarlaga, sem sérstakra hagsmuna eiga að gæta, með það fyrir augum að tryggja atvinnu sjómanna og rekstur sjávarútvegsfyrirtækja á þessum stöðum, sbr. og bréf sjávarútvegsráðuneytisins til Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda, dags. 3. júlí 1975.

Reykjavík, 8. febrúar 1976.

F.h. Sjómannasambands Íslands,
Jón Sigurðsson.

F.h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands,
Ingólfur Stefánsson.

F.h. Alþýðusambands Austurlands,
Sigfinnur Karlsson.

F.h. Alþýðusambands Vestfjarða,
Pétur Sigurðsson.

F.h. Landssambands ísl. útvegsmanna,
Kristján Ragnarsson.

F.h. Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda,
Ingimar Einarsson.

Gjört í Reykjavík 13. maí 1977.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um veitingu ríkisborgaréttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgarétt skulu öðlast:

1. Ahsan, Ikram, verkamaður í Kópavogi, f. á Indlandi 29. október 1947.
2. Árskóg, Gestur Jóhannes, barn á Dalvík, f. í Englandi 2. júlí 1967.
3. Ballestad, Tore Lie, arkitekt í Reykjavík, f. í Noregi 16. júlí 1944. Fær réttinn 1. júní 1977.
4. Bartlett, Thomas Henry, verkamaður í Reykjavík, f. í Englandi 2. ágúst 1940.
5. Becker, Edward Philip, barn í Reykjavík, f. á Spáni 21. maí 1969.
6. Becker, Jacqueline Michelle, barn í Reykjavík, f. á Spáni 24. apríl 1973.
7. Blöndal, Stefán Patrik, barn í Reykjavík, f. í Indónesíu 28. júní 1976.
8. Bocchino, Stefán Þór, nemandi í Reykjavík, f. á Íslandi 22. febrúar 1961.
9. Brown, Elizabeth Anna, skrifstofustúlka í Reykjavík, f. á Íslandi 17. febrúar 1949.
10. Brynjar Þór Þorsteinsson, barn í Hafnarfirði, f. í Noregi 20. maí 1970.
11. Chan, Sonja Arna, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 30. júní 1976.
12. Dam, Edith, húsmóðir á Reynisbrekku í Mýrdal, f. í Færeyjum 14. mars 1938.
13. Damjanowitch, Martina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýskalandi 29. apríl 1955.
14. Guðjónsson (f. Davidsen), Gynda María, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 26. ágúst 1923.
15. Gunnhildur Hekla Jóhannsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Þýskalandi 30. september 1974.
16. Heide, Paul Reynir, úrsmiður í Reykjavík, f. á Íslandi 28. júní 1952.
17. Helgeland, Tordis Lillian, húsmóðir á Dalvík, f. í Noregi 18. ágúst 1937.
18. Jacobsen, Birgitta Þorkels, verkakona í Reykjavík, f. í Danmörku 22. október 1952.
19. Jepson, Dóra Ingunn, f. á Íslandi 17. október 1962.
20. Johannesen, Jona Alvilda Gertrud, húsmóðir í Kópavogi, f. í Færeyjum 21. febrúar 1940.
21. Karl Jóhann Ingólfsson, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 12. febrúar 1964.
22. Kristján Jónas Kristjánsson, verkamaður í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 26. mars 1956.
23. Kulp, Georg, nemandi í Þykkvabæ, f. á Íslandi 7. ágúst 1960.
24. Lilaa, Jonhild Franciska, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 23. júní 1919.
25. McDougall, William, gjaldkeri í Reykjavík, f. í Skotlandi 12. nóvember 1932.
26. Magnús Þorgeirsson, barn á Ólafsfirði, f. í Vestur-Þýskalandi 17. febrúar 1972.
27. Meyer, Dieter, vélvirki í Hafnarfirði, f. í Þýskalandi 16. mars 1953.
28. Olesen, Kim Svanberg, sjómaður á Seyðisfirði, f. í Danmörku 28. júní 1961.
29. Pedersen, Dagny Ingeborg Graversen, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Danmörku 8. október 1926.
30. Pétur Kristjánsson, verkamaður í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 31. júlí 1952.
31. Phillips, Margaret Ann, húsmóðir í Rangárvallasýslu, f. í Englandi 14. janúar 1937.
32. Poulsen, Joen Henrik, vélstjóri í Reykjavík, f. í Færeyjum 13. janúar 1908.
33. Purkhús, Jógvan Martín, verslunarmaður á Akureyri, f. í Færeyjum 12. mars 1943.

34. Rossen, Eigil Martin Steen, verkstjóri í Stykkishólmi, f. í Danmörku 27. nóvember 1945.
35. Rusnak, Edward Felix, nemandi í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 17. apríl 1961.
36. Rusnak, Robert Michael, verkamaður í Keflavík, f. á Íslandi 27. apríl 1960.
37. Ryan, Elin Mazelma, póstfreyja í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 12. ágúst 1954.
38. Samuelson, Lily Guldborg Jellöj, húsmóðir á Suðureyri, f. í Færeyjum 29. júní 1937.
39. Sardar, Mohammad, iðnverkamaður í Garðabæ, f. í Sýrlandi 8. janúar 1943.
40. Sarinana, Thalia Garcia-Marin, húsmóðir í Reykjavík, f. í Mexíkó 5. mars 1935.
41. Schumann, Lothar Günter Heinrich Franz, námsmaður í Reykjavík, f. í Þýskalandi 16. september 1956.
42. Shafiee, Mohammad, háskólanemi í Reykjavík, f. í Íran 26. júní 1926. Fær réttinn 6. júní 1977.
43. Sigríður Guðrún Sigurðardóttir, barn í Mosfellssveit, f. í Suður-Kóreu 7. september 1975.
44. Ström, Jastrid Olina Susanna, húsmóðir á Akureyri, f. í Færeyjum 8. júlí 1928.
45. Touati, Mohand, landbúnaðartæknifræðingur í Reykjavík, f. í Frakklandi 26. ágúst 1952.
46. Winkler, Patrick Harvey, verkamaður í Keflavík, f. í Þýskalandi 7. janúar 1952.
47. Yoon, Eun Ah, barn í Bessastaðahreppi, f. í Suður-Kóreu 27. janúar 1975.
48. Zalewski, Kristófer Oliversson, námsmaður í Reykjavík, f. á Íslandi 1. júlí 1951.
49. Þorbjörg Jóhannsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Vestur-Þýskalandi 13. febrúar 1973

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 13. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Öll íslensk skip, sem búin eru talstöð, önnur en varðskip, skulu tilkynna:

- a) brottför skipsins úr höfn;
- b) staðsetningu skipsins a.m.k. einu sinni á sólarhring, fiskiskip samkvæmt ákvörðun eftirlitsmiðstöðvar og farþegaskip eftir aðstæðum;
- c) komu skipsins í höfn.

2. gr.

Texti tilkynningarinnar skal vera sem hér segir:

Við brottför: Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, brottfararstaður og tími.

Á sjó: Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, reitnúmer, stefna og tími.

Við komu í höfn: Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, komustaður og tími.

3. gr.

Öllu hafsvæðinu í kringum landið skal skipt í tilkynningarreiti. Við tilkynningum af reitum þessum taki síðan strandstöðvar, beint eða um aðrar stöðvar ef beint samband næst ekki. Tilkynningarnar skal senda strax til eftirlitsmiðstöðvar, sem fylgist með að engar skyldutilkynningar vanti. Telji eftirlitsmiðstöðin að ástæða sé til eftirgrennslunar, leitar eða björgunar, skal hún þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir og hafa um þær samráð við alla þá aðila er aðstoð geta veitt við eftirgrennslan, leit eða björgun.

4. gr.

Náist ekki beint samband við landstöðvar, skal tilkynna með aðstoð eftirlitsskips, sé það á miðunum, annars um önnur skip.

5. gr.

Fiskibátar, sem eigi eru búnir talstöðvum, skulu tilkynna viðkomandi eftirlitsstöð eða þeim, er hún tilnefnir, brottför sína, áformaðar ferðir og komu, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sem sett skal í samráði við Siglingamálastofnun ríkisins og Slysavarnafélag Íslands.

6. gr.

Stærð tilkynningarreita þeirra, sem um ræðir í 3. gr., ákvarðast af eftirlitsmiðstöð í Reykjavík og skal hún sjá um útgáfu og dreifingu reitakorta.

Sé reitakort ekki fyrir hendi skal gefa staðarákvörðun í breidd og lengd.

7. gr.

Landssími Íslands skal sjá um að strandstöðvar séu til staðar til móttöku þessara tilkynninga og áframhaldandi sendingar þeirra til eftirlitsmiðstöðvar.

Landssíminn skal einnig sjá um, að skipum á þeim hafsvæðum hér við land, sem búa við mjög slæm móttökuskilyrði, verði bætt aðstaðan með uppsetningu nýrra strandstöðva.

8. gr.

Slysavarnafélag Íslands fer með yfirstjórn tilkynningarskyldunnar og eftirlitsmiðstöðvarinnar í Reykjavík.

9. gr.

Fyrir þjónustu tilkynningarskyldunnar greiða eigendur skipanna til Landssíma Íslands ákveðið gjald. Skal það miðast við stærð skips.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum sem fari hækkandi við ítrekuð brot. Sektarfé skal renna til ríkissjóðs.

11. gr.

Allur kostnaður við tilkynningarskylduna, þar með talinn fjarskiptakostnaður, greiðist úr ríkissjóði.

12. gr.

Ákveða skal með reglugerð greiðslu útgerðanna til Landssíma Íslands svo og um nánari framkvæmd þessara laga.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 13. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 51 26. maí 1972, um Bjargráðasjóð,
sbr. lög nr. 110/1976, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins samkvæmt 8. og 9. gr. laga þessara er fólgin í veitingu styrkja og/eða vaxtalausra lána eftir reglum, sem sjóðsstjórn setur. Heimilt er þó að taka allt að 10% ársvexti, ef sjóðsstjórn telur óhjákvæmilegt. Lánstími skal að jafnaði vera fimm ár.

Lán, sem veitt eru einstaklingum eða félögum, skulu tryggð með sjálfskuldarábyrgð sveitarfélags eða annarri tryggingu, sem stjórn sjóðsins metur gilda.

Lán til sveitarfélaga skulu tryggð með framlagi til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Verði vanskil á láni sveitarfélags, er ráðherra heimilt að inna greiðslu af hendi af jöfnunarsjóðsframlagi til sveitarfélagsins. Sama gildir um vanskil sveitarfélags sem ábyrgðaraðila, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, enda hafi sveitarfélag sannanlega áður verið krafist um greiðslu án árangurs.

Umsóknir um aðstoð skulu að jafnaði hafa borist sjóðnum innan árs, frá því að tjón varð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 13. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna í 3. gr. B1 „austur frá Langanesi (vms 10)“ komi orðin: norðaustur frá Langanesi (vms 10).

2. gr.

B3 í 3. gr. orðist svo: Frá línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms 10) að línu réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms 13) er skipum, 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 6 sjómílar utan við viðmiðunarlínu.

3. gr.

C4 í 3. gr. orðist svo: Frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms 19) að 18°00'0 V er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða 1. maí til 1. mars með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins. Togveiðar verði þó ekki heimilar á svæði milli línu, sem dregin er réttvísandi suður frá Stokksnesi (viðmiðunarpunktur 20), og að 15°45' vesturlengdar, innan 6 sjómílna frá landi, á tímabilinu frá 1. maí til 1. október.

4. gr.

C8 í 3. gr. orðist svo: Frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms 19) að línu réttvísandi suður af Hvalnesi (64°24'1 n.br., 14°32'5 v.lg.) er öllum skipum heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílar utan við viðmiðunarlínu á tímabilinu frá 1. maí til 31. desember.

5. gr.

D1 í 3. gr. orðist svo: Utan línu, sem dregin er úr punkti í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrang (vms 28) í punkt 63°08'0 N, 19°57'0 V og þaðan í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17'6 N, 20°36'3 V), er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.

6. gr.

E1 í 3. gr. orðist svo: Utan línu, sem dregin er 5 sjómílar utan við Geirfugladrang úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang í punkt 64°43'7 N og 24°12'0 V, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.

7. gr.

E3 í 3. gr. orðist svo: Frá línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms 34) að línu réttvísandi vestur frá Malarrífi (vms 38) er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílar utan við viðmiðunarlínu.

8. gr.

Liður F Breiðafjörður í 3. gr. orðist svo:

F1. Utan línu, sem dregin er frá punkti 64°43'7 N og 24°12'0 V í punkt 64°43'7 N og 24°26'0 V og þaðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 43), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið.

F2. Utan línu, sem dregin er 4 sjómíllur utan viðmiðunarlínu, frá línu réttvísandi vestur frá Malarrífi (vms 38) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40) og þaðan í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 43), er skipum 39 metrar að lengd og minni heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu tímabilið 1. júní til 31. desember.

F3. Á tímabilinu 1. júní til 31. desember er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á Snæfellsnesi, norðan við línu réttvísandi vestur frá Malarrífi (vms 38) og utan við viðmiðunarlínu milli Öndverðar-nesvita (vms 41) og Skorarvita (vms 42). Að norðan takmarkast svæði þetta af 65°16'0 N.

F4. Á tímabilinu 1. janúar til 31. maí er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu, frá línu réttvísandi vestur frá Malarrífi (vms 38) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms 40) og þaðan í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum.

9. gr.

3., 4. og 5. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Hvenær sem skipstjórar eftirlitsskipa, leiðangursstjórar rannsóknaskipa Haf-rannsóknastofnunarinnar eða sérstakir trúnaðarmenn, sbr. 2. mgr., verða varir við verulegt magn af smáfiski eða smáhumar í afla, eða þá friðaðar fisktegundir, skulu þeir þegar tilkynna það Hafrannsóknastofnuninni eða einhverjum af tilteknum fiskifræðingum, sem tilnefndir verða sérstaklega af forstjóra í þessu skyni.

Hafrannsóknastofnunin getur að fengnum slíkum tilkynningum bannað tiltekna veiðar á ákveðnum svæðum allt að 7 sólarhringum. Slíkar skyndilokanir taka gildi um leið og þær eru tilkynntar í útvarpi eða í fjarskiptatæki af viðkomandi skipstjórum eftirlitsskipa, leiðangursstjórum eða trúnaðarmönnum ráðherra.

Landhelgisgæslunni skal tilkynnt um skyndilokanir skv. 4. mgr. þegar er þær hafa verið ákveðnar, og einnig skal sjávarútvegsráðuneytinu þá tilkynnt um slíkar skyndilokanir og forsendur þeirra. Ráðuneytið ákveður þá í samráði við Hafrannsóknastofnunina innan 7 sólarhringa hvort og þá hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar til verndunar ungfisks eða friðaðra tegunda á viðkomandi svæði.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 13. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um skylduskil til safna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI TILGANGUR

1. gr.

Tilgangur þeirrar skilaskyldu, sem á er lögð í II. kafla laga þessara, er að tryggja:

- a) að unnt sé að varðveita til frambúðar það efni, sem skilaskylda nær til;
- b) að unnt sé að gera og gefa út tæmandi skrár um þetta efni eða tiltekinn hluta þess;
- c) að efnið geti verið tiltækt til nota vegna rannsókna, opinberrar stjórnsýslu eða annarra réttmætra þarfa.

II. KAFLI SKILASKYLT EFNI

2. gr.

Íslenskar prentsmiðjur, fjölritunarstofur og aðrir aðilar, sem fjölfalda texta eða myndaefni í víðtækasta skilningi (myndir, teikningar, kort, uppdrætti, nótur o. s. frv.), skulu halda eftir af upplagi fjórum eintökum til skylduskila, sbr. þó ákvæði 3. gr.

Til skylduskila skal jafnframt koma annað efni, sem fylgir útgefnum prentgrip, svo sem ljósmyndir, hljómplötur o. s. frv.

Til skylduskila skulu enn fremur koma jafnmörg eintök hliðstæðs efnis, sem unnið er erlendis og íslenskir útgefendur standa að, einir eða í samvinnu við aðra.

Af hljómplötum (öðrum en þeim, er fylgja útgefnum prentgrip), svo og af annars konar tón- og talupptökum, sem gefnar eru út, skal afhenda þrjú eintök.

3. gr.

Séu afbrigði í texta, myndaefni, pappír eða öðrum frágangi sama upplags, skulu koma til skylduskila þrjú eintök af algengustu gerð, en að auki eitt eintak af hverju afbrigði. Tölusetning eintaka er þó skilin undan þessu ákvæði.

4. gr.

Til skylduskila skulu koma sérprentanir og nýjar útgáfur, enn fremur endurprentanir, ef minnsta breyting er gerð á texta, myndaefni eða frágangi, enda þótt sama letursteypa eða filmusetning sé notuð og ekki talið um nýja útgáfu að ræða.

Skyldueintök skulu vera hrein og óskert. Bækur og tímarit skal afhenda í brotnum örku.

5. gr.

Það efni, sem er trúnaðar- eða einkamála og aðeins birt til mjög takmarkaðra afnota, getur útgefandi ákveðið, að safn geymi innsiglað tiltekinn tíma, og er safni skylt að heita því með skriflegri yfirlýsingu, ef óskað er. Sá tími, sem efni er þannig innsiglað að ósk útgefanda, má ekki fara fram úr fyrningartíma höfunda-

réttar. Útgefandi getur ákveðið, að þann tíma, sem efni er innsiglað, séu öll skyldueintök varðveitt í Landsbókasafni.

Af efni, sem opinber yfirvöld gera upptækt, skulu lögreglu yfirvöld tryggja skil eintaka og kveða á um innsíglun þeirra.

Ráðuneyti getur veitt undanþágu frá skylduskilum efnis, sem um er fjallað í þessari grein.

6. gr.

Undanþeginn skylduskilum er prentaður gjaldmiðill, svo sem bankaseðlar, verðbréf og frímerki.

Landsbókasafni Íslands er falið að setja reglur um, hvaða tegundir smáprents aðrar skuli vera undanþegnar skylduskilum.

III. KAFLI

FRAMKVÆMD SKYLDUSKILA

7. gr.

Skilaskylda hvílir á prentsmiðju eða fjölföldunaraðila, að því er tekur til þess efnis, sem talið er í 1. málsgrein 2. gr., en á útgefanda, að því er tekur til þess efnis, sem greint er í 2., 3. og 4. málsgrein sömu gr. og V. kafla.

8. gr.

Landsbókasafn Íslands veitir skyldueintökum viðtöku og hefur eftirlit með skylduskilum. Skilaskyldir aðilar skulu senda safninu eigi sjaldnar en einu sinni á ári það efni, sem þeim ber að skila, og skal skilum fyrir hvert ár lokið eigi síðar en 1. febrúar á næsta ári. Skilum skal fylgja skrá í tvíriti, þar sem hið afhenta efni er greint lið fyrir lið, en hið smærra efni má þó flokka og greina fjölda eininga í hverjum flokki. Skránni skal fylgja skrifleg yfirlýsing hins skilaskylda aðila um, að honum beri ekki skv. lögum þessum að skila öðru efni en því, sem greint er á skránni. Hafi prentsmiðja eða fjölföldunarfyrtæki ekki unnið neitt skilaskyld efni á árinu, skal eigi að síður senda Landsbókasafni skriflega yfirlýsingu um það. Landsbókasafn skal gefa út eyðublöð fyrir skilaskrár.

9. gr.

Verði prentsmiðja eða fjölföldunarfyrtæki gjaldþrota eða hætti störfum, áður en skylduskil hafa að fullu verið innt af höndum, er þrotabúinu eða kostnaðaraðila hins unna efnis skylt að sjá um, að ákvæðum 2. gr. sé fullnægt.

IV. KAFLI

VARÐVEISLA OG MEÐFERÐ SKYLDUEINTAKA

10. gr.

Landsbókasafni Íslands, Amtsbókasafninu á Akureyri og Háskólabókasafni er gert að varðveita skyldueintök og fara með þau í samræmi við þann tilgang þessara laga, sem lýst er í 1. gr. Landsbókasafn skal varðveita tvö eintök, en Amtsbókasafnið á Akureyri og Háskólabókasafn eitt eintak hvort safn.

Af hljómplötum og annars konar tón- og talupptökum, sem gefnar eru út, skal Landsbókasafn Íslands varðveita tvö eintök, en Amtsbókasafnið á Akureyri eitt.

11. gr.

Landsbókasafn Íslands og Amtsbókasafnið á Akureyri skulu aðeins lána skyldueintök til afnota á lestrarsal. Háskólabókasafni er heimilt að lána út skyldueintök stofnunum Háskólans, starfsmönnum og stúdentum vegna rannsókna þeirra, enn fremur öðrum söfnum innan lands og utan og stjórnsýslustofnunum.

12. gr.

Landsbókasafn Íslands skal gefa út skrár um það efni, sem safnið fær skv. lög-
um þessum, annað en smáprent.

V. KAFLI
RÍKISSTYRKT ÚTGÁFA

13. gr.

Þeir útgefendur, stofnanir, félag eða einstaklingar, sem njóta styrks af al-
mannafé til útgáfu á ritum, skulu afhenda Landsbókasafni ókeypis allt að tíu ein-
tökum hvers slíks rits, ef landsbókavörður óskar þess, og ber Landsbókasafni að
taka frá þrjú eintök af hverju þeirra og ætla þau Amtsbókasafninu í Stykkishólmi,
Bókasafni Ísafjarðar og Amtsbókasafninu á Seyðisfirði, eitt eintak hverju safni.
Ráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

VI. KAFLI
VIÐURLÖG

14. gr.

Nú gerir skilaskyldur aðili ekki fullnaðarskil í tæka tíð, og verður innheimta
vanskilaefnis þá, ef þurfa þykir, falin lögreglugyfirvöldum á hverjum stað. Heimilt
er lögreglustjóra að beita dagsektum, allt að 2000 krónum á dag.

VII. KAFLI
GILDISTAKA

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög um afhendingu
skyldueintaka til bókasafna, nr. 11 8. mars 1949, svo og ákvæði annarra laga, er
brjóta kunna í bág við lög þessi.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1977.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð,
sbr. lög nr. 19 5. apríl 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Fyrsta málsgrein 6. gr. laga nr. 68/1967 orðist þannig:

Heimilt er Iðnlánasjóði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán í
innlendra eða erlendra mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til þess að
hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

2. gr.

7. gr. laga nr. 68/1967, sbr. lög nr. 19/1968, orðist þannig:

Starfa skal í Iðnlánasjóði lánadeild veiðarfæraeiðnaðar, er hafi þann tilgang að efla og styrkja innlendan veiðarfæraeiðnað.

Tekjur lánadeildar eru:

1. Framlög, er veitt kunna að verða úr ríkissjóði eða á annan hátt.
2. Vextir.

3. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

5. Til framkvæmda, er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó öðlast ákvæði 2. gr. ekki gildi fyrr en 1. janúar 1978.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

FORSETA BRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Alþingi 98. löggjafarþing, lýkur störfum miðvikudaginn 4. maí 1977. Mun ég því slíta Alþingi þann dag.

Gjört í Reykjavík, 3. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

13. maí 1977.

169

Nr. 46.

L Ö G

um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um gildissvið laganna.

Með skotvopni er í lögum þessum átt við vopn eða tæki, sem hægt er með sprengikrafti, samanþjöppuðu lofti eða á annan þvílíkan hátt að skjóta úr kúlum, höglum eða öðrum skeytum.

Með skotfærum er í lögum þessum átt við hvers konar skot eða skeyti (þar með taldir einstakir hlutir þeirra, svo sem hvellhettur og púður), sem gerð eru til að skjóta úr skotvopnum.

Með sprengiefni er í lögum þessum átt við fast eða fljótandi efni eða efna-blöndu, sem hefur þann eiginleika að geta sprungið við högg, þrýsting eða hita, svo og kveikiefni, svo sem hvellhettur og kveikiþræði.

Með skoteldum er í lögum þessum átt við flugelda, reyk-, táragas- og hvell-sprengjur og ýmiss konar skrautelda.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið nánar en um getur í 1. til 4. mgr., hvaða efni og tæki skuli teljast skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skoteldar. Einnig getur ráðherra ákveðið, að ákvæði laganna taki að einhverju eða öllu leyti til hluta úr efnum og tækjum, sem tilgreind eru í 1. til 4. mgr.

2. gr.

Lög þessi taka eigi til vopna, tækja og efna, samkvæmt 1. gr., sem eru í eigu landhelgisgæslu og lögreglu. Dómsmálaráðherra setur um þau sérstakar reglur.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að ákvæði laganna taki eigi til eftirgreindra tækja og efna, en getur sett um þau sérstakar reglur:

1. Naglabyssna og skothamra, sem ætlað er til að nota í byggingariðnaði.
2. Línubysna og tilheyrandi skotfæra, merkjabysna, eða annarra slíkra skotvopna og ýmissa skotelda, sem eingöngu er notað við björgunarstörf í skipum og á landi.
3. Byssa sem sérstaklega eru ætlaðar til hvalveiða og notaðar eru á hvalveiðibátum.
4. Annarra tækja og efna, sem valda óverulegri hættu.

3. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að ákvæði laga þessara taki að einhverju eða öllu leyti til eftirgreindra hluta:

1. Annarra vopna en venjulegra skotvopna, svo sem hnúajárna, örvaboga, högg-, stungu- eða eggvopna.
2. Efna og tækja, sem eftir skilgreiningu 1. gr. teljast ekki til skotvopna, skotfæra, sprengiefna eða skotelda, en hafa svipaða eiginleika og verkanir.

4. gr.

Dómsmálaráðherra sker úr ágreiningi, sem upp kann að koma um gildissvið laganna.

II. KAFLI

Framleiðsla, innflutningur, útflutningur og verslun.

5. gr.

Enginn má framleiða skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins. Heimilt er þó handhafa skotvopnaleyfis að hlaða skot-hylki í þau vopn, sem hann hefur leyfi fyrir.

Dómsmálaráðherra getur sett í reglugerð kröfur um vörslu hleðslutækja (þar með talið hvellhettur og púður). Þá getur hann sett í reglugerð kröfur um nægilega kunnáttu handhafa skotvopnaleyfis til þess að fara með hleðslutæki og ákvæði um, að til þess þurfi sérstakt leyfi lögreglustjóra.

6. gr.

Leyfi samkv. 5. gr. má aðeins veita þeim einstaklingum, sem fullnægja skil-yrðum í 1. málsg. 15. gr. þessara laga.

Heimilt er að veita skráðu félagi eða firma leyfi samkvæmt 5. gr., enda til- nefni það einn mann eða fleiri, er uppfylli skilyrði 1. mgr., til þess að annast fram- leiðsluna.

Dómsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum Brunamálastofnunar ríkisins og Öryggiseftirlits ríkisins, reglur um framleiðslu á greindum vörum, þar á meðal hvaða vörur megi framleiða, um búnað framleiðsluhúsnæðis, svo og setur hann nauðsynlegar öryggisreglur.

7. gr.

Enginn má flytja til landsins skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins. Heimilt er dómsmálaráðherra að fela lögreglu- stjórnum að veita slík leyfi. Í leyfisumsókn skal nákvæmlega tilgreina tegund og magn vörunnar. Óheimilt er að tollafgreiða greindar vörur fyrr en leyfi liggur fyrir.

Eigi er heimilt að flytja til landsins sérstaklega hættulegar tegundir skotvopna (þar með talin sjálfvirk skotvopn), skotfæra, skotelda eða sprengiefna nema nauðsyn krefji. Dómsmálaráðherra setur frekari reglur um innflutning greindra efna og tækja, þar á meðal getur hann ákveðið nánar hvaða efni og tæki megi flytja til landsins.

8. gr.

Enginn má flytja úr landi skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins. Heimilt er dómsmálaráðherra að fela lögreglu- stjórnum að veita slík leyfi.

Eigi þarf leyfi fyrir greindum tækjum og efnum, sem flutt eru úr landi með skipum eða flugförum, ef vörur þessar teljast vera nauðsynlegur búnaður skips eða flugfars.

9. gr.

Enginn má versla með skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins.

Dómsmálaráðherra getur heimilað lögreglustjórum að veita leyfi til sölu skotelda í smásölu.

10. gr.

Leyfi samkv. 1. mgr. 9. gr. má aðeins veita þeim einstaklingum, sem hafa verslunarleyfi, fullnægja skilyrðum 1. mgr. 15. gr. þessara laga og hafa sérþekkingu á þeim vörum, sem þar um ræðir.

Leyfi samkv. 1. mgr. 9. gr. má aðeins veita skrásettu firma eða félagi, sem hefur verslunarleyfi, enda tilnefni firmað eða félagið mann, sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. 15. gr. og hefur sérþekkingu á umræddum vörum, og hafi umsjón með daglegri verslun og ábyrgist vörslu varanna ásamt stjórnendum firmans eða félagsins.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita félögum leyfi til þess að selja skotelda í smásölu, enda þótt þau hafi ekki verslunarleyfi.

Aðeins skal veita þeim leyfi, samkvæmt 9. gr., sem hafa til umráða fullnægjandi húsnæði til þess að geyma í þargreindar vörur. Dómsmálaráðherra setur reglur um slíkt húsnæði og um vörslu varanna.

Áður en leyfi samkvæmt 9. gr. er veitt, skal leita umsagnar viðkomandi lögreglustjóra svo og slökkviliðsstjóra eða annarra þeirra aðila, sem með brunamál fara.

Leyfi samkvæmt 9. gr. skal eigi veita til lengri tíma en 5 ára og til skemmri tíma, ef ástæða þykir vera til að mati dómsmálaráðuneytisins.

11. gr.

Verslunareigendur, innflytjendur og framleiðendur skotvopna, skotfæra, sprengiefna og skotelda skulu jafnan gefa viðkomandi lögreglustjóra, hvenær sem hann óskar þess, nákvæmar upplýsingar um seldar vörur og óseldar vörubirgðir.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem er og án sérstakrar heimildar krafist þess að fá aðgang að húsnæði, þar sem skotvopn, skotfæri, skoteldar eða sprengiefni er framleitt eða þar sem birgðir af þessum vörum eru geymdar.

Nú er húsnæði, framleiðsluháttum eða vörslu varanna ábótavant að mati lögreglustjóra, og getur hann þá til bráðabirgða lagt hald á skotvopn, skotfæri, skotelda eða sprengiefni, enda geri hann dómsmálaráðuneytinu tafarlaust aðvart um þá framkvæmd.

12. gr.

Óheimilt er þeim, sem hafa fengið verslunarleyfi samkvæmt 9. gr., að selja eða á annan hátt að afhenda þargreindar vörur öðrum en þeim, sem sýna skilríki fyrir því, að þeir megi kaupa eða taka á móti vörunum eftir ákvæðum laga þessara.

13. gr.

Óheimilt er þeim, sem versla með skotvopn eða sprengiefni að nota það nema með leyfi viðkomandi lögreglustjóra.

III. KAFLI

Um meðferð skotvopna og skotfæra.

14. gr.

Hver sem vill kaupa eða á annan hátt eignast og nota skotvopn verður að fá til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfið veitir lögreglustjóri í því umdæmi, þar sem umsækjandi á lögheimili. Fyrir skotvopnaleyfi skal greiða sérstakt gjald skv. nánari ákvörðun dómsmálaráðherra.

Leyfi samkvæmt 1. mgr. (skotvopnaleyfi) skulu vera skrifleg. Skal í þeim tilgreina nafn, nafnnúmer, stöðu og heimilisfang leyfishafa. Einnig skal nákvæmlega

tilgreina, hvaða skotvopn eru leyfð, þar á meðal tegund, hlaupvídd og númer þess. Lögreglustjóri getur sett sérstök skilyrði í leyfið, ef hann telur þess þörf.

Skotvopnaleyfi skulu eigi gefin út til lengri tíma en 10 ára í senn og til skemmri tíma, ef ástæða þykir vera til þess. Þegar leyfi er endurnýjað skal handhafi skotvopnaleyfis gera grein fyrir hæfni sinni og þekkingu á því vopni, sem hann hefur leyfi til að fara með.

Skotvopnaleyfi gilda hvar sem er á landinu.

15. gr.

Hver sem leitar leyfis til að eignast skotvopn skal gera grein fyrir því, í hverju skyni hann leitar leyfisins. Setja má reglur um fjölda leyfa, sem veitt verða hverju einstaklingi. Aðeins getur sá einstaklingur fengið leyfi til þess að eiga skotvopn, sem uppfyllir eftirgreind skilyrði:

1. Hefur náð 20 ára aldri og hefur ekki verið sviptur sjálfræði.
2. Hefur ekki gerst brotlegur við ákvæði almennra hegningarlaga, áfengislaga eða laga, er varða meðferð skotvopna.
3. Hefur nægilega kunnáttu til þess að fara með skotvopn, er andlega heilbrigður, og er að öðru leyti hæfur til þess að fara með skotvopn.

Lögreglustjóri getur veitt þeim leyfi fyrir skotvopni, þótt sá hafi brotið ákvæði laga þeirra, sem tilgreind eru í 2. tölulið, ef brot er smávægilegt eða langt er um liðið að brot var framið, enda sýni umsækjandi fram á að hann hafi ríka þörf fyrir að eiga skotvopn.

Lögreglustjóri skal, eftir því sem tók eru á, halda námskeið í meðferð skotvopna fyrir þá, sem sækja um skotvopnaleyfi eða endurnýjun á því.

Dómsmálaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef sérstaklega stendur á. Dómsmálaráðherra getur sett nánari skilyrði en um getur í 1. mgr., þar á meðal sett sérstakar reglur varðandi vopn, er teljast vera sérstaklega hættuleg.

16. gr.

Dómsmálaráðherra getur heimilað lögreglustjórum að veita félögum eða stofnunum leyfi til þess að eiga skotvopn, ef slíkir aðilar þurfa starfsemi sinnar vegna nauðsynlega á þeim að halda, enda sé tilnefndur ákveðinn aðili, er annist vörslu skotvopnanna og tilheyrandi skotfæra.

17. gr.

Lögreglustjórar skulu halda skrá yfir veitt skotvopnaleyfi eftir nánari reglum, er dómsmálaráðherra setur.

18. gr.

Eigendum skotvopna er óheimilt að selja, gefa eða afhenda á annan hátt skotvopn til eignar nema viðtakandi sýni fram á, að hann hafi leyfi lögreglustjóra, sbr. 14. gr.

Eigendum skotvopna er óheimilt að lána til afnota skotvopn nema þeim, sem leyfi hafa til að nota sams konar skotvopn. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um, að eiganda skotvopns sé heimilt að lána það eða láta af hendi í ákveðnum tilvikum.

19. gr.

Hver sá, sem ber á sér eða notar skotvopn, skal hafa skotvopnaleyfi meðferðis og sýna það, er löggæslumaður krefst þess. Nú sýnir maður eigi skotvopnaleyfi, getur þá löggæslumaður tekið vopnið í sína vörslu til bráðabirgða, þar til viðkomandi leggur fram skilríki fyrir því, að hann hafi heimild til þess að nota vopnið.

20. gr.

Þeir, sem fara með eða nota skotvopn, skulu ætíð gæta fyllstu varúðar.

Óheimil er meðferð skotvopna, sé viðkomandi undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa.

Ef ástæða er til að ætla, að maður hafi brotið framangreind ákvæði, getur lögreglan fært hann til læknis til rannsóknar, þ. á m. blóð- og þvagrannsóknar, og er honum þá skylt að hlíta þeirri meðferð, sem lækurinn telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar.

Eigi má hleypta af skoti á vegum, yfir vegi, úr ökutæki á ferð, á almannafæri eða annars staðar, þar sem hættu getur stafað af, nema nauðsyn krefji.

Eigi má maður hleypta af skoti á annars manns landi eða skjóta yfir annars manns land án leyfis landeiganda eða ábúanda nema lög mæli öðruvísi fyrir um. Mál út af þessari málsgrein skal því aðeins höfða, að sá krefjist, sem misgert var við.

21. gr.

Aðeins má afhenda þeim skotfæri, sem hafa skotvopnaleyfi. Dómsmálaráðherra getur sett nánari ákvæði um sölu skotfæra.

22. gr.

Eigendur eða umráðahafar skotfæra og skotvopna skulu ábyrgjast vörslu þeirra og sjá svo um, að óviðkomandi aðilar nái eigi til þeirra.

Þegar skotvopn og skotfæri eru ekki í notkun, skulu skotvopn annars vegar og skotfæri hins vegar geymd í aðskildum læstum hirslum. Dómsmálaráðherra setur reglur um vörslu skotvopna og skotfæra.

23. gr.

Skotfélögum eða öðrum aðilum er óheimilt að efna til skotkeppni eða skotæfinga nema á svæði, er hlotið hefur viðurkenningu lögreglustjóra.

24. gr.

Ef skotvopn eyðileggst, týnist eða því er stolið, skal eigandi þess tilkynna lögreglu þegar um það.

IV. KAFLI**Um meðferð sprengiefnis.****25. gr.**

Hver sem vill kaupa sprengiefni verður að fá til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfið veitir lögreglustjóri í því umdæmi, þar sem leyfisbeiðandi hefur lögheimili. Ef umsækjandi er ópersónulegur aðili, þá veitir sá lögreglustjóri leyfið, þar sem starfsstöð umsækjandans er.

Aðeins má veita þeim leyfi til þess að kaupa sprengiefni, sem sýna fram á, að þeim sé það nauðsynlegt.

Leyfi samkvæmt þessari grein skulu gefin út fyrir ákveðinni tegund og magni sprengiefnis.

Eigendur sprengiefna skulu ábyrgjast vörslu sprengiefnisins og sjá um, að óviðkomandi aðilar nái eigi til þess.

Sé leyfi samkvæmt 1. mgr. veitt ópersónulegum aðila, þá skal að jafnaði tilnefna ákveðinn mann eða menn, er annist vörslu sprengiefnisins.

Óheimilt er þeim, er fengið hafa leyfi til þess að kaupa sprengiefni, að afhenda það öðrum nema með leyfi viðkomandi lögreglustjóra.

26. gr.

Þeir einir mega fara með sprengiefni og annast sprengingar, sem hafa fengið leyfi lögreglustjóra til þess. Leyfið veitir lögreglustjóri í því umdæmi, þar sem umsækjandi á lögheimili.

Aðeins má veita þeim leyfi samkvæmt 1. mgr., sem hafa að mati Öryggiseftirlits ríkisins næga kunnáttu til þess að fara með sprengiefni.

Þeir, sem fara með og nota sprengiefni, skulu ætíð gæta fyllstu varúðar.

27. gr.

Sprengiefni skal geyma í sérstökum sprengiefnageymslum.

Sprengiefni má geyma á öðrum stöðum í litlum mæli, ef þörf gerist vegna notkunar, enda sé það þá geymt í þar til gerðum hirslum eða kössum.

Dómsmálaráðherra skal setja ákvæði í reglugerð um geymslu á sprengiefni, um flutning á því og um meðferð þess að fengnum tillögum Brunamálastofnunar ríkisins og Öryggiseftirlits ríkisins.

28. gr.

Nú finnst sprengiefni eða hlutir, sem ætla má að hafi að geyma sprengiefni, rekið á land eða á víðavangi, skal þá finnandi, landeigandi eða ábúandi tilkynna lögreglustjóra þegar um fundinn.

V. KAFLI**Um meðferð skotelda.****29. gr.**

Skotelda má eigi selja yngri mönnum en 16 ára. Dómsmálaráðherra er þó heimilt að ákveða að selja megi yngri mönnum skotelda, ef þeir valda óverulegri hættu.

30. gr.

Þeir, sem fara með skotelda, skulu ætíð gæta fyllstu varúðar.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um sölu og meðferð skotelda, þ. á m. getur hann sett reglur um að eigi megi selja almenningi ýmsar skaðlegar tegundir skotelda.

VI. KAFLI**Afturköllun leyfa og málskot.****31. gr.**

Leyfi samkvæmt lögum þessum getur leyfisveitandi afturkallað, hvenær sem er, ef eigi teljast lengur vera fyrir hendi nauðsynleg skilyrði fyrir leyfinu, ef leyfishafi hefur eigi farið eftir settum fyrirmælum eða ef ætla má að leyfishafi muni fara óforsvaranlega með efni og tæki, er leyfið tekur til.

Þegar um er að ræða leyfi samkvæmt 14. gr. eða 26. gr., skal lögreglustjóri í því umdæmi, sem leyfishafi á lögheimili, taka ákvörðun um leyfissviptingu án tillits til þess, hvar leyfi er upphaflega gefið út. Ef sérstaklega stendur á getur lögreglustjóri afturkallað leyfi án þess að færa fyrir því sérstakar ástæður.

Dómsmálaráðherra getur fyrirskipað að afturkalla skuli leyfi, sem lögreglustjóri hefur veitt.

32. gr.

Þegar leyfi samkvæmt lögum þessum er afturkallað, skal sá, sem sviptur er leyfinu, skila því til lögreglu ásamt efnum og tækjum, sem hann hefur í vörslum sínum samkvæmt leyfinu.

Ef eigi eru fyrir hendi skilyrði til eignarupptöku, getur lögreglustjóri, að liðnum einum mánuði frá leyfissviptingu, ákveðið að selja greindan varning. Söluandvirði, að frádregnum kostnaði, skal þá renna til eiganda.

Nú telur lögreglustjóri tæki eða efni svo lélegt og verðlaust, að eigi sé rétt að selja það, skal þá eyðileggja það eða gera óvirkt án greiðslu bóta til handa eiganda. Sama gildir um tæki og efni, sem mönnum er almennt óheimilt að hafa í vörslu sinni.

33. gr.

Ákvörðun, sem lögreglustjóri tekur samkvæmt ákvæðum laga þessara og varðar einstakling, getur sá einstaklingur kært til dómsmálaráðuneytisins.

Kæra þarf að hafa borist dómsmálaráðuneytinu innan mánaðar frá því að kærandi fékk vitneskju um niðurstöðu lögreglustjóra.

Eigi frestar málskot leyfissviptingu eða verkun hennar.

VII. KAFLI

Refsingar, eignarupptaka o. fl.

34. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum.

35. gr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975 og nr. 36/1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjárhæðir 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975 og nr. 36/1976, skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1977:

1. Fjárhæð annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (reiknaðrar leigu af eigin húsnæði og tekna barna) sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingur	180 000
Hjón	252 000

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og bráðabirgðalög nr. 53/1977.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og bráðabirgðalög nr. 53/1977, komi ný 2. mgr. er orðist svo:

Einhleypingi, sem nýtur óskertrar uppbótar (tekjutryggingar) skv. 1. mgr. og er einn um heimilisrekstur, án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, skal að auki greiða heimilisuppbót kr. 10 000.00 á mánuði. Eigi hann rétt á skertri tekjutryggingu lækkar heimilisuppbótin í sama hlutfalli.

2. gr.

1. málsliður 2. málsg. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, verði 3. málsg. 19. gr.

3. gr.

2. og 3. málsliður 2. málsg. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, verði 4. málsg. 19. gr. er orðist svo:

Við ákvörðun við hækkun lífeyris samkv. 1.—3. málsg. hér að framan skulu umsóknir rökstuddar t. d. með skattaframtölum og skýrum upplýsingum um hagi bótaþega, eftir því sem spurningar á eyðublöðum fyrir umsóknir um uppbætur veita tilefni til. Hliðsjón skal höfð af því, hvort eignum bótaþega hefur verið ráðstafað með þeim hætti, að það valdi synjun hækkunar.

4. gr.

Í stað síðustu málsg. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, komi ný málsg. er verði 5. málsg. 19. gr. og orðist svo:

Að fengnum tillögum tryggingaráðs setur ráðherra reglugerð um framkvæmd lífeyrishækkunar samkv. þessari grein, þar á meðal um nánari skilyrði fyrir rétti til heimilisuppbótar.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík 29. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 9 12. apríl 1977, sbr. lög nr. 95 31. des. 1975,
um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 9/1977 orðist svo:

1. Á árinu 1978 skulu skattstjórar leggja á sjúkratryggingagjald.
2. Gjald þetta skal nema 2% af gjaldstofni álagðra útsvara 1978, skv. 1., 2. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 8 18. maí 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, þó að frádregnum:
 - a. bótum samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67 20. apríl 1971 með síðari breytingum;
 - b. námsfrádrætti er skattstjóri ákveður vegna þeirra er stunda nám a.m.k. sex mánuði á árinu;
 - c. lækkunum skattgjaldstekna er skattstjóri ákveður samkvæmt 52. gr. laga nr. 68 15. júní 1971 með síðari breytingum;

- d. í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta, sem frá eru dregnar samkv. a-lið þessa töluliðs, skal draga frá hjá þeim einstaklingum, sem nutu elli- og örorkulífeyris á árinu 1977, 300 000 kr. og hjá hjónum 500 000 kr.
3. Eigi skal gjald þetta lagt á þá, sem ekki yrði gert að greiða útsvar væri það 10% af gjaldstofni sem ákvarðaður er samkvæmt 2. tl., að frádreginni lækkun útsvars samkv. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 8/1972, með síðari breytingum. Sjúkra-tryggingagjaldið skal á lagt í heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæð en 100 krónum skal sleppt.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt samkvæmt lögum nr. 68 15. júní 1971, með síðari breytingum.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkra-samlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í 1.—4. tl. þessa ákvæðis, til hlutfallslegrar lækunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.***Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthías Bjarnason.***L Ö G****um verðjöfnunargjald af raforku.****FÖRSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 83/1974 orðist þannig:

Greiða skal 13% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem endurselur ekki raforkuna.

Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af tekjum af verðjöfnunargjaldi en Orkubú Vestfjarða 20%.

2. gr.

Í stað „1975“ í 16. gr. 1. nr. 83/1974 kemur: 1978.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.***Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða hækka um allt að 25% hundraðshluta þá, sem tilgreindir eru í 2. málsgrein þessarar greinar, samkvæmt öðrum hvorum eða báðum stafliðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

Nr. 73.

31. desember 1977.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 98 31. des. 1974, um breyting á lögum nr. 97
27. des. 1973, um löndun á loðnu til bræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Drátt fyrir ákvæði laga nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, skal m/s Ísafold, 800 lesta skipi frá Hirtshals í Danmörku, vera heimilt að veiða loðnu í landhelgi og landa henni sem íslenskt skip til ársloka 1978, enda hlíti það reglum, er sjávarútvegsráðuneytið setur, sé rekið af íslenskum aðila og áhöfn þess sé íslensk. Loðnunefnd skal gæta þess að heina m/s Ísafold, eftir því sem þörf er á, til hafna er liggja fjarri aðalveiðisvæði hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Bjarnason.

L Ö G

um matvælarannsóknir ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist Matvælarannsóknir ríkisins. Skal hún skipuð forstöðumanni og deildarstjóra (yfirverkfræðingi, sé um verkfræðing að ræða). Ráðherra ákveður fjölda deilda, eftir því sem fé er veitt til slíks á fjárlögum. Aðrir starfsmenn stofnunarinnar skulu vera örverufræðingar (matvælagerlafræðingar), matvælaefnafræðingar, dýralæknar, matvælafræðingar eða matvælaverkfræðingar ásamt aðstoðarfólki.

2. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann og deildarstjóra, að fengnu álitum landlæknis. Forstöðumaður skal vera matvælaefnafræðingur, matvælaverkfræðingur eða matvæla-gerlafræðingur. Deildarstjórar skulu hafa lokið háskólaprófi, sem fullnægir kröfum um sérþekkingu í matvælafræði að mati ráðherra.

3. gr.

Matvælarannsóknir ríkisins skulu undir stjórn heilbrigðisráðherra annast matvæla-, efna- og örverufræðilegar rannsóknir á hvers konar matvælum og neysluvörum vegna heilbrigðiseftirlitsins í landinu. Stofnunin er til ráðuneytis landlækni. Heilbrigðiseftirliti ríkisins, heilbrigðisnefndum og öðrum opinberum aðilum, er um matvælaeftirlit fjalla.

4. gr.

Stofnunin skal reka rannsóknastofu í matvæla-, efna- og örverufræði, sem staðsett skal í Reykjavík. Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum landlæknis að gefa út fyrirmæli um stofnun og starfrækslu rannsóknastofa utan Reykjavíkur.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum landlæknis að setja viðmiðunarreglur og staðla um efna- og gerlænnihald matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum landlæknis að fela öðrum rannsóknastofnunum að annast rannsóknir sérstakra verkefna sem stofnunin getur ekki annast sjálf.

5. gr.

Ráðherra setur stofnuninni starfsreglur.

6. gr.

Nú er öðrum stofnunum eða aðilum falið með sérstökum lögum að annast rannsóknir á matvælum eða neysluvörum, sem þessi lög taka til, og fari fyrirmæli þessara aðila í hága við fyrirmæli þessara laga, skal skjóta ágreiningsmálum til heilbrigðisráðherra til fullnaðarúrskurðar.

7. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum landlæknis, að láta Matvælarannsóknir ríkisins rannsaka einstaka vörflokka eða þætti í matvælaframleiðslu að fenginni sérstakri fjárveitingu.

Matvælarannsóknunum ríkisins skal þá í samráði við Heilbrigðiseftirlit ríkisins og viðkomandi heilbrigðisnefnd heimill aðgangur til skoðunar, tóku sýna og rannsókná hvar sem slík framleiðsla, tilbúningur, dreifing eða notkun fer fram.

8. gr.

Ráðherra skal heimilt að gefa út gjaldskrá fyrir aðrar rannsóknir en þjónustu-rannsóknir á vegum heilbrigðiseftirlitsins. Stofnunin gerir tillögur um slíka gjaldskrá.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Bjarnason.

L Ö G

um iðjuþjálfun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Rétt til að starfa sem iðjuþjálfari hér á landi og kalla sig iðjuþjálfari hefur á einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi við skóla, sem viðurkenndur er fullkominn iðjuþjálfaskóli af heilbrigðisstjórn þess lands, sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar stjórnar námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis, áður en leyfi er veitt.

3. gr.

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því, að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til þess að stunda iðjuþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.

4. gr.

Iðjuþjálfari starfar við hæfingu og endurhæfingu sjúkra og heilbrigðra sem fólgin er í þjálfun, fræðslu og kennslu.

5. gr.

Ekki má iðjuþjálfari taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni.

6. gr.

Óheimilt er að ráða til hvers konar iðjuþjálfastarfa aðra en þá, sem starfsleyfi hafa skv. 2. eða 3. gr.

7. gr.

Iðjubjálfa er heimilt að hafa sér til aðstoðar fólk, sem ávallt skal starfa á ábyrgð og undir handleiðslu hans. Aðstoðarfólk þetta hefur ekki heimild til að taka að sér sjálfstætt verkefni á neinu sviði, sem undir iðjubjálfun fellur.

8. gr.

Iðjubjálfa ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða iðjubjálfun.

9. gr.

Sérhverjum iðjubjálfa er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli málsins. Sama þagnarskylda hvílir á öllu aðstoðarfólki iðjubjálfa og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af starfi.

10. gr.

Verði landlæknir þess var, að iðjubjálfi vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við fyrirmæli laga eða heilbrigðisyfirvalda, skal hann áminna viðkomandi. Nú kemur áminning ekki að haldi og ber þá landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur starfsleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstóla.

11. gr.

Um iðjubjálfa gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, reglur laga um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar. Reglur laga um þessi efni gilda um refsingu vegna brota iðjubjálfa, um sviptingu starfsleyfis og um endurveitingu leyfis.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til námsbraut í iðjubjálfun við Háskóla Íslands tekur til starfa skal leita umsagnar Iðjubjálfafélags Íslands um þau atriði, sem stjórn námsbrautar í iðjubjálfun við Háskóla Íslands er ætlað að fjalla um í lögum þessum.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 108/1973, um breyting á lækna­lögum, nr. 80 23. júní 1969.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. gr. komi ný málsgrein er verði 3. mgr. og hljóði svo:

Ráðherra getur einnig veitt mönnum takmarkað lækningaleyfi, ef þeir hafa til þess næga þekkingu að dómi landlæknis og hann mælir með leyfisveitingunni að höfðu samráði við læknaeild Háskóla Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Bjarnason.

L Ö G

um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Allir menn, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum og ekki eru orðnir 67 ára fyrir 1. janúar 1978, skulu á árinu 1978 leggja til hliðar fé til varðveislu í ríkissjóði sem hér segir:

- a) Einstaklingar: 10% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 2 400 000 kr., auk 186 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.
- b) Samsköttuð hjón og karl og kona sem búa saman í óvígðri sambúð, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum: 10% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 3 100 000 kr., auk 186 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.
- c) Hjón sem telja fram hvort í sínu lagi: 10% af skattgjaldstekjum hvors um sig á skattárinu 1977 að frádregnum 1 860 000 kr. hjá hvoru, auk 93 000 kr. hjá hvoru fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.

Nemi munur vergra tekna til skatts og skattgjaldstekna hærrí fjárhæð en 532 000 kr. hjá einstaklingi og hvoru hjóna sem telja fram hvort í sínu lagi, en 798 000 kr. hjá samsköttuðum hjónum, skal hækka skattgjaldstekjur samkvæmt staflíðum a., b. og c. um þá fjárhæð, sem munurinn er umfram þessar fjárhæðir, eftir því sem við á, og reiknast skyldusparnaður þá af þessum upphækkuðu skattgjaldstekjum, sbr. staflíði a., b. og c.

Hjá skattþegnum, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal, áður en ákvæðum 2. mgr. er beitt, hækka vergar tekjur til skatts um þá upphæð sem tekjur af þessum störfum eru lægri en ætla má að laun þessara aðila miðað við vinnuframlag þeirra hefðu orðið ef þeir hefðu unnið starfið í þágu óskylds aðila.

Skattstjórar sjá um útreikning skyldusparnaðar samkvæmt lögum þessum og gilda um hann ákvæði VI., VII. og VIII. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum eftir því sem við á.

Skyldusparnaður samkvæmt þessari grein skal reiknaður í heilum þúsundum króna og lægri fjárhæð sleppt. Skal hann greiddast til ríkissjóðs jafnhliða þinggjöldum. Skyldusparnaður telst að fullu greiddur þegar fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum þinggjöldum gjaldanda til ríkissjóðs samkvæmt þinggjaldabók ásamt þar greindum skyldusparnaði.

Skyldusparnaður skal lagður inn á sérstakan reikning hjá ríkissjóði á nafni þess er sparar.

Hið sparaða fé skal bundið vaxtalaust á reikningum til 1. febrúar 1984 en með verðtryggingu skv. 2. gr. Standi inneign á reikningi fram yfir 1. febrúar 1984 greiðir ríkissjóður af innistæðum ársvexti jafnháa og greiddir eru af almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma. Hafi innistæður eigi verið teknar út í síðasta lagi 31. janúar 1994 falla þær til ríkissjóðs finnist eigi að þeim réttur eigandi.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja innistæður á reikningum þeim sem hér um ræðir.

2. gr.

Þann 30. janúar 1984 greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. janúar 1979 til 1. janúar 1984. Sé skyldusparnaður ekki greiddur að fullu fyrir 1. febrúar 1979 reiknast verðbætur þó aðeins frá 1. janúar næsta ár á eftir fullnaðarskilum.

3. gr.

Skyldusparnaður skv. 2. gr. er ekki frádráttarbær til tekjuskatts en innistæður svo og verðbætur af þeim skulu hlíta sömu reglum um framtalsskyldu og skattlagningu og sparifé, sbr. nú ákvæði 21. gr. laga nr. 68/1971.

4. gr.

Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð tilhögun alls reikningshalds svo og önnur þau atriði er varða framkvæmd skyldusparnaðar.

5. gr.

Á árinu 1978 skal innheimta gjöld skv. 2. gr. laga um flugvallagjald nr. 8 frá 27. febrúar 1976 með 100% álagi.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða að á árinu 1978 megi leyfisgjald af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum samkvæmt 10. gr. laga nr. 30/1960, um skipan

innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., sbr. 6. gr. laga nr. 69/1967, nema allt að 2% af fjárhæð þeirri sem leyfi hljóðar um. Ríkisstjórn ákveður hvernig gjaldi þessu er ráðstafað.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun
til vegagerðar, og lögum nr. 78 23. des. 1975,
um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 1. janúar 1978 nema 36,50 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

5. gr. laganna, sbr. 1. gr. l. nr. 78/1975, orðist svo:

Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín, skal frá og með árinu 1978 greiða árlega þungaskatt til ríkissjóðs svo sem hér segir:

Fyrir bifreiðar, sem eru allt að 2 000 kg að eigin þyngd, skal greiða fast árgjald — 170 600 kr. Sé eigin þyngd bifreiðar 2 000 kg eða meiri skal gjaldið hækka um 9 750 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eigin þyngd bifreiðar er meiri en 2 000 kg.

Af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum, skal árgjaldið vera 30% herra en að framan greinir.

Bensíngjald skv. 1. gr. og árgjald þungaskatts skv. þessari grein skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi allt að því að þau hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 93 31. desember 1975. Grunntaxtar bensíngjalds og árgjalds þungaskatts eru miðaðir við vísitölu 1. október 1977, þ. e. 159 stig.

Heimilt er ráðherra að láta hækkun, er hann kann að ákveða á bensíngjaldi skv. 3. mgr. þessarar greinar, ná til bensínbirgða sem til eru í landinu þegar hækkunin tekur gildi. Getur ráðherra ákveðið að þeir, sem hafa bensín til umráða er hækkun tekur gildi, séu skyldir til að tilkynna það innheimtumanni og aðstoða innheimtumann við könnun birgða sé þess óskað.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að öikumælar skuli settir á kostnað eigenda í bifreiðar sem nota annan orkugjafa en bensín, svo og festi- og tengivagna, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar og festi- og tengivagna sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt öikumæli. Kemur gjald þetta í stað árlegs þunga-skatts skv. 5. gr. þegar bifreiðar eiga í hlut. Gjald þetta má vera lægra fyrir fólks-flutningabifreiðar en aðrar bifreiðar. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið að skyldu til að hafa öikumæla megi takmarka við bifreiðar og vagna af ákveðinni þyngd (leyfðri heildarþyngd eða eigin þyngd) og/eða bifreiðar til tiltekinna nota. Sé bifreið, festi- eða tengivagn eingöngu notuð við flutninga þar sem leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fullis er ráðherra heimilt að ákveða að gjaldskyldan miðist við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd.

Í reglugerð getur ráðherra ákveðið allt að fjóra gjalddaga á ári fyrir þungaskatt samkvæmt öikumælum svo og kveðið á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, innsigliun, álestur og viðgerðir. Þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð að það varði eiganda eða umráðamann viðurlögum ef eigi er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma og að slíki viðurlög falli á án tilkynningar til hvers einstaks eiganda eða umráðamanns. Skulu viðurlög þessi vera tiltekin fjárhæð á dag frá lokum álesturstímabils í allt að 30 daga. Skal innheimta þessara viðurlaga ekki falla niður enda þótt álestur fari síðar fram. Á sama hátt getur ráðherra kveðið á um, að eigandi og/eða umráðamaður skuli greiða viðurlög er samsvara tilteknum akstri á mánuði sé öikumælir óvirkur, innsigli rofið eða ekki er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma. Ráðherra getur og heimilað að bifreið eða vagn sé tekin úr umferð sé mælir ekki settur í á tilskildum tíma eða ekki komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma.

Ráðherra er enn fremur heimilt að ákveða að þungaskattur, sem greiða skal fyrir hvern ekinn kílómetra, skuli endurgreiddur að vissu marki fyrir tímabilið frá 1. nóvember til 30. apríl ef um er að ræða sérleyfisbifreiðar til mannlutninga, sem ekið er samkvæmt áætlun í leiðabók, enda fari meðalsætanýting á þessu tíma-bili ekki fram úr 20 af hundraði.

Ráðherra er heimilt að ákveða að endurgreiða skuli allt að 15% þungaskatts samkvæmt öikumæli sem til fellur umfram 30 000 km akstur og að 45 000 km akstri á ári, en 25% umfram 45 000 km akstur á ári.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar sker ráðherra úr.

Sé öikumælir misnotaður, innsigli á honum rofið eða önnur brot framin gegn reglugerð, sem ráðherra kann að setja samkvæmt þessari grein, varðar það sektum allt að 500 000 kr. auk viðurlaga og dagsekta skv. 2. mgr. nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Í stað 4. mgr. 10. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar er verði 4. og 5. mgr. og orðist svo:

Sé þungaskattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkis-sjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

Þungaskattur, dagsektir og viðurlög hafa lögtaksrétt. Skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensinbirgða sem til eru í landinu 1. janúar 1978. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensinið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. l. nr. 79/1974, sbr. reglugerð nr. 272/1977, verið greitt af birgðum, sem til eru þann 1. janúar 1978, skal greiða 13,22 kr. af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá sem á eða hefur til umráða yfir 300 lítra af bensíni þann 1. janúar 1978 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga hjá bensininnflytjendum og bensín-sölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. janúar 1978.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

Nr. 79.

31. desember 1977.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1973, sbr. breyting á þeim lögum nr. 98 31. des. 1974, um löndun á loðnu til bræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við fyrri málsgrein 2. greinar bætist:

Nefndinni er heimilt að stöðva löndun um takmarkaðan tíma á ákveðnum svæðum eða í einstakar verksmiðjur, án tillits til móttökugetu þeirra. Þó er nefndinni skylt að leyfa löndun í einstakar verksmiðjur á ákveðnum svæðum ef öryggi skips eða skipshafnar krefur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1975.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1975 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum í þús. kr.:

Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00 Æðsta stjórn ríkisins	270 199	499 294
01 Forsætisráðuneytið	928 458	970 034
02 Menntamálaráðuneytið	7 995 193	8 603 010
03 Utanríkisráðuneytið	532 134	671 660
04 Landbúnaðarráðuneytið	2 194 686	2 812 482
05 Sjávarútvegsráðuneytið	1 086 192	2 470 323
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	2 333 623	3 313 433
07 Félagsmálaráðuneytið	2 077 628	2 533 311
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	15 898 262	18 562 642
09 Fjármálaráðuneytið	2 128 562	2 090 390
10 Samgönguráðuneytið	5 724 329	6 916 012
11 Iðnaðarráðuneytið	1 423 774	1 593 470
12 Viðskiptaráðuneytið	3 808 665	5 652 593
13 Hagstofa Íslands	39 805	42 680
14 Ríkisendurskoðun	42 188	49 197
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	741 835	1 796 141
Mismunur	400 147	
	<hr/>	
Samtals	47 625 680	58 576 672
Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11 Skattar	47 201 760	50 286 659
12 Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	126 920	172 867
13 Ýmsar tekjur	297 000	584 459
Mismunur		7 532 687
	<hr/>	
Samtals	47 625 680	58 576 672

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1975.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1975 er veitt:

	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi	28 124
01 Forsætisráðuneytið	41 576
02 Menntamálaráðuneytið	607 817
03 Utanríkisráðuneytið	139 526
04 Landbúnaðarráðuneytið	617 796
05 Sjávarútvegsráðuneytið	1 384 131
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	979 810
07 Félagsmálaráðuneytið	455 683
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	2 664 380
10 Samgönguráðuneytið	1 191 683
11 Iðnaðarráðuneytið	169 696
12 Viðskiptaráðuneytið	1 843 928
13 Hagstofa Íslands	2 875
14 Ríkisendurskoðun	7 009
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	1 054 306

Samtals 11 188 340

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

Nr. 82.

31. desember 1977.

L Ö G

um heimild til erlendra lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlana 1978.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán á árinu 1978 að jafnvirði allt að 4 866 millj. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal varið til framkvæmda í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1978.

3. gr.

Hverjum lífeyrissjóði, sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. D-lið 13. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma, er Seðlabanki Íslands metur gild í þessu efni. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast, getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall verðbréfakaupa af ráðstöfunarfé.

Að því marki sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr. er fjármálaráðuneytinu skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu — bæði eigin skuldabréf og bréf Framkvæmdasjóðs Íslands og Byggingarsjóðs ríkisins — og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þá skal og öðrum stofnlána- og fjárfestingarsjóðum heimilt að gefa út og selja lífeyrissjóðum skuldabréf er fullnægja verðtryggingarákvæðum 1. mgr. að mati Seðlabanka Íslands.

Setja skal með sérstakri reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og skilgreiningu ráðstöfunarfjár.

4. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur, að fjárhæð allt að 1 500 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á kostnaði við byggingu 220 kV háspennulínu frá Geithálsi í Hvalfjörð. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ráðherra f. h. ríkissjóðs er einnig heimilt að taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar skv. 1. mgr., og endurlána Landsvirkjun með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.

5. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt til viðbótar heimildum samkvæmt lögum nr. 100/1974 um Hitaveitu Suðurnesja að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán, er Hitaveita Suðurnesja tekur til hitaveituframkvæmda, að fjárhæð allt að 1 800 millj. kr. eða andvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ráðherra f. h. ríkissjóðs er einnig heimilt að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar skv. 1. mgr. og endurlána Hitaveitu Suðurnesja með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.

6. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán ríkissjóðs, þar sem lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Skal ráðherra hafa samráð við fjárveitinga-nefnd áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald, sbr. lög nr. 118
28. des. 1976, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Af vörum, sem inn eru fluttar eða framleiddar eru innanlands og flokkast undir tollskrárnúmer í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða vörugjald til ríkissjóðs sem hér segir:

Tollskrár- númer	Vörutegund	Gjald- eining	Vörugjald í kr.
17.04	Sykurvörur sem kakaó er ekki í:		
01	Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur	1 kg	45,60
03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur, ót. a.	1 kg	45,60
04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	1 kg	45,60
05	Karamellur	1 kg	45,60
06	Vörur úr gúmmí arabikum	1 kg	45,60
09	Aðrar	1 kg	45,60
18.06	Súkkulaði og aðrar neysluvörur sem í er kakaó:		
úr 04	Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ. e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri, í smásöluumbúðum 100 g og stærri	1 kg	20,80
úr 04	Annað	1 kg	45,60
05	Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt	1 kg	45,60
06	Fyllt súkkulaði, súkkulaðihúðað sælgæti, þar með talið konfekt	1 kg	45,60
úr 09	Súkkulaðiis og ís húðaður með súkkulaði		0,00
úr 09	Annars	1 kg	45,60
22.01	Vatn, ölkelduvatn og vatn með kolsýru; ís og snjór:		
01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru	1 l	17,00
22.02	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetisafi er telst til nr. 22.07:		
01	Gosdrykkir	1 l	16,00
09	Annað	1 l	16,00
22.03	Öl gert úr malti:		
01	Maltöl og annað yfirgerjað öl, sem inniheldur minnst 8% af maltextrakti og minna en 2% af alkóhóli miðað við rúmmál	1 l	14,00
09	Annað	1 l	17,00

2. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða framlag til Styrktarsjóðs vangefinna er nemur 10 kr. af hverjum lítra innlendrar framleiðslu sem fellur undir tollskrárnúmer 22.01.01, 22.02.01, 22.02.09, 22.03.01 og 22.03.09. Sjóðurinn er í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Framlagi ríkissjóðs skal varið til að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978 og gilda til 31. desember 1978.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 49 20. maí 1977, um sérstakt
tímabundið vörugjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málslíður 1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Skal gjaldið vera 18% til 31. desember 1978 og greiðast af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

FORSETA BRÉF**um frestun á fundum Alþingis.****FORSETI ÍSLANDS***gjörir kunnugt:*

Að ég, að tilskyldu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis 99. löggjafarþings, frá 21. desember 1977 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 23. janúar 1978.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1977.

Kristján Eldjárn.**(L. S.)**

Geir Hallgrímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 13 — 1977

31. desember 1977.

221

Nr. 86.

FJÁRLÖG

fyrir árið 1978.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

A - H L U T I

Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.

Greiðslufirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	Pús. kr.	Pús. kr.
Tekjur:		
Beinir skattar	25 324 120	
Óbeinir skattar	112 387 651	
Aðrar tekjur	1 784 278	139 496 049
Gjöld:		
Samneysla	60 283 534	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	53 741 168	
÷ Sértekjur stofnana	2 768 158	
Rekstrarliðir samtals	111 256 544	
Stofnkostnaður, fjárfesting	8 871 566	
Fjármagnstilfærslur	18 344 721	138 472 831
Rekstrarjöfnuður, tekjur umfram gjöld		1 023 218
Lánahreyfingar		
Lánahreyfingar inn:		
Innlend útgáfa verðbréfa og happdrættisskuldabréfa	3 100 000	
Önnur innlend lánsfjáröflun	170 000	
Innheimt af endurlánuðu spariskirteinafé	3 755 000	
Erlend lán	4 866 000	
Fjáröflun alls	11 891 000	
÷ Ráðstafað til innlausnar spariskirteina	1 439 000	
Fjáröflun skv. lánsfjáráætlun	10 452 000	
÷ Ráðstafað til B-hluta skv. lánsfjáráætlun	6 774 000	
Lánsfé til A-hluta skv. lánsfjáráætlun	3 678 000	
Skyldusparnaður	1 000 000	
Afborganir af veittum lánum í A-hluta	25 000	4 703 000
Lánahreyfingar út:		
Hlutafé í Járnblendifélaginu	820 000	
Iðnþróunarsjóður Portúgals, lánsframlag	38 000	
Afborganir af teknum lánum til A-hluta:		
Seðlabanki Íslands	3 245 461	
Aðrir	1 269 830	5 373 291
Lánajöfnuður, útgreiðslur umfram innborganir		670 291
Greiðslujöfnuður, greiðsluafgangur		352 927

A 29

2. gr.

Árið 1978 eru veittar til gjalda fjárhæðir, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

		Rekstrar-	
Gjöld :		Þús. kr.	Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins		928 186
01	Forsætisráðuneytið		2 234 882
101	Yfirstjórn	62 593	
102—902	Annað	2 172 289	
02	Menntamálaráðuneytið		19 941 182
101	Yfirstjórn	220 598	
201—885	Fræðslumál	17 552 396	
901—999	Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi ..	2 168 188	
03	Utanríkisráðuneytið		1 362 436
101—102	Yfirstjórn	230 344	
201	Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	281 736	
301—312	Sendiráð	445 161	
399—401	Alþjóðastofnanir	405 195	
04	Landbúnaðarráðuneytið		6 840 130
101—172	Yfirstjórn	98 607	
201—299	Búnaðarmál	6 449 114	
501—504	Skólar	292 409	
05	Sjávarútvegsráðuneytið		3 100 259
101	Yfirstjórn	60 921	
201—299	Útvegsból	2 935 801	
901	Annað	103 537	
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið		7 225 631
101—102	Yfirstjórn	86 829	
201—284	Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	6 553 227	
301—373	Þjóðkirkjan	585 575	
07	Félagsmálaráðuneytið		5 940 962
101	Yfirstjórn	35 977	
271—272	Húsnæðismál	5 089 000	
301—999	Önnur félagsmál	815 985	
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið		45 005 128
101	Yfirstjórn	73 496	
271—273	Tryggingamál	35 514 960	
301—399	Heilbrigðismál	9 291 820	
471—502	Annað	124 852	
Flutt			92 578 796

3. gr.

Árið 1978 er ætlast til að tekjur ríkissjóðs verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

reikningur**Te k j u r :**

		Pús. kr.	Pús. kr.
Skattar			
	Beinir skattar		
	Iðgjöld atvinnurekenda til almannatrygginga:		4 241 120
	Iðgjöld lífeyristrygginga:		
0 0020	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	2 761 000	
	Slysa- og atvinnuleysistryggingagjöld:		
0 0030	Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum	936 800	
0 0050	Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	543 320	
	Eignarskattar		2 009 000
	Eignarskattar, almennir		
0 0100	Eignarskattar einstaklinga	920 000	
0 0103	Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga ..	9 200	
0 0110	Eignarskattur félaga	980 000	
0 0113	Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti félaga	9 800	
	Erfðafjárskattur:		
0 0140	Erfðafjárskattur	90 000	
	Tekjuskattar		19 074 000
	Tekjuskattar:		
0 0120	Tekjuskattar einstaklinga	11 950 000	
0 0123	Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga	193 000	
0 0124	Sjúkratryggingagjald	3 800 000	
0 0130	Tekjuskattur félaga	3 100 000	
0 0133	Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti félaga	31 000	
	Óbeinir skattar		
	Gjöld af innflutningi		29 353 488
	Aðflutningsgjöld:		
0 0210	Aðflutningsgjöld	22 200 000	
	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1 110 000		
		21 090 000	
0 0240	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	40 000	
0 0252	Byggingarsjóðsgjald af innflutningi	111 000	
	Innflutningsgjald af bensíni og gúmmígjald:		
0 0260	Innflutningsgjald af bensíni	4 460 000	
0 0270	Gúmmígjald	90 000	
	Innflutningsgjald af bifreiðum:		
0 0280	Innflutningsgjald af bifreiðum	3 000 000	
	Gjald af gas- og brennsluolíu:		
0 0220	Gjald af gas- og brennsluolíu	510 000	
	Flutt		54 677 608

Rekstrar-**Gjöld :**

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		92 578 796
09 Fjármálaráðuneytið			16 938 739
101—104 Yfirstjórn		269 165	
201—282 Toll- og skattheimta		1 260 036	
381—384 Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun		1 961 088	
402—999 Annað		13 448 450	
10 Samgönguráðuneytið			13 783 701
101 Yfirstjórn		42 474	
211 Vegamál		9 305 000	
321—672 Önnur samgöngumál		4 436 227	
11 Iðnaðarráðuneytið			3 658 872
101 Yfirstjórn		48 072	
201—299 Iðnaðarmál		679 080	
301—399 Orkumál		2 931 720	
12 Viðskiptaráðuneytið			7 827 003
101 Yfirstjórn		51 927	
201 Niðurgreiðslur		6 831 000	
202—999 Annað		944 076	
13 Hagstofa Íslands			97 495
14 Ríkisendurskoðun			128 720
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun			3 459 505
101—181 Yfirstjórn		66 857	
991 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir		3 392 648	

Flutt**138 472 831**

reikningur

Tekjur:

		Dús. kr.	Dús. kr.
	Flutt		54 677 608
0 0290	Hagnaður af sölu varnarliðseigna: Hagnaður af sölu varnarliðseigna	52 488	
	Skattar af framleiðslu		8 430 000
	Vörugjöld:		
0 0611	Vörugjald	425 000	
0 0600	Álgjald	205 000	
0 0615	Sérstakt vörugjald	7 800 000	
	Skattar af seldum vörum og þjónustu		68 386 700
	Söluskattur:		
0 0300	Söluskattur	52 150 000	
	Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	3 750 000	
		48 400 000	
	Skemmtanaskattar:		
0 0621	Miðagjald til Menningarsjóðs	25 000	
0 0622	Skemmtanaskattur	150 000	
	Launaskattur:		
0 0400	Launaskattur	7 600 000	
	Rekstrarhagnaður ÁTVR:		
0 0510	Rekstrarhagnaður ÁTVR	11 300 000	
0 0530	Gjald af seldum vindlingum	68 000	
0 0520	Gjald af seldum eldspýtum	2 300	
0 0540	Gjald af einkasölvörum	6 000	
	Flugvallagjald:		
0 0681	Flugvallagjald	560 000	
	Gjöld af útfluttum sjávarafurðum:		
0 0892	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	145 000	
0 0653	Sildarsölugjald	70 000	
	Aðrir skattar:		
0 0660	Iðnaðargjald	43 000	
0 0672	Sérleyfisgjald	17 000	
0 0671	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	400	
	Aðrir óbeinir skattar		6 217 463
	Aukatekjur og stimpilgjald:		
0 0800	Stimpilgjald	1 310 000	
0 0810	Aukatekjur	475 000	
0 0820	Þinglýsingar	775 000	

Flutt

137 711 771

R e k s t r a r -

G j ö l d :

Dús. kr. Þús. kr.

Flutt

138 472 831

Gjöld samtals	138 472 831
Tekjur umfram gjöld	1 023 218
	<hr/>
Samtals	139 496 049

reikningur

Tekjur:

		Dús. kr.	Dús. kr.
	Flutt		137 711 771
0 0720	Ymsir skattar af bifreiðum:		
	Bifreiðaskattur	1 250 000	
0 0750	Skrásetningargjald bifreiða	146 300	
0 0740	Skoðunargjald bifreiða	46 500	
	Ymsir skattar af skipum:		
0 0831	Lestagjald	3 000	
0 0833	Vitagjald	16 500	
0 0832	Skipaskoðunargjald	8 000	
	Tekjur af sölu erlends gjaldeyris:		
0 0841	Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyris- bankanna	720 000	
0 0842	Leyfisgjald	280 000	
	Aðrir óbeinir skattar:		
0 0884	Verðjöfnunargjald	875 000	
0 0850	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	40 000	
0 0891	Skipulagsgjald	83 000	
0 0881	Rafmagnseftirlitsgjald	104 100	
0 0860	Einkaleyfisgjald frá Happraetti H. Í.	56 000	
0 0871	Prófgjald bifreiðastjóra	16 000	
0 0872	Prófgjald iðnnema	5 000	
0 0895	Sérlyfjagjald	8 000	
0 0894	Hvalveiðigjald	63	
	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta		383 178
	Arðgreiðslur frá B-hluta stofnunum:		
0 1010	Afgjöld ríkisjarða	3 500	
0 1030	Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn	48 100	
0 1020	Frihöfn, Keflavíkurflugvelli	331 578	
	Ymsar tekjur		1 401 100
	Vextir og arður af hlutabréfum:		
0 2010	Vextir	990 000	
0 2020	Arður af hlutabréfum	10 000	
	Ymsar tekjur:		
0 6991	Greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þjónustu sýslumanna og bæjarfógeta	9 500	
0 2030	Sameignir ríkisins	20 000	
0 1901	Yfirverð líknarfrímerkja	100	
0 1902	Samúðarskeyti Landssímans	11 500	
0 1911	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	210 000	
0 1990	Ymsar óvissar tekjur	150 000	
	Tekjur samtals		139 496 049

4. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

101	Embætti forseta Íslands:		Dús. kr.	Dús. kr.
20	Laun	23 492		
2	Önnur rekstrargjöld	12 065		
4	Viðhald	5 000		
	Gjöld samtals			40 557
201	Alþingi:			
20	Laun	552 695		
2	Önnur rekstrargjöld	204 400		
90	Yfirfærslur:			
94	Til einstaklinga og samtaka	16 600		
	Gjöld samtals			773 695
	Viðfangsefni:			
0102	Þingfararkaup alþingismanna	306 265		
0103	Skrifstofu- og alþingiskostnaður	320 422		
0104	Rekstrarkostnaður fasteigna	62 523		
0105	Útgáfukostnaður Alþingistiðinda	52 500		
0106	Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings	2 785		
0107	Hús Jóns Sigurðssonar	7 200		
0108	Þingmannasamtök NATO	2 500		
0109	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	16 600		
0110	Þingmannafundur Evrópuráðsins	2 900		
	Gjöld samtals	773 695		
301	Ríkisstjórn:			
20	Laun	63 663		
2	Önnur rekstrargjöld	12 100		
	Gjöld samtals			75 763
401	Hæstiréttur:			
20	Laun	38 171		
	Gjöld samtals			38 171
	Samtals			928 186

01 Forsætisráðuneytið

	Dús. kr.	Dús. kr.
101 Forsætisráðuneytið, aðalskrifstofa:		
20 Laun	28 623	
2 Önnur rekstrargjöld	17 460	
4 Viðhald	2 350	
6 Gjaldfærður stofnkostnaður	300	
90 Yfirfærslur:		
94 Til einstaklinga og samtaka	13 860	
Gjöld samtals		62 593
Viðfangsefni:		
0101 Yfirstjórn	37 683	
0102 Stjórnarráðshús	4 100	
0103 Fálkaorðan	700	
0105 Framlag til Kanadasjóðs	45	
0106 Viðhald ráðherrabústaðar við Tjarnargötu	1 000	
0107 Rekstur ráðherrabústaðar við Tjarnargötu	5 300	
0109 Ráðherrabústaður á Þingvöllum	650	
0110 Til Hrafnseyrar	2 000	
0111 Skrifstofa ráðherra nefndar Norðurlandaráðs ..	8 000	
0113 Gjöf Jóns Sigurðssonar	3 115	
Gjöld samtals	62 593	
102 Þjóðhagsstofnun:		
20 Laun	72 435	
2 Önnur rekstrargjöld	22 930	
4 Viðhald	220	
6 Gjaldfærður stofnkostnaður	900	
Gjöld samtals	96 485	
0 Sértekjur	48 242	
Mismunur		48 243
171 Framlag til Byggðasjóðs:		
90 Yfirfærslur:		
91 Til fyrirtækja í B-hluta	2 079 000	
Gjöld samtals		2 079 000

		Dús. kr.	Dús. kr.
901 Húsameistari ríkisins:			
20 Laun		54 525	
2 Önnur rekstrargjöld		7 520	
4 Viðhald		715	
6 Gjaldfærður stofnkostnaður		2 500	
		<hr/>	
Gjöld samtals		65 260	
0 Sértekjur		38 900	
Mismunur			26 360
Viðfangsefni:			
0101 Yfirstjórn		16 090	
0102 Teiknistofa		41 515	
0103 Byggingaefirlit		7 655	
		<hr/>	
Gjöld samtals		65 260	
902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd:			
20 Laun		6 486	
2 Önnur rekstrargjöld		4 900	
4 Viðhald		2 800	
6 Gjaldfærður stofnkostnaður		8 400	
		<hr/>	
Gjöld samtals		22 586	
0 Sértekjur		3 900	
Mismunur			18 686
		<hr/>	
	Samtals		2 234 882

02 Menntamálaráðuneytið

101	Menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa:	Dús. kr.	Dús. kr.
20	Laun	139 848	
2	Önnur rekstrargjöld	78 500	
4	Viðhald	750	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 500	
	Gjöld samtals		220 598
201	Háskóli Íslands:		
20	Laun	1 233 362	
2	Önnur rekstrargjöld	237 679	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	388 000	
	Gjöld samtals	1 859 041	
0	Sértekjur	441 580	
	Mismunur		1 417 461
	Viðfangsefni:		
0101	Yfirstjórn	90 025	
0102	Guðfræðideild	26 047	
0103	Læknadeild	255 833	
0104	Tannlæknadeild	66 130	
0105	Lyfjafræði lyfsala	19 252	
0106	Lagadeild	41 519	
0107	Viðskiptadeild	57 005	
0108	Heimspékideild	160 695	
0109	Verkfræðideild	370 740	
0110	Bókasafn	43 498	
0111	Íþróttakennsla	11 944	
0112	Rekstur fasteigna	127 611	
0113	Sameiginleg útgjöld	90 148	
0114	Félagsvísindadeild	60 169	
0115	Til byggingaframkvæmda og tækjakaupa	388 000	
0116	Mannfræðistofnun háskólans	7 352	
0120	Reiknistofnun	43 073	
	Gjöld samtals	1 859 041	
202	Tilraunastöð háskólans á Keldum:		
20	Laun	68 878	
2	Önnur rekstrargjöld	62 707	
4	Viðhald	2 500	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	12 050	
	Gjöld samtals	146 135	
0	Sértekjur	84 714	
	Mismunur		61 421

	Þús. kr.	Þús. kr.
203 Raunvísindastofnun háskólans:		
20 Laun	121 914	
2 Önnur rekstrargjöld	33 321	
4 Viðhald	4 985	
6 Gjaldfærður stofnkostnaður	11 988	
Gjöld samtals		172 208
Viðfangsefni:		
0101 Yfirstjórn	33 577	
02 Eðlisfræðistofa	23 529	
03 Efnifræðistofa	33 896	
04 Jarðvísindastofa, jarðfræðideild	22 415	
05 — jarðeðlisfræðideild	22 193	
06 — háloftadeild	11 933	
07 Reiknifræðistofa	10 000	
09 Stærðfræðistofa	14 665	
Gjöld samtals	172 208	
205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi:		
20 Laun	42 797	
2 Önnur rekstrargjöld	9 566	
4 Viðhald	700	
6 Gjaldfærður stofnkostnaður	16 310	
Gjöld samtals	69 373	
0 Sértekjur	3 600	
Mismunur		65 773
206 Orðabók háskólans:		
20 Laun	20 447	
2 Önnur rekstrargjöld	400	
Gjöld samtals		20 847
231 Náttúrufræðistofnun Íslands:		
20 Laun	28 384	
2 Önnur rekstrargjöld	8 079	
4 Viðhald	800	
6 Gjaldfærður stofnkostnaður	2 240	
Gjöld samtals		39 503
232 Rannsóknaráð ríkisins:		
20 Laun	18 040	
2 Önnur rekstrargjöld	23 095	
4 Viðhald	350	
6 Gjaldfærður stofnkostnaður	2 215	
Gjöld samtals		43 700

	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
0101 Yfirstjórn	25 555	
0103 Þátttökugjald í Nordforsk	2 448	
0105 Til starfsáætlunar	2 297	
0106 Til nýrra rannsóknarverkefna	7 700	
0107 Upplýsingaþjónusta	5 700	
	<hr/>	
Gjöld samtals	43 700	
276 Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:		
90 Yfirfærslur:		
91 Til fyrirtækja í B-hluta	56 000	
Gjöld samtals		56 000
